

Leiðarvísir að trúboðsþjónustu

# „Boða fagnaðarerindi mitt“

(K&S 50:14)



„Iðrist, öll endimörk jarðar og komið til míni og látið skírast í mínu nafni,  
svo að þér megið helgast fyrir móttöku heilags anda“ (3 Ne 27:20).

Nafn:

---

Trúboð og þjónustutími:

---

---

Skrá um svæði:

---

---

---

---

Félagar:

---

---

---

---

Nöfn og heimilisföng skírðra og staðfestra:

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

„Boða fagnaðarerindi mitt“ (K&S 50:14)

---

Kápumynd: *Jóhannes skírari skírir Jesú* © 1988 eftir Greg K. Olsen  
Birt með leyfi Mill Pond Press og Dr. Gerry Hooper. Óheimilt að afrita.

© 2004 Intellectual Reserve, Inc.

Allur réttur áskilinn

Printed in Germany

Samþykkt á ensku: 11/04

Þýðing samþykkt: 11/04

Þýðing á *Preach My Gospel*

Icelandic

36617 190

# „Boða fagnaðarerindi mitt“ (K&S 50:14)

Orðsending frá Æðsta forsætisráðinu .....	v
Formáli: Hvernig nýti ég best ritið „Boða fagnaðarerindi mitt“? .....	vii
1 Hvert er takmark mitt sem trúboði? .....	1
2 Hvernig næ ég árangri í námi og bý mig undir að kenna? .....	17
3 Hvað læri ég og kenni? .....	29
• Lexía 1: Boðskapur hins endurreista fagnaðarerindis Jesú Krists .....	31
• Lexía 2: Sáluhjálparáætlunin .....	47
• Lexía 3: Fagnaðarerindi Jesú Krists .....	60
• Lexía 4: Boðorðin .....	71
• Lexía 5: Lögmál og helgiathafnir .....	82
4 Hvernig get ég þekkt og skilið andann? .....	89
5 Hvert er hlutverk Mormónsbókar? .....	103
6 Hvernig þroska ég kristilega eiginleika? .....	115
7 Hvernig get ég lært tungumálið betur? .....	127
8 Hvernig nýti ég tímann viturlega? .....	137
9 Hvernig finn ég fólk til að kenna? .....	155
10 Hvernig get ég bætt kennsluhæfni mína? .....	175
11 Hvernig hjálpa ég fólk að taka á sig og halda skuldbindingar? .....	195
12 Hvernig bý ég fólk undir skírn og staðfestingu? .....	203
13 Hvernig vinn ég með leiðtogum stiku og deildar? .....	213
Efnisskrá .....	225



# Orðsending frá Æðsta forsætisráðinu

*Kæri trúboði og samverkamaður:*

*Við óskum þér til hamingju með það tækifæri að þjóna sem trúboði.*

*Ekkert annað verkefni er jafn krefjandi og ekkert annað er jafn gefandi.*

*Ritinu „Boða fagnaðarerindi mitt“ er ætlað að auðvelda þér allan undirbúning, stuðla að auknu andríki þínu sem trúboði og aukinni kennsluhæfni. Við hvetjum þig til að nota það daglega í sjálfsnámi og sameiginlegu námi og á umdæmisfundum og svæðisráðstefnum. Lærðu tilvísanirnar í ritningarnar og kenningarnar og reglurnar.*

*Við hvetjum þig til að einsetja þér af öllu hjarta að aðstoða föður þinn á himnum við hans dýrðlega verk. Hver trúboði hefur það mikilvæga hlutverk að leggja sitt af mörkum til „að gjöra ódauðleika og eilíft líf mannsins að veruleika“ (HDP Móse 1:39).*

*Drottinn mun launa þér og blesa þig ríkulega þegar þú þjónar honum af auðmýkt í bænarhug. Meiri gleði bíður þín en þú hefur áður upplifað er þú starfar meðal barna hans.*

*Æðsta forsætisráðið*



# Formáli: Hvernig nýti ég best ritið „Boða fagnaðarerindi mitt“?

## *„Boða fagnaðarerindi mitt“*

Nýttu þér riðið „Boða fagnaðarerindi mitt“ til að uppfylla starfsþarfir þínar sem trúboði. Þú getur tekið heila námsstund í fáeinan málsgreinar – eða heilan kafla. Þú getur lært kafla í réttri röð eða í þeirri röð sem hentar betur þínum eigin þörfum. Slíkur sveigjanleiki gerir þér kleift að læra samkvæmt eigin tíma og þörfum og eins og trúboðsforseti binn mælist til.

Allir kaflarnir í ritinu „*Boða fagnaðarerindi mitt*“ eru til að auðvelda þér að uppfylla ætlunarverk þitt sem trúboði. Þú kannt hins vegar að skynja annarskonar efnisnálgun þegar þú tekur að læra þriðja kaflann. Í flestum köflunum er textinn ætlaður þér. Í þriðja kaflanum er textinn ætlaður fleirum. Þú lærir kenningarnar í þriðja kaflanum til að (a) afla þér aukinnar þekkingar á fagnaðarerindinu og auka vitnisburð þinn og (b) kenna öðrum og búa þá undir að taka á sig og halda skuldbindingar og sáttmála.

Kenningarnar í sumum hinna kaflanna geta einnig auðveldað þér að kenna trúarnemum og nýjum meðlimum. Dæmi: fjórði kaflinn, „Hvernig get ég þekkt og skilið andann?“, getur auðveldað þér að kenna sumum trúarnemum hvernig öðlast á vitnisburð fyrir kraft heilags anda. Fimmti kaflinn, „Hvert er hlutverk Mormónsbókar?“, getur auðveldað þér að leysa vanda trúarnema við lestur Mormónsbókar. Annar kaflinn, „Hvernig næ ég árangri í námi og bý mig undir að kenna?“, greinir frá hugmyndum sem auðvelda trúskiptingum að ná góðum árangri við nám á Mormónsbók.

Í ritinu „Boða fagnaðarerindi mitt“ er lögð áhersla á grundvallarreglur trúboðsstarfs. Í því er ekki gerð grein fyrir öllum hugsanlegum spurningum og aðstæðum sem þú kannt að standa frammi fyrir. Þú nærð mestum árangri þegar þú fylgir andanum, kannar ritningarnar, heldur boðorðin og tileinkar bér bað sem þú lærir.

Lærðu kaflana jöfnum höndum í trúboði þínu. Tileinkaðu þér það sem þú hefur lært. Leggðu mat á starf þitt. Trúboðar sem leggja kapp á að búa sig sjálfa undir dagleg störf og leitast við að taka stöðugum framförum, munu hljóta leiðsögn heilags anda og sjá blessanir verða að veruleika í lífi sínu.



Athugasemdir

## Trúboðslexíurnar

Þér gefst kostur á að kenna lexíurnar á þann hátt sem best verður til að búa fólk undir skírn og staðfestingu. Takmark þitt er ekki aðeins að fara yfir allt efnið, heldur að hjálpa öðrum að koma til Krists fyrir trú á Jesú Krist, iðrun, skírn, gjöf heilags anda og að standast allt til enda. Lexíur ættu sjaldan að vera lengri en 45 mínútur. Þú kannt að uppgötva að heimsóknir leyfa aðeins styttri lexíur. Sé raunin sú, kannt þú að þurfa að kenna efnisminni lexíur í fleiri heimsóknum.

## Athugasemdir

Þú getur kennit lexíurnar á marga vegu. Best er að taka mið af þörfum trúarnema og leiðsögn andans þegar ákveða á hvaða lexíu skal kenna, hvenær best er að kenna hana og hversu mikinn tíma skal taka í hana. Ekki skal læra hverja lexíu utanbókar.

**Sjálfnám, sameiginlegt nám, umdæmisfundur og svæðisráðstefnur**

Árangursríkt nám í trúboði þínu, mun auðvelda þér að uppfylla ætlunarverk þitt og styrkja vitnisburð þinn um fagnaðarerindi Jesú Krista. Fjögur mikilvægustu tækifærin sem gefast til náms eru í sjálfsnámi, sameiginlegu námi, á umdæmisfundum og svæðisráðstefnum. Í daglegri dagskrá þinni er sjálfsnám og sameiginlegt nám.

## Dagleg dagskrá trúboðans\*

- 6:30 Vaknað, beðist fyrir, æft (30 mínútur) og búið sig undir daglegt starf.
- 7:30 Morgunverður.
- 8:00 Sjálfsnám: Mormónsbók, aðrar ritningar, kenningar í trúboðslexíunum og aðrir kaflar í ritinu „*Boða fagnaðarerindi mitt.*“
- 9:00 Sameiginlegt nám: Miðlað því sem lært er í sjálfsnámi, kennsluundirbúningur, kennsluþjálfun, kaflar lærðir í ritinu „*Boða fagnaðarerindi mitt.*“ áætlun dagsins staðfest.
- 10:00 Hefja trúboð. Trúboðar sem læra tungumál taka 30 til 60 mínútur í tungumálsnám, þar á meðal að skipuleggja verkefni til að læra tungumálið dag hvern.
- Trúboðar mega taka einnar klukkustundar hlé til hádegisverðar og frekara náms og einnar klukkustundar hlé til kvöldverðar þegar best hentar trúboðsstarfinu. Að öllu jöfnu ætti kvöldverður að vera yfirlægð ekki síðar en kl. 18:00.
- 21:00 Heimkoma (nema þegar verið er að kenna lexíu, en þá skal komið heim fyrir kl. 21:30) og gera starfsáætlun fyrir morgundaginn (30 mínútur). Skrifð í dagbókina, háttatimi, beðist fyrir.
- 21:30 Farið í rúmið.


\* Trúboðsforseta þínunum er heimilt, eftir samráð við forsætisráð hinna sjötíu eða svæðisforsætisráðið, að laga dagskrána að aðstæðum heimasvæðis.

Sjálfsnám þitt mun auðvelda þér sameiginlega námið, að skilja námsefni umdæmisfunda og svæðisráðstefna, sem er vettvangur til að „fræða hvert annað um kenningu ríkisins“ (K&S 88:77). Sú þekking sem þú aflar þér með námi og á umdæmisfundum, mun gera þér kleift að kenna með krafti andans.

**Sjálfsnám**

Tilgangur sjálfsnáms er að auka þekkingu þína og efla vitnisburð um hið endurreista fagnaðarerindi og búa þig undir að uppfylla þarfir þeirra sem þú kennir. Leggðu áherslu á helgiritin í sjálfsnámi þínu og viðurkennt námsefni fyrir trúboða:

- *Jesus the Christ*
- *Our Heritage*



- Our Search for Happiness
  - True to the Faith

Þú getur gert sjálfsnám árangursríkt með því að:

- Lesa í Mormónsbók og öðrum ritningum.
  - Læra kenningarnar í trúboðslexíunum.
  - Læra kaflana í ritinu „*Boða fagnaðarerindi mitt.*“

## Sameiginlegt nám

Tilgangur sameiginlegs náms er að (1) stuðla að einingu milli þín og félaga þíns, svo þið getið kennt með andanum og (2) beina athyglinni að framþróun þeirra sem þið kennið. Hægt er að gera sameiginlegt nám árangursríkt með því að:

- Miðla hvor öðrum því sem lært er í sjálfsnámi.
  - Búa sig undir heimsóknir ákveðinna kennslu, heimsóknir meðlima, starf við að finna fólk og önnur verkefni. Læra námsgögn sem bæta kennsluhæfni þína, hæfni við að finna fólk og aðra almenna starfshæfni. Ræða um þá sem þið vinnið með. Gera áætlanir um að tileinka sér námsefnið.
  - Nota hvert tækifæri dagsins til að ræða reglur, markmið, verksvit og áætlanir sameiginlegs náms.

Umdæmisfundir

Tilgangur umdæmisfunda er að „fræða hvert annað um kenningu ríkisins“ (K&S 88:77).

- Umdæmisfundir eru hafðir í viku hverri í 60 til 90 mínútur.
  - Umdæmisleiðtoga skipuleggja og stjórna umdæmisfundum og geta beðið trúboða að taka þátt í kennslunni.
  - Umdæmisfundir geta verið eins og hér segir:
    - Miðlun námsefnis í sjálfsnámi og sameiginlegu námi.
    - Útfærsla lexíanna við ýmsar aðstæður.
    - Kynning, sýnikennsla og æfingar á þeim reglum og verkkunnáttu sem eru í ritinu „*Boða fagnaðarerindi mitt*.“
    - Umræða um framþróun og þarfir trúarnema.
    - Umræður og umfjöllun um vanda í umdæminu.
    - Miðlun reynslu og vitnisburðar er tengist trúboðsstarfi.
  - Umdæmisleiðtogum er heimilt að nota umdæmisfundi til að taka á móti greinargerðum um starf trúboða í umdæminu. Þeir ættu ekki að setja öðrum trúboðum markmið eða biðja þá að gera grein fyrir markmiðum sínum.

Athugasemdir

Syðjsráðstefnur

Svæðisráðstefnur eru undir stjórn trúboðsforseta.

## Athugasemdir

**Uppbygging ritsins „Boða fagnaðarerindi mitt“**

Hver kafli í ritinu „Boða fagnaðarerindi mitt“ er byggður upp á ákveðin hátt. Kaflarnir eru byggðir upp á þann hátt að þeir komi þér að sem mestum notum í náminu – þeim er ekki ætlað að þvinga þig til ákveðinnar námsaðferðar. Nýttu þér framsetningu þeirra með sveigjanleika byggðan á eigin þörfum.

**Námsdagbók**

Í ritinu „Boða fagnaðarerindi mitt“ er oft farið fram á að þú skrifir í námsdagbók. Það er gert til að auka skilning þinn á námsefninu og festa það í minni þínu. Öldungur Richard G. Scott sagði: „Vandlega skráðar upplýsingar koma að góðum notum þegar á þeim er þörf. Upplýsingar sem eru viðkvæmar og andlegar ætti að varðveita á helgum stöðum. Það sýnir Drottni hve dýrmætar þær eru þér. Það eykur líkur á að þú hljótir meira ljós“ („Acquiring Spiritual Knowledge,“ *Ensign*, nóv. 1993, 86). Skoðaðu námsdagbókina þína til að endurnýja áhrif andlegrar reynslu, auka skilning og setja mælikvarða á eigin þroska.

Námsdagbókin þín getur verið dagbók, glósubók eða mappa. Skráðu og komdu reglu á hugsanir þínar og íhugunarefni í samræmi við námsaðferð þína. Próaðu eigin kerfi til að auðvelt sé að nálgast upplýsingarnar síðar meir. Veltu þeim oft fyrir þér og tileinkaðu þér það sem þú lærir. Notaðu námsdagbókina til að skrá ábendingar og íhugunarefni í sjálfsnámi og sameiginlegu námi, á umdæmisfundum og svæðisráðstefum og í viðtolum við trúboðsforseta.

**Textarammar**

Textarammarnir í ritinu „Boða fagnaðarerindi mitt“ auðvelda þér námið. Í sumum textarömmunum er samantekt á aðalatriðum. Í öðrum römmum er hniti miðaður texti til lærðóms, ritningarnáms, tileinkunar námsefnis, hæfnisþroska og sem tengist því að uppfylla þarfir þeirra sem þú kennir. Í flestum tilvikum er textarömmunum einfaldlega ætlað að auðvelda þér að byrja námið. Nýttu þér leiðbeiningarnar í römmunum með bæn að leiðarljósi til að þróa ný námsverkefni og kanna fleiri ritningargreinar.

**Til hugleiðingar**

- Hvað merkir að „[t]“
- Hvernig eyk ég mé
- Hvers vegna ætti ér
- Hver er báttur fiölm̄

**„Til hugleiðingar.“** Í inngangi flestra kaflanna eru textarammar sem hafa yfirskriftina „Til hugleiðingar.“ með spurningum.

Spurningarnar taka mið af lykilatriðum kaflans og leiða þig áfram í náminu. Nýttu þér spurningarnar til að flokka, skilja, íhuga og tileinka þér það sem þú lærir.

**Mikilvægt að hafa í huga**

- Byggið upp kirkjun.
- Leitið eftir og fylgið
- Það er verið að und...
- Kirkibúeqnar – bar...

**„Mikilvægt að hafa í huga.“** Í niðurlagi flestra kaflanna eru textarammar sem hafa yfirskriftina „Mikilvægt að hafa í huga,“ með samantekt mikilvægustu atriða kaflans. Þegar þú hefur lokið við að læra kafla, skaltu fara yfir staðhæfingarnar þar til að vera viss um að skilja aðalatriðin. Leggðu mat á hversu vel þér gengur að hagnýta atriðin og gerðu áætlunar um að tileinka þér námsefnið.

**Ritningarnám****Hvað segja þessar rí**

- 3 Ne 12:48  
3 Ne 27:21, 27

**„Ritningarnám.“** Í þessum textarömmum eru tilvísanir í ritningargreinar sem aukið geta skilning þinn og vitnisburð. Nýttu tilvísanirnar til að leita fleiri ritningargreina. Spurðu sjálfan þig fleiri spurninga tengdar efninu, sem veita þér skilning og auðvelda þér að hagnýta þér námsefnið.

**Hver eru tenasl frumr**

Athugasemdir

**Verkefni: Sjálfsnám**

Skoðaðu myndina af l. og 11. í þessari sýn trú.

- Hvað þráði Lehí eftir?
- Hvað þurfti fólk ið a...

**„Verkefni.“** Í flestum kaflanna eru verkefni fyrir sjálfsnám og sameiginlegt nám til að auka þekkingu þína og auðvelda hagnýtingu. Leystu verkefnin af hendi endurtekið allt trúboðið. Þú öðlast aukinn skilning í hvert sinn er þú gerir það vegna þess að þarfir þínar takar breytingum – og einnig þarfir þeirra sem þú kennir.

**Fylgja andanum**

„Andinn er mikilvægasi unnið kraftaverk á trúl getu ykkar og hæfileiku“

**Rauðir textarammar** Í þessum textarömmum eru mikilvægar leiðbeiningar og ábendingar varðandi hinarr ymsu aðstæður kennslu og trúboðsstarfs.

**Sögur**

Allar frásagnirnar í ritinu „Boða fagnaðarerindi mitt“ eru sannar, en nöfnum flestra sem koma við sögu hefur verið breytt. Hver frásögn útskýrir reglur sem tengjast trúboðsstarfi. Þegar þú lest frásagnirnar, skaltu huga að reglunum sem í þeim eru.

**Hugmyndir að námi og hagnýtingu þess**

Í niðurlagi hvers kafla eru frekari hugmyndir að sjálfsnámi, sameiginlegu nám, umdæmisfundum og svæðisráðstefnum. Þar er fjöldi námsverkefna og leiðbeininga um árangursríkar námsaðferðir. Vertu skapandi í hugsun og leitaðu innblásturs til að búa til verkefni í hvert sinn er þú lærir eða kennir þennan hluta. Leystu verkefnin af hendi nokkrum sínum í trúboði þínu.

**Hugmyndir að námi og hagnýtingu þess****Sjálfsnám**

• Lesið eftirfarandi bréf frá trúboða til foreldra hennar: „Ég kenndi dásamleg strætisvagninum. Við vorum að koma af umdæmisfundi, og þetta var einn sætið svo að ég settist niður og fór að skoða póstinn minn. Auðvitað fór að lesa bréfið frá ykkur, með barnamyndunum af Evan. Ég tók eftir að auglið mér voru einnig að horfa á myndirnar, og ég leit til hilðar og í augu al konu. Hún brosti dauflega og leit út um gluggann. Síðan lokaoð hún augur og hún væri að fara að sofa. Ég baðst fyrir: ‘Himneski faðir, mig langar at hana. Viltu hjálpa mér.’ Minutu síðar opnaði hún augun og reisti sig upp í og ég sagði í snatri: ‘Finnst þér hann ekki sætur?’ Ég sýndi henni barnam af Evan og fór að tala við hana um fjölskyldur. Ég spurði hana um börnini og hún tárðist og sagði mér söguna af því hvernig döttir hennar hataði s vildi ekkerthafa með sig að gera. Hún grét og ég grét með henni. Ég sag frá sáluhjálparáætluninni og að himneskur faðir þekkti hana og vissi hvað að ganga í gegnum. Ég grét og sagði henni að ég vissi að döttir hennar e hana vegna þess að ég er döttir móður sem elskar mig og ég elska hana.


**Trúboðar eru þjónar í greinum og umdæmum**

Margir trúboðar þjóna í greinum og umdæmum. Þótt rit þetta vísi til *deilda* og *stika* gildir það sama um *greinar* og *umdæmi*. Trúboðsforseti mun veita leiðsögn, ef laga þarf starf að leiðtogum greina og umdæmis.

**Hagnýtt deildartrúboðum og leiðtoga**

Ritið „Boða fagnaðarerindi mitt“ er ætlað fastatrúboðum kirkjunnar. Reglurnar og kenningarnar sem í riti þessu eru kenndar, eiga þó einnig við um deildartrúboða og leiðtoga, sem leggja kapp á að byggja upp ríki Drottins. Ef þeir kynna sér námsefni þessa rits með jöfnu millibili, mun það auðvelda þeim að rækja ábyrgð sína sem meðlimatrúboðar og stuðla að einingu við fastatrúboða.

Athugasemdir



Dan Jones, einn hinna miklu trúboða þessarar ráðstöfunar, prédikar fagnaðarerindið í Wales.

# Hvert er takmark mitt sem trúboði?

## Athugasemdir

Takmark bitt

Bjóða öðrum að koma til Krists með því að hjálpa þeim að meðtaka hið endurreista fagnaðarerindi með trú á Jesú Krist og friðþægingu hans, iðrun, skírn, gjöf heilags anda og standa stöðug allt til enda.

## Til hugleiðingar

- Hvert er takmark mitt sem trúboði?
  - Hvað er fagnaðarerindið?
  - Hvers vegna pré dikum við fagnaðarerindið?
  - Hvers vegna verð ég að kenna með krafti og valdi?
  - Hver er boðskapur endurreisnarinnar? Hvers vegna er hann svona mikilvægur?
  - Hver er ábyrgð míni við að hjálpa öðrum að snúast til trúar?
  - Hvernig get ég vitað hvort ég er farsæll trúboði?

**Umboð þitt til að kenna hið endurreista fagnaðarerindi Jesú Krists**

**P**ú ert umkringdur fólk. Pú mætir því á götum úti, kemur inn á heimili þess og ferðast með því. Öll eru þau börn Guðs, bræður þínir og systur. Guð elskar þau alveg eins og þig. Mörg þeirra leita að tilgangi lífsins. Þau hafa áhyggjur af fjölskyldu sinni. Þau þarfnast þess að tilheyra, tilfinningu sem fæst með vitneskjunni um að þau eru börn Guðs, tilheyri eilífri fjölskyldu hans. Þau vilja finna sig örugg í heimi þar sem gildismat breytist stöðugt. Þau vilja „frið í þessum heimi, og eilíft líf í komanda heimi“ (K&S 59:23), en þeim er „aðeins haldið frá sannleikanum vegna þess að [þau] vita ekki hvar hann er að finna“ (K&S 123:12).

Fagnaðarerindi Jesú Krists, eins og það var endurreist með spámanninum Joseph Smith, mun blesa fjölskyldur þeirra, mæta andlegum þörfum þeirra, og uppfylla dýpstu þrár þeirra. Þau vita kannski ekki af hverju, en bau þarfnaст bess að losna undan þeirri

## Athugasemdir

sektartilfinningu sem mistökum og synd fylgir. Þau þarfnaст þess að finna gleði endurlausnarinnar með því að hljóta fyrirgefningu synda sinna og njóta gjafar heilags anda.

Sem gildur fulltrúi Jesú Krists getur þú kennt fólki með krafti og valdi að „endurlausnin [felst] í heilögum Messíasi og kemur með honum,” og að enginn „getur dvalið í návist Guðs nema fyrir verðleika, miskunn og náð heilags Messíasar” (2 Ne 2:6, 8). Þegar fólk tekur á móti hinu endurreista fagnaðarerindi Jesú Krists og helgithöfnum skírnar og staðfestingar sem framkvæmdar eru með valdi prestdæmisins, getur það verið öruggt um að því verður „ekki að eilífu vísað frá” (Titilsíða Mormónsbókar).



Pegar skilningur þinn á friðþægingu Jesú Krists eykst, eykst um leið þrá þín eftir að deila fagnaðarerindinu með öðrum. Þú munt finna, eins og Lehí gerði, „hversu mikilvægt [það er] ... að kynna íbúum jarðar þetta” (2 Ne 2:8).

Ezra Taft Benson forseti sagði: „Guð hefur boðið okkur að flytja öllum heiminum þetta fagnaðarerindi. Þetta er sá málstaður sem verður að sameina okkur nú á tínum. Aðeins fagnaðarerindið mun bjarga heiminum frá hörmungum sinnar eigin sjálfseyðingar. Aðeins fagnaðarerindið mun sameina menn af öllum kynþáttum og þjóðernum í friði. Aðeins fagnaðarerindið mun færa mannkyni gleði, hamingju og hjálpræði” (*The Teachings of Ezra Taft Benson* [1988], 167).

Þú ert kallaður sem fulltrúi Jesú Krists til að hjálpa fólki að hreinsast af syndum sínum. Þú gerir það með því að bjóða því að koma til Jesú Krists og snúast til trúar á endurreist fagnaðarerindi hans. Til að koma til frelsarans verður það að eiga trú á hann til iðrunar – og gera nauðsynlegar breytingar á lífi sínu þannig að það samræmist kenningum hans. Þú getur hjálpað fólki að öðlast slíka trú með því að kenna því hið endurreista fagnaðarerindi með andanum og bjóða því að skuldbinda sig til að lifa í samræmi við kenningar þess. Slík skuldbinding, ef haldin, býr það undir sáttmála skírnar og staðfestingar og hina dýrmætu gjöf heilags anda. Það á að losa sig við hinn „náttúrlega mann” og verða heilagt „fyrir friðþægingu Krists, sjálfs Drottins” (Mósia 3:19).

### Verkefni: Sjálfsnám eða sameiginlegt nám

Skoðaðu myndina af lífsins tré á þessari síðu um leið og þú lærir um sýnina á lífsins tré í 1 Ne 8 og 11. Í þessari sýn táknar lífsins tréð elsku Guðs (sjá 1 Ne 11:21–22).

- Hvað þráði Lehí eftir að hann hafði etið ávöxtinn? (Sjá 1 Ne 8:10–18.)
- Hvað þurfti fólkioð að gera í sýninni til að geta neytt ávaxtarins? Hvað þurfum við að gera til að hljóta allar blessanir friðþægingarinnar? Á hvaða hátt hjálpa skuldbindingar og sáttmálar okkur að hljóta þessar blessanir?
- Hver er skylda þín sem trúboði við að hjálpa öðrum að finna og neyta ávaxta fagnaðarerindisins?

Athugasemdir

## Fagnaðarerindið bleskar fjölskyldur

Boðskapur endurreisnar fagnaðarerindis Jesú Kristi bleskar fjölskyldur. Vegna endurreisnarinnar skiljum við takmark Guðs varðandi fjölskyldur: „Hin guðlega sæluáætlun gerir fjölskylduböndin varanleg handan grafar. Helgiathafnir og sáttmálar í heilögum musterum gera einstaklingum mögulegt að komast aftur í návist Guðs og fjölskyldum að sameinast að eilífu“ („Fjölskyldan: „Yfirlýsing til heimsins,“ Vonarstjarnan, júní 1995, 102).

Á jörðu getur sambandið innan fjölskyldunnar veitt okkur stærstu gleðina. Satan ræðst á fjölskyldur úr mörgum áttum og of margar fjölskyldur sundrast vegna aðgerða hans. Boðskapur hins endurreista fagnaðarerindis Jesú Kristi gerir fjölskyldum mögulegt að sameinast nú og um eilífð. Með því að lifa eftir reglum fagnaðarerindisins geta fjölskyldur notið friðar, gleði, samkenndar og sérstöðu hvers einstaks í þessu lífi. Með ljósi fagnaðarerindisins geta fjölskyldur leyst úr misskilningi, ágreiningi og vanda. Fjölskyldur sem þjást af sundurlyndi geta orðið heilar með iðrun, fyrirgefningu og trú á kraft friðþægingar Jesú Kristi. „Hamingju í fjölskyldulífi er helst að finna þegar byggt er á kenningum Drottins Jesú Kristi. Farsæl hjónabönd og fjölskyldur grundvallast og varðveisitast á reglum trúar, bænar, iðrunar, fyrirgefningar, virðingar, ástar, umhyggju, vinnu, og heilbrigðrar skemmtunar“ (*Ensign*, nóv. 1995, 102).

Kappkostaðu að finna og kenna fjölskyldum – föður, móður og börnum – sem stutt geta hvert annað við að lifa eftir fagnaðarerindinu og að lokum verða innsigluð sem fjölskylda með hinu endurreista prestdæmisvaldi.

## Kenna með andanum

Vegna þess að fagnaðarerindi Jesú Kristi er „kraftur Guðs til hjálpræðis hverjum þeim sem trúir“ (Róm 1:16), verður að kenna boðskap endurreisnar fagnaðarerindisins með guðlegum krafti – krafti heilags anda, sem er þriðji aðili Guðdómsins. Hann er oft nefndur andinn, og eitt hlutverka hans er að kenna og vitna um sannleikann. Er þú kennir með þeim krafti mun heilagur andi:

- Kenna þér nýjan sannleik og minna þig á kenningar sem þú hefur lært (sjá Jóh 14:26).
- Gefa þér orð í munn einmitt á þeirri stundu sem þú þarfnaður þeirra (sjá K&S 84:85).
- Bera boðskap þinn inn í hjarta þeirra sem þú kennir (sjá 2 Ne 33:1).
- Bera vitni um sannleika boðskapar þíns og staðfesta orð þín (sjá K&S 100.5–8).
- Hjálpa þér að greina þarfir þeirra sem þú kennir (sjá Alma 12:7).

Andinn er nauðsynlegur til að kenna fagnaðarerindið þannig að trú annarra vakni og styrkist. Þegar þú reynir að treysta á andann ættir þú að:

- Biðja um andann (sjá K&S 42:14).
- Hreinsa hjarta þitt (sjá K&S 112:28).
- Halda boðorðin (sjá K&S 20:77, 79).
- Varðveita orð Guðs af kostgæfni (sjá K&S 11:21; 84:85).

*„Merkasta starfið sem þið munuð nokkru sinni vinna verður innan veggja heimilisins.“*

– HAROLD B. LEE FORSETI.  
THE TEACHINGS OF HAROLD B. LEE,  
CLYDE J. WILLIAMS VALDI (1996), 280

## Athugasemdir

- Kenna þannig að aðrir skilji boðskap þinn og uppbyggist (sjá K&S 50:13–22).
- Sýna trú (sjá Moróní 10:7).

Þú hefur verið settur í embætti helgrar köllunar þinnar með því loforði að andinn veitist þér í sama mæli og þú uppfyllir þau skilyrði sem Drottinn setur. Ein heitasta þrá þín ætti að vera sú að njóta gjafa andans.

## Kraftur og vald köllunar þinnar

Trúboðar eiga að fara „í krafti þeirrar vígslu, sem (þeir hafa verið vígðir), og [kungjöra] gleðitíðindin um mikinn fögnuð, já, hið ævarandi fagnaðarerindi“ (K&S 79:1). Þú hefur valdsumboð til að préðika fagnaðarerindið. Ef þú hefur prestdæmið, hefur þú vald til að framkvæma helgiathafnir þess. Þegar þú í bæn og verðugur notar það valdsumboð, munt þú hljóta andlegan kraft, sem er sönnun á raunveruleika köllunar þinnar. Vertu ekki óttasleginn eða feiminn við að nota þetta umboð. Þú átt að kenna með krafti og valdi Guðs, rétt eins og synir Mósía (sjá Alma 17:2–3).

Þegar þú varst settur í embætti með valdi prestdæmisins, hlaust þú þann rétt og þau forréttindi að vera fulltrúi Drottins. Þú fékkst þjónustubréf sem sýnir heiminum þetta valdsumboð. Spencer W. Kimball forseti sagði: „Að setja í embætti má útfæra bókstaflega; að setja syndina burt, setja hið holdlega burt; burt frá öllu sem er gróft, lágkúrulegt, illt, lítilfjörlegt eða óheflað, setja sjálfan sig burt frá heiminum yfir á æðra plan hugsana og breytni. Blessunin er skilyrt dyggri breytni“ (*The Teachings of Spencer W. Kimball*, rit. Edward L. Kimball [1982], 478).

Valdsumboði þínu fylgir sú ábyrgð að lifa verðugur köllunar þinnar. Sem fulltrúi Drottins ber þér að vera „fyrirmynnd trúaðra“ (1 Tím 4:12). Leggðu kapp á að lifa eftir boðorðum Guðs og halda sáttmála sem þú gerðir í musterinu; þekktu ritningarnar; vertu kurteis, stundvís og áreiðanlegur; fylgdu reglum trúboðsstarfsins hvað varðar breytni, klæðnað og útlit; elskaðu þá sem þú þjónar og vinnur með. Heiðraðu nafn Krists í öllu sem þú gerir.

Auk valdsumboðsins ber þér einnig að sýna kraft í starfi þínu. Valdsumboðið sem þú hefur fengið getur einnig veitt þér kraft. Vissulega er andlegur kraftur ein sönnun þess að valdsumboð þitt er raunverulegt. Andlegur kraftur er gjöf sem getur gert verk þitt árangursríkara.

Kraftur þinn og vald ætti að vera augljóst í starfi þínu og kennslu. Krafturinn getur birst í mörgu, til dæmis í því:

- Að vera leiddur af andanum til að segja það sem Drottinn vill að þú segir einmitt á þeirri stundu (sjá K&S 84:85).
- Að hljóða leiðsögn um hvert á að fara eða hvað skal gera (sjá K&S 28:15; 31:11; 75:26–27).
- Að andinn beri vitni og staðfesti vitnisburð þinn (sjá 2 Ne 33:1; K&S 100:5–8).
- Í helgiathöfnum sáluhjálpar (sjá K&S 84:19–20).
- Í veitingu prestdæmiblessana ef þú ert oldungur (sjá Jakbr 5:14–15).
- Í bæn fyrir því fólk sem þú vinnur með (sjá Alma 6:6; 8:18–22; 10:7–11; 31:26–35; K&S 75:19).
- Í kærleika til Drottins, fjölskyldu þinnar, trúboða sem með þér eru, og þeirra sem þú þjónar.

**Ritningarnám****Hvernig hlýtur þú kraftinn?**

Alma 17:2-3

K&amp;S 53:3

1 Kor 2:4


**Verkefni: Sjálfsnám eða sameiginlegt nám**

Skoðaðu myndina af Kristi að vígja postulana og lestu síðan Jóh 15:1-16.

Á hvaða hátt er Kristur vínviðurinn? Á hvaða hátt ert þú grein þess vínviðar? Hvernig er setning þín í embætti þessu tengd?

Lestu aftur þjónustubréf þitt. Skráðu niður tilfinningar þínar og hugsanir varðandi það sem þú lest. Endurtaktu þetta alltaf þegar þú lest þennan kafla. Taktu eftir því hvernig tilfinningar þínar breytast með tímanum.

Lestu Kenningu og sáttmála 109:13-15, 21-30, 38-39, 55-57, sem eru útdráttur úr innblásinni vígslubæn Josephs Smith fyrir Kirtland-musterið. Hverra blessana bað Joseph Smith hinum staðföstu?

**Fagnaðarerindi Jesú Krists**

Fagnaðarerindi Jesú Krists skilgreinir bæði boðskap þinn og takmark; það er, það útskýrir bæði „hvað“ og „hvers vegna“ trúboðsstarfsins. Frelsarinn segir fagnaðarerindi sitt fela í sér afar mikilvægar grundvallarkenningar. Hann kom í heiminn til að gera vilja föður síns, og faðirinn sendi hann í heiminn svo að honum yrði lyft upp á krossinum. Fyrir friðþægingu hans og upprisu mun öllum mönnum lyft upp til að standa frammi fyrir Kristi og verða dæmdir af verkum sínum, hvort heldur þau eru góð eða ill. Þeir sem iðka trú á Krist, iðrast synda sinna og láta skírast í nafni Krists geta helgast af heilögum anda. Ef þeir standa stöðugir allt til enda, munu þeir standa flekklausir frammi fyrir Kristi á efsta degi og ganga inn til hvíldar Drottins. Kristur mun telja þá án sektar frammi fyrir föðurnum. Hann verður meðalgöngumaður þeirra og málsvari. Þeim, sem ekki standa stöðugir og staðfastir allt til enda, verður „varpað á eldinn ... vegna réttvísí föðurins.“ (Sjá 3 Ne 27:13-22; sbr. 2 Ne 31:10-21; 3 11:31-41; K&S 76:40-42; 50-53.)

Athugasemdir

## Athugasemdir

Tilgangur fagnaðarerindisins er að hreinsa fólk af syndum sínum svo að það geti notið miskunnar frelsarans á dómsdegi. Því beinist þessi bók, og það sem meira er, það verk sem þú vinnur dag hvern, að því að bjóða öðrum að koma til Krists með því að hjálpa þeim að meðtaka hið endurreista fagnaðarerindi með trú á Jesú Krist og friðþægingu hans, iðrun, skírn, gjöf heilags anda og að standa stöðug allt til enda.

Einstaklingar og fjölskyldur taka að fylgja Kristi er þau iðka trú á hann og iðrast synda sinna. Þau hljóta fyrirgefningu synda sinna með skírn og með því að taka á móti gjöf heilags anda frá þeim sem vald hefur frá Guði til að framkvæma þær helgiathafnir. Síðan standa þau stöðug allt til enda, eða með öðrum orðum, þau halda áfram að sýna trú á Jesú Krist, iðrast og endurnýja sáttmálana sem þau hafa gert. Þetta er ekki skref sem þau taka aðeins einu sinni á ævinni; heldur verða þessi skref, síendurtekin, að gefandi og auðgandi lífsmáta. Í raun er þetta eini lífsmátinn sem færir börnum himnesks föður frið við samvisku sína og gerir þeim mögulegt að komast aftur í návist hans.

Hlýðni við Jesú Krist er ævilöng skuldbinding. Með trú, iðrun, skírn og dyggri þjónustu við Krist, og með því síðan að hljóta heilagan anda, getum við hlotið lækningu, fyrirgefningu syndanna og snúist að fullu til trúar á frelsarann og fagnaðarerindi hans.

Hjálpaðu fólk að öðlast trú á Jesú Krist til iðrunar með því að kenna því og bera vitni um að fylling fagnaðarerindis Jesú Krist og vald prestdæmisins hafi verið endurreist og með því að bjóða því að lifa eftir kenningum hans.

## Ritningarnám

**Hvað er fagnaðarerindi, eða kenning, Krists?**

3 Ne 31:10–21

3 Ne 11:31–41

3 Ne 27:13–22

*„Kennið frumreglur fagnaðarerindisins – kennið þær enn og aftur: Þá munuð þið finna að dag frá degi munu nýjar hugmyndir og frekara ljós varðandi þær opinberast ykkur. Þið getið útvíkkað þær þannig að þið skiljið þær greinilega. Þið munuð síðan geta gert þær mun skiljanlegri þeim sem [þið] kennið.“*

— HYRUM SMITH  
HISTORY OF THE CHURCH, 6:323


**Boðskapur endurreisnarinnar: Grundvöllur trúarinnar**

Beindu kennslu þinni að endurreisn fagnaðarerindis Jesú Krist, sama hvar þú þjónar eða hverjum þú kennir. „Drottinn mun blessa þig er þú kennir boðskap endurreisnarinnar heimi sem sárlega þarfnað fagnaðarerindis Jesú Krist“ („Greinargerð um trúboðsverk,“ bréf Aðsta forsætisráðsins, 11. des. 2002). Þegar þú lærir kenningarnar í trúboðslexíunum, þá munt þú sjá að við höfum einn boðskap að flytja: Með nútíma spámanni hefur Guð endurreist vitneskjuna um sáluhjálparáætlunina, sem snýst um friðþægingu Krist og hlýðni við frumreglur og helgiathafnir fagnaðarerindisins.

Gakk tu úr skugga um að þeir sem þú kennir skilji greinilega eftirfarandi:

- Guð er bókstaflegur faðir okkar á himnum. Hann elskar okkur. Hver manneskja á jörðu er barn Guðs og tilheyrir fjölskyldu Guðs. Jesús Kristur, sonur Guðs, er frelsari okkar og lausnari.

- Elskandi faðir okkar á himnum rétti börnum sínum hjálparhönd í allri Biblúsögunni með því að opinbera spámönnunum fagnaðarerindi sitt. Því miður höfnuðu margir fagnaðarerindinu; jafnvel nokkrir þeirra sem tóku á móti því breyttu kenningu og helgiathöfnum fagnaðarerindisins og féllu í vantrú og fráhvarf.
  - Faðir okkar á himnum sendi sinn elskaða son, Jesú Krist, til jarðar. Hann vann kraftaverk og kenndi fagnaðarerindi sitt. Hann friðþægði fyrir syndir okkar og reis upp frá dauðum.
  - Með fyrstu sýninni hefur Guð enn á ný í kærleika rétt börnum sínum hjálparhönd. Hann endurreisti fagnaðarerindi Jesú Krists og prestdæmisvald sitt og stofnaði kirkju sína á jörðu með spámanninum Joseph Smith. Mormónsbók er sannfærandi sönnun á þessari endurreisn.



Þegar þú hjálpar trúarnemum að skilja hátt fráhvarfs og endurreisnar verða þeir undir það búnir að skilja hina miklu þörf fyrir síðari daga endurreisin. Þeir munu skilja þörfina á að taka á móti hinu endurreista fagnaðarerindi, meðtaka helgiathafnir sáluhjálpar sem framkvæmdar eru með valdi hins endurreista prestdæmis og fylgja leiðinni til eilífs lífs. Hjálpaðu fólk að skilja að kirkjan er ekki aðeins enn eitt trúfélagið, og ekki heldur amerísk kirkja. Heldur er hún endurreisin á „fyllingu fagnaðarerindisins“ (K&S 1:23), hins sama og opinberað var og kennt frá upphafi.

Mormónsbók: Annað vitni um Jesú Krist er sannfærandi sönnun á að Joseph Smith var spámaður og að fagnaðaerindi Jesú Krists hefur verið endurreist. Hún er burðarsteinn trúar okkar, máttugasta uppsprettan við kennslu þessa boðskapar. Meðal þess mikilvæga sannleiks sem

endurreistur var með Joseph Smith er vitneskjan um að Guð er faðir okkar og að við erum andabörn hans, að við lifðum hjá honum áður en við fæddumst á jörðu, og að fjölskyldur okkar geta lifað saman um eilífð í návist Guðs fyrir friðþægingu Krists og með því að hlýða lögmálum og helgiathöfnum fagnaðarerindisins.

Mormónsbók er sönnun á ast Guðs til barna sinna. Hún sýnir að Guð talar til barna sinna. Þegar þú kennir og berð vitni skaltu bjóða fólki að lesa Mormónsbók og biðja varðandi boðskap hennar. Hver einstakur sem þú kennir verður að ákveða hvort viðurkenna skal að Mormónsbók sé opinberun frá Guði.

Treystu hinu undursamlega loforði í Moróní 10:3-5. Gerðu allt sem þú getur til að fá fólk til að lesa bókina, skilja hana, og spyrja Guð í einlægni hvort hún sé sönn. Vitnisburður heilags anda verður hyrningarsteinn trúar þess á að Kristur hafi endurreist kirkju sína. Hjálpaðu þeim sem þú kennir að hljóta þá andlegu staðfestingu.

## Ritningarnám

## Hvernig ættirðu að nota Mormónsbók í trúboðsstarfi þínu?

1 Ne 13:39  
2 Ne 29:8–10

Moróní 10:3–5  
K&S 20:5–16

K&S 42:12-14

Athugasemdir

**Verkefni: Sjálfsnám**

Í myndaðu þér að þú ætlir að skrifa grein um boðskap endurreisnarinnar fyrir fréttablað á staðnum. Í námsdagbókina þína skaltu skrifa fyrirsögn sem lýsir kjarna boðskaparins. Skráðu síðan hugsanir þínar og tilfinningar varðandi þann boðskap, þar á meðal hvernig skilningur á honum hefur breytt lífi þínu og viðhorfi til heimsins umhverfis þig.

**Hjálpa öðrum að skuldbinda sig: Dyrnar að trú og iðrun**

Hjálpaðu fólki að verða hæft skírnar og staðfestingar með því að kenna því sanna kenningu og bjóða því að iðrast og breyta lífi sínu með því að gera og halda skuldbindingar sem styrkja trú þess á Jesú Krist. Þær skuldbindingar búa fólk undir að gera og halda helga sáttmála.

Öldungur Jeffrey R. Holland sagði: „Það fyrsta sem þú gerir þegar trúarnemi segir þér að hann eða hún hafi ekki lesið Mormónsbók og beðist fyrir varðandi hana er að verða miður þín! ... Oftast erum við of kærulaus varðandi allt þetta. Parna er um eilíft líf að ræða. Þetta er sáluhjálp barna Guðs. Sjálf eilífðin er í hættu. Þetta er mikilvægasta leiðin sem trúarneminn mun nokkru sinni ganga... En þótt hann eða hún viti það ekki, þá veist þú það að minnsta kosti. ... Taktu því við stjórninni. Kenndu með krafti og valdi, og vertu síðan miður þín ef fyrsta skrefið í átt til þess að halda boðorðin og gera sáttmála hafa ekki gengið vel“ („Making and Keeping Covenants,“ trúboðsútsending, apríl 1997).

Þegar þú kennir fólki að skilja endurreisnina og fyllingu fagnaðarerindisins, þá „[boðar þú] iðrun“ (K&S 15:6). Iðrun felur í sér innri breytingu og þrá eftir að láta af synd og þjóna Guði. Hún felur í sér að fylgja auðmjúk andanum og lúta vilja Guðs. Hún krefst þess að fólk auki skuldbindingu sína um að lifa í samræmi við vilja Guðs. Iðrun krefst einlægrar og varanlegrar breytingar á hugsunum, þrám, venjum og breyttni. Það er jákvæð reynsla sem færir gleði og frið. Vertu ákveðinn og elskulegur þegar þú hjálpar fólki að skilja hvað það verði að gera til að iðrast. Þegar þú býður fólki að skuldbinda sig, getur þú með árangri látið hljóma rödd viðvörunar og vonar.

**Ritningarnám****Hvað kenna þessar ritningargreinar um boðun á iðrun?**

Alma 29:1-4

Alma 62:45

K&amp;S 15:6; 16:6

Alma 42:31

K&amp;S 14:8

**Skírn og staðfesting**

Að skíra og staðfesta þá sem þú kennir er aðaltakmark þitt. Skírnin er til fyrirgefningar syndanna, og gjöf heilags anda færir fjölda blessana þeim sem lifa verðugir þeirra. Með þessum helgiathöfnum gengur fólk inn um hliðið og heldur áfram á veginum til eilífs lífs. Öldungur Dallin H. Oaks sagði: „Við prédikum ekki og kennum til þess eins að ‘leiða fólk inn í kirkjuna’ eða til að auka meðlimafjölda hennar. Við prédikum ekki og kennum til þess eins að fá fólk til að lifa betra lífi... Við bjóðum öllum að koma til Krists fyrir iðrun, skírn og staðfestingu til þess að ljúka upp fyrir sonum og dætrum Guðs dyrunum að himneska ríkinu. Enginn annar getur gert það“ („The Purpose of Missionary Work,“ trúboðsútsending um gervihnött, apríl 1995).

Þegar þú kennir hið endurreista fagnaðarerindi, skaltu hjálpa fólkiað skilja hið helga eðli skírnar og staðfestingar. Hjálpaðu því að skilja að gjöf heilags anda er mikil blessun í þessu lífi og lykillinn að sáluhjálpu þess. Heilagur andi mun „kenna [þeim] allt“ (Jóh 14:26). Boyd K. Packer forseti sagði: „Þegar þú kennir trúarnemum og býrð þá undir skírn með vatni, verður þú einnig að hugsa um gjöf heilags anda – skírn með eldi. Hugsaðu um það sem eina heild. Fyrst kemur skírn með vatni og síðan skírn með eldi“ („The Gift of the Holy Ghost: What Every Missionary Should Know – and Every Member As Well,” seminar for new mission presidents, júní 2003). Spámaðurinn Joseph Smith kenndi: „Skírn með vatni er aðeins helmingur skírnar, og er einskis verð án hins helningsins – það er, skírnar með heilögum anda“ (*History of the Church*, 5:499).

Hjálpaðu þeim sem þú kennir að skilja að til þess að verða hæf skírnar og staðfestingar verði þau að uppfylla skilyrðin í Kenningu og sáttmálum 20:37.

K&S 20:37 Hæfni til skírnar

- Auðmýkja sig fyrir Guði.
  - Þrá að láta skírast.
  - Koma með sundurkramin hjörту og sáriðrandi anda.
  - Iðrast allra synda sinna.
  - Fúsir til að taka á sig nafn Jesú Krists.
  - Ákvæðir í að þjóna Kristi allt til enda.
  - Sýna með verkum sínum, að þeir hafi meðtekið anda Krists til fyrirgefningar synda sinna.

Eftir að verðugir trúarnemar hafa látið skírast eru þeir staðfestir meðlimir kirkjunnar og þeim er veitt gjöf heilags anda. Þessi staðfesting er framkvæmd undir stjórn biskups eða greinarforseta á sakramentissamkomu fljótlega eftir skírnina. Þótt nokkur tími líði á milli þessara tveggja helgjathafna fullkomnar staðfestingin skírnina.

Ritningarnám

**Á hvaða hátt er gjöf heilags anda ein stærsta gjöfin sem við getum hlotið?**

3 Ne 19:1–13  
K&S 45:56–57

Jóh 3:5

Gal 5:22-25

**Hyers vegna ættu trúarnemar að brá giöf heilags anda?**

2 Ne 31:12–17  
2 Ne 32:1–5

Post 8-14-17

Post 19·1-6

## Verkefni: Sameiginlegt nám

Kannaðu eftirfarandi ritningargreinar og gerðu lista yfir hæfniskröfur og sáttmála skírnarinnar. Ræddu yjó félaga þinn um hyvniq megi kenna öðrum bessi skilyrði.

2 Ne 31:13                  Alma 7:14–16                  Moróní 6:1–4  
Mósia 18:8–10                  3 Ne 11:21–41                  K&S 20:37

## Athugasemdir

**Stofnun kirkjunnar**

Pegar fólk hefur verið skírt og staðfest sem meðlimir kirkjunnar, skaltu halda áfram að vinna með deildarleiðtogum og kirkjuþegnum til hjálpar þessum nýju kirkjuþegnum að aðlaga líf sitt og halda áfram að vaxa andlega. Kirkjan er stofnsett þegar fólk sem á vitnisburði lætur skírast og er staðfest, heldur sáttmála sína, býr sig af áhuga undir musterisför og hjálpar til við að styrkja deild eða grein.

Vitnisburður og trú nýskírðra mun vaxa þegar þeir eignast vini meðal kirkjuþegna, þeim er falin ábyrgð og þeir eru nærorir af orði Guðs. Trúboðar, deildarleiðtigar og kirkjuþegnar ættu ekki að sniðganga þá ábyrgð sína að næra og styrkja nýja kirkjuþegna.

**Farsæll trúboði**

Árangur þinn sem trúboði er fyrst og fremst mældur af skyldurækni þinni við að finna, kenna, skíra og staðfesta fólk og hjálpa því að verða trúir þegnar kirkjunnar sem njóta návistar heilags anda.

Varastu að bera þig saman við aðra trúboða og mæla ytri árangurinn af starfi þínu við árangur þeirra. Mundu að fólk hefur frelsi til að velja hvort það tekur á móti boðskap þínum eða ekki. Ábyrgð þín felst í að kenna greinilega og með krafti svo að það geti valið rétt. Sumir taka ekki á móti boðskap þínum jafnvél þótt þeir hafi fengið andlegan vitnisburð um að hann sé sannur. Það mun hryggja þig vegna þess að þú elskar þá og þráir sáluhjálp þeirra. Þú ættir samt ekki að verða vondaufur, vonleysi veikir trú þína. Ef væntingar þínar minnka, mun árangur þinn slakna, þrár þínar dofnar og þú átt erfiðara með að fylgja andanum.

Þú mátt vita að þú hefur verið farsæll trúboði þegar þú:

- Finnur andann bera fólkvi vitni fyrir þitt tilstilli.
- Elskar aðra og þráir sáluhjálp þeirra.
- Hlýðir nákvæmlega.
- Lifir þannig að þú meðtakir andann og vitir hvernig þú átt að fylgja honum, hann mun sýna þér hvert fara skal, hvað gera skal og hvað segja skal.
- Ræktar með þér kristilegt viðhorf.
- Starfar af kappi dag hvern, gerir þitt besta til að leiða sálir til Krists, og leitast af einlægni við að læra og bæta þig.
- Hjálpar til við að byggja upp kirkjuna (deildina) hvar sem þér er falið að starfa.
- Varar fólk við afleiðingum syndarinnar. Bíður því að gera skuldbindingar og halda þær.
- Kennir og þjónar öðrum trúboðum.
- Gengur um og gerir gott og notar hvert tækifæri til að þjóna öðrum, hvort sem þeir meðtaka boðskap þinn eða ekki.

Pegar þú hefur gert þitt allra besta, getur þú samt orðið vonsvikinn, en þú verður ekki vonsvikinn með sjálfan þig. Þú mátt vera viss um að Drottinn er ánægður þegar þú finnur andann vinna með þér.

**Ritningarnám****Hvað finnst þjónum Drottins um starfið? Hvaða áhrif hafa þjónar Drottins á þá sem þeir þjóna?**

Mósía 28:3	2 Ne 28:4–10	K&S 68:2–6
Alma 8:14–15	Eter 12:13–15	
Helaman 10:3–5	K&S 15:4–6; 16:4–6	

**Verkefni: Sjálfsnám**

- Lestu Helaman 10:1–5 og 3 Ne 7:17–18. Hvað fannst Drottni um þessa trúboða og þjónustu þeirra?
- Hugleiddu trúboðsstarf Abinadís og Ammons (sjá Mósía 11–18; Alma 17–20, 23–24). Hvers vegna voru báðir trúboðar farsælir enda þótt beinn árangur af starfi þeirra væri ólíkur?
- Skráðu það sem þú lærir í námsdagbók þína.

**Mikilvægt að hafa í huga**

- Takmark þitt er að bjóða öðrum að koma til Krists með því að hjálpa þeim að meðtaka hið endurreista fagnaðarerindi með trú á Jesú Krist og friðþægingu hans, iðrun, skírn, gjöf heilags anda og að standa stöðug allt til enda.
- Hið endurreista fagnaðarerindi Jesú Krist er eina leiðin til eilifrar hamingju.
- Köllun þín veitir þér vald; að halda sáttmála þína veitir þér kraft.
- Fylling fagnaðarerindis Jesú Krist var endureist með spámanninum Joseph Smith. Mormónsbók er sönnun á að Joseph Smith var spámaður.
- Þú hjálpar fólk að lifa eftir fagnaðarerindinu með því að bjóða því að gera skuldbindingar og halda þær.
- Þú sýnir Drottni ást þína og þakklæti fyrir friðþægingu hans með því að leiða sálir til hans.
- Þér vegnar vel þegar þú ert hlýðinn, lifir réttlálega og gerir þitt besta til að hjálpa öðrum að lifa eftir fagnaðarerindinu.

Athugasemdir

Athugasemdir

## Trúboðsstarf

Hér á eftir eru yfirlýsingar sem forsetar kirkjunnar í þessari ráðstöfun hafa gefið.

### **Joseph Smith forseti (1830–1844)**

„Eftir allt sem sagt hefur verið er mesta og mikilvægasta skyldan sú að prédika fagnaðarerindið“ (*Teachings of the Prophet Joseph Smith*, Joseph Fielding Smith valdi [1976], 113).

„Hinir heilögum skulu muna að hið stóra er háð einstaklingsbundnu átaki þeirra, og að þeir eru kallaðir sem samverkamenn okkar og heilags anda í þessu mikla verka síðari daga“ (*Teachings of the Prophet Joseph Smith*, 178–79).

### **Brigham Young forseti (1847–1877)**

„Hvorki er til karl né kona í þessari kirkju sem ekki er í trúboðsstarfi. Það trúboð mun vara svo lengi sem þau lifa, og það felst í því að gera gott, auka réttlæti, kenna trúarreglur, og gera það að ríkjandi hefð þeirra sjálfra og annarra umhverfis þau að lifa eftir þeim reglum svo að þau hljóti eilíft líf“ (*Discourses of Brigham Young*, John A. Widtsoe valdi [1954], 46).

### **John Taylor forseti (1880–1887)**

„Skylda okkar er sú að prédika fagnaðarerindið fyrir öllum mönnum... Til þess ætlast Guð af okkur“ (*The Gospel Kingdom*, G. Homer Durham valdi [1943], 234–35).

### **Wilford Woodruff forseti (1889–1898)**

„Við komum til þessarar jarðar samkvæmt köllun; ... að við hefðum kraft til að fara og aðvara þjóðir jarðar... Við, sem öldungar Ísraels, skiljum fáir að fullu stöðu okkar, köllun okkar, tengsl okkar við Guð, ábyrgð okkar, eða það verk sem Drottinn ætlar okkur að vinna“ (*The Discourses of Wilford Woodruff*, G. Homer Durham valdi [1946], 124).

### **Lorenzo Snow forseti (1898–1901)**

„Enginn jarðneskur maður hefur eins mikinn áhuga á velgengni öldungs við prédikun fagnaðarerindisins og Drottinn sem sendi hann til að prédika fyrir fólkini, börnum Drottins“ (*The Teachings of Lorenzo Snow*, Clyde J. Williams ritst. [1984], 70).

### **Joseph F. Smith forseti (1901–1918)**

„Við höfum ætlunarverk í þessum heimi: hver karl, hver kona, hvert barn sem öðlast hefur skilning eða náð ábyrgðaraldri, ætti að gera sig hæf til að prédika sannleikann, til að bera vitni um sannleikann“ (*Gospel Doctrine*, 13. útg. [1968], 251–52).

### **Heber J. Grant forseti (1918–1945)**

„Okkur mönnunum er ætlað æðra verk að vinna, og það er að ákalla heiminn um að iðrast syndanna og koma til Guðs. Og það er skylda okkar umfram annarra að fara og boða fagnaðarerindi Drottins Jesú Kristi, að áætlun lífs og sáluhjálpar hafi á ný verið endurreist á jörðu... Við höfum sannlega hina dýrmætu perlu. Við höfum það sem dýrmætara er en allur auður og öll vísindi heimsins. Við höfum áætlun lífs og sáluhjálpar... Besta leiðin til að sýna ást okkar til náungans er að fara og boða fagnaðarerindi Drottins Jesú Kristi, en um guðdómleika þess hefur hann gefið okkur fulla vitneskju“ (í ráðstefnuræðu, apríl 1927, 175–76).

### **Georg Albert Smith forseti (1945–1951)**

„Petta er köllun ykkar, bræður mínr og systur í kirkjunni, þetta er ábyrgð ykkar. Gefins hafið þér fengið og himneskur faðir ætlar okkur að miðla gefins öðrum sonum hans og dætrum þessum dýrðlega sannleika“ (*Sharing the Gospel with Others*, Preston Nibley valdi [1948], 213).

„Við munum því aðeins öðlast upphafningu í himneska ríkinu að við deilum blessunum fagnaðarerindis Jesú Kristi með öðrum börnum föðurins og virðum þau boðorð sem auðga munu líf okkar hér og að þessu lífi loknu“ (*Sharing the Gospel with Others*, 190).

## **David O. McKay forseti (1951–1970)**

„Sérhver kirkjubegn ... sé trúboði!“ (í ráðstefnuræðu, apríl 1959, 122).

„Sönn kristni er kærleikurinn í verki. Ekki finnst betri leið til að sýna ást til Guðs en sú að sýna óeigingjarna ást til náunga okkar. Það er andi trúboðssstarfsins“ (*Gospel Ideals* [1954], 129).

## **Joseph Fielding Smith forseti (1970–1972)**

„Við höfum heyrtað við erum öll trúboðar. Sérhver kirkjuþeign ... er eða ætti að vera trúboði; ... sem þeign kirkjunnar, er hefur heitið því að vinna að framgangi fagnaðarerindis Jesú Krists, verður trúboði. Þetta er liður í ábyrgð sérhvers kirkjuþegns“ (*Take Heed to Yourselves* [1971], 27–28).

## **Harold B. Lee forseti (1972–1973)**

„Trúboðsverk er einungis heimiliskennsla til þeirra sem ekki eru í kirkjunni, og heimiliskennslan er ekkert annað en trúboðsstarf til kirkjubagna“ (*Improvement Era*, des. 1964, 1078).

## **Spencer W. Kimball (1973–1985).**

„Nú er stundin í tímatöflu Drottins til að flytja fagnaðarerindið lengra en það hefur nokkru sinni áður verið flutt... Margir í þessum heima hrópa, vitandi og óvitandi: ‘Komið ... og hjálpið okkur.’ Það gæti verið nágranni. Það gæti verið vinur. Það gæti verið ættingi. Það gæti verið einhver sem þú hittir í gær. En við höfum það sem þau þarfnað. Ödlumst djörfung af lestri okkar og bænum, eins og Pétur gerði, „Og nú, Drottinn ... veit þjónum þínum fulla djörfung að tala orð þitt“ (Post 4:29)“ (*Teachings of Spencer W. Kimball [1982]*, 546).

## **Ezra Taft Benson forseti (1985–1994)**

„Við verðum öll að deila fagnaðarerindinu með öðrum. Það er ábyrgð okkar – sérhver kirkjubegn sé trúboði. Það er ákall frá spámanni Guðs...

... Trúboð kirkjuþegna er einn helsti lykillinn að einstaklingsbundnum vexti kirkjuþegna okkar. Það er sannfæring míن að trúboð kirkjuþegna muni auka andríki í hverri deild þar sem það er unnið“ (*Teachings of Ezra Taft Benson*, 208–9).

## **Howard W. Hunter forseti (1994–1995)**

„Að flytja fagnaðarerindið til allra kynþátta, tungna og lýðs er vissulega stærsta ábyrgðin sem okkur er falin hér á jörðu ... Við njótum þeirra forréttinda að fæðast á þessum síðustu dögum, til að flytja fagnaðarerindið til allrar jarðarinnar, andstætt nokkrum fyrrí ráðstöfunartínum,“ („Walls of the Mind,“ *Ensign*, sept. 1990, 10).

„Hvað hefur friðþægingin með trúboðsstarf að gera? Hvenær sem við njótum blessana friðþægingarinnar í lífi okkar, getum við ekki annað en haft áhyggjur af velfarnaði annarra... Góður mælikvarði á eigin trú er þráin eftir að deila fagnaðarerindinu með öðrum.“ („The Atonement and Missionary Work,” námskeið fyrir nýja trúboðsforseta, júní 1994).

## Gordon B. Hinckley forseti (1995– )

„Við erum hér til að aðstoða föður okkar í því verki hans og dýrð, ‘að gjöra ódaðleika og eilíft líf mannsins að veruleika’ (HDP Móse 1:39). Skylda ykkar á ábyrgðarsviði ykkar er jafn alvarlegs eðlis og míni skylda á mínu svíði” (í ráðstefnuræðu, apríl 1995, 94; eða *Ensign*, maí 1995, 71).

„Hver kirkjuþeign rækti í hjarta sínu meðvitund um eigin möguleika á að færa öðrum þekkingu á sannleikanum. Hann vinni að því. Hann biðji af mikilli einlægni um það“ („Find the Lambs, Feed the Sheep,” *Ensign*, maí 1999, 106).

## Hugmyndir að námi og hagnýtingu þess

### Sjálfsnám

- Undirbúðu tveggja minúttna ræðu um eina af spurningunum í upphafi þessa kafla. Vertu undir það búinn að deila ræðu þinni með félaga þínum eða öðrum trúboðum á umdæmisfundi.
- Biddu einhverja nýskirða að segja sögur af trúskiptum sínum. Hvað hjálpaði þeim að öðlast „trú til iðrunar“ (Alma 34:17)? Hvers vegna ákváðu þau að fá skírn og staðfestingu? Hvernig er að verða nýir þegnar kirkjunnar? Hvernig hefðu trúboðarnir getað þjónað þeim betur?
- Hugleiddu hvað það táknað að láta aðvörunarrödd hljóma (sjá Jakob 3:12; K&S 1:4; 38:41; 63:57–58; 88:81; 112:5; Esekiel 3:17–21; 33:1–12). Skrifaðu með eigin orðum hvað það táknað og hvernig þú getur gert það.
- Lestu Mormón 8 og Moróní 1 og 10. Spurðu sjálfan þig um leið og þú lest: „Hver var von Morónís fyrir okkar daga? Hvað vildi hann að við gerðum við Mormónsbók? Hvað myndi ég segja við Moróní ef ég fengi tækifæri til þess?“ Skráðu hugsanir þínar í námsdagbók þína.
- Hugleiddu atburði í lifi þínu sem styrkt hafa vitnisburð þinn um Joseph Smith og endurreisnina. Skrifaðu síðan svarið við þessari spurningu: Hvað hefur veitt þér vitnesku um að himneskur faðir og Jesús Kristur birtust Joseph Smith?

### Sameiginlegt nám

- Deilið hver með öðrum svörum ykkar við spurningunum í „Til hugleiðingar“ í upphafi kaflans.
- Segið hver öðrum hverjar vonir ykkar og þrá voru varðandi trúboðið þegar þið fenguð trúboðsköllun ykkar. Að hvaða marki hefur reynsla ykkar hingað til mætt væntingum ykkar? Hvernig getið þið betur uppfyllt þessar væntingar?
- Lestu og ræddu „Þjónn“ í Leiðarvísi að ritningunum.
- Veljið einn eftirtalinna miklu trúboða, og lesið tilvísanirnar sem skráðar eru. Þegar þið lesið skuluð þið ræða hvernig þessi trúboði (1) skildi köllun sına og skuldbatt sig henni, (2) sýndi viðhorf sitt og þrá til verksins, og (3) hjálpaði öðrum að meðtaka fagnaðarerindið.

Alma (Mósía 18)

Aron (Alma 22; 23:1–6)

Nefí og Lehí (Helaman 5)

Pétur (Post 2)

Páll (Post 16)

- Veljið í sálmbókinni two sálma um efnið „Endurreisn fagnaðarerindisins“ (sjá bls. 173). Ræðið merkingu textans.
- Lesið saman „Trú,“ „lõrast, iðrun,“ „Skírn, skíra,“ og „Heilagur andi“ í Leiðarvísi að ritningunum. Lesið og ræðið allar ritningargreinarnar í hverjum efnispætti.
- Lesið saman „Ráðstöfunartími“ í Leiðarvísi að ritningunum. Lesið einnig og ræðið Kenningu og sáttmála 136:37.

### Umdæmisfundir og svæðisráðstefnur

- Bjóðdu tveimur eða þremur nýskirðum að segja frá trúskiptum sínum. Hvað fannst þeim um trúboðana? um það sem trúboðarnir kenndu? um að halda boðorðin? Hvað hafði mestu áhrifin á trúskipti þeirra?
- Bjóðið prestdæmisleiðtoga að tala við trúboðana um tækifæri og erfiðleika þess að byggja upp kirkjuna á ykkar svæði.

Athugasemdir

- Lesið Alma 18 og ræðið þessar spurningar: Hverjar voru tilfinningar Lamonís í byrjun sögunnar? Hvernig breyttust þær? Hverjar þurfa tilfinningar manns að vera til þess að taka á móti blessumum fagnaðarerindisins? Lesið Alma 34:15–16, og berið saman við sögu Lamonís. Hvernig gerir friðþæging Krists okkur mögulegt að hljóta miskunn?
  - Ræðið hvað felst í því að vera farsæll trúboði. Bjóðið trúboðum að segja frá sérstökum dæmun um velgengni.
  - Skiptið trúboðunum í þrjá hópa. Felið einum hópi að lesa Post 2:36–38 (Pétur), öðrum hópi að lesa Post 16:25–33 (Páll) og siðasta hópnum að lesa Mósía 18:8–11 (Alma). Biðjið hvern hóp að svara spurningunni: „Hvað gerði þessi trúboði til að hjálpa öðrum að styrkja trú sína á Krist, iðrast og fá skírn og staðfestingu?“ Ræðið hvað trúboðarnir læra af þessum sögum sem getur hjálpað þeim að sýna trú þegar þeir bjóða fólk að iðrast, láta skírast og meðtaka gjöf heilags anda.
  - Felið nokkrum trúboðum, nokkrum dögum fyrir fundinn, að ígrunda valdar spurningar úr „Til hugleiðingar“ í upphafi kaflans. Biðjið hvern trúboða að búa sig undir tveggja til þriggja mínumáta ræðu um þær spurningar sem þeim var falið. Leyfið trúboðunum að flytja ræður sinar á umdæmifundi eða svæðisráðstefnu. Ræðið, eftir ræðurnar, hvað þeir hafi lært og hvernig þeir geti notað það í trúboðsstarfi sínu.
  - Skiptið trúboðunum í fjóra hópa. Biðjið hvern hóp að skrá niður eins margan sannleik, sáttmála og helgiðathafnir og þeir geta sem endurreist og opinberað var fyrir tilstilli spámannsins Joseph Smith. Látíð hvern hóp segja frá árangri sínum. Bjóðið trúboðunum að segja frá því hvaða áhrif einhver sannleikur sem opinberaðist með endurreisninni hefur haft á líf þeirra.

# Trúboðsforseti

- Biðji trúboða öðru hverju í viðtöllum að deila með ykkur:
    - Vitnisburði sínum um Jesú Krist.
    - Vitnisburði sínum um hið endurreista fagnaðarerindi og köllun Josephs Smith.
    - Vitnisburði sínum um Mormónsbók.
    - Hugleiðingum sínum um takmark sitt sem trúboði.
  - Biðji trúboðana að skrá í námsdagbók sína hvern þeir telja tilgang trúboðsstarfs síns. Biðji þá í viðtali að deila því sem þeir hafa skrifnað.
  - Sendi nýskírðum bréf með hamingjuóskum.

Athugasemdir



Hvernig næ ég  
árangri í námi og bý  
mig undir að kenna?

## Til hugleiðingar

- Hvers vegna er mikilvægt að læra fagnaðarerindið?
  - Hvaða áhrif mun nám mitt hafa á þá sem ég kenni?
  - Hvers vegna þarf ég stöðugt að varðeita kenningar fagnaðarerindis Jesú Krists?
  - Hvernig get ég með árangri lært kenningar hins endurreista fagnaðarerindis Jesú Krists og búið mig undir að kenna öðrum?
  - Hvernig get ég bætt sjálfsnám mitt og sameiginlegt nám?

Athugasemdir

**D**röttinn hefur sagt: „Reyndu ekki að boða orð mitt, reyndu heldur fyrst að öðlast orð mitt, og þá mun tunga þín losna. Og þá, ef þú þráir það, skalt þú hafa anda minn og orð mitt, já, kraft Guðs til að sannfæra mennina“ (K&S 11:21). Til að kenna með árangri þarf þú að öðlast andlega þekkingu. Til að þú vaxir í trúnni og haldist á veginum sem liggur til eilífs lífs, þarf þú að temja þér nám á fagnaðarerindinu (sjá K&S 131:6). Námsvenjur þær sem þú temur þér sem trúboði munu blesa þig sjálfan og hjálpa þeim sem þú kennir að vaxa í trú á frelsarann.

Árangursríkt daglegt nám verður ætíð að byrja með bæn. Námið er trúartjáning og krefst persónulegs sjálfræðis. Margir trúboðar vita vart hvernig læra má með árangri. Sumir treysta mikið á aðra eða á skipulagða námskrá og kennslu sem segir þeim hvað og hvernig læra skal. Pótt mikilvægt sé að læra hjá góðum kennara, er enn mikilvægara fyrir þig að eiga sjálfur góða námsreynslu. Góður árangur af námi þínu er háður sterkri þrá þinni eftir að læra og að þú lærir með “einbeittum huga” (Moró 10:4), að þig “[hungri] og [þyrsti] eftir réttslætinu” (Matt 5:6), og þú leitist við að leysa úr spurningum trúarnema þinna og áhyggjuefnum.

## Athugasemdir

## Verkefni: Sjálfsnám

Skoðaðu myndina af Joseph Smith á fyrri síðu. Lestu Joseph Smith – Saga 1:11–13. Svaraðu eftirfarandi spurningum í námsdagbók þína.

- Hvernig leiddi lestur og íhugun Josephs Smith á Jakbr 1:5 til þess að hann hlaut opinberun?
- Hvaða áhrif hafði lestur hans á komandi kynslóðir?
- Hvaða áhrif hefur ákvörðun hans um að læra og leita haft á líf þitt?
- Hvaða áhrif hefur nám þitt á fagnaðarerindinu haft á líf þitt?

## Ritningarnám

**Hvernig vill Drottinn að við högum námi okkar á fagnaðarerindinu?**

2 Ne 4:15–16

K&amp;S 58:26–28

K&amp;S 88:118

2 Ne 32:3

**Læra með heilögum anda**

Nám þitt á fagnaðarerindinu verður árangurríkast þegar heilagur andi kennir þér. Byrjaðu alltaf trúarnám þitt með því að biðja um að heilagur andi hjálpi þér við námið. Hann veitir þér þekkingu og sannfæringu sem blesa mun líf þitt og gera þér kleift að blesa líf annarra. Trú þín á Jesú Krist eykst. Prá þín eftir að iðrast og bæta þig mun vaxa.

Slíkt nám býr þig undir þjónustu, hughreystir, leysir vanda og veitir þér styrk til að standast allt til enda. Farsælt trúarnám krefst löngunar og aðgerða. Því að sá, sem leitar af kostgæfni, mun finna, og leyndardómar Guðs munu afhjúpast þeim fyrir kraft heilags anda, engu síður á líðandi stundu en á löngu liðnum og ókomnum tínum” (1 Ne 10:19). Er þig hungrar eftir að þekkja orð eilífs lífs og þegar þú leyfir þessum orðum að “[smjúga] djúpt inn í hjarta [þitt]” (Enos 1:3), mun heilagur andi, líkt og með Enos, ljúka upp huga þínum og hjarta fyrir auknu ljósi og skilningi.

Að læra fagnaðarerindið er einnig opinberunarferli (sjá Jakob 4:8). Við Oliver Cowdery sagði Drottinn: „Sjá, þú hefur ekki skilið. Þú hefur talið að ég gæfi þér það, og ekki þyrfti að hugsa um annað en að spryrja mig. En sjá, ég segi þér, að þú verður að kanna það vel í huga þínum, síðan að spryrja mig hvort það sé rétt, og sé það rétt, mun ég láta brjóst þitt brenda hið innra með þér. Þú munt þess vegna finna að það er rétt“ (K&S 9:7–8). Þegar þú lærir, taktu þá vel eftir þeim hugmyndum sem birtast í huga þér og tilfinningum í brjósti þér, einkum varðandi þá sem þú ert að kenna.



## Ritningarnám

**Hvert er hlutverk heilags anda okkur til hjálpar við að læra fagnaðarerindið?**

2 Ne 32:5

K&amp;S 11:12–14

Jóh 16:13

Alma 5:45–46

K&amp;S 39:5–6

1 Kor 2:9–14

Moróni 10:5

Jóh 14:26

## Lifðu samkvæmt því sem þú lærir

Þegar þú finnur gleðina af að skilja fagnaðarerindið, vaknar löngun eftir að tileinka þér það sem þú lærir. Kappkostaðu að lifa í samræmi við skilning þinn. Það mun styrkja trú þína, þekkingu og vitnisburð. Að fara eftir því sem þú lærir færir þér aukinn og varanlegan skilning (sjá Jóh 7:17).

Þegar þú varðveisitir orð ritninganna og síðari daga spámannna með námi og trú, mun þrá þín eftir að miðla fagnaðarerindinu aukast. Þú hefur það loforð að andinn muni hjálpa þér að vita hvað segja skal þegar þú kennir. Drottinn sagði: „Ekki skuluð þér heldur fyrirfram hafa áhyggjur af því hvað þér eigið að segja, heldur varðveitið lífsins orð stöðugt í huga yðar, og einmitt á þeirri stundu munu yður gefin þau þeirra, sem mæld verða hverjum manni“ (K&S 84:85).

*„Sönn kenning, og skilningur á henni, breytir viðhorfi og hegðun.*

*Nám á kenningum fagnaðarerindisins mun bæta hegðun hraðar en hegðunarnám mun bæta hegðun.“*

— BOYD K. PACKER FORSETI  
„LITTLE CHILDREN,” ENSIGN, NÓV. 1986, 17

### Ritningarnám

#### Hvað kenna þessar ritningargreinar um að læra fagnaðarerindið?

1 Ne 10:17–19  
K&S 11:21–22

K&S 50:19–22

K&S 88:118

## Nám og undirbúnungur að kennslu á lexíunum

Í lexíunum (í kafla 3) er að finna viðtalssprungar skírnar, skuldbindingar og kenningar sem þér ber að kenna. Í lexíunum munt þú einnig finna gagnlegar kennsluhugmyndir. Lexíurnar segja þér þó ekki allt sem segja skal – eða hvernig á að segja það. Þess í stað er ábyrgð þín sú að skilja vel lexíurnar og kenna með andanum og þínnum eigin orðum. Kenndu þannig að aðrir munu styrkja trú sína á Jesú Krist, þrá að iðrast og gera sáttmála við Guð.

Góðir kennrarar vinna ávallt að því að auka þekkingu sína og getu. Enda þótt þú kennir ekki allt sem þú veist um kenninguna, mun aukin þekking þín byggja upp vitnisburð þinn og getu þína til að kenna með andlegum krafti. Þú munt vita að þú notar lexíuna eins og ætlunin er, þegar þú:

- Leitar andans og fylgir honum er þú undirbýrð þig og kennir lexíurnar.
- Leggur kapp á að læra stöðugt, varðveita og tileinka þér kenningarnar í lífi þínu.
- Gerir með félaga þínum sérstakar áætlanir varðandi hvern þann sem þú kennir.
- Einbeitir þér að kjarna þess boðskapar og kenningar sem þú kennir.
- Aðlagar röð, lengd og hraða kennslunnar að þörfum þeirra sem þú kennir.
- Kennir oft úr ritningunum skýrt og af sannfæringu.
- Gefur iðulega vitnisburð.
- Hjálpar öðrum að gera og halda skuldbindingar sem leiða til skírnar og staðfestingar.

Þetta gerir þér mögulegt að hjálpa öðrum að örlast vitnisburð um hið endurreista fagnaðarerindi Jesú Krists.

Athugasemdir

## Athugasemdir

Þegar þú byrjar trúboðsstarf þitt þarf þú að læra að skipuleggja boðskapinn og öðlast nauðsynlega kennslutækni. Með aukinni reynslu munt þú vilja auka þekkingu þína og kennsluhæfileika. Er þú býrð þig undir kennslustundir, munt þú vilja gera kennsluáætlun sem gerir þér kleift að kenna með andanum og hjálpa öðrum að gera og halda skuldbindingar. Í leiðbeiningunum hér á eftir eru ábendingar sem þú getur farið eftir í trúboðsstarfi þínu. Láttu þér þó ekki finnast að þú þurfir alltaf að nota hverja einstu leiðbeiningu. Notaðu þess í stað þessar leiðbeiningar í samræmi við þarfir þínar og eins og andinn leiðir þig til. Ef þú ert að læra nýtt tungumál, skaltu nota þessar leiðbeiningar fyrst á þinni eigin tungu og síðan á tungu trúboðstaðar þíns.

- **Einbeittu þér að skuldbindingunum og viðtalssprungum skírnar.** Kenndu þannig að folk vilji skuldbinda sig og búa sig undir skírn og staðfestingu. Öðlastu skilning á viðtalssprungum skírnar og skuldbindingum í hverri lexíu. Lærðu það sem aðrir ættu að vita, finna og gera vegna kennslu þinnar. Æfðu þig með félaga þínum að útskýra þessar reglur með eigin orðum, greinilega og með krafti.
- **Lærðu og tileinkaðu þér kenninguna.** Kenningin er undirstaða lexíunnar. Lærðu með bæn í huga ritningarnar, lexíur, bæklinga, „Kennsluhugmyndir,“ og námsbækur trúboða, til að hljóta traustan skilning á kenningunni. Leitaðu að efni sem styður kenningu hverrar lexíu. Leggðu á minnið röðina á kenningarreglunum. Lifðu samkvæmt því sem þú lærir Skráðu það sem þú lærir í námsdagbók þína. Miðlaðu öðrum trúboðum því sem þú lærir.
- **Raðaðu niður kennsluefninu og gerðu samantekt á því.** Til að búa þig undir að kenna kenninguna greinilega og með andlegum krafti, skaltu gera niðurröðun á kennsluefninu og samantekt á því, þ.e. kennsluáætlun. Einbeittu þér að kenningunni, viðtalssprungum skírnar og skuldbindingum í lexíunni. Bættu ritningargreinum, spurningum og dæmum við kennsluáætlun þína. Þetta getur verið breytilegt eftir því hve löng kennslustundin getur verið. Þú ættir ekki að gera algerlega nýja kennsluáætlun fyrir hvern trúarnema, heldur ættir þú stöðugt að endurbæta áætlunina og aðlaga þannig að hún mæti þörfum þeirra sem þú kennir. Þegar þú gerir kennsluáætlun í fyrsta sinn skaltu reyna að hafa hana einfalda og stutta. Auktu síðan við hana með aukinni reynslu.
- **Einbeittu þér að þörfum.** Þótt kenning fagnaðarerindisins eigi erindi til allra, ættir þú að laga kennslu þína að þörfum þeirra sem þú kennir. Er þú lærir kenninguna og gerir kennsluáætlanir, skaltu athuga hvar þú getur lagfært kennsluna í samræmi við væntanlegar þarfir. Farðu yfir og bættu þessar lagfæringar þegar þú býrð þig undir ákveðnar kennslustundir. Skoðaðu þau boð sem þú munt setja fram. Horfðu á það endanlega takmark að hjálpa þeim sem þú kennir að taka á móti endurreistu fagnaðarerindi Jesú Krists með skírn og staðfestingu.
- **Búðu þig undir að svara spurningum.** Sem trúboði munt þú heyra margar spurningar. Skrifaðu þessar spurningar í námsdagbókina þína. Leitaðu að svörum í ritningunum og öðru lesefni. Biddu um skilning. Skrifaðu svörin í námsdagbókina þína. Farðu yfir



það sem þú finnur með öðrum trúboðum. Bættu við tíðum spurningum og svörum við þeim í námsdagbók þína til síðari nota.

- **Kenndu lexíuna.** Kennsla er máttugt tækifæri til að bæta þekkingu þína og getu. Þegar þú lærir kenninguna og skipuleggur kennsluna, skaltu kenna félaga þínum og öðrum trúboðum. Reyndu nýjar útskýringar, aðferðir, frásagnir, spurningar og leiðir til að bjóða öðrum að gera skuldbindingar. Biddu um hugmyndir og ábendingar.
  - **Gerðu mat á kennslu þinni.** Eftir hverja kennslustund skaltu meta hve vel þér gekk. Einbeitturðu þér að kenningunni? Bauðstu trúarnemunum að iðrast og gera og halda skuldbindingar? Vannstu að því að undirbúa þá fyrir skírn og staðfestingu? Notaðirðu áhrifaríkar spurningar? Gafstu vitnisburð þinn? Baðstu um tilvísanir á aðra trúarnema? Aðlagðu lexíuna með aukinni revnslu.

Pegar þú lærir lexíurnar skaltu halda áfram að leita þér djúprar bekkingar á kenningu. Leggðu þig fram um að kenna með meiri krafti. Pegar þú lærir í bæn og trú mun þekking þín og vitnisburður vaxa. Reyndu samt ekki að kenna allt sem þú veist. Kenndu boðskapinn skýrt, á einfaldan hátt og samkvæmt þörfum hvers og eins, fylgdu andanum og kenndu það sem „[mælt verður] hverjum manni“ (K&S 84:85).

## Orðaskýringar

Boðskapur okkar er máttugur og með einstæðum orðaforða. Rétt eins og læknirinn talar á annan hátt í biðstofu sinni en á skurðstofunni, svo verður þú og að læra að tala þannig að þeir sem ókunnugir eru boðskap þínum fái skilið það sem þú kennir.

Til að búa þig undir að hjálpa öðrum að skilja ókunnug orð skaltu kynna þér listann yfir lykilhugtök og orð í kaflanum "Kennsluhugmyndir" í hverri lexíu. Kynntu þér vel skilgreiningarnar sem gefnar eru. Notaðu *True to the Faith* og Leiðarvísí að ritningunum til að skilgreina önnur orð. Skrifaðu þessar skilgreininar í námsdagbókina þína. Deildu skilgreiningunum með félaga þínum og öðrum til að athuga hvort þú skiljir þær rétt. Ef skilgreiningarnar eru óljósar öðrum skaltu endurskoða skilgreiningu þína og byggðu á efni sem þú hefur lært.

Reyndu í kennslu þinni að greina hvort orð eða regla er ókunnug þeim sem þú kennir. Gefðu þér tíma til að útskýra ókunnugleg orð eða reglur. Mundu eftir að kenna þannig að aðrir skilji, svo að þú og nemendur þínir „uppbrygg[ist] og fagn[i] saman“ (K&S 50:22).

## Verkefni: Sjálfsnám

Flettu upp í lexíunni „Boðskapur hins endurreista fagnaðarerindis Jesú Krists“ í kafla 3. Lestu listann yfir lykilhugtökin undir liðnum „Kennsluhugmyndir“. Finndu þrjú orð í lexíunni sem þú vildir skilgreina. Fylgdu fyrrgreindum ábendingum við að skilgreina hvert þeirra.

## Námshugmyndir og ábendingar

Hver hugmynd og ábending í þessum kafla getur auðgað nám þitt og gert það meira andlega upplýftandi. Hugleiddu eftirfarandi þegar þú skipuleggur nám þitt.

- Byrjaðu ávallt með bæn.
  - Skipuleggðu nám þitt þannig að það styrki trú þína á frelsarann og notaðu tíma þinn vel.
  - Láttu nám þitt snúast um fólk, þarfir þess, að undirbúa það fyrir skírn, staðfestingu og að standast allt til enda. Gerðu ráð fyrir námi bínu í daglegri áætlun þinni.

## Athugasemdir

- Áætlaðu nám þitt út frá þessum spurningum: Hvað mun ég kenna í dag? Hvernig get ég skipulagt nám mitt svo að það hjálpi best þeim sem ég kenni? Hvaða hugmyndir og ábendingar úr þessum kafla mun ég fella inn í nám mitt?

Pegar þú skipuleggur námsaðferð þína skaltu reyna einhverjar hugmyndanna og ábendinganna sem fylgja eða aðrar hugmyndir sem þú færð frá öðrum.

**Lifðu samkvæmt því sem þú lærir**

- „Tileinkaðu“ þér það sem þú lærir (sjá 1 Ne 19:23).
- Settu þér markmið um að lifa samkvæmt því sem þú lærir.
- Settu nafn þitt inn í ritningaráversin til að persónugera þau.
- Spurðu sjálfan þig: „Hvernig ætti ég að breytast vegna þess sem ég hef lært?“  
Settu viðeigandi markmið.

**Verkefni: Sjálfsnám**

Veldu eina af eftirfarandi tilvísunum. Meðan þú lest og ígrundar þá ritningargrein sem þú valdir skaltu finna tvær eða þrjár leiðir til að heimfæra hana yfir þitt líf.

- 2 Ne 31
- Alma 32:26–43
- Moróní 7:32–48

Leggðu mat á hverslu vel þú lifir eftir þeim reglum sem þú kennir. Veldu eitthvað eitt sem þú getur bætt og gerðu áætlun um að bæta það.

**Leita, íhuga og muna**

- Vertu vökkull. Hreyfðu þig, farðu í sturtu og biðstu fyrir áður en þú lærir.
- Lærðu við borð þar sem þú getur skrifað (ekki útafliggjandi eða sitjandi í rúmi þínu), skipuleggðu námsefni þitt og vertu vel vakandi.
- Biðstu fyrir og biddu um skilning.
- Lærðu ákveðið efni.
- Spurðu sjálfan þig: „Hvað er höfundurinn að segja? Hver er meginboðskapurinn? Hvernig snýr hann að mér?“
- Reyndu að sjá fyrir þér það sem þú lærir. Sem dæmi, ímyndaðu þér hvernig það var fyrir Ammon að standa frammi fyrir Lamanítakonungi.
- Lærðu orð lifandi spámannna (í hinu viðurkennda námsefni trúboða og tímaritum kirkjunnar).
- Skrifaðu í námsdagbók þína spurningar sem þú hefur og notaðu ritningarnar, orð síðari daga spámann og annað námsefni í leit að svörum.
- Í einu ritningaráversi geta leynst margar hugmyndir. Undirstrikaðu og merktu orð eða setningar til að greina á milli hugmynda í einu og sama versi.
- Miðlaðu öðrum trúboðum því sem þú lærir. Þú getur lært mikil með því að útskýra kenningu eða reglu fyrir öðrum.
- Merktu ritningar þínar og skrifaðu athugasemdir í þær. Skrifaðu á spássíuna ritningartilvísanir sem skýra það vers sem þú ert að læra.
- Leggðu ritningargreinar á minnið sem útskýra og styðja þær reglur sem þú kennir.

## Notaðu námsgögn

- Notaðu námsgögn í SDH útgáfu ritninganna („Topical Guide, Bible Dictionary, Joseph Smith Translation, Index to the triple combination,” formála að köflum, neðanmálstilvísanir og kort).
  - Notaðu trúboðslexíurnar, viðurkennt lesefni trúboða, tímarit kirkjunnar og þessa bók.
  - Lestu kaflafyrirsagnir í ritningunum. Sá lestur gefur þér hugmyndir um hvers skal leita í þeim kafla.
  - Notaðu námsdagbók þína til að skrá og skipuleggja það sem þú ert að læra. Lestu oft yfir þær hugleiðingar sem þú hefur skráð. Skipuleggðu dagbók þína þannig að þú getir auðveldlega fundið það sem þú hefur lært.
  - Notaðu þessa kennslubók sem vinnubók. Notaðu svæðið fyrir athugasemdir til að skrá hughrif og hugmyndir.
  - Lærðu ritningargreinar sem gefnar eru í þessari bók. Skráðu í þessa bók eða í námsdagbók þína aðrar ritningargreinar sem þú hefur fundið.

Athugasemdir

## Sjáðu heildarmyndina

- Öðlastu yfirsýn, annað hvort með því að lesa bókina, kaflann eða versið hratt eða með því að lesa fyrirsagnir og formála. Reyndu að skilja efnið og bakgrunninn.
  - Reyndu að skrifa meginhugmynd ritningargreinarinnar í einni setningu eða stuttri málsgrein.
  - Notaðu kort í Bíblíunni og „Church history“ til að læra landfræðilega legu, fjarlægð, loftslag og staðhætti.
  - Skoðaðu atburðaröð og menningu. Lestu sagnfræðilegar upplýsingar í Leiðarvísí að ritningunum og kapítula- og kaflayfirlit.

## Verkefni: Sjálfsnám

Lestu kapítulayfirlit neðangreindra bóka og skrifanda lýsingu í grófum dráttum á staðháttum, meginatburðum og meginkenningum hverrar bókar.

1 Ne

HDP Móse

Postulasagan

## Kannaðu smáatriðin

- Leitaðu að lykilorðum og gakktu úr skugga um að þú skiljir hvað þau merkja. Notaðu neðanmálstilvísanir, Leiðarvísi að ritningunum, eða aðrar orðabækur í leit að skilgreiningu. Athugaðu hvort næstu orð eða setningar gefa vísbendingu um hvað lykilorðin merkja.
  - Leitaðu að tengdum orðum, eins og þess vegna, enn á ný, þannig, því, þar af leiðandi og fleirum. Sjáðu síðan hvernig fyrri og síðari ritningargreinar tengjast hver annarri.
  - Notaðu Leiðarvísi að ritningunum til að sjá hvernig sama orðið er notað í öðru samhengi eða hvernig aðrir spámenn nota þetta sama orð.
  - Leitaðu að ókunnuglegum orðum eða setningum og gakktu úr skugga um að þú skiljir þau.

## Athugasemdir

**Merkja ritningargreinar**

Þegar þú merkir ritningargreinar getur það hjálpað þér að hugsa djúpt um eitthvert vers eða kenningu fagnaðarerindisins. Þú getur merkt ritningargreinar á margan hátt. Finndu aðferð sem hentar þér. Hér á eftir eru nokkrar leiðbeiningar um merkingu á ritningargreinum.

- Notaðu merkiblýanta eða merkipenna. Forðastu að nota pennu sem blæða gegnum blaðsíðuna.
- Skyggðu, undirstrikaðu, settu í sviga eða strikaðu utan um hluta vers, allt versið eða nokkur vers.
- Forðastu of miklar merkingar. Gagnið glatast ef þú getur ekki skilið merkingu þína vegna þess hve mikið er af athugasemdum, línum eða litum.
- Undirstikaðu aðeins lykilorð til þess að leggja áherslu á vers, kafla eða kapítula.
- Gerðu hring um eða undirstikaðu lykilorð og notaðu síðan beinar línur til að tengja saman tengd orð.
- Þegar nokkur atriði i versi eða ritnignargrein tengjast má númera atriðin á spássíunni eða í textanum.
- Notaðu neðanmálstilvísanir til hjálpar við að merkja og túlka ritningarnar.
- Gerðu merki (kross eða annað) á spássíuna við lykilvers sem þér finnst áriðandi að muna.

Að merkja í ritningar þínar ætti að auðvelda þér að einbeina þér að og tileinka þér það sem þú hefur lært og kenna það öðrum. Temdu þér að nálgast viðfangsefnið þannig að það hjálpi þér að ná takmarki þínu sem trúboði.

**Verkefni: Sjálfsnám**

Hvaða ábendingar hefur þú ekki enn reynt? Finndu eina ábendingu úr “Námshugmyndir og ábendingar” til að reyna í næsta þætti sjálfsnáms eða sameiginlegs náms.

**Mikilvægt að hafa í huga**

- Að fylgja þrá þinni til að læra er mikilvægt fyrir sáluhjálp þína og velgengni í trúboðsstarfi.
- Þú lærir fagnaðarerndið með námi, trú og krafti heilags anda.
- Nám er gleðiefni og færir margar blessanir.
- Daglegt sjálfsnám og sameiginlegt nám styrkir trú þína og getu til að kenna með andanum.
- Notaðu margvíslegar kennsluaðferðir sem gera kennsluna innihaldsríka og ánægjulega.

# Hugmyndir að námi og hagnýtingu þess

## Sjálfsnám

- Gerðu sjálfsmat eins og hér sýnir (1=aldrei, 3=stundum, og 5=næstum alltaf).
    - Ég hugsa um þá sem ég kenni þegar ég er að læra.
    - Yfir daginn hugsa ég um það sem ég lærði um morguninn.
    - Þegar ég læri kvíkna hugmyndir sem mér hafa ekki komið í hug áður.
    - Ég skrái andleg áhrif og hugmyndir á viðeigandi stað.
    - Ég sofna þegar ég er að læra.
    - Ég hlakka til sjálfsnámsins.
    - Ég hlakka til sameiginlega námsins.

Farðu yfir svör þín. Hvað gengur bér vel með? Vildirðu að eitthvað af svörum þínum væru örðru vísi? Settu þér eitt eða tvö markmið sem munu gera nám Pitt betra.

- Farðu yfir spurningarnar í „Til hugleiðingar“ í upphafi þessa kafla. Hvaða áhrif hafa spurningarnar á nám þitt?
  - Skoðaðu „Námshugmyndir og ábendingar.“ Finndu eina ábendingu í hverjum flokki sem þú hefur ekki notað og reyndu þessar hugmyndir í sjálfssnámi þínu.
  - Lestu Kenningu og sáttmála 138:1–11. Svaraðu eftirfarandi spurningum þegar þú lest þessi vers:
    - Hvað þurfti Smith forseti að gera til þess að hugur hans yrði opin?
    - Hvað fannst honum um kenninguna sem hann íhugaði?
  - Lestu skilgreininguna á þekkingu í Leiðarvísí að ritningunum og í listanum yfir tilvísanir. Skrifaðu í námsdagbók þína svar við spurningunni: „Hvaða vitneskjá getur hjálpað mér að verða árangursríkari trúboði?“
  - Veldu kenningu í kafla 3 sem þig langar til að skilja betur. Skrifaðu í námsdagbók þína spurningar sem þú vildir gjarnan svara. Lærðu kenninguna vandlega í nokkurn tíma (nokkra daga) og biddu sérstaklega um aukinn skilning. Skráðu það sem þú lærir.
  - Lestu 1 Ne 10:17; 11:1–6. Þegar þú lest þessi vers skaltu svara spurningunni: „Hvers vegna qat Nefí lært það sem faðir hans vissi?“

## Sameiginlegt nám

- Lesið saman eftirtaldar ritningargreinar. Svarið spurningunni: „Hvers vegna ættum við að leita guðlegs ljóss?“

K&S 11:11–14	Jóh 8:12	Sálm 119:105
K&S 84:43–47		
• Lesið saman nokkrar af eftirtöldum ritningargreinum og ræðið þær blessanir sem fylgja námi á orði Guðs. Hvaða ritningargreinar myndu best hjálpa þeim sem þið kennið?		
1 Ne 10:19	Alma 32:42–43	K&S 130:19
2 Ne 32:3	Alma 37:44–46	Leiðarvisir að ritningunum, „Ritningar,“ undirfyrirsögnin: „Gildi ritninganna.“ 15
Mósia 1:6–7	Alma 49:30	
Alma 17:2–3	K&S 90:24	

Athugasemdir

## Athugasemdir

**Umdæmisfundir og svæðisráðstefnur**

- Veldu efni úr einni trúboðslexiunni sem þú hefur lært vandlega. Gerðu sem hér segir:
  - Segðu frá tveimur eða þremur atriðum sem þú hefur lært í námi þínu og hefur hjálpað þér að kenna lexíuna.
  - Lýstu hvernig þú hagaðir námi þínu, þannig að það hjálpaði þér að uppgötva þessi atriði (hvernig þú last, hjálparöggn sem þú notaðir, spurningar sem þú leitaðir svara við, o.s.frv.).
  - Sýndu hvernig þú skráðir og skipulagðir árangurinn af námi þínu.
- Biddu nokkra aðra trúboða að gera það sama, ef tími leyfir.
- Þetta má gera einslega eða í smáhópum. Biddu trúboðana að velja eina af eftirfarandi spurningum (eða þú getur samið þínar eigin spurningar). Biddu þá að skrifa spurninguna niður.
  - Hvers vegna eru fjölskyldur svo mikilvægar í áætlun Guðs?
  - Hvers vegna þarf fólk að líða raunir og þjánningar?
  - Hvert er hlutverk andans í því að snúast til trúar?

Skýrðu frá því að þeir hafi fimm til sjö mínútur til að:

  - Finna hið minnsta tvær ritningargreinar sem svara spurningunni.
  - Skrifa einfalda túlkun á því hvernig ritningargreinarnar sem þeir völdu svari spurningunni.
  - Lýsa því hvað þeir geta gert til að muna svarið.
  - Lýsa því hvað þeir geta gert til að kanna spurninguna enn betur.
- Biddu nokkra trúboða (eða hvern hóp) að greina frá svörum sínum. Ræddu svör þeirra.
- Biddu trúboðana að skrifa eina eða tvær spurningar um reglur fagnaðarerindisins og kenningar úr einni af lexíunum í kafla 3 sem þeir vilja gjarna finna svör við. Bjóðdu trúboðunum að segja hópnum frá spurningum sínum. Ræddu eftirfarandi við hverja spurningu:
  - Hvernig mun svar við þessari spurningu verða trúboðanum til blessunar?
  - Hvernig mun það blessta líf trúarnemanna?
  - Hvernig gæti trúboði fundið svarið?
- Biddu nokkra trúboða að segja frá trúarreglum sem félagar þeirra hafa kennt þeim. Biddu þá að útskýra regluna og hvernig félagi þeirri kenndi þeim hana.
- Raðaðu trúboðunum í félagapör eða smáhópa. Láttu hvern hóp lesa einn kafla í Mormónsbók. Láttu hvern hóp velja eina hugmynd úr hverjum af flokkunum í kaflanum „Námshugmyndir og ábendingar.“ Bjóðdu hópunum að tileinka sér hverja ábendingu þegar þeir lesa kafla sína saman. Ætlaðu 15 til 20 mínútur fyrir lestur og umræður. Láttu hvern hóp útskýra ábendingarnar sem þeir notuðu, hve vel þær virkuðu og hvað þeir lærðu.
- Biddu hvern trúboða að hugsa um sögu eða atburð í ritningunum sem hefur ákveðna merkingu fyrir hann eða hana (svo sem sýn Lehís á lífsins tré, ræðu Benjamíns konungs, fjallræðuna eða þegar Kristur birtist Nefitunum). Biddu trúboðana að teikna eða lýsa því hvernig þeir sjá fyrir sér frásögnina sem þeir völdu. Biddu two eða þrjá trúboða að segja frá því hvernig þeir sjá hana fyrir sér. Biddu aðra um að segja frá sögum og tengja þær kenningum í einni af lexíunum. Lestu Moróní 10:3 og ræddu gildi þess að ígrunda vel andlega þekkingu.

Athugasemdir

**Trúboðforseti**

- Biðji trúboðana að koma með námsdagbækur sínar til viðtala. Biðji þá að deila með sér einni færslu.
- Spyri nokkrar eftirfarandi spurninga í viðtalinu:
  - Hver hafa hughrif þín verið undanfarið við ritningarnám þitt?
  - Hvaða reglu fagnaðarerindisins hefur félagi þinn nýlega kennit þér?
  - Hvaða kafli eða hluti þessarar bókar hefur orðið þér að mestu gagni á síðustu tveimur vikum?
  - Hvað gerir þú í sjálfsnámi þínu til að læra sem mest?
- Biðji trúboðana á svæðisráðstefnu að segja frá þýðingarmikilli reynslu sem þeir hafa orðið fyrir í sjálfsnámi sínu og sameiginlegu námi.
- Leyfi trúboðunum á svæðisráðstefnu að greina frá hugmyndum sínum í sjálfsnámi þeirra.
- Segi trúboðunum frá innsýn sem hann hefur hlotið í sínu sjálfsnámi. Deili með þeim einhverju sem hann hefur skráð í dagbók sína og vitnisburði sínum um mikilvægi trúarnáms.
- Taki eins og hann getur þátt í sjálfsnámi trúboðanna.
- Biðji trúboðana í viðtolum að segja frá einni kennsluáætlun sinni úr trúboðslexiunum. Spyri þá hvaða þýðingu þessar kenningar hafi fyrir þá.

Athugasemdir



# Hvað læri ég og kenni?

Athugasemdir

Ílexíum þessa kafla eru mikilvægar kenningar, reglur og boðorð sem þér ber að læra, trúá á, gera hjartfólgunar, lifa eftir og kenna. Lifandi spámenn og postular hafa boðið þér að kenna þær. Þær eru settar skipulega fram til að auðvelda þér að hjálpa öðrum að skilja kenningar Krists glögglega.

Lexíur bessa kafla eru:

- Boðskapur hins endurreista fagnaðarerindis Jesú Krists
  - Sáluhjálparáætlunin
  - Fagnaðarerindi Jesú Krists
  - Boðorðin
  - Lögmál og helgiathafnir

Kenndu fyrstu fjórar lexíurnar fyrir skírn. Gakktu úr skugga um að þeir sem þú kennir séu hæfir til skírnar og staðfestingar, þannig að þeir hafi tekið á sig tilskildar skuldbindingar allra lexíanna og haldið þær.

Fastatrúboðar eiga að hafa frumkvæðið í kennslu lexíanna fyrir skírn og njóta aðstoðar deildartrúboða og annarra kirkjuþegna. Nýjum kirkjuþegnum eru að skírn lokinni kenndar fyrstu fjórar lexíurnar að nýju, einnig „Lögmál og helgithafnir.“ Deildarleiðtoga ákveða hvort deildartrúboðar eða fastatrúboðar sjái um að lexíurnar séu örugglega kenndar og hversu lengi fastatrúboðar séu með í þeirri kennslu. Hvetja skal alla nýja kirkjuþegna til að halda allar skuldbindingar lexíanna.

Lexíur þessar ætti einnig að nota við sjálfsnám og sameiginlegt nám, á umdæmisfundum og við aðra þjálfun. Þegar þú lærir ritningarnar og varðveitir kenningarnar í lexíum þessum í hugskoti þínu, mun andinn á réttu andartaki kalla fram í huga þinn það sem þér ber að segja og gera til að hjálpa öðrum að hljóta vitnisburð um sannleiksgildi kenninganna.

Þú berð sem trúboði mikla ábyrgð á að kenna frá hjartanu og með andanum. Æðsta forsætisráðið og Tólfpostulasveitin hafa sagt: „Markmið okkar er að kenna boðskap endurreisnarinnar þannig að andinn leiði bæði trúboða og trúarnema. Nauðsynlegt er að læra efni hinna stöðluðu trúboðslexía, en ekki ætti að kenna það eins og um utanbókarlærdóm væri að ræða. Trúboðum er frjálst að nota eigið orðaval eins og andinn hvetur til. Peir ættu ekki að þylja efnið upp utanbókar, heldur tala frá hjartanu á eigin

Fjallraðan, eftir Carl Bloch. Frumvundin er í kaellu Friðriksborararkastala, Dammörku. Þirt með levfi Friðriksborarsafrins. Óheimilt að afrita.

## Athugasemdir

máta. Þeir mega hverfa frá ramma lexíanna og ræða um það sem andinn blæs þeim í brjóst, samkvæmt áhuga og þörfum trúarnemans. Þeir ættu að mæla af eigin sannfæringu og á eigin máta er þeir gefa vitnisburð um sannleika kennslunnar” („Greinargerð um trúboðsstarf,” bréf frá Æðsta forsætisráðinu, 11. des. 2002). Hafið þessar leiðbeiningar örugglega að leiðarljósi þegar þú og félagi þinn lærið lexíur þessar og búið ykkur undir kennslu Gakktu úr skugga um að allar kenningarar í lexíunum séu kenndar.

Kenna ætti allt efni fyrstu þriggja lexíanna í sömu röð og það er sett fram, nema andinn hvetji til annars. Sum boðorðanna mætti einnig tengja kennslunni, eins og viðeigandi er, eða hafa sér kennslu um eithvert þeirra.

Í hverri lexíu eru viðtalssurningar skírnar, skuldbindingar og kenningar sem þér ber að kenna. Lærðu kenningarar vandlega. Hugsaðu stöðugt um hvernig hægt er að hjálpa þeim sem þú kennir að taka á sig og halda tilskildar skuldbindingar. Notaðu viðtalssurningar skírnar til að búa nemendur undir skírn og staðfestingu. Í lexíunum er einnig að finna kennsluhugmyndir. Notaðu kennsluábendingarnar til að búa þig undir kennsluna og gera hana árangursríka.

**Tilgangur utanbókarlærdóms**

Lærðu ritningargreinar utanbókar og notaðu þær í kennslunni. Einsett þér að vera vel kunnugur kennsluefni hverrar trúboðslexíu. Trúboðar sem læra erlent tungumál ættu að leggja áherslu á að búa sig undir að kenna trúboðslexíurnar á því tungumáli. Þeir ættu að læra utanbókar orðtök og orðatiltæki, setningaskipan og stuttar staðhæfingar um kenningar, eins og þær koma fyrir í lexíunni, en aðeins þegar þær hafa fengið persónulega þýðingu. Heilu lexíurnar á ekki að læra utanbókar.

**Kenna skýrt og skorinort**

Aftast í fyrstu þremur lexíunum er orðaskrá sem kann að koma nemendum spánskt fyrir sjónir. Lærðu að skilgreina hugtökin þar á einfaldan máta. Leggðu þig allan fram við að koma boðskapnum til skila á einfaldan hátt.

**Ritningarnám****Hvað er þér uppálagt að kenna?**

Mósía 18:18–20

K&amp;S 43:15–16

K&amp;S 52:9

**Hvers vegna þarftu að læra kenningar lexíanna?**

Alma 17:2–3

K&amp;S 84:85

# Boðskapur hins endurreista fagnaðarerindis Jesú Krists



© 1991 Greg K. Olsen. Chemini ið difita.

## Hlutverk þitt

Þegar þú kennir skaltu búa trúarnemann undir að uppfylla skilyrði skírnar sem kennd eru í Kenningu og sáttmála 20:37 og viðtalssprungum skírnar. Það er best að gera með því að bjóða trúarnema þínnum að taka á sig neðangreindar skuldbindingar og halda þær.

### Viðtalssprungar skírnar

- Trúir þú að Guð sé eilífur faðir okkar?
- Trúir þú að Jesús Kristur sé sonur Guðs og lausnari og frelsari heimsins?
- Trúir þú að kirkja og fagnaðarerindi Jesú Krists hafi verið endurreist fyrir atbeina spámannsins Josephs Smith?
- Trúir þú að [núverandi forseti kirkjunnar] sé spámaður Guðs? Hvaða þýðingu hefur það fyrir þig?

### Skuldbindingar

- Vilt þú lesa og biðjast fyrir til að öðlast vitnesku um að Mormónsbók sé orð Guðs?
- Vilt þú biðjast fyrir til að öðlast vitnesku um að Joseph Smith hafi verið spámaður?
- Vilt þú koma í kirkju með okkur næsta sunnudag?
- Getum við ákveðið næstu heimsókn okkar?
- Önnur boðorð í lexíu 4 sem þið kjósið að hafa með.

## Guð er okkar kærleiksríki faðir á himnum

Guð er faðir okkar á himnum. Við erum börn hans. Hann hefur líkama af holdi og beinum sem er dýrðlegur og fullkominn. Hann elskar okkur. Hann finnur til með okkur þegar við þjáumst og fagnar þegar við breytum rétt. Hann þráir að eiga samskipti við okkur og við getum átt samskipti við hann í einlægri bæn.

Hann gaf okkur kost á reynslutíma á jörðu til að læra og þroskast. Við getum sýnt elsku til hans með vali okkar og hlýðni við boðorð hans.

Himneskur faðir hefur séð okkur, börnum sínum, fyrir leið til velgengni í þessu lífi og svo við fáum dvalið að nýju í návist hans. Til þess að það geti orðið verðum við þó að vera hlýðin og þannig hrein og saklaus. Óhlýðni gerir það að verkum að við fjarlægjumst

Athugasemdir

hann. Friðþæging Jesú Krists er þungamiðjan í áætlun föðurins. Þjáningar hans í Getsemanegarðinum voru hluti af friðþægingunni, sem og þjáningar hans og dauði á krossinum. Við getum orðið laus undan byrðum synda okkar fyrir friðþæginguna og þróað trú og styrk til að takast á við erfiðleika okkar.

### Trúarskoðanir á Guði

Komstu að því hvaða skoðanir hver og einn nemandi hefur á Guði samkvæmt kristnum trúarkenningum. Margir í heiminum nú hafa annað hvort engar hugmyndir um Guð eða mjög ólíkar hugmyndir um Guðdóminn.

Trúboðarnir tveir í Mormónsbók, Ammon og Aron, kenndu fólk sem ekki hafði kristna trú að bakgrunni. Þeir kenndu einfaldan sannleika og buðu trúarnemum sínum að biðjast fyrir. Lamoni og faðir hans snerust til trúar. Lestu Alma 18:24–40 og 22:4–23 og svaraðu eftirtöldum spurningum:

- Hvað kenndu þessir trúboðar um eðli Guðs?
- Á hvaða hátt getur þú farið að fordæmi þeirra?

### Ritningarnám

#### Hvert er eðli Guðs föðurins og sonar hans Jesú Krists?

1 Ne 17:36	3 Ne 27:13–22	Jóh 3:16–17
2 Ne 9:6	K&S 38:1–3	Post 17:27–29
Mósía 4:9	K&S 130:22	Róm 8:16
3 Ne 12:48	HDP Móse 1:39	Hebr 12:9
3 Ne 14:9–11	Matt 5:48	1 Jóh 4:7–9

## Fagnaðarerindið blesnar fjölskyldur

Hið endurreista fagnaðarerindi blesnar eiginmenn og eiginkonur, foreldra og börn er þau kappkosta að efla samband sitt og andlegan styrk innan fjölskyldna sinna. Þær blessanir standa til boða nú og í eilífðinni. Fagnaðarerindi Jesú Krists veitir hjálp við áhyggjum og erfiðleikum nútímans.

Þar sem fjölskyldur eru vígðar af Guði, eru þær mikilvægasta félagseiningin um tíma og eilífð. Guð hefur stofnsett fjölskyldur í þeim tilgangi að stuðla að hamingju barna sinna, gera þeim kleift að læra réttar reglur í ástúðlegu umhverfi og búa þau undir eilíft líf. Heimilið er besti staðurinn til að kenna, læra og tileinka sér reglur fagnaðarerindis Jesú Krists. Pað heimili sem grundvallað er á reglum fagnaðarerindisins veitir athvarf og öryggi. Þar getur andi Drottins tekið sér bólfestu og blessað fjölskylduna með friði, gleði og hamingju. Guð hefur á öllum tínum, þar með talið okkar tíma, opinberað sæluáætlun sína til handa einstaklingum og fjölskyldum fyrir tilstuðlan spámannna.

## Himneskur faðir opinberar fagnaðarerindi sitt á hverjum ráðstöfunartíma

Guð kallar spámenn, sem er mikilvæg leið fyrir hann til sýna okkur elsku sína, og hefur veitt þeim prestdæmið – en það er kraftur og valdsumboð veitt mönnum til að starfa í nafni Guðs til sáluhjálpar börnum hans. Spámenn læra fagnaðarerindi Jesú Krists með opinberun. Þeir kenna síðan öðrum fagnaðarerindið og vitna um Jesú Krist sem frelsara og lausnara. Kenningar spámannna eru í helgum bókum sem nefndar eru ritningar.

Sú áætlun himnesks föður okkur til velgengni í þessu lífi, og til að fá dvalið hjá honum að nýju, nefnist fagnaðarerindi Jesú Krists og er friðþæging Jesú Krists þungamiðja hennar. Við getum hlotið eilíft líf fyrir friðþægingu Jesú Krists, ef við iðkum trú á Jesú Krist,

iðrumst, meðtökum skírn með niðurdýfingu til fyrirgefningar syndanna, meðtökum heilagan anda og stöndumst allt til enda. „Þetta er vegurinn, og enginn annar vegur er til og ekkert annað nafn gefið undir himnинum, sem frelsað getur manninn í Guðs ríki. Og sjá nú. Þetta er kenning Krists“ (2 Ne 31:21). Allir menn hafa gjöf sjálfræðis, sem er frelsi til að taka á móti eða hafna fagnaðarerindinu sem spámenn og postular kenna. Þeir sem kjósa að hlýða uppskera blesanir, en þeir sem leiða fagnaðarerindið hjá sér, hafna því eða afbaka það hljóta ekki þær blesanir sem Guð gefur fyrirheit um.

Alltaf þegar fólk kýs að leiða hjá sér, óhlýðnast eða afbaka einhverja reglu eða helgiathöfn fagnaðarerindisins, alltaf þegar það hafnar spámönnum Drottins, eða það lætur hjá líða að standast í trú, fjarlægist það Guð og tekur að lifa í andlegu myrkri. Að endingu leiðir það til svokallaðs fráhvarts. Þegar algjört fráhvart verður, tekur Guð burtu prestdæmisvaldsumboð sitt til að kenna fagnaðarerindið og þjónusta helgiathafnir þess.

Í Bíblíunni er greint frá fjölmögum tilvikum þar sem Guð talar til spámanna, svo og fjölmögum fráhvörfum. Guð hefur sýnt börnum sínum elsku sína með því að kalla spámann að nýju í þeirri viðleitni að binda endi á sérhvert allsherjar fráhvart og veitt honum prestdæmisvaldsumboð til að endurreisa og kenna að nýju fagnaðarerindi Jesú Krists. Spámaðurinn starfar í raun sem ráðsmaður er hefur yfirumsjá með heimafólki Guðs hér á jörðu. Slík ábyrgðartímabil spámanna nefnast ráðstöfunartímar.

Guð opinberaði Adam fagnaðarerindi Jesú Krists og veitti honum prestdæmisvaldsumboð. Adam var fyrsti spámaðurinn á jörðunni. Adam lærði með opinberun um réttmæt tengsl mannkyns við Guð föðurinn og son hans Jesú Krists og heilagan anda; um friðþæginguna og upprisu Jesú Krists; og um frumreglur og helgiathafnir fagnaðarerindisins. Adam og Eva kenndu börnum sínum þennan sannleika og hvöttu þau til að þróa trú og lifa eftir fagnaðarerindinu á öllum sviðum lífsins. Aðrir spámenn fylgdu í kjölfar Adams, en niðjar hans höfnuðu fagnaðarerindinu með tímanum og urðu fráhverfir, völdu að vera ranglátir.

Pað var upphafið að ráðstöfunartíma spámanna, sem Gamla testamentið fjallar að mestu um. Himneskur faðir opinberaði fagnaðarerindi sitt með beinum samskiptum við spámenn, svo sem Nóa, Abraham og Móse. Hver spámaður var kallaður af Guði til að hefja nýjan ráðstöfunartíma fagnaðarerindisins. Guð veitti hverjum þessara spámanna prestdæmisvaldsumboð og opinberaði eilífan sannleika. Því miður fór það svo að lokum að fólkioð valdi af fúsum og frjálsum vilja að hafna fagnaðarerindinu og varð síðan fráhverft.

## Spámenn

Komstu að því hvaða skilning nemandi þinn hefur á spámönnum. Í flestum menningarlöndum er fólk sem trúir að helgir eða innblásnir menn takí á móti leiðsögn frá Guðdómnum að einhverju marki. Ekki eru þó allir innblásnir einstaklingar spámenn Guðs, samkvæmt skilgreiningu hins endurreista fagnaðarerindis. Útskýrðu skilmerkilega að Guð stofnsetji ríki sitt á jörðu með því að kalla spámann til að hefja nýjan ráðstöfunartíma. Hann veiti þeim spámanni prestdæmisvaldsumboð. Spámaðurinn hjálpi síðan fólkioð að skilja samband sitt við Guðdóminn, svo og hvernig öðlast má eilift líf fyrir fagnaðarerindi Jesú Krists.



Athugasemdir

Athugasemdir

Þú gætir hugsanlega velt fyrir þér hvernig ráðstöfunartímar fagnaðarerindisins geti verið mikilvægir þegar verið er að kenna fólk sem ekki hefur kristna trú að bakgrunni. En þú munt komast að því að með því að greina stuttlega frá tilgangi ráðstöfunartíma fagnaðarerindisins, getur þú hjálpað fólk að skilja að Guð elskar börn sín og að hann er sá sami í gær og í dag og um alla framtíð.

**Ritningarnám****Spámann**

Jakob 4:4, 6  
Mósia 18:13–18

Post 10:34–43

Amos 3:7

**Ráðstöfunartímar**

K&S 136:36–38  
HDP Móse 5:4–12, 55–59

HDP Móse 8:19–30

Leiðarvísir að ritningunum:  
„Ráðstöfunartími“

**Jarðneskt hlutverk frelsarans**

Nokkur hundruð árum fyrir fæðingu Jesú Krista varð fólk ið að nýju fráhverft. En þegar frelsarinn hóf jarðneska þjónustu sína stofnsetti hann kirkju sína að nýju á jörðu.

Himneskur faðir sendi son sinn til jarðar til að friðþægja fyrir syndir alls mannkyns og sigra dauðann: „Pví svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn eingetinn, ... til þess að ... heimurinn skyldi frelsast fyrir hann“ (Jóh 3:16–17). Faðir okkar á himnum sendi son sinn Jesú Krist til að taka á sig, með því að þjást, syndir allra sem lifa mundu á þessari jörðu og til að sigra líkamsdauðann. Frelsarinn gerði óendanlega friðþægingu að veruleika, svo ef við iðrumst, trúum á hann, látum skírast, meðtökum heilagan anda og stöndumst allt til enda, getum við hlotið fyrirgefningu synda okkar og komist inn á þann veg er leiðir okkur til eilfs lífs í návist Guðs (sjá 2 Ne 31:13–21).



Frelsarinn kenndi fagnaðarerindi sitt í jarðneskri þjónustu sinni og gerði mörg kraftaverk. Hann kallaði tólf menn sem postula sína og lagði hendur á höfuð þeirra til að veita þeim prestdæmisvaldsumboð. Hann skipulagði kirkju sína, uppfyllti spádóma og honum var hafnað

og hann krossfestur. Hann fullkomnaði friðþæginguna sem er mikilvægast alls. Sonur Guðs, Drottinn Jesús Kristur, gjörði allt sem himneskur faðir ætlaðist til af honum.

Áður en frelsarinn dó og reis upp veitti hann postulum sínum valdsumboð til að kenna fagnaðarerindi sitt, framkvæma helgiathafnir sáluhjálpar og koma kirkjunni á fót á jörðu.

**Ritningarnám**

Trúarátriðin 1:5  
Matt 10:1–10

Lúk 6:13  
Jóh 15:16

Hebr 5:4

## Fráhvarfið mikla

Eftir dauða Jesú Krista, tóku ranglátir menn að ofsækja postulana og kirkjuþegna og þeir drápu marga þeirra. Dauði postulanna varð þess valdandi að prestdæmislyklar og nauðsynlegt valdsumboð voru tekin af jörðu. Postularnir höfðu haldið kenningum fagnaðarerindisins ómenguðum og viðhaldið hjá kirkjuþegnum reglum og stöðum verðugleika. Þegar postularnir voru ekki lengur fyrir hendi spilltust kenningarnar og breytingar voru gerðar á kirkjuskipulagi og helgiathöfnum prestdæmisins án valdsumboðs, svo sem á skírn og veitingu gjafar heilags anda.

Án opinberana og valdsumboðs prestdæmisins, reiddu menn sig á mannlega visku til að túlka ritningarnar og reglur og helgiathfnir fagnaðarerindis Jesú Krista. Falskar hugmyndir voru kenndar sem væru þær sannleikur. Margt sem áður var vitað um persónuleika og raunverulegt eðli Guðs föðurins, sonar hans Jesú Krista og heilags anda glataðist. Kenningarnar um trú á Jesú Kristi, iðrun, skírn og gjöf heilags anda féluru í gleymsku eða voru rangfærðar. Valdsumboð prestdæmisins sem veitt var postulum Kristi var ekki lengur fyrir hendi á jörðu. Fráhvarfið leiddi að lokum til þess að framkomu margar kirkjur.

Eftir aldir andlegs myrkurs, komu fram sannleiksleitandi karlar og konur er settu sig á móti trúariðkun þess tíma. Þau áttuðu sig á að mörgum af kenningum og helgiathöfnum fagnaðarerindisins hafði verið breytt eða þær glatast. Þau leituðu að auknu andlegu ljósi og mörg þeirra ræddu um þörfina á að endurreisa sannleikann. Þau staðhæfðu þó ekki að Guð hefði kallað þau sem spámenn. Þau reyndu þess í stað að færa þær kenningar og þá trúariðkun í fyrra form, sem þau töldu að hefði breyst eða spillst. Viðleitni þeirra leiddi til stofnunar margra mótmælenda kirkna. Siðaskipti þessi urðu til þess að aukin áhersla var lögð á trúfrelsi, sem var undanfari lokaendurreisnarinnar.

Postular frelsarans sögðu fyrir um slíkt allsherjar fráhvarf. Þeir sögðu einnig fyrir um að fagnaðarerindi Jesú Krists og kirkja hans yrðu endurreist að nýju á jörðu.

Ritningarnám

1 Ne 13	Post 3:19–21	2 Pét 2:1–2
2 Ne 26:20–21	Post 20:28–30	Amos 8:11–12
2 Ne 28	Gal 1:6–9	Leiðarvísir að ritningunum: „Fráhvarf“
4 Ne 1:27	2 Pess 2:1–12 (PJS vers 2, 3, 7–9)	<i>True to the Faith, „Apostasy,“</i> bls. 13–14
K&S 86:1–3		<i>Our Search for Happiness</i> , bls. 23–32
Matt 24:9–11	1 Tím 4:1–3	<i>Jesus the Christ</i> , kafli 40,
Mark 12:1–9	2 Tím 4:3–4	„The Long Night of Apostasy“

## Fráhvarfið mikla

Trúarnemum verður að skiljast að allsherjar fráhvarf átti sér stað eftir dauða Jesú Krista og postula hans. Ef fráhvarf hefði ekki orðið, væri ekki þörf fyrir endurreisn. Endurreisnin er skínandi ljós er kvíknar eftir myrkur hins mikla fráhvarfs, líkt og gimsteinn glóir á svörtum fleti. Kenndu trúarnemum eins og andinn leiðbeinir um fráhvarfið mikla að því marki sem þarfir beirra og aðstæður segja til um. Hlutverk bitt er að hjálpa beim að átta siq á börfinni á endurreisn faqnaðarerindis Jesú Krista.

Lykilatriði

- Kirkja Jesú Krists er grundvölluð á postulum og spámönnum (sjá Ef 2:19–20; 4:11–14). Þessir leiðtogar hafa guðlegt valdsumboð prestdæmisins. Þeir stjórna málefnum kirkjunnar með opinberunum. Þeir sjá til þess að kenningar séu óspilltar, veita umboð til þjónustu helgithafna og kalla aðra til að hljóta valdsumboð prestdæmisins og veita það.

Athugasemdir

Athugasemdir

- Fólkioð hafnaði Jesú Kristi og postulunum og tók þá af lífi (sjá Matt 24:9; 1 Ne 11:32–34; 2 Ne 27:5). Hið ráðandi valdsumboð prestdæmisins var ekki lengur í kirkjunni eftir að postularnir dóu. Þar af leiddi að valdsumboðið til að veita heilagan anda eða framkvæma aðrar endurleysandi helgiathafnir var ekki fyrir hendi. Opinberanir hættu að veitast og kennigar tóku að spillast.
- Margar deilur urðu um kennigar, jafnvel áður en postularnir dóu. Rómverska heimsveldið, sem í fyrstu hafði ofssótt kristna menn, tók síðar upp kristni. Mikilvæg trúarmálefni voru útkljáð af sérstöku ráði. Hinar einföldu kennigar og helgiathafnir sem frelsarinn kenndi urðu að deiluefni og lagaðar að veraldlegri heimspeki (sjá Jes 24:5). Ritningunum var breytt og skýrar og dýmætar kennigar voru fjarlægðar úr þeim (1 Ne 13:26–40). Trúarjátning var búin til, eða trúaryfirlýsing, sem byggðist á fölkskum og spilltum kenningum (sjá Joseph Smith–Saga 1:19). Sumir sóttust eftir áhrifastöðum til að geta hreykt sér upp (sjá 3 Jóh 1:9–10). Fólkioð samþykkti hinar fölksku hugmyndir og sýndi fölkskum kennurum virðingu sína, sem kenndu það er höfðaði til fólksins í stað guðlegs sannleika (sjá 2 Tím 4:3–4).
- Margir hafa í gegnum mannkyndssöguna lagt einlæga trú á falskar trúarjátningar og kennigar. Þeir hafa hagað tilbeïðslu sinni í samræmi við eigið ljós sitt og hlotið bænheyrsli. Þeim er aðeins „haldið frá sannleikanum vegna þess að þeir vita ekki hvar hann er að finna“ (K&S 123:12).
- Þess vegna var þörf á endurreisn en ekki siðabót. Valdsumboð prestdæmisins hélst ekki í órófinni línu frá Pétri postula. Siðabót er að breyta því sem þegar er fyrir hendi; endurreisn er að vekja eitthvað upp að nýju í sínu upprunalega horfi. Því var það svo að endurreisn valdsumboðs prestdæmisins með guðlegum sendiboðum var eina hugsanlega leiðin til að yfirvinna fráhvarfið mikla.

### Endurreisn fagnaðarerindis Jesú Krists fyrir tilstilli Josephs Smith

Þegar aðstæður voru til þess fallnar, rétti himneskur faðir börnum sínum enn á ný kærleiksríka hjálparhönd. Hann kallaði unganmann, Joseph Smith, sem spámann. Fyrir hans tilstilli var fagnaðarerindi Jesú Krists endurreist á jörðu í fyllingu sinni.

Joseph Smith bjó í Bandaríkjum, sem sennilega voru eina landið þar sem trúfrelsi var ríkjandi á þeim tíma. Það var á tíma mikillar trúarvakningar í austurhluta Bandaríkjanna. Fjölskylda hans var sterktrúuð og leitaði stöðugt sannleikans. En margir prestar sögðust hafa hið sanna fagnaðarerindi. Joseph þráði að vita „hvert allra þessara trúfélaga hefði á réttu að standa“ (Joseph Smith–Saga 1:18). Í Biblíunni er kennt: „Einn er Drottinn, ein trú, ein skírn“ (Ef 4:5). Joseph sótti ýmsar kirkjur, en hann var í óvissu um í hverja þeirra hann ætti að ganga. Síðar ritaði hann:


En glundroði og baráttu var svo hörð á meðal hinna ýmsu safnaða, að ógerningur var fyrir jafn unganmann og mig ... að komast að nokkurri öruggri niðurstöðu um það, hverjir höfðu rétt fyrir sér og hverjir rangt. ... Ég sagði oft við sjálfan mig í miðri þessara orrahrið orða og deilna: Hvað á ég að gera? Hver af öllum þessum flokkum hefur rétt fyrir sér, eða skjálast þeim öllum? Hafi einhver þeirra rétt fyrir sér, hver er það þá og hvernig get ég vitað það?“ (Joseph Smith–Saga 1:8, 10).

Þegar Joseph leitaði sannleikans í hinum ýmsu trúarsöfnuðum, las hann Biblíuna sér til leiðsagnar. Hann las svohljóðandi: „Ef einhvær yðar brestur visku, þá biðji hann Guð, sem gefur öllum örlátlega og átölulaust, og honum mun gefast“ (Jakbr 1:5). Joseph einsetti sér að spyrja Guð hvað honum bæri að gera. Vorið 1820 fór hann í skógarlund nokkurn nærrí heimili sínu og kraup til að biðjast fyrir. Hann lýsti þessu á eftirfarandi hátt:

„Ég ... sá ... ljósstólpa beint yfir höfði mér, skærari en sólin, og hann lækkaði hægt, uns hann féll á mig. ... Þegar ljósið hvíldi á mér, sá ég tvær verur, svo bjartar og dýrðlegar, að ekki verður með orðum lýst, og stóðu þær fyrir ofan mig í loftinu. Önnur þeirra

ávarpaði mig, nefndi mig með nafni og sagði, um leið og hún benti á hina: *Petta er minn eliskaði sonur. Hlýð þú á hann!*" (Joseph Smith-Saga 1:16-17).

Í sýn þessari birtust Guð faðirinn og sonur hans Jesús Kristur Joseph Smith. Frelsarinn bauð Joseph að ganga ekki í neina kirknanna, því þeim „skjátlaðist öllum“ og að „allar játningar þeirra væru viðurstyggð.“ Hann sagði: „Þeir nálgast mig með vörunum, en eru fjarri mér í hjarta sínu. Þeir kenna boðorð manna, sem eru guðleg að formi til, en þeir afneita krafti þeirra“ (Joseph Smith–Saga 1:19). Þótt margt gott fólk tryði á Krist og reyndi að skilja og kenna fagnaðarerindi hans, hafði það ekki fyllingu sannleikans eða valdsumboð prestdæmisins til að skíra og framkæma aðrar endurleysandi helgiathfnir. Arfleifð þess var bundin fráhvarfinu, því hver kynslóð hafði haft áhrif á þá næstu á eftir, til að mynda hvað varðar breyttar kenningar og helgiathfnir líkt og skírnina. Guð kallaði Joseph Smith til að vera spámann, líkt og hann hafði gert við Adam, Nóa, Abraham, Móse og fleiri spámenn, og fyrir hans tilstilli var fagnaðarerindið endurreist á jörðu í fyllingu sinni.



Eftir að faðirinn og sonurinn birtust voru aðrir sendiboðar frá himni, eða englar, sendir til Josephs Smith og aðstoðarmanns hans, Olivers Cowdery. Jóhannes skírari birtist Joseph Smith og Oliver Cowdery og veitti þeim Aronsprestdæmið, sem felur í sér valdsumboð til að framkvæma helgiathöfnina skírn. Pétur, Jakob og Jóhannes (þrír af upprunalegu postulum Krists) birtust Joseph Smith og Oliver Cowdery og veittu þeim Melkísedeksprestdæmið, og endurreisti þar með sama valdsumboðið og veitt var postulum Krists til forna. Joseph Smith hlaut leiðsögn um að stofna kirkju Jesú Krists á jörðu að nýju með þessu valdsumboði prestdæmisins. Jesús Kristur kallaði tólf postula í gegnum hann.

Tímabilið sem við nú lifum á er nefnt af spámönnum Bíblíunnar síðustu dagar, síðari dagar eða ráðstöfun í fyllingu tímanna. Það er tímabilið rétt áður en síðari koma Jesú Kristi á sér stað. Það er lokaráðstöfunin. Af þeirri ástæðu er kirkjan nefnd Kirkja Jesú Kristi hinna Síðari daga heilögu.

Lifandi spámaður stjórnar kirkjunni á okkar tíma. Spámaður þessi, sem er forseti Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, er réttmætur eftirmaður Josephs Smith. Hann og núverandi postular geta rakið valdsumboð sitt til Jesú Krists, sem veittist óslitið mann fram af manni, með helgiathöfn, allt til Josephs Smith.

Lærðu utanbókar Joseph Smith–Saga 1:16–17

Lærðu utanbókar frásögn Josephs Smith er hann sá föðurinn og soninn (Joseph Smith-Saga 1:16–17) og vertu alltaf tilbúinn að segja frá Fyrstu sýninni með orðum Josephs. Flýttu þér ekki að segja frá henni. Gefðu einlægan vitnisburð um sannleiksgildi hennar. Útskýrðu hiklaust hvernig bú veist að hún er sönn. Biðdu félaga bínum að gera bað einnig.

Gefðu vitnisburð

Mikilvægur þáttur í skylduverkum trúboða er að gefa vitnisburð um núverandi spámann og forseta kirkjunnar.

Athugasemdir

Athugasemdir

**Ritningarnám**


2 Ne 3

K&amp;S 112:30

Ef 1:10

Ef 4:5

Jakbr 1:5

Bæklingur: *Vitnisburður**spámannsins Josephs Smith***Mormónsbók: Annað vitni um Jesú Krist**

Himneskur faðir vissi að efasemdir, vantrú og villandi upplýsingar yrðu við lýði að loknum myrkraöldum og því leiddi hann fram fornar heimildir helgirts, sambærilegt Biblíunni, sem inniheldur fyllingu hins ævarandi fagnaðarerindis Jesú Krists. Helgirit þetta er óyggjandi sönnun þess að Joseph Smith er sannur spámaður Guðs. Heimild þessi er Mormónsbók. Annað vitni um Jesú Krist.

Joseph Smith var leiðbeint af himneskum sendiboða að nafni Moróní um að fara á hæð nokkra þar sem gulltöflur höfðu legið í jörðu um aldir. Á gulltöflurnar voru ritaðar heimildir spámannna um samskipti Guðs og fornra íbúa Ameríku. Joseph Smith þýddi texta taflnanna með krafti Guðs. Spámenn Mormónsbókar vissu hvert hlutverk frelsarans væri og kenndu fagnaðarerindi

hans. Kristur birtist fólki þessu eftir upprisu sína. Hann kenndi því fagnaðarerindið og stofnsetti kirkju sína. Mormónsbók veitir sönnun um að „Guð innblæs menn og kallar þá til sinna heilögu starfa á þessari öld og með þessari kynslóð, jafnt og með kynslóðum til forna“ (K&S 20:11). Sá sem vill komast að því hvort Mormónsbók sé sönn, verður að lesa og íhuga hana og biðjast fyrir vegna hennar. Einlægur sannleiksleitandi mun brátt komast að því að Mormónsbók er orð Guðs.

Nauðsynlegt er að lesa og íhuga Mormónsbók og biðjast fyrir vegna hennar til að trúarumbreyting verði varanleg. Þeir sem hefja lestur Mormónsbókar í fyrsta sinn stíga mikilvægt skref í þá átt að fá vitneskju um að Joseph Smith er spámaður Guðs og að hin sanna kirkja hafi verið endurreist á jörðu.

**Notaðu Mormónsbók til að staðfesta sannleika endurreisnarinnar**

Eftirfarandi er dæmi um hvað þú getur sagt til að kynna Mormónsbók:

„Guð elskar börn sín og hefur því séð þeim fyrir öruggri leið til að hljóta staðfestingu á því sem við höfum sagt. Leiðin er Mormónsbók. Vilt þú lesa tvær síðustu málsgreinarnar í formála bókarinnar?“

Útskýrðu vandlega merkingu allra hugtakanna í báðum málsgreinunum og fáðu trúarnemann til að ákeða að lesa einhværn texta í Mormónsbók og tileinka sér reglurnar sem greint er frá í þessum tveimur málsgreinum.

Þegar þú kynnir einhverjum Mormónsbók er gagnlegt að hafa eintak til að sýna, greina stuttlega frá innihaldi hennar og miðla einni eða tveimur ritningargreinum sem hafa sérstaka þýðingu í þínun huga eða þess sem þú kennir.

**Ritningarnám**

Titilsíða Mormónsbókar

Formáli Mormónsbókar, málsgreinar 1–7

K&amp;S 1:17–23

K&amp;S 20:5–12

Joseph Smith–Saga 1:27–64

Athugasemdir

**Notaðu bænina til að þekkja sannleikann fyrir heilagan anda**

Boðskapur endurreisnarinnar er annað hvort sannur eða ekki. Við getum komist að því að hann er sannur fyrir heilagan anda, eins og lofað er í Moróní 10:3–5. Allir sem þrá að þekkja sannleikann geta, eftir lestur og íhugun á boðskap Mormónsbókar, spurt í bæn til himnesks föður, í nafni Jesú Krista, hvort hún sé sönn. Til að gera það, ávörpum við himneskan föður. Við þökkum honum fyrir blessanir okkar og biðjum þess að fá að vita að Mormónsbók sé sönn. Enginn getur komist til vitundar um andlegan sannleika án þess að biðjast fyrir.

Heilagur andi mun, sem svar við bænum okkar, kenna okkur sannleikann í gegnum tilfinningar okkar og hugsanir. Þær tilfinningar sem heilagur andi vekur eru kraftmiklar, en þó yfirleitt ljúfar og friðsælar. Þegar við tökum að skynja að það sem við lærum er sannleikur, mun það vekja þrá okkar til að vita allt sem við getum um endurreisnina.

Vitneskjan um að Mormónsbók er sönn mun leiða til vitneskju um að Joseph Smith var kallaður sem spámaður og að fagnaðarerindi Jesú Kristi var endureist fyrir hans tilstilli.

**Bæn**

- Ávarpaðu himneskan föður („Faðir minn á himnum, . . .“).
- Greindu frá þrám hjarta bíns (þakkaðu, spurðu, biddu um staðfestingu um að Mormónsbók sé sönn o.s.frv.).
- Ljúktu („Í nafni Jesú Krista, amen“).

**Bæn**

Þótt bænin gegni ákveðnu hlutverki í mörgum trúarbrögðum, er hún sjaldan talin vera samskiptatæki milli Guðs og manns. Hjálpaðu nemendum þínum að skilja að þeir geti úthellt hjarta sínu í bæn. Sýndu það er þú biðst fyrir í upphafi eða lok kennslu. Notaðu einfalt mál sem þeir geta svo tileinkað sér í sínum bænum. Hjálpaðu þeim að skilja að faðir okkar á himnum muni svara bænum þeirra, að öllu jöfnu í gegnum tilfinningar þeirra og hugsanir. Séu þeir einlægir, og vilji í raun fá vitneskju um hvort Guð sé fyrir hendi, muni hann svara þeim. Bjóðdu forsvarsmanni heimilisins að krjúpa í bæn er kennslunni lýkur.

**Ritningarnám**Alma 5:4546  
K&S 8:23

Jóh 14:26

Formáli Mormónsbókar,  
málsgreinar 89

## Athugasemdir

Skírnarboð

Hikaðu ekki við í þessari lexíu, eða einhverri annari lexíu, að bjóða fólk að taka á móti skírn og staðfestingu.

Búúró fólk undir skírnarboð og staðfestingu með því að vitna oft um mikilvægi þess að allir menn þurfi að láta skírast af þeim sem hefur til þess valdsumboð, nauðsyn þess að hljóta fyrirgefningu syndanna og hina dásamlegu gjöf heilags anda. Þú getur sagt: „Þegar Drottinn svarar bænum þínum og þú ferð að skynja að boðskapur þessi er sannur, vilt þú þá fara að fordæmi Jesú Krista og láta skírast?“

Skírnar- og staðfestingarboðið ætti að vera borið fram skýrt og skorinort: „Vilt þú fara að fordæmi Jesú Krista og láta skírast af þeim sem hefur prestdæmisvaldsumboð frá Guði? Við verðum með skírnarsamkomu hinn (dags.). Vilt þú búa þig undir að láta skírast á þeim degi?“

# Kennsluhugmyndir

Í þessum hluta eru hugmyndir um kennslu og kennsluundirbúning Fylgdu vandlega leiðsögn andans er þú nýtir þér hugmyndir þessar. Lagaðu hugmyndirnar sem þú velur að kennsluáætluninni. Hafðu í huga að hugmyndir þessar eru tillögur – ekki skilyrtar – ætlaðar þér til hjálpar við að mæta börfum nemenda binna.

## Stutt kennsluáætlun (3–5 mínútur)

Fagnaðaerindi Jesú Kristi, sem verið hefur glatað í margar aldir, hefur nú verið endurreist á jördum af okkar himneska föður fyrir tilstilli lifandi spámanns. Mormónsbók er sönnun þess. Þú getur handfjatlað hana. Þú getur lesið hana, íhugað á hvaða hátt boðskapur bókarinnar getur bætt líf þitt og beðist fyrir til að komast að því hvort hún sé orð Guðs.

- Guð er okkar kærleiksríki faðir á himnum
  - Fagnaðarerindið blessar fjölskyldur
  - Himneskur faðir opinberar fagnaðarerindi sitt á hverjum ráðstöfunartíma
  - Jarðneskt hlutverk frelsarans
  - Fráhvarfið mikla
  - Endurreisn fagnaðarerindis Jesú Krists fyrir tilstilli Josephs Smith
  - Mormónsbók: Annað vitni um Jesú Krist
  - Notaðu bænina til að þekkja sannleikann fyrir heilagan anda

## Skuldbindingar:

- Vilt þú lesa og biðjast fyrir til að öðlast vitneskju um að Mormónsbók sé orð Guðs?
  - Vilt þú biðjast fyrir til að öðlast vitneskju um að Joseph Smith hafi verið spámaður?
  - Vilt þú koma í kirkju með okkur næsta sunnudag?
  - Getum við ákveðið næstu heimsókn okkar?
  - Boðorð í lexíu 4 sem bið kiðsið að hafa með.

## **Millilöng kennsluáætlun (10–15 mínútur)**

Guðskapur okkar er undursamlegur og einfaldur. Guð er faðir okkar. Við erum börn hans. Við tilheyrum fjölskyldu hans. Hann elskar okkur. Hann hefur frá upphafi veraldar fylgt áætlun elsku og umhyggju. Hann hefur ótal sinnum sýnt börnum sinum elsku með því að opinbera fagnaðarerindi Jesú Krista, svo þeim verði ljóst að þau geti snuð að nýju til hans. Hann opinberaði það spámönnum eins og Adam, Nóa, Abrahám og Móse. En fólkis hafnaði stöðugt fagnaðarerindinu. Fyrir tvö þúsund árum síðan kenndi Jesús Kristur sjálfur fagnaðarerindi sitt og stofnsetti kirkju sína. Þótt ótrúlegt sé þá hafnaði fólkis einnig Jesú. Í hvert sinn er fólkis vanrækti eða rangfærði sannar kennigar og helgiathafnir, tók Guð burt valdsumboði til að stjórna kirkjunni.

Við bjóðum þér, og öllum mönnum, að auka við þann sannleika sem nú þegar er þér kær. Við biðjum þig að ígrunda sönnunargögn okkar um að himneskur faðir og sonur hans Jesús Kristur hafi að nýju blessað börn

Athugasemdir

### Athugasemdir

Guðs í kærleika og opinberað spámanni fyllingu fagnaðarerindisins. Nafn þess spámanns er Joseph Smith. Sönnunina um þennan dýrðlega sannleika er að finna í bók – Mormónsbók – sem þú getur lesið, ihugað og beðist fyrir vegna. Ef þú biðst fyrir af einlægum ásetningi og í trú á Krist, mun Guð segja þér með krafti heilags anda að bókin er sönn.

#### Skuldbindingar:

- Vilt þú lesa og biðjast fyrir til að öðlast vitnesku um að Mormónsbók sé orð Guðs?
- Vilt þú biðjast fyrir til að öðlast vitnesku um að Joseph Smith hafi verið spámaður?
- Vilt þú koma í kirkju með okkur næsta sunnudag?
- Getum við ákveðið næstu heimsókn okkar?
- Boðorð í lexíu 4 sem þið kjósið að hafa með.

#### Löng kennsluáætlun (30-45 mínútur)

- Guð er okkar kærleiksríki faðir á himnum
  - Við erum börn Guðs (sjá Post 17:29).
  - Guð elskar okkur og hjálpar okkur að velja rétt.
  - Við getum fyrir Jesú Krist dvalið hjá Guði að nýju (sjá Jóh 3:16–17).
- Fagnaðarerindið blessar fjölskyldur
  - Fagnaðarerindi Jesú Krists hjálpar fjölskyldum að þróa innilegra samband.
  - Fjölskyldur eru vígðar af Guði; þær eru mikilvægasta félagsining um tíma og eilífð (sjá K&S 49:15-16).
  - Innan fjölskyldunnar er ákjósanlegast að kenna, læra og tileinka sér reglur fagnaðarerindisins (sjá K&S 68:25; 1 Mós 18:19; 5 Mós 6:7).
  - Fjölskyldan getur veitt skjól, öryggi, frið og gleði.
- Himneskur faðir opinberar fagnaðarerindi sitt á hverjum ráðstöfunartíma
  - Guð kallar spámenn til að kenna fagnaðarerindi sitt (sjá Amos 3:7).
  - Fráhvarf er það kallað að hafna spámönnum og fagnaðarerindinu.
  - Ráðstöfun er tímabil þar sem spámenn hafa kennit fagnaðarerindið. Fyrri ráðstöfunartínum hefur lokið með fráhvarfi (sjá K&S 136:36–38).
  - Adam, Nói, Abraham, Móse og aðrir fornir spámenn kenndu allir fagnaðarerindið (sjá HDP Móse 5:4–12).
- Jarðneskt hlutverk frelsarans
  - Sonur Guðs endurreisti og kenndi fagnaðarerindið. Hann framkvæmdi ótal kraftaverk (sjá Leiðarvísi að ritningunum, „Kraftaverk,“ 107).

## Athugasemdir

- Hann kallaði postula og veitti þeim valdsumboð prestdæmisins til að prédika fagnaðarerindið og framkvæma endurleysandi helgjathafnir, líkt og skírn (sjá Jóh 15:16).
- Kristur stofnaði kirkju sína.
- Kristur var kossfestur og postulum hans var hafnað og þeir dreppir (sjá Matt 27:35; Mark 15:25).
- Kristur gerði friðþæginguna að veruleika (sjá Leiðarvísí að ritningunum, „Friðþægja, Friðþæging,“ 48–49).
- Fráhvarfið mikla
  - Andlegt myrkur féll yfir fólkið þegar opinberanir spámanna voru ekki lengur fyrir hendi (sjá Amos 8:11–12).
  - Spámenn og postular sögðu fyrir um fráhvarfið mikla (sjá 2 Þess 2:1–3).
- Endurreisn fagnaðarerindis Jesú Krists fyrir tilstilli Josephs Smith
  - Joseph leitaði sannleikans (sjá Joseph Smith–Saga 1:8, 10).
  - Guð faðirinn og Jesú Kristur birtust Joseph Smith (sjá Joseph Smith–Saga 1:16–17).
  - Joseph var, líkt og spámenn fyrri ráðstöfunartíma, kallaður til að vera spámaður þessa síðasta ráðstöfunartíma.
  - Guð endurreisti fyllingu fagnaðarerindisins fyrir tilstilli Josephs Smith (sjá K&S 35:17; 135:3).
  - Aðrir himneskir sendiboðar endurreistu prestdæmið og kirkja Krists var stofnsett (sjá K&S 13; 27:12).
  - Lifandi spámenn stjórna kirkjunni á okkar tíma.
- Mormónsbók: Annað vitni um Jesú Krist
  - Mormónsbók er óyggjandi sönnun þess að Joseph Smith var spámaður.
  - Joseph þýddi töflurnar með krafti Guðs (sjá Formála Mormónsbókar, málsgrein 5).
  - Mormónsbók er sönnun þess að Guð innblæs spámenn á okkar tíma, líkt og hann hefur gert á öllum ráðstöfunartínum (sjá K&S 20:5–12).
  - Mormónsbók inniheldur fyllingu fagnaðarerindis Jesú Krists (sjá K&S 20:8–9).
- Notaðu bænina til að þekkja sannleikann fyrir heilagan anda
  - Þú getur komist að því að Mormónsbók er sönn (sjá Moró 10:3–5; Formáli Mormónsbókar, málsgreinar 1, 8–9).
  - Heilagur andi mun kenna þér í gegnum tilfinningar og hugsanir (sjá K&S 8:2–3).

**Skuldbindingar:**

- Vilt þú lesa og biðjast fyrir til að öðlast vitnesku um að Mormónsbók sé orð Guðs?

## Athugasemdir

- Vilt þú biðjast fyrir til að öðlast vitneskju um að Joseph Smith hafi verið spámaður?
- Vilt þú koma í kirkju með okkur næsta sunnudag?
- Getum við ákveðið næstu heimsókn okkar?
- Boðorð í lexíu 4 sem þið kjósið að hafa með.

**Spurningar sem spryja ætti að kennslu lokinni**

- Hefur þú spurningar varðandi kennsluna?
- Að hverju mundir þú spryja spámanninn væri hann á jörðu nú?
- Finnst þér að Guð svari þeim bænum bínum? Hvers vegna?
- Mundir þú vilja komast að því hvort Mormónsbók er sönn? Hvers vegna?

**Lykilhugtök**

- **Endurlausnari:** Jesús Kristur er hinn mikli endurlausnari alls mannkyns vegna þess að hann reiddi fram gjaldið fyrir syndir mannkyns með friðþægingu sinni og gerði upprisu mögulega fyrir alla menn. Að endurleysa er að bjarga, leysa eða reiða fram lausnargjald einhvers í ánað. Endurlausn visar til friðþægingar Jesú Krista og lausn frá syndum. Friðþæging Jesú endurleysir allt mannkyn frá líkamsdauða. Þeir sem trúa á hann og iðrast fyrir friðþægingu hans, en í henni felast þjánigar hans í Getsemane og á krossinum sem og upprisa hans, verða endurleystir frá andlegum dauða.
- **Endurreisn:** Að endurreisa merkir að fára í fyrra form eða að endurvekja. Hugtakið endurreisn, líkt og Síðari daga heilagir nota það, merkir að hin sanna kirkja Jesú Krista, sem glataðist vegna fráhvarfs, hafi verið stofnsett að nýju eins og hún var þegar Jesús Kristur stofnsetti hana. Endurreisnin var, ólíkt síðabótinni, framkvæmd með guðlegu valdsumboði og opinberunum.
- **Fráhvarf:** Þegar einstaklingar, kirkjan eða heilar þjóðir snúa frá sannleikanum. Það felur í sér uppreisn gegn valdsumboði og höfnun spámannna. Einkenni fráhvarfs eru m.a. brot á lögmálum Guðs, helgiathafnir fagnaðarerindisins rangfærðar og sáttmálsbrot (sjá Jes 24:5).
- **Opinberun:** Tjáskipti Guðs við börn sín á jörðu. Opinberun getur komið fyrir ljós Krista og heilagan anda með innblæstri, sýnum, draumum eða englavitjunum. Opinberun veitir leiðsögn sem leitt getur hinn trúfasta til eillífrar sáluhjálpar í himneska ríkinu. Drottinn opinberar spámönnum verk sitt og veitir hinum trúuðu staðfestingu á að opinberanir sem hann veitir spámönnum séu sannar (sjá Amos 3:7). Drottinn veitir leiðsögn með opinberun hverjum þeim einstaklingi sem leitar hennar og sýnir trú til þess, iðrast og hlítir fagnaðarerindi Jesú Krista.
- **Prestdæmið:** Valdsumboðið og krafturinn sem Guð veitir manni til að koma fram í nafni Jesú Krista í öllu því sem snýr að sáluhjálpa mannkyns.
- **Ráðstöfun:** Tímabil þar sem Drottinn hefur a.m.k. einn þjón með valdsumboð sitt á jörðu, er hefur lykla hins heilaga prestdæmis. Adam, Enok, Nói, Abraham, Móse og Joseph Smith hafa, auk Jesú Krista, hver fyrir sig hafið nýtt ráðstöfunartímabil fagnaðarerindisins. Þegar Drottinn stofnar til ráðstöfunartíma, er fagnaðarerindið opinberað að nýju, svo að fólk þess ráðstöfunartíma þurfi ekki að reiða sig á þekkingu fyrri ráðstöfunartíma sér til sáluhjálpar. Ráðstöfunin sem Joseph Smith hóf er nefnd „ráðstöfun í fyllingu tímanna.“

## Athugasemdir

- **Siðabótamaður:** Að siðbæta er að gera umbætur. Hugtakið *siðabótamenn* á við um þá karla og konur (til að mynda Martin Luther, John Calvin, William Tyndale og John Wycliffe) sem mótmæltu þeirri trúariðkun þáverandi kirkju sem þeim fannst þurfa að gera á breytingar.
- **Sjálfraði:** Hæfileikinn og forréttindin sem Guð veitir fólk til að velja og breyta að eigin geðþóttu.
- **Spámaður:** Maður sem kallaður er af Guði og er talsmaður hans. Spámaður tekur á móti valdsumboði prestdæmisins sem sendiboði Guðs, sem og fyrirmælum, spádómum og opinberunum frá Guði. Ábyrgð hans er að gera mannkyni vilja Guðs heyrinkunnan, sem og raunverulegt eðli hans og að gera grein fyrir samskiptum hans við þau. Spámaður fordæmir synd og segir fyrir um afleiðingar hennar. Hann prédikar réttlæti. Spámaður getur endrum og eins hlutið innblástur um að segja fyrir um óorðna atburði mannkyni til hagsældar. Meginábyrgð hans er þó að bera vitni um Krist.

## Önnur hugtök sem gæti þurft að útskýra fyrir nemendum

- |                     |                                    |   |
|---------------------|------------------------------------|---|
| • Biblia            | • Helgithafnir<br>sáluhjálpar      | • Ritningar                                   |
| • Bæn               | • Hlýðni eða óhlýðni<br>við boðorð | • Snúa að nýju til að<br>dvelja í návist hans |
| • Fagnaðarerindið   | • Postuli                          | • Standast allt til enda                      |
| • Frelsari          | • Ráðsmennska                      | • Synd  |
| • Gjöf heilags anda |                                    |   |

## Siðabótamenn og trúarleiðotgar heimsins

## Eftirfarandi eru upplýsingar sem aðeins ætti að nota þegar þörf er á

**John Wycliffe:** Fæddur á 14. öld á Englandi. Guðfræðingur frá Oxford-háskóla. Kenndi að kapólska kirkjan hefði ekki prestdæmisylyka, að hið heilaga kvöldmáltíðarsakramenti (eða sakramentið) væri ekki líkami Krists í bókstaflegri merkingu og að kirkjan ætti ekki að vera stjórnmálafl yfir fólkini. Þýddi Bíblíuna yfir á ensku. Lést 31. desember 1384.

**Martin Luther:** Fæddur 10. nóvember 1483 í Þýskalandi. Stundaði nám í Erfurt-háskóla og Wittenberg-háskóla. Hann festi upp hinum 95 greinar á hurð Caslte-kirkjunnar til að lýsa andstöðu sinni við margar þáverandi kenningar rómversk-kapólsku kirkjunnar, en á meðal þeirra var sú iökun að láta fólk greiða peninga til að hljóta fyrirgefningu synda sinna. Lést 18. febrúar 1546.

**William Tyndale:** Fæddist í Wales árið 1494. Stundaði nám í Oxford og Cambridge. Þýddi Nýja testamentið yfir á ensku. Gerði ritningarnar aðgengilegar fyrir almúgann í þeim tilgangi að afhjúpa falskenningar og spillta trúarleiðtoga. Hann var tekinn af lífi 6. október 1536.

**John Calvin:** Fæddur 10. júlí 1509 í Frakklandi. Lærði til prests í París. Mikill leiðtogi trúarhreyfingar sem hafði að marki að siðbæta kapólsku kirkjuna. Bjó í Sviss stærstan hluta ævi sinnar. Hann kenndi að menn væru í eðli sínu siðspilltir og gætu aðeins frelsast fyrir náð Guðs. Ritaði margar athugasemdir um efni Bíblíunnar. Lést 27. maí 1564.

#### Athugasemdir

Sjá eftirtalin rit í bókasafni trúboðans til frekari upplýsingar um siðabótamenn: *Jesus the Christ*, bls. 692–703 eftir James E. Talmage; *Our Search for Happiness*, bls. 26–32 eftir M. Russell Ballard.

Á sama tíma og allur hinn kristni heimur naut blessana af hugrekki og framsýn siðabótarmana, voru þjóðir og menningarlönd einnig blessuð af öðrum þeim mönnum sem „[Guð] í visku sinni [taldi] hæfa að þeir [vissu]“ (Alma 29:8). Kennsla fleiri trúarleiðtoga hefur bætt siðgæði og siðfágun margra.

**Búddha (Gotama):** Fæddist 563 f.Kr. af ætt hindúa höfðingja í Nepal. Hafði áhyggjur af þjáningunum umhverfis sig. Flúði úr föðurhúsum og sagði skilið við ríkidæmið þar, afneitaði heiminum og bjó við örþing. Hann leitaði sér fræðslu og uppgötvaði það sem hann nefndi „frelsisveginn.“ Sagðist hafa náð Nirvana, sem er algleymisástand frá umhyggju, þjáningum eða ytri raunveruleika. Gerðist kennari í munkasamfélagi.

**Konfúsíus:** Fæddist árið 551 f.Kr. Var munaðarleysingi. Fyrsti atvinnukennari í Kína. Fremsti siðgæðiskennari og samfélagshugsuður í Kína. Sagði fátt um andlega tilveru eða guðlegan kraft. Hafði trú á að hann gegndi helgu hlutverki frá himni sem baráttumaður hins góða og sanna.

**Múhameð:** Fæddur árið 570 e.Kr. í Mekka. Var munaðarleysingi. Bjó við örþing. Ávann sér orðspor sem góður friðflytjandi. Giftist 25 ára. Hugleiddi og baðst fyrir árið 610 á Hira-fjalli. Sagði að engillinn Gabriel hefði birst sér og fært boðskap frá Allah (Guði). Staðhæfði að hann ætti samskipti við Guð fyrir milligöngu Gabríels frá 620 til 632. Samskipti þessi, sem hann endursagði lærisveinum sínum, voru síðar rituð í Kóraninn, hina helgu bók Íslams.

Athugasemdir

# Sáluhjálparáætlunin



## Hlutverk þitt

Þegar þú kennir skaltu búa trúarnemann undir að uppfylla skilyrði skírnar sem kennd eru í Kenningu og sáttmála 20:37 og viðtalssprungum skírnar. Það er best að gera með því að bjóða trúarnema þínnum að taka á sig neðangreindar skuldbindingar og halda þær.

### Viðtalssprungar skírnar

- Trúir þú að Guð sé eilfur faðir okkar?
- Trúir þú að Jesús Kristur sé sonur Guðs og lausnari og frelsari heimsins?
- Vilt þú halda hvíldardaginn heilagan, sem felur m.a í sér að meðtaka sakramentið vikulega og þjóna samþegnum kirkjunnar?

### Skuldbindingar

- Vilt þú biðjast fyrir til að öðlast vitnesku um að það sem við höfum kennt sé sannleikur?
- Vilt þú iðrast synda þinna?
- Vilt þú koma í kirkju með okkur næsta sunnudag?
- Vilt þú fara að fordæmi frelsarans og láta skírást hinn (dags.)?
- Getum við ákveðið næstu heimsókn okkar?
- Boðorð í lexíu 4 sem þið kjósið að hafa með.

## Hjálpa öðrum að læra um Jesú Krist

Trúboðar eiga að bera vitni um Jesú Krist og bjóða öllum að koma til hans, svo þeir megi frelsast. Mikilvægt er að veita þeim fræðslu um frelsarann sem vita lítið eða ekkert um hann. Mormónsbók: Annað vitni um Jesú Krist er ætluð til að hjálpa öllum mönnum að hljóta þá vitnesku að „Jesús er Kristur, ... er opinberar sig öllum þjóðum“ (titilsíða Mormónsbókar). Ein árangursríkasta leiðin til að kenna og vitna um frelsarann er að lesa saman í Mormónsbók. Ritningargreinar annarra helgirita kunna einnig að koma að gagni.

Íhugaðu eftirtaldar ábendingar. Hægt er að nota þetta í þessari lexíu eða öðrum lexíum eða sem sjálfstæða lexíu. Endurtaktu þetta verklag nokkrum sínum fyrir og eftir skírn og staðfestingu.

**Titilsíða og formáli** Gerðu skýra grein fyrir tilgangi bókarinnar.

**1 Ne 10–11** Lehí og Nefí vitna um felsarann.

**1 Ne 19** Nefí endurseigir spádómana um hlutverk og friðþægingu frelsarans.

Athugasemdir

2 Ne 2	Lehí ber vitni um frelsarann sem lausnara.
2 Ne 9	Jakpb ber vitni um friðþæginguna.
2 Ne 31–33	Nefí kennir kenningar Krists.
Enos	Enos upplifir kraft friðþægingarinnar.
Mósia 2–5	Benjamín konungur kennir um Krist.
Mósia 12–16	Abinadí helgar líf sitt því að vitna um Jesú Krist.
Alma 5, 7	Alma ber vitni um frelsarann.
Alma 17–22	Lamanítar öðlast vitnisburð um Jesú Krist.
Alma 34	Amúlek ber vitni um friðþæginguna.
Alma 36	Alma upplifir kraft friðþægingar Jesú Krists.
Alma 40–42	Alma ber vitni um upprisuna og friðþæginguna.
Helaman 5	Nefí og Lehí eru verkfæri í höndum Guðs við að vitna um frelsarann.
3 Ne 9–10	Frelsarinn býður fólk i að koma til sín.
3 Ne 11–18	Frelsarinn kennir Nefitum um föðurinn og kenningar hans.
3 Ne 27	Frelsarinn kennir fagnaðarindi sitt.
Eter 3	Bróðir Jareds sér frelsarann.
Eter 12	Eter og Moróní bera vitni um frelsarann og kraft friðþægingar hans.
Moróní 7–8	Mormón kennir um hina hreinu ást Krists og friðþægingu hans.
Moróní 10	Moróní býður öllum að koma til Krists og fullkomnast í honum.
„Hinn lifandi Kristur“	Spámenn og postular vitna um felsarann.

## Fortilveran: Áætlun og tilgangur Guðs fyrir okkur

Margir spyrja sig sjálfa: „Hvaðan komum við? Hvers vegna erum við hér? Hvert förum við?“ Sáluhjálparáætlunin veitir svör við þessum spurningum.

Guð er faðir anda okkar. Við erum börn hans í bókstaflegri merkingu og hann elskar okkur. Við dvöldum sem andabörn hjá föður okkar á himnum áður en við fæddumst á þessa jörðu. Við vorum þó ekki eins og faðirinn og gátum heldur ekki orðið eins og hann, notið allra þeirra blessana sem hann nýtur, án þess að hljóta þá reynslu að lifa dauðlegu lifi í efnislíkama.

Tilgangur Guðs – verk hans og dýrð – er sá einn að gera okkur öllum kleift að njóta allra blessana hans. Hann hefur séð okkur fyrir fullkominni áætlun til að ná fram þessum tilgangi sínum. Við skildum og samþykktum þessa áætlun hans áður en við komum til jarðar. Pessi áætlun Guðs er í ritningunum nefnd miskunnsöm áætlun, sæluáætlun, endurlausnaráætlun og sáluhjálparáætlun.

Jesús Kristur er þungamiðjan í áætlun Guðs. Jesús Kristur uppfyllti tilgang föður sín með friðþægingunni og gerði mögulegt fyrir okkur öll að njóta ódauðleika og eilífs lífs. Satan, eða djöfullinn, er í andstöðu við áætlun Guðs.

Sjálfræði, eða hæfileikinn til að velja, er ein stærsta gjöf Guðs til barna sinna. Eilíf framþróun okkar er háð því hvernig við notum þessa gjöf. Við verðum að velja annaðhvort að fylgja Jesú Kristi eða Satan.

Við erum líkamlega aðskilin frá Guði í jarðlífina, en hann vill að öll börn sín finni frið í þessu lífi og öðlist fyllingu gleðinnar í návist hans að þessu lífi loknu. Hann vill að við verðum lík honum.

Ritningarnám

<b>Börn Guðs</b>		<b>Áætlun Guðs</b>	
K&S 93:29	Hebr 12:9	HDP Móse 1:39	Jóh 17:3
Post 17:29			
<b>Fortilveran</b>			
K&S 138:53–56	Abr 3:22–26	Leiðarvísir að ritningunum:	
HDP Móse 3:5	Jer 1:5	„Fortilvera“	

Athugasemdir

# Sköpunin

Jesús Kristur skapaði jörðina, undir leiðsögn föðurins, sem stað fyrir okkur til að lifa á og hljóta reynslu. Við verðum öll, til að geta þroskast og orðið lík Guði, að hljóta líkama og reynslutíma á jörðu. Við erum aðskilin líkamlega frá Guði meðan við erum á jörðinni. Við munum ekki eftir lífi okkar í fortilverunni. Við verðum að sýna trú fremur en að reiða okkur á hin ytri skynfæri.

Ritningarnám

1 Ne 17:36	HDP Móse 2:1	þJS, Jóh 1:1–3
Alma 30:44	HDP Móse 6:63	2 Kor 5:6–7
K&S 88:41–47	Abr 3:24–25	

## Sjálfraði og fall Adams og Eva

Adam og Eva voru fyrstu börn Guðs sem komu til jarðar. Guð skapaði Adam og Eva og setti þau í aldingarðinn Eden. Adam og Eva voru sköpuð í mynd Guðs, með líkama af holdi og beinum. Adam og Eva voru enn í návist Guðs meðan þau voru í garðinum og hefðu getað lifað ævarandi. Þau lifðu í sakleysi og Guð sá fyrir börfum beirra.

Guð veitti Adam og Evu sjálfræði í aldingarðinum Eden. Hann bauð þeim að neyta ekki af hinum forboðna ávexti eða af ávexti skilningstrés góðs og ills. Þau gátu með því að hlíta þessum fyrirmælum verið áfram í garðinum, en þó ekki tekið framförum með því að reyna andstæður hins dauðlega lífs. Þau gátu ekki þekkt gleði, því þau skynjuðu ekki sorg og sársauka.

Satan freistaði Adams og Eva til að neyta af hinum forboðna ávexti og þau völdu að gera svo. Það var hluti af áætlun Guðs. Þeim var vegna þessa vals vísað úr garðinum og úr návist Guðs. Atburður þessi er nefndur fallið. Aðskilnaður við Guð er andlegur dauði. Adam og Eva urðu dauðleg – háð líkamsdauða eða aðskilnaði líkama og anda. Þau gátu nú upplifað sjúkdóma og alls kyns þjánings. Þau bjuggu yfir siðferðilegu sjálfræði eða hæfileikanum til að velja á milli góðs og ills. Það gerði þeim kleift að læra og þroskast. Í þessu fólst að þau gátu einnig tekið rangar ákvarðanir og syndgað. Þau gátu þar að auki átt börn, svo að önnur andabörn Guðs áttu þess kost að koma til jarðar, hljóta líkama og verða reynd. Börn Guðs gátu aðeins á þennan hátt hlotið framþróun og orðið lík honum.

Athugasemdir

**Kenna um fallið**

Þú skalt ekki kenna allt sem þú veist um þessa kenningu þegar þú kennir hana í fyrsta sinn. Útskýrðu á einfaldan hátt að Guð hafi valið tvö af börnum sínum, Adam og Eva, til að verða fyrstu foreldrarnir á jörðu. Eftir brot sitt voru þau háð bæði synd og dauða. Þau gátu ekki fyrir eigin tilverknað snúið að nýju til himnesks föður til að dvelja hjá honum. Drottinn talaði við Adam og kenndi honum áætlunina um sjáluhjálp og endurlausn fyrir tilverknað Drottins Jesú Krista. Adam og fjölskylda hans gátu með því að fara að þeirri áætlun notið gleði í þessu lífi og snúið til Guðs að nýju (sjá Alma 18:36; 22:12–14).

**Ritningarnám****Í garðinum**

2 Ne 2	HDP Móse 3:15–17	1 Mós 1:26–31
HDP Móse 2:26–31	HDP Móse 5:11	1 Mós 2:15–17

**Fallið**

2 Ne 2:25	HDP Móse 4	1 Mós 3
Alma 12:22–34	HDP Móse 5:10–12	

**Líf okkar á jörðu**

Líf okkar á jörðu er tækifæri og blessun. Tilgangur okkar í þessu lífi er að njóta gleði og búa okkur undir að mæta Guði. Í jarðlífínu erum við háð bæði líkamlegum og andlegum dauða. Guð hefur fullkominn, dýrðlegan og ódauðlegan líkama af holdi og beinum. Við verðum, til að líkjast Guði og snúa í návist hans að nýju, að hafa fullkominn, ódauðlegan líkama af holdi og beinum. Sérhver manneskja á jörðu hefur þó, vegna þess að Adam og Eva félru, ófullkominn, dauðlegan líkama og mun að lokum deyja. Kæmi frelsarinn Jesú Kristur ekki til mundi dauðinn binda enda á allar vonir um framtíðartilveru með himneskum föður.

Syndin er, ásamt líkamsdauðanum, sú megin hindrun sem varnar okkur þess að líkjast föður okkar á himnum og að snúa að nýju til hans. Við gefum okkur oft freestingunni á vald í dauðlegu ástandi okkar, brjótum boðorð Guðs og syndgum. Öll gerum við mistök í jarðlífí okkar. Synd leiðir alltaf til óhamingju, þótt stundum virðist að svo sé ekki. Syndin veldur sekt og smán. Við getum ekki vegna synda okkar snúið til himnesks föður til að dvelja hjá honum að nýju án þess fyrst að hljóta fyrirgefningu og hreinsast.

Við hljótum í jarðlífínu reynslu sem færir okkur hamingu. Við hljótum einnig reynslu sem færir okkur sorg og þjáningar, stundum vegna synda annarra. Slík reynsla gefur okkur kost á að læra og þroskast, að greina milli góðs og ills og láta reyna á val okkar. Guð hefur áhrif á okkur til góðrar breytni; Satan freistar okkar til að syndga. Við getum ekki, líkt og með líkamsdauðann, sigrast á áhrifum syndar upp á eigin spýtur. Við erum hjálparvana án friðþægingar Jesú Krista.

**Ritningarnám****Reynslutími**

2 Ne 2:21	Alma 12:21–24	Abr 3:25–26
2 Ne 9:27	Alma 34:31–35	
Mósía 3:19	Alma 42:2–10	

Val

2 Ne 2:26–29 Jósúa 24:15  
*Til styrktar æskunni: „Sjálfraði og ábyrgð“*

Gott og illt

Moró 7:12-19

Synd

Róm 3:23                    1 Jóh 1:8–10                    1 Jóh 3:4

## Hinir óhreinu geta ekki verið hjá Guði

1 Ne 10:20–21                  3 Ne 27:19                  HDP Móse 6:57  
Alma 41:10–11

Athugasemdir



# Friðþægingin

Himneskur faðir valdi Jesú Krist áður en jörðin var grundvölluð til að vera frelsari okkar og lausnari.

Friðþægingarfórn Jesú Krists gerði okkur mögulegt að sigrast á áhrifum fallsins. Allir spámann hafa frá upphafi vega borið vitni um Jesú Krist sem lausnara okkar.

Við munum öll ganga í gegnum líkamsdauða, en Jesús Kristur ruddi fyrir okkur úr vegi þeirri hindrun sem líkamsdauðinn er. Þegar hann létt lífið á krossinum, fór andi hans úr líkamanum. Á þriðja degi voru andi hans og líkami sameinaðir að eilífu og verða aldrei aftur aðskildir. Hann birtist mörgum og sýndi að hann hafði ódauðlegan líkama af holdi og beinum. Endursameining líkama og anda er nefnd upprisa, sem við öll höfum loforð um. Við munum öll rísa upp vegna upprisu Jesú Krists, hvort heldur við höfum breytt vel eða illa í þessu lífi. Við munum hljóta fullkominn, ódauðlegan líkama af holdi og beinum, sem aldrei framar mun háður sjúkdómum, sársauka eða dauða. Upprisan gerði okkur mögulegt að snúa að nýju í návist Guðs til að taka á móti dómi, en hún tryggir ekki að við fáum að vera áfram í návist hans. Við verðum að hreinsast af synd til að geta tekið á móti beirri blessun.

Guð sendi ástkaðan son sinn, Jesú Krist, til að ryðja úr vegi hindrunum syndar, sem og hindrunum líkamsdauða. Við erum ekki ábyrg fyrir falli Adams og Eva, en við erum ábyrg fyrir okkar eigin syndum. Guð getur ekki litið á synd af nokkurri undanlátssemi, en hún kemur í veg fyrir að við getum dvalið í návist hans. Við getum aðeins fyrir náð og miskunn frelsarans hreinsast af synd til að geta dvalið hjá Guði að nýju. Það er mögulegt með því að iðka trú á Jesú Krist, iðrast, taka á móti skírn og gjöf heilags anda og standast allt til enda.

Kristur reiddi gjaldið af höndum fyrir syndir okkar til að uppfylla áætlunina um sáluhjálp. Hann einn var þess megnugur. Hann var kallaður og búinn undir það í fortilverunni. Hann var í bókstaflegri merkingu sonur Guðs í holdinu. Hann var syndlaus og algjörlega hlýðinn himneskum föður. Hans var freistað, en hann létt aldrei undan freistingum. Jesús, hinn ástkæri sonur föðurins, var fús og undir það búinn að reiða gjaldið af höndum fyrir syndir heimsins þegar faðir hans fór fram á það við hann. Þjáningar hans í Getsemanegarðinum voru hluti af friðþægingunni, sem og þjáningar hans og dauði á krossinum, og henni lauk með upprisu hans. Þótt hann hafi þjáðst óskiljanlega mikið – svo mikið að blæddi úr hverri svitaholu og að hann hafi beðið sér vægðar, ef mögulegt væri –

## Athugasemdir

gekk hann að vilja föðurins af einstæðum kærleika til föðurins og okkar. Þessi sigur Jesú Krists yfir andlegum dauða fyrir þjáningar hans og yfir líkamlegum dauða fyrir upprisu hans er nefndur friðþægingin.

Kristur lofar að fyrirgefa syndir okkar með þeim skilyrðum að við tökum á móti honum með því að iðka trú á hann, iðrast, taka á móti skírn með niðurdýfingu og gjöf heilaga anda með handayfirlagningu og kappkostum einlaeglega að halda boðorð hans allt til loka lífs okkar. Við getum með því að iðrast stöðugt hlotið fyrirgefningu og hreinsast af syndum okkar fyrir kraft heilags anda. Við losnum við byrði sektar og smánar og verðum fyrir Jesú Krist verðug þess að snúa að nýju í návist Guðs.

Þegar við reiðum okkur á friðþægingu Jesú Krists, getur hann hjálpað okkur að standast mótlæti, sjúkdóma og sársauka. Við getum fyllst gleði, friði og huggun. Hvaðeina sem ósanngjarnit er í lífinu er hægt að færa í réttar skorður fyrir friðþægingu Jesú Krists.

Þótt Jesús hafi reitt fram gjaldið fyrir syndir okkar, tók hann ekki burtu ábyrgð hvers og eins. Við verðum að sýna að við tökum á móti honum og hlítum fyrirmælum hans. Við getum aðeins snúið til dvalar að nýju í návist Guðs fyrir gjöf friðþægingarinnar.

## Ritningarnám

**Upprísia**

2 Ne 9:6–7	K&S 88:27–32	1 Kor 15:41–42
Alma 11:42–45	Lúk 24:1–10, 36–39	Leiðarvísis að ritningunum: „Dauði, líkamlegur,“ „Dauði, andlegur,“ „Upprisa“
Alma 40:23	1 Kor 15:20–23	
Helaman 14:15–19	þJS, 1 Kor 15:40	

**Friðþæging**

2 Ne 2:6–8	K&S 19:15–19	1 Jóh 1:7
Alma 7:11–13	K&S 45:3–5	Leiðarvísis að ritningunum: „Friðþægja, Friðþæging“
Alma 34:8–10	Jóh 3:16–17	

**Fagnaðarerindið – vegurinn**

2 Ne 9:1–24	Alma 11:40	3 Ne 27
2 Ne 31	3 Ne 11:31–41	Moró 7:27–28

**Andaheimurinn**

Þótt Kristur hafi sigrað líkamsdauðann verða allir menn að deyja, því dauðinn er hluti af því ferli sem við þurfum að ganga í gegnum til að umbreyta frá hinu dauðlega til þess ódauðlega. Við dauðann fer andi okkar í andaheiminn. Dauðinn breytir ekki persónuleika okkar eða þrá okkar til góðs eða ills. Þeir sem valið hafa að fylgja Guði í þessu lífi munu dvelja í ríki hamingu og friðar og hvílast frá erfiðileikum og áhyggjum. Þeir sem valið hafa að hlýða ekki í þessu lífi og hafa ekki iðrast munu dvelja í ríki óhamingu. Fagnaðarerindið er préðikað þeim í andaheiminum sem ekki hlýddu því eða gafst ekki kostur á að hlýða á það meðan þeir lifðu á jörðu. Við dveljum í andaheiminum þar til við rísum upp.

## Ritningarnám

**Fagnaðarerindið préðikað hinum dánu.**

K&S 138	1 Pét 3:19–20	1 Pét 4:6
---------	---------------	-----------

**Dauðinn og andaheimurinn**

Alma 34:34	Alma 40:11–14	Préd 12:7
------------	---------------	-----------

Athugasemdir

## Upprisan, dómur og ódauðleiki

Pegar líkami okkar og andi sameinast í upprisunni, munum við færð í návist Guðs til að hljóta dóm. Við munum hafa skýra minningu um réttlæti okkar og sekt. Ef við höfum iðrast, munum við hljóta miskunn. Okkur mun launað í samræmi við verk okkar og þrár.

Allir menn munu fyrir upprisuna verða ódauðlegir – þeir munu lifa ævarandi. Ódauðleiki er endurgjaldslaus gjöf til allra manna, hvort heldur þeir eru réttlátir eða ranglátir. Eilíft líf er þó ekki það sama og ódauðleiki. Eilíft líf er gjöf Guðs, aðeins til þeirra sem hlýða fagnaðarerindinu. Það er æðsta ríkið sem við getum áunnið okkur. Þeir sem það hljóta eru þeir sem leystir hafa verið frá synd og þjáningum fyrir friðþægingu Krista. Það er upphafning, sem merkir að lifa með Guði alla tíð með eilífum fjölskyldum. Það er að þekkja Guð og Jesú Krist og upplifa það líf sem þeir lifa.

### Upprisa og endurholgun

Sumir kunna að rugla saman kenningunni um upprisu við hugtakið endurholgun. Hugtakið endurholgun felur í sér að fæðast á jörðu að nýju í öðru ásigkomulagi og er fölsk kenning. Kenningin um upprisu felur í sér eilíft endurgjald ódauðlegs líkama af holdi og beinum. Það er sönn kenning. Gakktu úr skugga um að nemendur þínir skilji örugglega kenninguna um upprisuna.

## Dýrðarríki

Val okkar í jarðlífínu hefur með hið góða og hið illa að gera. Guð geldur okkur í samræmi við verk okkar og þrár. Þar sem Guð geldur öllum í samræmi við þau verk sem unnin eru í líkamanum, hljóta ekki allir sömu dýrðarríkin að dómi loknum. Þeir sem hafa iðrast synda sinna og tekið á móti helgiathöfnum fagnaðarerindisins og haldið viðeigandi sáttmála, munu hreinsaðir fyrir friðþægingu Krista. Þeir munu hljóta upphafningu í æðsta ríkið, sem nefnt er himneska ríkið. Þeir munu dvelja í návist Guðs, líkjast honum og taka á móti fyllingu gleðinnar. Þeir munu lifa saman um eilífð með þeim í fjölskyldu sinni sem það verðskulda. Dýrðarríki þessu er í ritningunum líkt við ljóma sólar.

Þeir sem ekki viðurkenna fyllingu fagnaðarerindis Jesú Krista, en eru heiðarlegir, munu hljóta stað í yfirjarðneska ríkinu. Því dýrðarríki er líkt við ljóma tunglsins.

Þeir sem lifa áfram í syndum sínum og iðrast ekki í þessu lífi, munu að launum hljóta lægsta ríkið, sem er nefnt jarðneska ríkið. Því dýrðarríki er líkt við ljóma stjarnanna.

### Ritningarnám

#### Upprisa og endurreisn

2 Ne 9:14–15	Jakob 6:8–9	Alma 42:13–15, 22–23
--------------	-------------	----------------------

#### Dómur

2 Ne 28:23	Alma 5:15–21	K&S 132:12; 137:9
Mósia 3:23–25	Alma 12:12–14	Jóh 5:22

#### Dýrðarríkin

3 Ne 28:10	K&S 137	1 Kor 15:41–42
K&S 76: Formáli	Matt 5:48	
K&S 76	þJS, 1 Kor 15:40	

## Lexía 2: Sáluhjálparáætlunin

## Athugasemdir

Ejellt líf

2 Ne 31:17–21  
K&S 14:7  
K&S 29:43–44

K&S 45:8  
K&S 93:19

Jóh 3:16  
Jóh 17:3

Sáluhjálparáætlunin



## Friðþæging Jesú Krists gerir sáluhjálp mögulega.

Skírnarboð

Skírnar- og staðfestingarboðið ætti að bera fram skýrt og skorinort: „Vilt þú fara að fordæmi Jesú Krista með því að láta skírast af þeim sem hefur prestdæmisvaldsumboð frá Guði? Við verðum með skírnarsamkomu hinn [dags.]. Vilt þú búa þig undir að láta skírast á þessum þeim degi?“

## Kennsluhugmyndir

Í þessum hluta eru hugmyndir um kennslu og kennsluundirbúning Fylgdu vandlega leiðsögn andans er þú nýtir þér hugmyndir þessar. Lagaðu hugmyndirnar sem þú velur að kennsluáætluninni. Hafðu í huga að hugmyndir þessar eru tillögur – ekki skilyrtar – ætlaðar þér til hjálpar við að mæta þörfum nemenda þinna.

### Stutt kennsluáætlun (3–5 mínútur)

Sáluhjálparáætlunin fræðir okkur um hvaðan við komum, hvers vegna við erum hér á jörðu og hvert við fórum að þessu lífi loknu. Hún kortleggur eilifa ferð okkar frá fortilveru, jarðlifi, dauða, upprisu til lífs okkar í eilifðumum. Áætlun þessi gerir einnig grein fyrir þeirri hjálp sem himneskur faðir veitir til að auðvelda okkur að gera þessa ferð árangursríka, svo við getum snúið að nýju í návist hans og orðið lík honum. Kjarni áætlunarinnar snýst um hlutverk og friðþægingu Jesú Krists og hvernig hægt er að sigrast á áhrifum fallsins og gera eilift líf að veruleika fyrir okkur. Við bjóðum ykkur að íhuga þennan boðskap og biðjast fyrir vegna hans.

- Fortilveran: Áætlun og tilgangur Guðs fyrir okkur
- Sköpunin
- Sjálfræði og fall Adams og Evu
- Líf okkar á jörðu
- Friðþægingin
- Andaheimurinn
- Upprisan, dómur og ódauðleiki
- Dýrðarríkin

### Skuldbindingar

- Vilt þú biðjast fyrir til að öölast vitneskju um að það sem við höfum kennit sé sannleikur?
- Vilt þú iðrast synda þinna?
- Vilt þú koma í kirkju með okkur næsta sunnudag?
- Vilt þú fara að fordæmi frelsarans og láta skírast hinn (dags.)?
- Getum við ákveðið næstu heimsókn okkar?
- Boðorð í lexíu 4 sem þið kjósið að hafa með.

Athugasemdir

### Millilöng kennsluáætlun (10–15 mínútur)

Boðskapur okkar hjálpar okkur að skilja tilgang lífsins og hver við erum. Hann vekur með okkur vonir og auðveldar okkur að finna frið, gleði og hamingju. Hann fræðir okkur um hvaðan við komum, hvers vegna við erum hér á jörðu og hvert við fórum að þessu lífi loknu. Guð er faðir okkar og hann elskar okkur. Við erum börn hans. Við tilheyrrum fjölskyldu hans og dvöldum hjá honum áður en við fæddumst að þessa jörðu. Hann býr að sæluáætlun sem gerir okkur mögulegt að smúa að nýju í návist hans að þessu lífi loknu. Framþróun okkar er háð því hvernig við notum guðsgjöf okkar sjálfræðið eða hæfileikann til að velja. Fall Adams, sem var hluti af þessari áætlun, gerði okkur kleift að koma til jarðar, hljóta

## Athugasemdir

efnislíkama, reynslu og okkar eigin fjölskyldu. En fallið hafði einnig í för með sér líkamsdauða, sem er aðskilnaður andans frá líkamanum, og andlegan dauða, sem er aðskilnaður frá Guði.

Jesús Kristur er þungamiðjan í áætlun Guðs. Kristur gerði að engu afleiðingar bæði líkamlegs og andlegs dauða með friðþægingarfórn sinni. Við munum öll rísa upp og lifa ævarandi með efnislíkama, laus við sársauka og sjúkdóma. Kristur gerði einnig mögulegt að vinna bug á andlegum dauða. Hann mun miskunnansamlega fyrirgefa okkur þegar við lifum í samræmi við fagnaðarerindi hans. Hann mun lækna okkur og fylla okkur friði og hamingju í þessu lífi í stað sektar og smánar.

Samkvæmt miskunnaráætlun Guðs munum við öll deyja líkamsdauða. Andi okkar mun skilinn frá líkamanum og dvelja um tíma í andaheiminum. Við munum síðan verða reist upp í ódauglegum líkama, eilif sameining líkama og anda. Við verðum dæmd í samræmi við verk okkar og þrár. Þeir sem lifað hafa í samræmi við fagnaðarerindið munu hljóta stærstu gjöf föður okkar á himnum, gjöf eilifs lífs í návist hans.

Faðir okkar á himnum hefur enn á ný beint sjónum sínum í kærleika til barna sinna með því að opinbera sæluáætlun sína. Við fræðumst um þessa dásamlegu áætlun í Mormónsbók, sem þú getur lesið, ihugað og beðist fyrir vegna. Við bjóðum þér að sækja kirkju og tilbiða með okkur.

## Skuldbindingar:

- Vilt þú biðjast fyrir til að öðlast vitnesku um að það sem við höfum kennt sé sannleikur?
- Vilt þú iðrast synda þinna?
- Vilt þú koma í kirkju með okkur næsta sunnudag?
- Vilt þú fara að fordæmi frelsarans og láta skírast hinn (dags.)?
- Getum við ákveðið næstu heimsókn okkar?
- Boðorð í lexíu 4 sem þið kjósið að hafa með.

## Löng kennsluáætlun (30–45 mínútur)

- Fortilveran: Áætlun og tilgangur Guðs fyrir okkur
  - Guð er himneskur faðir okkar og við erum börn hans (sjá Post 17:16–34; Hebr 12:9).
  - Guð býr að áætlun um hamingju okkar. Jesús Kristur er þungamiðjan í þeiri áætlun.
  - Guð hefur með sæluáætlun sinni gert okkur kleift að snúa í návist hans (sjá HDP Móse 1:39).
  - Eilif framþróun okkar er háð því hvernig við notum sjálfraði okkar (sjá 2 Ne 2:27–29).
- Sköpunin
  - Jesús Kristur skapaði jörðina undir stjórn föðurins (sjá Hebr 1:1–3).

## Athugasemdir

- Sjálfræði og fall Adams og Eva
  - Adam og Eva voru sköpuð í mynd Guðs (sjá 1 Mós 1:26–27).
  - Þau voru saklaus í aldingarðinum Eden og dvöldu í návist Guðs.
  - Þeim var vísað úr garðinum, því þau neyttu af hinum forboðna ávexti (sjá HDP Móse 4:19–31). Það er nefnt fallið.
  - Þau urðu dauðleg, gátu átt börn og voru einnig háð synd og dauða (sjá 2 Ne 2:22–25; HDP Móse 5:11).
- Líf okkar á jörðu
  - Tilgangur okkar með lífinu er að finna varanlegan frið, gleði og hamingju og búa okkur undir að snúa að nýju til Guðs og dvelja hjá honum.
  - Við komum til jarðar til að láta á okkur reyna (sjá Abr 3:24–25).
  - Við hljótum líkama af holdi og beinum, en erum háð líkamlegum dauða.
  - Guð setur boðorð. Ef við hlítum þeim, verðum við blessuð. Ef við hlítum þeim ekki, syngum við og tökum afleiðingum.
  - Gjaldar verður fyrir allar syndir, annaðhvort við sjálf eða Kristur (sjá K&S 19:15–20).
  - Við munum velja og við munum öll drýgja syndir (sjá Róm 3:23).
  - Við hljótum reynslu sem færir okkur hamingju og einnig sorg.
  - Við getum hvorki sigrast á líkamlegum né andlegum dauða án Krists.
- Friðþæggingin
  - Við munum rísa upp, vegna þess að Jesús Kristur sigraði líkamsdauðann. (sjá Alma 11:41–43).
  - Við getum orðið hrein af synd fyrir friðþægingu Krists, svo við fáum snúið að nýju til Guðs og dvalið í návist hans (sjá 2 Ne 9:8–9).
  - Kristur mun fyrirgefa okkur syndir okkar þegar við trúum á hann, iðrumst, meðtökum skírn og gjöf heilags anda og stöndumst allt til enda.
- Andaheimurinn
  - Allir menn verða að deyja.
  - Við dauðann fer andi okkar í andaheiminn.
  - Við búum annaðhvort við kvalræði eða frið og hvíld, allt eftir því hvernig við höguðum lifi okkar á jörðu.
- Upprisan, dómur og ódauðleiki
  - Andi okkar og líkami sameinast í upprisunni (sjá Alma 11:42–45; 40:23).
  - Við munum snúa í návist Guðs til að verða dæmd í samræmi við verk okkar og þrár.
  - Ef við höfum iðrast, munum við hljóta miskunn.
  - Eilíft lif er gjöf Guðs, sem þeim er gefin er fyllilega hlíta fagnaðarerindi Jesú Krists (sjá K&S 14:7).

## Athugasemdir

- Dýrðarríki (sjá K&S 76; 137; 1 Kor 15:40–42).
  - Við hljótum laun í samræmi við verk okkar og þrár (sjá K&S 137:9).
  - Þeir sem taka á móti fagnaðarerindinu og lifa síðan alla ævi hughraustir í samræmi við það, munu hljóta himneska ríkið (sjá K&S 76:50–70).
  - Heiðarlegir menn sem „blindaðir voru af slægðmannanna“ og sem „ekki eru hugdjarfir í vitnisburðinum um Jesú [Krist]“ hljóta yfirjarðneska ríkið (sjá K&S 76:75, 79).
  - Þeir sem syndga og iðrast ekki, munu hljóta jarðneska dýrð, eftir að hafa þjáðst og reitt fram gjald synda sinna.

## Skuldbindingar

- Vilt þú biðjast fyrir til að öölast vitneskju um að það sem við höfum kennt sé sannleikur?
- Vilt þú iðrast synda þinna?
- Vilt þú koma í kirkju með okkur næsta sunnudag?
- Vilt þú fara að fordæmi frelsarans og láta skírást hinn (dags.)?
- Getum við ákveðið næstu heimsókn okkar?
- Boðorð í lexíu 4 sem þið kjósið að hafa með.

## Spurningar sem spryja ætti að kennslu lokinni

- Hefur þú spurningar varðandi kennsluna?
- Hvaða skilning hefur þú á áætlun Guðs fyrir þig og fjölskyldu þína?
- Hver er skilningur þinn á hlutverki Jesú Krists með vísun í kennslu okkar? Hvaða þýðingu hefur það fyrir þig?

## Lykilhugtök

Eftirfarandi eru hugtök sem oft skiljast ekki. Vertu viss um að skýra þau vandlega og athugaðu hvort nemendur skilji þau.

- **Andlegur dauði:** Aðskilnaður við Guð og áhrif hans; að deyja líkt og réttlætið kveður á um. Andlegur dauði var innleiddur í heiminn með falli Adams (sjá Alma 42:6–7). Menn sem hafa illar hugsanir og sýna illsku í orði og verki eru andlega dauðir, þótt þeir lifi á jörðu (sjá 2 Ne 9:39). Karlar og konur geta, fyrir friðþægingu Jesú Krista og með því að hlýða reglum og helgithöfnum fagnaðarerindisins, orðið hrein af synd og sigrarð andlegan dauða.
- **Dauðleiki:** Tíminn frá fæðingu til líkamsdauða.
- **Dómur:** Guð mun, fyrir Jesú Krist, dæma hvert og eitt okkar, til að ákveða þá ævarandi dýrð sem við hljótum. Dómur þessi hefur að grunni hlýðni okkar við boðorð Guðs, ásamt viðurkenningu okkar á friðþægingu Jesú Krista. Hin ævarandi laun okkar taka mið af því hvort verk okkar og þrá hafa verið góð eða ill.
- **Endurlausn:** Að endurleysa er að bjarga, leysa eða reiða fram lausnargjald einhvers í ánað. Endurlausn vísar til friðþægingar Jesú Krista og lausn frá syndum. Friðþæging Jesú endurleysir allt mannkyn frá líkamsdauða. Þeir sem trúa á hann og iðrast fyrir friðþægingu hans, verða endurleystir frá andlegum dauða.

- **Fall (Adams og Evu):** Þegar Adam og Eva neyttu af hinum forboðna ávexti, urðu þau dauðleg – sem er að vera háð synd og dauða. Adam varð „fyrsta hold“ á jörðu (HDP Móse 3:7). Opinberanir á síðari dögum sýna glögglega að fallið er blessun og að heiðra ætti Adam og Evu sem fyrstu foreldra alls mannkyns.
  - **Fortilvera** (lif á undan jarðlífínus): Við dvöldum sem andabörn hjá föður okkar á himnum áður en við fæddumst á þessari jörðu. Við höfðum ekki efnislíkama í fortilverunni.
  - **Friðþæging:** Hugtakið að friðþægja eins og það er notað í ritningunum merkir að þjást fyrir syndsamlegan verknað, og þar með að gera að engu áhrif syndar á hinn iðrandi syndara svo hann geti friðmælst við Guð. Jesús Kristur þjádist í Getsemane og á krossinum. Hann einn var þess megnugur að framkvæma fullkomna friðþægingu fyrir allt mannkyn. Hann reiddi fram gjaldið fyrir syndir okkar í Getsemane og dó á krossinum. Hann tók á sig sársauka, sjúkdóma, freistingar, hörmungar og veikleika okkar allra (sjá Alma 7:11–12).
  - **Líkamlegur dauði:** Aðskilnaður anda okkar, sem er ævarandi og getur ekki dáið, frá líkamanum.
  - **Ódauðleiki:** Ævarandi ástand eftir upprisuna, án þess að vera háður líkamsdauða.
  - **Sáluhjálp:** Að frelsast frá líkamlegum og andlegum dauða. Allir menn munu frelsast frá líkamlegum dauða fyrir náð Guðs, sökum dauða og upprisu Jesú Krissts. Hver einstaklingur getur einnig fyrir náð Guðs frelsast frá andlegum dauða, fyrir trú á Jesú Krist. Slík trú opinberast í lífi þeirra sem sýna hlýðni við lögmál og helgiathafnir fagnaðarerindisins og þjóna Kristi.
  - **Upphafning:** Ellift líf í návist Guðs; að líkjast föður okkar á himnum og dvelja í návist hans. Æðsta gjöf Guðs. Upphafning verður að veruleika fyrir fiðþægingu Jesú Krissts og hlýðni við lögmál og helgiathafnir fagnaðarerindisins.
  - **Upprisa:** Sameining andalíkamans og efnislíkamans, af holdi og beinum, eftir dauðann. Eftir upprisuna munu andinn og líkaminn aldrei aðskildir að nýju og manneskjan verður ódauðleg. Allir menn sem fæðast á jörðu verða reistir upp sökum þess að Jesús Kristur sigrarði dauðann.

Önnur hugtök sem gæti þurft að útskýra fyrir nemendum

- Aldingarðurinn Eden
  - Andaheimurinn
  - Andstæður
  - Dýrðarríkin
  - Eilíf framþróun
  - Eilift líf
  - Forþoðinn ávöxtur
  - Fyrirgefning [synda]
  - Himneska ríkið
  - Hreinsast [af synd]
  - Íþrast
  - Jarðneska ríkið
  - Líkamlegur dauði
  - Niðurdýfingarskírn
  - Reynslutími
  - Sáluhjálpáráætlunin
  - Skilningstré góðs og illa
  - Sköpun
  - Synd
  - Trú
  - Yfirjarðneska ríkið

Athugasemdir

Athugasemdir

# Fagnaðarerindi Jesú Krists



## Hlutverk þitt

Þegar þú kennir skaltu búa trúarnemann undir að uppfylla skilyrði skírnar sem kennd eru í Kenningu og sáttmála 20:37 og viðtalssprungum skírnar. Það er best að gera með því að bjóða trúarnema þínum að taka á sig neðangreindar skuldbindingarnar og halda þær.

### Viðtalssprungar skírnar

- Trúir þú að Guð sé eifur faðir okkar?
- Trúir þú að Jesús Kristur sé sonur Guðs og lausnari og frelsari heimsins?
- Trúir þú að kirkja og fagnaðarerindi Jesú Krists hafi verið endurreist fyrir atbeina spámannsins Josephs Smith?

### Skuldbindingar

- Vilt þú halda áfram að þroa trú á Jesú Krist með áframhaldandi lerdómi um fagnaðarerindi hans?
- Vilt þú iðrast og biðjast fyrir til að hljóta fyrirgefningu synda?
- Vilt þú láta skírast og ganga í Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu hinn (dags.)? Vilt þú taka á móti staðfestingu og gjöf heilags anda?
- Vilt þú koma í kirkju með okkur næsta sunnudag?
- Getum við ákveðið næstu heimsókn okkar?
- Boðorð í lexíu 4 sem þið kjósið að hafa með.

## Við getum hreinsast af synd fyrir Krist

Guð sendi ástkværan son sinn, Jesú Krist, í heiminn, svo að öll börn Guðs ættu möguleika á að snúa að nýju til hans og dvelja í návist hans eftir að þau hafa dáið. Við getum aðeins fyrir náð og miskunn frelsarans hreinsast af synd til að geta dvalið í návist himnesks föður. Að hreinsast af synd er að læknast andlega (sjá 3 Ne 9:13; 18:32).

Allir menn verða, sökum friðþægingar Krists og upprisunnar, færðir að nýju í návist Drottins til að hljóta dóm í samræmi við verk þeirra og þrá (sjá 2 Ne 9:10–16; He 14:15–18; 3 Ne 27:14–22; K&S 137:9). Við verðum dæmd í samræmi við lögðal réttlætis og miskunnar.

Réttlætið er óbreytanlegt lögmál um að afleiðingar fylgja verkum – blessanir fyrir hlýðni við boðorð Guðs og refsing fyrir óhlýðni. Við drýgjum öll syndir. Syndin óhareinkar okkur og ekkert óreint fær dvalið í návist Guðs (sjá 1 Ne 10:21; 3 Ne 27:19; HDP Móse 6:57).

Frelsarinn fullnægði kröfum réttvísinnar, fyrir þá sem iðrast synda sinna og kappkosta að halda öll boðorð hans, þegar hann stóð í okkar sporum og reiddi fram sektargjaldið fyrir syndir okkar. Það nefnist friðþæging. Kristur getur, sökum þessa óeigingjarna verks, verið málsvari okkar hjá föðurnum. Himneskur faðir getur því sýnt miskunn, komið í veg fyrir refsingu og greitt okkur leið í návist sína. Faðir okkar á himnum sýnir miskunn með því að fyrirgefa syndir okkar og hjálpa okkur að snúa að nýju til dvalar í návist hans.

Jesús tók þó ekki burtu ábyrgð hvers og eins. Hann fyrirgefur syndir okkar þegar við tökum á móti honum, iðrumst og höldum boðorð hans. Við verðum verðug varanlegrar návistar himnesks föður fyrir friðþæginguna og með því að lifa fagnaðarerindið. Við verðum að sýna að við tökum á móti Kristi og trúum á hann með því að halda boðorð hans og gangast undir frumreglur og helgithafnir fagnaðarerindisins.

Synd

Hugtakið „synd“ hefur ekki sömu merkingu meðal hinna ýmsu menningarþjóða. Meðal sumra menningarþjóða merkir hugtakið nánast eitthvað glæpsamlegt. Meðal annarrra hefur það aðeins merkingu um ranga breytni sem kallað smán yfir fjölskyldu eða samfélag. Útskýrðu að synd sé óhlýðni við boðorð Guðs og afleidðingin sé aðskilnaður við Guð. Guð þekkir allt sem við gerum og hugsum og við misbjóðum honum þegar við syndgum. Ræddu ekki það sem þú hefur gert ranqt í fortíðinni. Fáðu trúarnema til að ræða ekki það sem beir hafa brotið af sér.


Ritningarnám

<b>Guð sendi son sinn</b>		<b>Kristur er málsvari okkar</b>
Alma 11:40	Jóh 3:16–17	K&S 45:3–5
<b>Sáluhjálp fyrir Krist</b>		<b>Miskunn og réttvísi</b>
2 Ne 2:6–8	Alma 34:8–9, 14–16	Mósía 15:9
2 Ne 9:21–24		Alma 42:22–25

Trú á Jesú Krist

Trú á Drottin Jesú Krist er fyrsta frumregla fagnaðarerindisins. Í trú á Jesú Krist felst m.a. að eiga staðfasta sannfæringu um að hann sé hinn eingetni sonur Guðs og frelsari og lausnari heimsins. Við trúum að við getum snúið til dvalar hjá himneskum föður aðeins með því að reiða okkur á náð og miskunn sonar hans. Þegar við trúum á Krist, viðurkennum við og tileinkum okkur friðþægingu Krists, sem og kenningar hans. Við reiðum okkur á hann og orð hans. Við vitum að hann býr yfir krafti til að efna orð sín. Himneskur faðir blessar þá sem eiga trú til að hlýða syni hans.

Trú á Krist leiðir til verka. Hún leiðir til einlægrar og varanlegrar iðrunar. Trúin knýr okkur til að gera okkar allra besta við að læra um frelsarann og líkjast honum enn frekar. Við viljum þekkja



Athugasemdir

boðorð hans og gangast undir þau. Við sýnum elsku okkar til hans, jafnvel þótt okkur verði enn á mistök, með því að kappkosta að halda boðorð hans og forðast að syndga.

Við trúum á Krist og eignum þá sannfæringu að hans vilji sé að við höldum öll hans boðorð. Við viljum sýna trú okkar með því að hlýða honum. Við biðjumst fyrir í trú til að hljóta styrk við að standast freustingar. Við getum einnig ræktað trú á ákveðnar reglur, til að mynda á Vísdómsorðið eða tíundarlögmálið, með því fyrst að trúua nægilega mikið á Jesú Krist til að halda boðorð hans. Þegar okkur tekst að halda eitthvert ákveðið boðorð, munum við smám saman öðlast vitneskju um sannleiksgildi þess (sjá Jóh 7:17). Við þroskumst einnig í trú með því að hlýða á orð Guðs (sjá Róm 10:17) og með því að lesa orð Guðs (sjá He 15:7–8).

Guð blessar okkur þegar við hlýðum honum. Hann veitir okkur kraft til að takast á við erfiðleika. Hann auðveldar okkur að breyta okkar hjartans þrá. Jesú Kristur megnar að gera okkur heil fyrir trú okkar á hann, bæði líkamlega og andlega.

### Ritningarnám

#### Trú, kraftur og sáluhjálp

- |            |              |
|------------|--------------|
| 1 Ne 7:12  | Moró 7:33–34 |
| 2 Ne 9:23  | Moró 10:7    |
| 2 Ne 25:23 |              |

#### Kenningin um trú

- |         |                                   |
|---------|-----------------------------------|
| Alma 32 | Leiðarvísir að ritningunum: „Trú“ |
| Ef 2:8  |                                   |

#### Dæmi um trú

- |         |         |
|---------|---------|
| Eter 12 | Hebr 11 |
|---------|---------|

#### Verk og hlýoni

- |               |               |
|---------------|---------------|
| 1 Ne 3:7      | Jakbr 2:17–26 |
| K&S 130:20–21 |               |

#### Trú til iðrunar

- |         |  |
|---------|--|
| Alma 34 |  |
|---------|--|

## Iðrun

Önnur frumregla fagnaðarerindisins er iðrun. Trú okkar á Krist og elска okkar til hans, vekur okkur til iðrunar, eða til að breyta hugsunum okkar, trúarsannfæringu og hegðun, sem ekki samræmast vilja hans. Í iðrun felst ný sýn á Guð, okkur sjálf og heiminn. Þegar við iðrumst finnum við til guðlegrar sorgar og látum af rangri breytni og höldum réttri breytni áfram. Megintilgangur okkar er að samræma okkur vilja Guðs með iðrun. Við getum snúið til dvalar hjá Guði föður aðeins fyrir miskunn Krists og við tökum á móti Kristi aðeins fyrir skilyrði iðrunar.

Í iðrun felst að viðurkenna syndir sínar og finna til sektar eða guðlegrar sorgar. Við játum syndir okkar fyrir Guði. Við játum einnig mjög alvarlegar syndir fyrir kirkjuleiðtogum Guðs sem til þess hafa valdsumboð og geta hjálpað okkur að iðrast. Við biðjum Guð í bæn að fyrirgefa okkur. Við gerum allt sem í okkar valdi stendur til að bæta fyrir það tjón sem við höfum valdið með breytni okkar; það nefnist yfirbót. Þegar við iðrumst breytist viðhorfið gagnvart okkur sjálfum og heiminum. Þegar við breytumst gerum við okkur grein fyrir að við erum börn Guðs og þurfum ekki að halda áfram að gera sömu mistökin sí og æ. Við snúum algjörlega frá synd, ef við iðrumst einlæglega, og látum hana ekki ná tökum á okkur að nýju. Við forðumst allt sem vekur þrá til að syndga. Þrá okkar til að fylgja Guði eflist og styrkist.

Ávextir einlægrar iðrunar eru nokkrir. Við skynjum fyrirgefningu og frið Guðs í lífi okkar. Sektin og sorgin hverfa frá okkur. Við skynjum áhrif andans í ríkari mæli. Og þegar þessu lífi er lokið, verðum við betur undir það búin að dvelja hjá himneskum föður og syni hans.

Athugasemdir

Við kunnum að falla og syndga að nýju, jafnvel eftir að við höfum tekið á móti Kristi og iðrast af syndum okkar. Við ættum stöðugt að reyna að bæta fyrir slík brot. Við ættum auk þess að taka stöðugum framförum – að þróa kristilega eiginleika, vaxa að þekkingu og bæta þjónustu okkar. Við munum vilja sýna elsku okkar með því að hlýða honum, þegar við lærum meira um það sem frelsarinn ætlast til af okkur. Þegar við því iðrumst daglega, skynjum við að við höfum breyst og tekið framförum. Við verðum kristilegri í hugsun og hegðun. Við munum skynja aukna gleði þegar við iðrumst daglega.

**Ritningarnám****Við syndgum öll**

Róm 3:23

1 Jóh 1:7–8

**Iðrun**

Alma 34:8–17

2 Kor 7:9–10

K&amp;S 58:42–43

Leiðarvisir að ritningunum:

K&amp;S 61:2

„Iðrast, iðrun“

**Endurlausn og fyrirgefning**

He 5:10–11

**Miskunnsemin krefst hins iðrandi**

Alma 12:32–35

K&amp;S 18:10–13

Alma 42:13, 21–24

**Skírnin, okkar fyrsti sáttmáli**


Trú á Jesú Krist og iðrun býr okkur undir helgiathafnirnar skírn og staðfestingu. Helgiathöfn sýnir fram á að við höfum gert sáttmála við Guð.

Guð hefur alltaf gert þá kröfu til barna sinna að þau geri sáttmála. Sáttmáli er bindandi samningur milli Guðs og manns. Guð lofar að blessa okkur og við lofum að hlýða honum. Guð setur ákvæði sáttmála fagnaðarerindisins, sem við annaðhvort göngumst undir eða ekki. Það færir blessanir í þessu lífi að halda sáttmála og upphafningu í næsta lífi.

Í sáttmálum felst sú gríðarmikla ábyrgð að heiðra skuldbindingu okkar við Guð. Til að halda sáttmála okkar, verðum við að láta af sérhverri breytni eða sérhverju áhugamáli sem kemur í veg fyrir að við getum heiðrað þá. Við látum til að mynda af því að versla og greiða fyrir skemmtanir á sunnudögum, til að við getum haldið hvíldardaginn heilagan. Við ættum að þrá að taka verðug á móti þeim sáttmálum sem Guð færir okkur og reyna síðan okkar allra besta til að halda þá. Sáttmálar okkar minna okkur á að iðrast daglega alla ævi. Við hljótum og varðveitum fyrirgefningu synda okkar með því að halda boðorðin og þjóna öðrum.

Sáttmálar eru yfirleitt gerðir samfara helgiathöfnum, eins og skírn. Slíkar helgiathafnir eru framkvæmdar með valdsumboði prestdæmisins. Í helgiathöfnni skírn gerum við til að mynda sáttmála um að taka á okkur nafn Krists, muna hann ávallt og halda boðorð hans. Þegar við höldum okkar hlut sáttmálans, lofar Guð okkur að heilagur andi verði okkur stöðugur förunautur, að við hljótum fyrirgefningu og endurfæðumst.

Fyrir helgiathafnir, eins og skírn og staðfestingu, lærum við um og fáum að upplifa kraft Guðs (K&S 84:20). Jesús kenndi að við verðum að skírast með niðurdýfingu til fyrirgefningar synda okkar. Skírnin er mikilvæg helgiathöfn sáluhjálpar. Enginn maður fær komist í Guðs ríki án þess að láta skírast. Kristur létt skírast og var þannig fordæmi fyrir okkur.



**Lexía 3:**  
**Fagnaðarerindi Jesú Krista**

Athugasemdir

Skirn með niðurdýfingu er táknað fyrir dauða, greftrun og upprisu frelsarans. Á líkan hátt táknað hún endalok okkar fyrra synduga lífernис og skuldbindingu um nýtt líf sem lærisveinn Kristi. Frelsarinn kenndi að skírn væri endurfæðing. Þegar við látum skírast, hefjum við ferli endurfæðingar og verðum andlegir synir og andlegar dætur Kristi (sjá Mósia 5:7–8; Róm 8:14–17).

Við verðum að láta skírast til að verða þegnar Kirkju Jesú Kristi hinna Síðari daga heilögu og að komast endanlega í himnaríki, Helgiathöfn þessi er lögmál Guðs og hana verður að framkvæma með valdsumboði frá honum. Prestdæmishafi verður að fá heimild hjá biskupi eða greinarforseta til að framkvæma skírn eða staðfestingu.

Lítill börn þurfa ekki að láta skírast og eru endurleyst fyrir náð Jesú Kristi (sjá Moró 8:4–24). Þau þurfa ekki að láta skírast fyrr en þau hafa náð ábyrgðaraldri átta ára (sjá K&S 68:27).

Fyrir skírn sýnum við fúsleika okkar til að gera sáttmála um að halda öll boðorðin allt til loka lífs okkar. Eftir skírn sýnum við trú okkar með því að halda sáttmála okkar. Við endurnýjum einnig þann sáttmála sem við gerðum er við léту skírast með því að meðtaka sakramentið. Það er boðorð að meðtaka sakramentið vikulega. Það hjálpar okkur að vera áfram verðug og að hafa andann ávallt með okkur. Það minnir okkur vikulega á sáttmála okkar. Jesús Kristur kynnti postulum sínum þessa helgiathöfn rétt fyrir friðþægingu sína. Hann endurreisti hana með spámanninum Joseph Smith. Frelsarinn bauð að prestdæmis-hafar skyldu þjónusta sakramentið í minningu líkama hans og blóðs, sem úthellt var fyrir okkur. Með því að meðtaka sakramentið verðug, lofum við að hafa ávallt í huga fórn hans, við endurnýjum loforð okkar og loforðið um að andi hans verði ætíð með okkur endurnýjast.

**Fyrir skírn**

„Tryggja ... [skal að trúarnemar] hafi þróað með sér trú á Krist, iðrast synda sinna og fært líf sitt í þær skorður sem samræmist fyrirmælunum í Kenningu og sáttmálum 20:37. Trúarnemum ber að lifa eftir siðferðisreglunum, Vísdómsorðinu og einsetja sér að greiða tíund. Ef trúboðum finnst þörf á frekari undirbúningi, ættu þeir að biða með skírn þar til trúarneminn hefur tileinkað sér reglurnar.

„Allir trúarnemar ættu að hafa tekið á móti öllum trúarlexíunum áður en þeir láta skírast, hitta biskupinn eða greinarforsetann og hafa sótt nokkrar sakramentissamkomur“ („Greinargerð um trúboðsstarf“, bréf frá Æðsta forsætisráðinu, 11. des. 2002).

**Ritningarnám****Fordæmi Kristi**

2 Ne 31:4–18 Matt 3:13–17

**Þær blessanir skírnar sem lofað er**Mósia 4:11–12, 26 Jóh 3:5  
Moró 8:25–26 Róm 6:4**Skírnarsáttmálinn**Mósia 5:8–10 K&S 20:37  
Mósia 18:8–10**Sakramentibænirnar**  
Moró 4 og 5 K&S 20:75–79**Skilyrði skírnar**2 Ne 9:23 Moró 6:1–4  
Mósia 18:8–10 K&S 20:37  
Alma 7:14–15 Post 2:37–39  
3 Ne 11:23–27**Meðtaka sakramentið**K&S 27:2 1 Kor 11:23–29  
Moró 4 og 5 K&S 20:75–79  
**Nauðsyn á valdsumboði**  
K&S 22 Hebr 5:4**Drottinn innleiddi sakramentið**

3 Ne 18:1–18 Lúk 22:15–20

## Gjöf heilags anda

Jesús kenndi að við verðum að láta skírast af vatni og af anda. Skírn af andanum verður að eiga sér stað í kjölfar skírnar af vatni, ef ekki þá er hún ekki fullnægjandi. Við getum aðeins hlotið fyrirgefningu synda okkar, þegar við höfum tekið á móti skírn og heilögum anda og endurfæðst andlega að fullu. Þá hefjum við nýtt andlegt líf sem lærisveinar Krista.

Eftir að einstaklingur hefur verið skírður af vatni, leggja einn eða fleiri prestdæmishafar hendur á höfuð hans og staðfesta hann sem meðlim Kirkju Jesú Krista hinna Síðari daga heilögu. Þeir veita síðan gjöf heilags anda.

Þeir sem hljóta gjöf heilags anda og halda áfram að vera verðugir, geta notið samfélags við hann alla sína ævi. Heilagur andi hefur helgandi og hreinsandi áhrif á okkur. Heilagur andi vitnar um Krist og hjálpar okkur að þekkja sannleikann. Hann veitir andlegan styrk og hjálpar okkur að breyta rétt. Hann hugreystir á tímum sorgar og erfiðleika. Hann varar okkur við andlegri og líkamlegri hættu. Heilagur andi veitir þann kraft sem við kennum og lærum með. Gjöf heilags anda er ein af dýrmætustu gjöfum himnesks föður. Við getum skynjað elsku og leiðsögn Guðs fyrir okkur með krafti heilags anda. Gjöf þessi er forsmekkur að eilífri gleði og fyrirheiti um eilíft líf.

Þetta valdsumboð prestdæmisins, sem nauðsynlegt er til að framkvæma þessa helgiathöfn, og glataðist fyrir mörgum öldum, var endurreist fyrir tilstilli spámannsins Josephs Smith. Menn geta aðeins hlotið gjöf heilags anda með aðild að kirkjunni. Valdsumboð þetta gerir kirkjuna einstæða meðal annarra trúarbragða heimsins. Samkvæmt orðum Drottins sjálfs, þá er hún „[hin eina sanna] og lifandi [kirkja] á gjörvallri jörðunni“ (K&S 1:30).

### Leiðsögn frá heilögum anda

Útskýrðu fyrir trúarnemum þínum að Satan sé í andstöðu við Guð og lokki menn til að drýgja synd. Þeir ættu, til að viðhalda þeirri góðu tilfinningu sem trúboðarnir hafa fært þeim, að lesa Mormónsbók, biðjast fyrir, sækja kirkju og halda boðorðin. Útskýrðu að ein af þeim blessunum að taka á móti skírn og staðfestingu, sé að njóta stöðugt leiðsagnar heilags anda,

### Ritningarnám

#### Eðli heilags anda

K&S 130:22–23  
Jóh 3:1–8

Gal 5:22–23

Leiðarvísir að ritningunum:  
„Heilagur andi“

#### Blessanir og áhrif frá heilögum anda

2 Ne 32:1–5  
2 Ne 33:1–2

HDP Móse 6:61  
Jóh 14:26

Leiðarvísir að ritningunum:  
„Heilagur andi“

#### Mikilvægi gjafar heilags anda

2 Ne 31:11–12, 18, 21  
3 Ne 18:36–37  
3 Ne 19:13

3 Ne 27:19–20  
K&S 19:31

K&S 33:15  
Post 19:1–6

Athugasemdir

### Standast allt til enda

Þegar við höfum eitt sinn komist á hinn þrónga og krappa veg með því að sýna trú á Jesú Krist, iðrast og taka á móti helgiathöfn skírnar og staðfestingar, verðum við að gera

**Lexía 3:**  
**Fagnaðarerindi Jesú Krists**

Athugasemdir

allt sem við getum til að vera á þeim vegi. Það getum við með stöðugri trúariðkun á Jesú Krist, iðrun, skuldbindingum og með því að fylgja andanum.

Þegar við eitt sinn höfum hlotið fyrirgefningu synda okkar, þurfum við dag hvern að halda okkur fjarri synd, svo heilagur andi geti alltaf verið með okkur. Í skírnarsáttmálanum lofum við föður okkar á himnum að hlíta boðorðum hans alla okkar ævi. Ef okkur verður á, verðum við að iðrast til að varðeita blessanir sáttmálans. Við lofum að láta gott af okkur leiða, þjóna öðrum og að fylgja fordæmi frelsarans. Slík ævilöng skuldbinding er í ritningunum oft nefnd „að standast allt til enda.“

Við getum nálgast Guð með því að fylgja vegi fagnaðarerindisins, sigrast á freistungum og synd og notið gjafar heilags anda í ríkara mæli. Þegar við fylgjum þessum vegi þolinmóð, trúföst og örugglega alla okkar ævidaga, munum við verða hæf til að hljóta eilíft líf.

Trú á Krist, iðrun, og það að gera, endurnýja og halda sáttmála og að hreinsast af andanum, verður lífsvenja. Þessar reglur móta dagleg verk og af þeim stjórnumst við. Friður og gleði eru ávöxtur þess að fylgja þessum vegi og smám saman þroskum við með okkur kristilega eiginleika. Ef við fylgjum þessum vegi og „[sækjum] fram staðfastir í Kristi ... og [stöndum] stöðugir allt til enda,“ höfum við loforð um að „[við munum] öðlast eilíft lif“ (2 Ne 31:20).

### Ritningarnám

#### Standast allt til enda

2 Ne 9:24  
2 Ne 31:14–20

3 Ne 27:16–17

Matt 10:22

#### Bessanir þeirra sem standast

1 Ne 13:37

3 Ne 15:9

K&S 14:7

### Skírnarboð

Skírnar- og staðfestingarboðið ætti að bera fram skýrt og skorinort: „Vilt þú fara að fordæmi Jesú Krists með því að láta skírast af þeim sem hefur prestdæmisvaldsumboð frá Guði? Við verðum með skírnarsamkomu hinn [dags]. Vilt þú búa þig undir að láta skírast á þeim degi?“

# Kennsluhugmyndir

Í þessum hluta eru hugmyndir um kennslu og kennsluundirbúning Fylgdu vandlega leiðsögn andans er þú nýtir þér hugmyndir þessar. Lagaðu hugmyndirnar sem þú velur að kennsluáætluninni. Hafðu í huga að hugmyndir þessar eru tillögur – ekki skilyrtar – ætlaðar þér til hjálpar við að mæta þörfum nemenda þinna.

## Stutt kennsluáætlun (3–5 mínútur)

Fagnaðarerindi Jesú Kristi er eini vegurinn til eilfis lífs. Frumreglur og helgiathafnir fagnaðarerindis hans eru trú á Jesú Krist, iðrun, skírn með niðurdýfingu til fyrirgefningar synda og gjöf heilags anda. Við verðum síðan að standast allt til enda. Við fylgjum fordæmi frelsarans með því að tileinka okkur þessar reglur alla ævi, læra að lifa samkvæmt boðorðum hans og broska með okkur kristilega eiginleika. Við getum hlutið fyrirgefningu synda okkar og snúið að nýju til varanlegrar návistar hjá főður okkar á himnum.

- Við getum hreinsast af synd fyrir Krist
  - Trú á Jesú Krist
  - Iðrun
  - Skírnin, okkar fyrsti sáttmáli
  - Gjöf heilags anda
  - Standast allt til enda

## Skuldbindingar

- Vilt þú halda áfram að rækta trú á Jesú Krist með áframhaldandi lærdómi um fagnaðarerindi hans?
  - Vilt þú iðrast og biðjast fyrir til að hljóta fyrirgefningu synda?
  - Vilt þú láta skírast og ganga í Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögum hinn (dags.)? Vilt þú taka á móti staðfestingu og gjöf heilags anda?
  - Vilt þú koma í kirkju með okkur næsta sunnudag?
  - Getum við ákveðið næstu heimsókn okkar?
  - Boðorð í lexíu 4 sem bið kiðisö að hafa með.

## **Millilöng kennsluáætlun (10–15 mínútur)**

Boðskapur okkar er um trú og von. Við elskum og tilbiðjum Jesú Krist. Hann er þungamiðjan í áæltun Guðs um hamingju okkar. Friðþægingarförn Krists gerir okkur kleift að eignast eilíft líf í návist Guðs. Hann mun miskunnsamlega fyrirgefa okkur þegar við lifum í samræmi við fagnaðarerindi hans. Hann mun lækna okkur og fylla okkur friði og hamingju í bessu lífi í stað sektar og smána.

Fagnaðarerindi Jesú Krists er einfalt. Trú á Krist er fyrsta skrefið. Við trúum á hann, treystum honum og reiðum okkur á hann. Slik trú leiðir okkur til iðrunar – að láta af rangri breytni og halda réttri breytni áfram. Trú á hann leiðir til þess að við viljum sýna elsku okkar með því að halda boðorð hans, og þar með að láta skírást. Hann lofar okkur gjöf heilags anda að lokinni skírn. Heilagur andi leiðir okkur, hughreystir og hjálpar okkur að bekka sannleikann. Við getum vitað í hjarta okkar og huga begar heilagur

Athugasemdir

### Lexía 3:

#### Fagnaðarerindi Jesú Krista

#### Athugasemdir

andi er með okkur. Við fyllumst friði, elsku og gleði. Við viljum þjóna öðrum. Við leggjum okkur fram alla okkar ævidaga að þóknast Drottni.

Jesús Kristur hefur endurreist fagnaðarerindi sitt á síðari dögum fyrir tilstilli spámanns. Við fræðumst um fagnaðarerindið í Mormónsbók, sem þú getur lesið, íhugað og beðist fyrir vegna. Guð mun segja þér með krafti heilags anda að bókin er sönn. Þegar þú hefur komist að því að hún er sönn, munt þú vilja iðrast og skírast, svo að þú getir hlotið fyrirgefningu synda þinna og gjöf heilags anda.

#### Skuldbindingar

- Vilt þú halda áfram að rækta trú á Jesú Krist með áframhaldandi lærdómi um fagnaðarerindi hans?
- Vilt þú iðrast og biðjast fyrir til að hljóta fyrirgefningu synda?
- Vilt þú láta skírast og ganga í Kirkju Jesú Krista hinna Siðari daga heilögum hinn (dags.)? Vilt þú taka á móti staðfestingu og gjöf heilags anda?
- Vilt þú koma í kirkju með okkur næsta sunnudag?
- Getum við ákveðið næstu heimsókn okkar?
- Boðorð í lexíu 4 sem þið kjósið að hafa með.

#### Löng kennsluáætlun (30–45 mínútur)

- Við getum hreinsast af synd fyrir Krist
  - Guð sendi son sinn Jesú Krist í heiminn (sjá Jóh 3:16–17).
  - Við getum aðeins orðið hrein af synd fyrir náð og miskunn Krista (sjá 2 Ne 2:6–8).
  - Við berum þá ábyrgð að taka á móti Kristi, iðrast og ástunda hlýðni.
- Trú á Jesú Krist
  - Við eיגum að trúá á Krist sem frelsara heimsins.
  - Hann vill að við viðurkennum kenningar hans og fylgjum þeim.
  - Við öðlumst blessanir þegar við hlýðum (sjá K&S 130:20–21).
- Iðrun
  - Trú á Krist leiðir til iðrunar (sjá Alma 34).
  - Við finnum til guðlegrar sorgar (sjá 2 Kor 7:9–10).
  - Við látum af rangri breytni og höldum réttri breytni áfram.
  - Við játum syndir okkar og við játum alvarlegar syndir fyrir kirkjuleiðtugum, sem geta hjálpað okkur að iðrast (sjá K&S 58:43).
  - Við hljótum fyrirgefningu og friður kemur í stað sorgar og sektar (sjá Alma 36:17–21).
- Skírnin, okkar fyrsti sáttmáli
  - Helgiathöfn er helgur siður sem er samfara sáttmálgjörð okkar við Guð.

## Athugasemdir

- Sáttmáli er bindandi samningur milli Guðs og barna hans.
- Sáttmálar færa blessanir.
- Við erum skírð með niðurdýfingu til fyrirgefningar synda (sjá Trúaratriðin 1:4).
- Þegar við látum skírast, höfum við skuldbundið okkur til nýs lífs í Kristi (sjá Róm 6:3–8).
- Skírn verður að framkvæma af þeim sem hefur valdsumboð prestdæmisins.
- Við endurnýjum sáttmála okkar með því að meðtaka sakramentið vikulega (K&S 20:77, 79).
- Gjöf heilags anda
  - Skírn andans kemur á eftir skírn með niðurdýfingu. Þetta tvennt verður ekki aðskilið.
  - Prestdæmishafar veita gjöf heilags anda með handayfirlagningu.
  - Heilagur andi kennir okkur, hreinsar og hughreystir og vitnar fyrir okkur, varar okkur við og leiðbeinir okkur (sjá 2 Ne 32:1–5; Mósia 5:1–6; Moró 10:5; K&S 36:2).
- Standast allt til enda
  - Við verðum að halda áfram á veginum þegar við eitt sinn höfum hlotið skírn og staðfestingu.
  - Við gerum okkar besta við að halda okkur frá synd, svo við fáum notið gjafar heilags anda.
  - Við getum orðið hæf til að hljóta eilift lif með því að fylgja vegi fagnaðarerindisins, sem er trú, iðrun, að gera og halda sáttmála og að taka á móti heilögum anda. (sjá 2 Ne 31:14–20).
  - Við verðum stöðugt að iðrast alla okkar ævidaga (sjá K&S 19:15–20).

**Skuldbindingar**

- Vilt þú halda áfram að þróa trú á Jesú Krist með áframhaldandi lærðomí um fagnaðarerindi hans?
- Vilt þú iðrast og biðjast fyrir til að hljóta fyrirgefningu synda?
- Vilt þú láta skírast og ganga í Kirkju Jesú Krista hinna Síðari daga heilögum hinn (dags.)? Vilt þú taka á móti staðfestingu og gjöf heilags anda?
- Vilt þú koma í kirkju með okkur næsta sunnudag?
- Getum við ákveðið næstu heimsókn okkar?
- Boðorð í lexíu 4 sem þið kjósið að hafa með.

**Spurningar sem spryja ætti að kennslu lokinni**

- Hefur þú spurningar varðandi kennsluna?
- Hvað felst í því að iðrast?
- Hvers vegna er gjöf heilags anda nauðsynlegur þáttur fagnaðarerindisins?
- Hvers vegna er mikilvægt að láta skírast og taka á móti gjöf heilags anda?

**Lexía 3:**  
Fagnaðarerindi Jesú Kristi

Athugasemdir

- Var eitthvað sem þú skildir ekki varðandi kirkjusamkomur okkar?
- Hvað fannst þér sérstakt við kirkjusamkomur okkar?

### Lykilhugtök

- **Eilíft líf:** Að lifa ævarandi saman í návist Guðs sem fjölskyldur (sjá K&S 132:19–20). Eilíft líf er æðst allra gjafa Guðs.
- **Endurreisn:** Einhverju komið í fyrra horf, sem áour var tekið í burtu eða er glatað.
- **Fagnaðarerindið:** Sáluhjálparáætlun Guðs, sem friðþæging Jesú Kristi gerir mögulega. Fagnaðarerindið er eilífur sannleikur eða lögmál, sáttmálar og helgiathafnir, sem nauðsynlegt er mannkyni til að snúa að nýju til návistar við Guð.
- **Miskunn:** Andi samúðar, ljúfmennsku og fyrirgefningar. Miskunn er einn af eiginleikum Guðs. Jesús Kristur býður okkur öllum miskunn fyrir friðþægingu sína að iðrun tilskilinni.
- **Náð:** Sá kraftur frá Jesú Kristi sem gerir okkur kleift að hljóta blessanir í þessu lífi og eilíft líf og upphafningu eftir að við höfum iðkað trú, iðrun og gert okkar allrabesta við að halda boðorðin. Þessi guðlega hjálp og styrkur er veitt fyrir miskunn og elsku Jesú Kristi. Við þurfum öll guðlega náð vegna falls Adams og vegna veikleika okkar.
- **Sáttmáli:** Sáttmáli er samningur milli Guðs og barna hans. Samningurinn er ekki gerður á jafnræðisgrunni. Guð setur skilyrði sáttmálans og við göngumst undir það sem hann fer fram á. Guð lofar síðan ákveðnum blessumum fyrir hlýoni okkar. Við tökum á móti helgiathöfnum með sáttmála. Þegar við gerum slíka sáttmála, lofum við að heiðra þá. Kirkjubegnar gera til að mynda sáttmála við Drottin í skírn og endurnýja bann sáttmála með því að meðtaka sakramentið. Við gerum fleiri sáttmála í musterinu. Fólk Drottins er sáttmálsfolk. Við njótum mikilla blesسانa þegar við höldum þá sáttmála sem við gerum við Drottin.
- **Staðfesting:** Peir sem hafa Melkísedeksprestdæmið veita aðild að kirkjunni og gjöf heilags anda með handayfirlagningu.
- **Standast allt til enda:** Að vera trúfastur boðorðum Guðs alla ævi, þrátt fyrir freistigar, mótlæti og andstreymi.


### Önnur hugtök sem gæti þurft að útskýra fyrir nemendum

- |                |                               |              |
|----------------|-------------------------------|--------------|
| • Bæn          | • Hinn þróngi og krappi vegur | • Játning    |
| • Freisting    | • Hreinsast af synd           | • Sakramenti |
| • Fyrirgefning |                               |              |

# Boðorðin

*Undirbúa fyrir skírn og staðfestingu*

Athugasemdir



## Kenna lexíuna

Hægt er að kenna boðorðin í lexíu þessari á margan hátt. Dæmi: Þú getur kennt nokkur boðorðanna í þessari lexíu sem hluta af fyrstu þremur lexíunum eða þú getur kennt nokkur boðorðanna í sér lexíu. Ákvörðun þín ætti að taka mið af þörfum trúarnema þinna og leiðsögn andans.

## Búðu þig undir kennslu

Takmark þitt við að kenna boðorðin er að hjálpa fólk að lifa samkvæmt fagnaðarerindinu með því að iðka trú á Jesú Krist og að iðrast er það býr sig undir skírn og staðfestingu. Fólk mun öðlast aukinn vitnisburð um fagnaðarerindið þegar það lifir eftir boðorðunum og sýnir „sundurkramið hjarta og sáriðranda anda“ og tekur að iðrast allra sinna synda (sjá Moró 6:1–4; K&S 20:37).

Þessi lexía er frábrugðin hinum þremur fyrstu. Fyrstu þrjár lexíurnar útskýrðu kenningar fagnaðarerindis Jesú Krists. Þessi lexía útskýrir ákveðin boðorð sem Guð hefur gefið, er auðvelda okkur að tileinka okkur reglur fagnaðarerindisins.

Hægt er að kenna lexíu þessa á margan hátt. Ákvörðun þín ætti að taka mið af þörfum trúarnema þinna og leiðsögn andans. Hugsaðu stöðugt og biðstu fyrir um hvernig best sé að hjálpa trúarnemum að lifa samkvæmt fagnaðarerindinu. Tillögur að kennslu:

- Kenna tvö eða þrjú boðorð sem hluta af fyrstu þremur lexíunum. Hugleiddu reglurnar í Alma 12:32, ef þú einsetur þér að gera svo: „Guð gaf þeim ... boðorð, eftir að hafa kunngjört þeim endurlausnaráætlunina“ (skáletur hér). Ákveðin boðorð, eins og bæn og ritningarnám, væri hugsanlega best að kenna sem hluta af fyrstu þremur lexíunum. Önnur boðorð væri hugsanlega best að kenna eftir að þú hefur útskýrt kenningar fagnaðarerindisins eins og þær eru settar fram í fyrstu þremur lexíunum.
- Kenna tvö eða þrjú boðorðanna í einni lexíu.

Athugasemdir

- Kenna eitt boðorð í einni lexíu.
- Kenna boðorðin í samhengi við fagnaðarerindið. Farðu stuttlega yfir lexíuna um fagnaðarerindi Jesú Krists áður en þú kennir eitt boðorð eða fleiri. Með því að gera svo auðveldar þú trúarnemum að átta sig á hvernig boðorðin tengjast á breiðari grunni því að iðka trú á frelsarann og iðrast og búa sig undir skírn og staðfestingu. Þeir geta notið blessana í lífinu þegar þeir átta sig á að fagnaðarerindi Jesú Krists er fyrirmynnd að lífshætti.

Þú getur kennt sumum trúarnemum með því að heimsækja þá nokkrum sinnum og öðrum með því að heimsækja þá oftar. Þér gefst kostur á að kenna lexíurnar á þann hátt sem best verður til að búa fólk undir skírn og staðfestingu. Takmark þitt er ekki aðeins að fara yfir allt efnið, heldur að hjálpa öðrum að koma til Krists fyrir trú á Jesú Krist, iðrun, skírn, gjöf heilags anda og að standast allt til enda.

Lexíur ættu sjaldan að vera lengri en 45 mínútur. Þú kannt að uppgötva að heimsóknir leyfa aðeins styttri lexíur. Sé raunin sú, kannt þú að þurfa að kenna efnisminni lexíur í fleiri heimsóknum.

Þú getur kennt þessa lexíu á margan hátt. Best er að taka mið af þörfum trúarnema og leiðsögn andans þegar ákveða á hvaða boðorð skal kenna, hvenær best er að kenna það og hversu mikinn tíma skal gefa því.

## Lærðu um boðorðin og skuldbindingarnar

Gerðu eins og hér á eftir segir þegar þú lærir þessa lexíu:

- Lærðu kaflann sem útskýrir boðorðið og skráðu einfalda kennsluáætlun með þremur til fimm meginatriðum.
- Kenndu félaga þínnum tveggja eða þriggja mínútna útgáfu. Æfðu á hvaða hátt þú ætlar að setja fram boðorð og hvernig þú ætlar að leysa vanda trúarnema.
- Ræddu leiðir til að fylgja hverju því boðorði eftir sem trúarnemi hefur gengist við.

## Hlýðni

Guð gefur boðorð okkur til hagsældar. Þau eru boð frá ástríkum föður á himnum til að auðvelda okkur að vera hamingjusöm. Hann gefur okkur einnig sjálfraði eða hæfileika til að velja á milli góðs og ills. Þegar við hlýðum Guði, hlítum við áhrifum andans og veljum að laga okkur að vilja hans. Hlýðni við boðorðin færir okkur frið í þessu lífi og eilíft líf í komandi heimi. Hlýðni sýnir elsku okkar til Guðs. Óhlýðni færir okkur sorg.

Himneskur faðir þekkir veikleika okkar og sýnir okkur þolinmæði. Hann blessar okkur er við reynum að hlýða boðorðunum. Hann væntir þess að við hlýðum honum, svo hann geti blesað okkur.

### Ritningarnám

#### Sjálfraði

2 Ne 2:26–29  
Alma 12:31

K&S 58:26–29  
K&S 82:8–10

Leiðarvísir að ritningunum: „Sjálfraði“

#### Hlýðni

K&S 130:20–21

Jóh 14:15, 21

Préd 12:13

**Skuldbinding**

- Vilt þú hlýða lögmálum Guðs?

**Biðjast oft fyrir**

Guð býður okkur að biðja til sín. Þú getur beðist fyrir hvenær sem er og í hvaða stöðu sem er. Drottinn hefur boðið okkur að krjúpa í bæn kvölds og morgna, ein og sér og með fjölskyldu okkar. Himneskur faðir heyrir bænir okkar og svarar þeim. Við hljótum guðlega leiðsögn og blessanir fyrir daglegt bænahald. Við ættum alltaf að biðjast fyrir af einlægningi. Við ættum alltaf að biðjast fyrir af „einlægum ásetningi,“ en það felur það í sér að við einsetjum okkur að breyta samkvæmt bænasvari okkar.

Við biðjum í trú á himneskan föður í nafni Jesú Kristi (sjá HDP Móse 5:8). Hann mun svara bænum okkar, því hann er faðir okkar og við börn hans. Við hefjum bænir okkar á því að ávarpa föður okkar á himnum. Við ljúkum bænum okkar á því að segja: „Í nafni Jesú Kristi, amen.“

Í bænum okkar ræðum við opinskátt og einlæglega við okkar ástykera föður á himnum. Við látum þakklæti í ljós fyrir blessanir okkar. Við tjáum honum elsku okkar. Við biðjum einnig um hjálp, vernd og leiðsögn, í samræmi við eigin þarfir.

Pegar við biðjumst fyrir í trú, heiðarleika og af einlægum ásetningi, munum við skynja áhrif Guðs í lífi okkar. Hann mun leiða okkur í daglegu lífi og hjálpa okkur að velja rétt. Hann mun blesa okkur með friði og hughreystingu. Hann mun vara okkur við hættum og veita okkur styrk gegn freistungum. Hann mun fyrirgefa syndir okkar. Við munum skynja nálægð hans. Við þurfum að átta okkur á áhrifum hans í lífi okkar. Við þurfum að læra að hlusta á hina hljóðu, kyrrlátu rödd andans.

Við getum vitað þegar heilagur andi kennir okkur sannleikann. Hugur okkar fyllist innblæstri og upplýftandi hugsunum. Hann mun upplýsast eða öðlast nýja vitneskju. Brjóst okkar fyllist friði, elsku og gleði. Við munum vilja láta gott af okkur leiða og hjálpa öðrum. Erfitt er að lýsa slíkri skynjun, en við getum skilið hana með því að upplifa hana.

**Ritningarnám**

2 Ne 32:8–9	K&S 6:22–23	K&S 19:28
Enos 1:1–12	K&S 8:2–3	1 Kon 19:11–12
Alma 34:17–28	K&S 9:7–9	Leiðarvísir að ritningunum: „Bæn“
Moró 10:3–5		

**Skuldbinding**

- Vilt þú krjúpa og biðjast fyrir daglega í einrúmi og með fjölskyldu þinni?

Athugasemdir

**Læra ritningarnar**

Ritningarnar eru hið ritaða orð Guðs og heimildir um samskipti hans við börn sín, eins og spámenn hafa skráð þau undir áhrifum heilags anda. Við sýnum trú okkar með því að læra, trúá á og hlýða hinu opinberaða orði Guðs. Við rannsökum ritningarnar af kostgæfni til að skilja sannleikann. Við endurnærumst á þeim, vegna þess að þær ljúka upp dyrum

Athugasemdir

opinberunar og greina frá því sem við þurfum að gera og verða. Við rannsökum ritningarnar til að læra um Jesú Krist og fagnaðarerindi hans. Trú á Jesú Krist er gjöf frá Guði, sem við hljótum þegar við lærum orð hans, lifum eftir því og fagnaðarerindi hans. Samþykktar ritningar kirkjunnar, sem einnig eru nefndar helgiritin, eru hin helga Biblía, Mormónsbók, Kenning og sáttmálar og Hin dýrmæta perla. Við ættum að læra þessar helgu bækur daglega.

**Ritningarnám**

1 Ne 19:22–23	2 Ne 31:19–20	Jóh 20:31
2 Ne 9:50–51	2 Ne 32:3–5	2 Tím 3:14–17
2 Ne 25:26	Alma 32:28–30	2 Pét 1:20–21
2 Ne 29:1–13	Jóh 5:39	

**Skuldbinding**

- Vilt þú lesa ritningarnar daglega sem einstaklingur og með fjölskyldu þinni?

**Halda hvíldardaginn heilagan**

Það sem við gerum á hvíldardegi endurspeglar þá skuldbindingu okkar að heiðra og tilbiðja Guð. Við sýnum Guði hversu fús við erum til að halda sáttmála okkar með því að halda hvíldardaginn heilagan. Við ættum að fara í hús Drottins hvern hvíldardag til að tilbiðja hann. Þar meðtökum við sakramentið til að hafa Jesú Krist og friðþægingu hans í huga. Við endurnýjum sáttmála okkar og sýnum að við erum fús til að iðrast synda okkar og misgjörða.

Á þessum degi hvílumst við frá daglegum störfum. Þegar við sækjum kirkjusamkomur og tilbiðjum saman styrkjum við hvert annað. Við endurnýjumst í samveru vina og fjölskyldu. Trú okkar styrkist og við lærum ritningarnar og aukum þekkingu okkar á hinu endurreista fagnaðarerindi.

Þegar samfélag eða þjóð lætur hjá líða að virða athafnir hvíldardagsins, mun trúarlífi hraka og neikvæð áhrif verða á öllum sviðum lífsins. Blessanir þess að halda hvíldardaginn heilagan munu þá glatast. Við ættum að forðast að versla á sunnudögum og að taka þátt í skemmtunum og ʃróttavíðburðum, sem eru hvíldardeginum nú til vandsæmdar.

Síðari daga heilagir ættu að forðast veraldlegar athafnir á þessum helga degi og tileinka sér anda tilbeiðslu, þakkaðjörðar, þjónustu og fjölskylduvænar athafnir, sem eru samboðnar hvíldardeginum. Þegar kirkjuþegnar gera sitt besta við að tileinka sér allt það sem samboðið er hvíldardeginum, af einlægum ásetningi og í anda Drottins, mun líf þeirra fyllast gleði og friði.

**Ritningarnám**

3 Ne 18:1–25	2 Mós 20:8–11	Jes 58:13–14
K&S 59:9–15	2 Mós 31:12–17	

**Sitja hjá trúarnemum eða kirkjuþegnum í kirkju**

Þegar trúarnemar, nýskírðir trúskiptingar eða kirkjuþegnar koma á sakramentissamkomu eða stíkuráðstefnu, ættu trúboðar að sitja hjá þeim. Trúboðar ættu ekki að sitja saman í hóp.

**Skuldbindingar**

- Vilt þú halda hvíldardaginn heilagan?
- Vilt þú búa þig undir að meðtaka sakramentið af verðugleika?

**Viðeigandi viðtalsspurningar skírnar**

- Hvaða skilning hefur þú á hvíldardeginum, sem felur m.a í sér að meðtaka sakramentið vikulega og þjóna öðrum? Ertu fús til að hlýða þessu lögmáli [áður en þú lætur skírast]?

Athugasemdir

**Skírn og staðfesting**

Við sýnum þrá okkar til að fylgja Guði með því að taka á móti skírn og staðfestingu. Þegar við tökum á móti skírn og staðfestingu, gerum við sáttmála við Guð um að taka á okkur nafn Jesú Krists og að hafa hann ávallt í huga og að halda boðorð hans. Við lofum einnig að standa sem vitni Guðs, alltaf, í öllu og allsstaðar og að hjálpa hinum þurfandi (sjá Mósía 18:8–9). Guð lofar í staðinn að heilagur andi verði okkur stöðugur förunautur, að við hljótum fyrirgefningu og fæðumst að nýju.

**Skuldbindingar**

- Vilt þú taka á móti skírn og staðfestingu?
- Vilt þú bjóða trúarnemum að koma á skírnarsamkomu?
- Bjóddu trúarnemum, ef mögulegt er, á sakamentissamkomu þar sem einhver hlýtur staðfestingu.

**Viðeigandi viðtalsspurningar skírnar**

- Allar viðtalsspurningar skírnar.

**Skírnarboð**

Skírnar- og staðfestingarboðið ætti að bera fram skýrt og skorinort: „Vilt þú fara að fordæmi Jesú Krists með því að láta skírast af þeim sem hefur prestdæmisvaldsumboð frá Guði? Við verðum með skírnarsamkomu hinn [dags]. Vilt þú búa þig undir að láta skírast á þeim degi?“

**Fylgja spámanninum**

Sannleikur er þekking á hlutum eins og þeir eru, eins og þeir voru og eins og þeir munu verða. Hann er hvorki háður aðstæðum né tíma. Sannleikurinn er hinn sami á öllum öldum og meðal allra menningarþjóða. Guð er uppsprettu alls sannleika. Við getum trúað á hann, því við vitum að hann mun aðeins kenna okkur sannleika. Guð vill að öll börn sín þekki sannleikann. Hann opinberar því spámönnum og postulum þann sannleika sem nauðsynlegur er til sáluhjálpar. Hann opinberar hverju og einu okkar sannleika fyrir ritningarnar og persónulegar opinberanir.

Spámaður er kallaður og útvalinn af Guði og er réttlátur og mjög trúaður maður. Drottinn opinberar honum sannleika með heilögum anda. Hann býður spámanni sínum að kenna fólkiniu sannleikann. Þeir sem trúa orði Guðs, eins og það er opinberað spámanni hans, njóta blessana.

Kirkja Krists er reist á grunni postula og spámanna, sem leiða kirkjuna með opinberun. Drottinn kallaði Joseph Smith sem sinn fyrsta spámann í þessari ráðstöfun og hann veitir

Athugasemdir

henni forystu. Peir sem leitt hafa Kirkju Jesú Krista hinna Síðari daga heilögu í kjölfar hans, eru einnig spámenn og postular. Núverandi forseti kirkjunnar er lifandi spámaður. Okkur ber að hafa trú á Guðs útvalda spámanni, að öðlast sannfæringu um guðlega köllun hans og að hlíta kenningum hans.

Okkur gefast oft tækifæri til að styðja kirkjuleiðtoga opinberlega. Að *styðja* er að leggja lið. Þess er vænst að við undirbúum okkur, svo að heilagur andi geti staðfest okkur þann sannleika sem spámenn og postular mæla fram og við getum einsett okkur að fara að ráðum þeirra.

Peir sem hlýða á og fara að ráðgjöf lifandi spámanna og postula, munu ekki leiðast afvega. Kenningar lifandi spámanna eru sem akkeri eilífs sannleika í heimi hrakandi siðferðis og þær forða okkur frá sorg og vesæld. Erjur og ringulreið heimsins munu ekki yfirbuga okkur og við njótum þeirrar fullvissu að vera í samhljómi við vilja Guðs.

### Ritningarnám

Mósia 15:11–12	K&S 21:1–7	Ef 2:19–20
Alma 13:1–16	K&S 136:37–38	Ef 4:11–14
3 Ne 12:1–2	Jóh 15:16	Hebr 5:4
K&S 1:37–38	Post 10:34–44	Amos 3:7

### Skuldbindingar

- Vilt þú hitta biskupinn?
- Vilt þú styðja og fara að ráðgjöf kirkjuleiðtoga?

### Viðeigandi viðtalsspurningar skírnar

- Trúir þú að [núverandi forseti kirkjunnar] sé spámaður Guðs? Hvaða þýðingu hefur það fyrir þig?

## Halda Boðorðin tú

Himneskur faðir gefur okkur boðorð, svo ljóst sé hvað okkur ber að gera og forðast, til að hljóta þær blessanir sem hann óskar að færa okkur (gleði, samviskufríð, varanlega hamingju). Guð opinberaði Móse Boðorðin tú til að leiða fólk hans.

- „Þú skalt ekki hafa aðra guði en mig“ (2 Mós 20:3). Aðrir „guðir“ geta verið eigin, vald eða stöður.
- „Þú skalt engar líkneskjur gjöra þér“ (2 Mós 20:4).
- „Þú skalt ekki leggja nafn Drottins Guðs þíns við hégóma“ (2 Mós 20:7).
- „Minnstu þess að halda hvíldardaginn heilagan“ (2 Mós 20:8).
- „Heiðra föður þinn og móður“ (2 Mós 20:12).
- „Þú skalt ekki morð fremja“ (2 Mós 20:13).
- „Þú skalt ekki drýgja hór“ (2 Mós 20:14).
- „Þú skalt ekki stela“ (2 Mós 20:15).
- „Þú skalt ekki bera ljúgvitni gegn náunga þínnum“ (2 Mós 20:16).
- „Þú skalt ekki girnast“ (2 Mós 20:17).

Boðorðin tú er enn í gildi. Þau kenna okkur að tilbiðja Guð og að sýna honum lotningu. Þau kenna okkur einnig hvernig okkar ber að breyta við hvert annað.

**Enga aðra guði**

Fólk meðal margra menningarlanda geldur hlutum sem minna það á Guðóminn eða forfeður virðingu sína. Stundum eru þessir hlutir, til að mynda styttr, trúartákn eða helgiskrín, miðpunktur tilbeiðslu þess. Hjálpaðu því að skilja að Drottinn hefur boðið okkur að tilbiðja ekki trúartákn. Hvettu það til að fjarlægja af heimili sínu hvers kyns hluti sem það notar til tilbeiðslu eða bænahalds. Hjálpaðu því að beina sjónum sínum að trú og tilbeiðslu á himneskum föður og Jesú Krist. Kenndu því að Kristur sér þungamiðja hins endurreista fagnaðarerindis Jesú Krist.

Drottinn hefur kennt okkur í hinu endurreista fagnaðarerindi á hvaða hátt okkur ber að minnast hans. Við minnumst hans með bænahaldi, sakramentinu og musteristilbeiðslu. Trúboðsforsetar veita leiðsögn á ákveðnum landssvæðum.

**Ritningarnám**

Mósia 13	Matt 22:36–40	5 Mós 5:6–21
K&S 59:5–6	2 Mós 20:1–17	

**Skuldbinding**

- Vilt þú halda Boðorðin tíu?

Athugasemdir

**Lifa samkvæmt skírlífislögálinu**

Guð hefur velþóknun á skírlífi og andstyggð á kynferðissyndum. Skírlífi felur í sér algjört bann við kynferðissamböndum fyrir hjónaband og fullkomna tryggð og hollustu við einn maka eftir að til hjónabands er stofnað. Þeir sem lifa samkvæmt skírlífislögálinu njóta þess styrks sem er ávoxtur sjálfsaga. Þeir njóta trausts og trúnaðar í fjölskyldu sinni. Þeir geta betur notið áhrifa heilags anda í lífi sínu. Þeir sem brjóta þetta lögumál þjást af látlausri sektarkennd, sem er þung byrði að bera.

Skírlífi krefst staðfestu hugar og handar. Við verðum að halda huga okkar hreinum og sýna háttprýði í klæðnaði og verkum. Við verðum að forðast hvers kyns klám. Við þurfum að umgangast hinn guðlega sköpunarkraft og líkama okkar af heilagleika. Tilvonandi skírnþegar þurfa að lifa samkvæmt skírlífislögálinu, sem bannar hvers kyns\ kynferðissambönd utan löglegs hjónabands karls og konu. Þeir mega ekki gangast undir fóstureyðingu eða stofna til samkynhneigðs sambands. Þeir sem hafa drýgt kynferðissyndir geta iðrast og hlotið fyrirgefningu.

**Pör sem búa saman**

Karl og kona sem búa saman, en eru ekki gift, geta ekki tekið á móti skírn án þess fyrst að stofna til hjónabands eða slíta sambandinu. Þeir sem eru giftir fleiri en einum maka á sama tíma geta ekki tekið á móti skírn. Leitaðu ráðgjafar hjá trúboðsforseta, en hann mun veita leiðsögn í hverju tilviki.

**Ritningarnám**

Jakob 2:28	3 Ne 12:27–30	Matt 5:27–28
Mósia 13:22	K&S 42:22–24	Róm 1:26–32
Alma 39:3–5	K&S 63:16	Ef 5:3–5

Athugasemdir

**Skuldbinding**

- Vilt þú lifa samkvæmt skírlifislögmálinu?

**Viðeigandi viðtalssprungar skírnar**

- Hver er skilningur þinn á skírlifislögmálinu, sem bannar hvers kyns kynferðissambönd utan löglegs hjónabands karls og konu? Ertu fús til að hlýða þessu lögmáli [áður en þú lætur skírast]?
- Hefur þú einhvern tíma gengist undir fóstureyðingu? Verið í samkynhneigðu sambandi? [Ath.: Sá sem svarar einhverjum þessum spurningum játandi, þarf að eiga viðtal við trúboðsforseta áður en hann lætur skírast.]

**Hlýða Vísdómsorðinu**

Drottinn opinberaði spámanninum Joseph Smith heilbrigðislögmál sem nefnt er Vísdómsorðið. Lögmál þetta greinir frá hvers konar fæðutegundir og efni við ættum að neyta og ekki neyta til að viðhalda góðri líkamsheilsu og forðast ill áhrif. Drottinn lofar góðri heilsu, styrk, vernd gegn hinu illa og aukinni næmni fyrir andlegum sannleika.

Hafið í huga að líkami okkar er heilagur. Við ættum að meðhöndla hann af virðingu og lotningu. Vísdómsorðið kveður á um að við eignum að neyta hollrar fæðu. Það kveður sérstaklega á um að við eignum að forðast skaðleg efni, til að mynda áfengi, tóbak, te og kaffi. Við verðum einnig að forðast skaðleg lyf, hverrar tegundar sem er. Þeir sem þú kennir verða að hætta neyslu slíkra efna áður en þeir láta skírast. Fólk sem hlýðir Vísdómsorðinu er næmara á andlegan sannleika.

Trúboðsforseti mun skera úr um hvort önnur ákveðin efni þíns menningarsvæðis falli undir Vísdómsorðið.

**Sigrast á ánetjun**

Þú kemur þeim sem berjast við að sigrast á reykingum, áfengissýki og annari ánetjun að mestu gagni með því að fara að þessum reglum. Neðangreindar ábendingar eiga einkum við um Vísdómsorðið, en einnig má nýta þær við annarskonar ánetjun.

1. Hjálpaðu fólkí að setja sér markmið um hvenær og hvernig það hyggst lifa samkvæmt Vísdómsorðinu.
  2. Biðstu fyrir í þess þágu í einkabænum og þegar þú ert meðal þess.
  3. Vertu jákvæður og uppörvandi – jafnvel þótt það hrasi.
  4. Haltu áfram að kenna því fagnaðarerindið. Kenndu því hvernig nota á bæn og trú til að hljóta styrk.
  5. Hjálpaðu því að koma í kirkju reglulega og mynda vinskap við aðra sem lifa samkvæmt Vísdómsorðinu og hafa sigrast á sömu fíkn.
  6. Bjóddu þeim prestdæmisblessun, ef það er viðeigandi.
  7. Hvettu það til að fjarlægja af heimili sínu hvers kyns skaðleg efni.
- Sjá kafla 10 til frekari upplýsinga um hvernig hjálpa skal fólkí að sigrast á fíkn.

**Ritningarnám**

K&amp;S 89

1 Kor 3:16–17

1 Kor 6:19–20

**Skuldbinding**

- Vilt þú lifa samkvæmt Vísdómsorðinu?

**Viðeigandi viðtalsspurningar skírnar**

- Hver er skilningur þinn á Vísdómsorðinu? Ertu fús til að hlýða þessu lögþálfanlegum [áður en þú lætur skírast]?

Athugasemdir

**Lifa samkvæmt tíundarlögmálinu**

Ein mesta blessun aðildar að Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu eru þau forréttindi að geta lagt sitt af mörkum til vaxtar Guðs ríkis með greiðslu tíundar. Tíund er forn guðlegt lögþálfanlegum. Abraham í Gamla testamentinu, til að mynda, greiddi tíund af öllum eignum sínum (sjá Alma 13:15).

Drottinn lofar þeim sem greiða tíund að hann muni „[ljúka] ... upp ... flóðgáttum himins og [úthella] yfirgnæfanlegri blessun“ (Mal 3:10). Blessanir þessar geta bæði verið stundlegar sem andlegar og verða þeirra sem hlýða þessu guðlega lögþálfanlegum.

Tíund er einn tíundi hluti og Drottinn hefur boðið að við gefum einn tíunda af aukningu okkar, og er þar átt við tekjur, svo við megum blessuð verða. Tíundarlögmálið gerir okkur kleift að hjálpa til við að byggja upp ríki hans. Tíund okkar er Drottni heilög og við heiðrum hann með tíundargreiðslu. Guð lofar að blesa þá yfirgnæfanlega sem greiða tíund heiðarlega. Þeir sem ekki greiða tíund prettu Guð (sjá Mal 3:8). Þeir halda eftir fyrir sjálfan sig því sem með réttu er hans.. Við ættum fyrst að leita Guðs ríkis og tíund er mikilvæg leið í þeirri viðleitni. Tíundargreiðsla er merki um trú. Hún er ytra tákna um trú okkar á Guð og verk hans.

Tíundarsjóður er notaður til að viðhalda verkefnum kirkjunnar, til að mynda byggingu mustera og samkomuhúsa, til að færa öllum heiminum fagnaðarerindið, og til stuðnings musteris- og ættfræðistarfi og öðru starfi hvarvetna um heim. Tíund fer ekki í launagreiðslur kirkjuleiðtoga á heimasvæðum, en þeir þjóna án þess að fá greitt fyrir á nokkurn hátt.

Kirkjuleiðtoga á heimasvæðum senda tíund, sem þeir fá afhenta vikulega, beint til höfuðstöðva kirkjunnar. Ráð, sem skipað er Æðsta forsætisráðinu, Tólfpostulasveitinni og Yfirbiskupsráðinu, ákvæður hvernig nota skal hinn helga tíundarsjóð.

**Ritningarnám****Tíund**

K&S 119	Hebr 7:1–2	3 Mós 27:30–33
K&S 120	1 Mós 14:18–20	Mal 3:7–12

**Trú**

3 Ne 13:33	Eter 12:6
------------	-----------

**Skuldbinding**

- Vilt þú lifa samkvæmt tíundarlögmálinu eftir skírn þína?

**Viðeigandi viðtalsspurningar skírnar**

- Hver er skilningur þinn á tíundarlögmálinu? Ertu fús til að hlýða þessu lögþálfanlegum?

Athugasemdir

## Lifa samkvæmt föstulögmalinu

Miklar blessanir standa þeim til boða sem hlýða því boðorði Guðs að fasta. Fasta er að vera án matar og drykkjar í ákveðinn tíma. Yfirleitt er fyrsti sunnudagur hvers mánaðar helgaður þeim sérstaka tilgangi að fasta yfir tvær aðalmáltíðir, biðjast fyrir og gefa vitnisburð. Fasta og bæn haldast í hendur. Þegar við föstum og biðjumst fyrir í trú, verðum við næmari á bænasvör og blessanir Drottins. Hann lofar að leiða okkur alltaf. Við ættum að fasta og biðjast fyrir í ákveðnum tilgangi. Fasta er persónuleg og andleg og við ættum alltaf að vera meðvituð um að við séum að fasta.

Sönn trúarbrögð snúast um að annast hina fátæku. Okkur ber að hjálpa þeim að sjá fyrir líkamlegum og andlegum þörfum. Þegar við föstum, ánöfnum við kirkjunni peninga til hjálpar hinum fátæku og þurfandi. Við nefnum það föstufór. Við gefum hið minnsta þá peningaupphæð sem sparast við að neita sér um tvær máltíðir. Við þurfum þó ekki að einskorða framlag okkar við andvirði tveggja máltíða. Við erum hvött til að vera örlát á eigur okkar. Þegar við þannig önnumst hina fátæku, erum við að uppfylla skírnarsáttmála okkar og viðhalda fyrirgefningu synda okkar.

### Ritningarnám

#### Fasta

Omní 1:26	Alma 17:2–3	K&S 59:12–16
Alma 5:45–46	Moro 6:5	Matt 6:1–4, 16–18
Alma 6:6	K&S 88:76	Jes 58:6–11

#### Annast hina fátæku

Mósia 4:16–27	Alma 4:12–13	Jakbr 1:27
Mósia 18:8–10	Matt 25:34–46	Jes 58:3–12

### Skuldbindingar

- Vilt þú fasta og biðjast fyrir næsta föstu–sunnudag í ákveðnum tilgangi?
- Vilt þú gefa föstufór af örlæti [eftir skírn þína]?

## Hvernig greiða á tíund og fórnir

Tíund og fórnir eru persónulegar og sjálfviljugar greiðslur. Kirkjuþegnar geta greitt tíund og fórnir hvenær sem er, en yfirleitt er best að greiða tíund þegar við fáum útborgað og föstufór á þeim degi sem við föstum. Þegar kirkjuþegnar láta fé af hendi rakna útfylla þeir gjafaseðil, sem þeir geta fengið hjá biskupsráði. Kirkjuþegnar halda eftir gulu afriti gjafaseðilsins og setja hvíta frumritið og framlagið í meðfylgjandi gjafaumslag, sem líma skal aftur. Umslagið er afhent einhverjum í biskupsráði. Slík framlög eru álitin helg og tilheyra Drottini. Meðlimur biskupsráðs og ritari bókfæra öll framlög samviskusamlega og sýna fyllsta trúnað.

Kirkjuþegnar eiga uppgjörsviðtal við biskup við lok hvers árs til að gera grein fyrir trúmennsku við greiðslu tíundar á árinu. Í einkaviðtali þessu fá kirkjuþegnar uppgjörskvittun heildargreiðslna framlaga sinna á árinu. Allar upplýsingar um fjármál eru bundnar fyllsta trúnaði.

**Kenndu hvernig greiða á tíund og fórnir**

Sýndu gjafaseðil og gjafaumslag og útskýrðu notkun þeirra. Þú gætir þurft að aðstoða nýskírða trúskiptinga við að útfylla seðilinn.

Athugasemdir

**Fara að landslögum og virða þau**

Síðari daga heilagir hvarvetna hafa þá trú að fara skuli að lögum lands síns. Kirkjuþegnar eru hvattir til að vera góðir samfélagsþegnar, vera virkir í stjórnmálaframvindu og leggja sitt af mörkum til samfélagsþjónustu. Það gera þeir sem umhyggjusamir samfélagsþegnar, en ekki sem fulltrúar kirkjunnar.

**Ritningarnám**

K&S 58:21	K&S 130:20–21	Trúaratriðin 1:12
K&S 98:5	K&S 134	

**Skuldbinding**

- Vilt þú fara að þeim lögum sem gilda í landi þínu?

**Viðeigandi viðtalsspurningar skírnar**

- Hefur þú framið alvarlegan glæp? Ef svo er, ert þú nú á skilorði eða reynslulausn? [Ath.: Sá sem svarar einhverjum þessum spurningum játandi, þarf að eiga viðtal við trúboðsforseta áður en hann lætur skírast.]

**Verkefni**

Skráðu öll loforð Drottins í ritningunum, er tengist hverri skuldbindingu, sem hann heitir þeim sem halda boðorðin. Skráðu í námsdagbókina þau loforð sem orðið hafa að veruleika í þínu lífi.

# Lögmál og helgiathafnir

## Eftir skírn og staðfestingu



### Búðu þig undir kennslu

Eftir skírn og staðfestingu trúskiptinga, ákveða deildarleiðtoga hvort deildartrúboðar eða fastatrúboðar verði í forsvari áframhaldandi kennslu lexía og hversu lengi fastatrúboðar séu með í þeirri kennslu. Kenna ætti lexíu þessa nýjum kirkjuþegnum, stuttu eftir skírn þeirra og staðfestingu. Þú getur byrjað að kenna þeim um lögmál þessi og helgiathafnir milli skírnar þeirra og staðfestingar eða jafnvel fyrir skírn. Til vonandi skírnþegar ættu hið minnsta að vera meðvitaðir um þessi lögmál og helgiathafnir áður en þeir láta skíast.

Þessi lexía er byggð upp líkt og lexía 4. Kennslan ætti að taka mið af þörfum hinna nýskírðu og leiðsögn andans. Hugleiddu stöðugt og biðstu fyrir varðandi hvernig best er að hjálpa hinum nýskírðu að lifa samkvæmt fagnaðarerindinu. Tillögur að kennslu:

- Kenna hinum nýja kirkjuþegn öll lögmál og allar helgiathafnir þessarar lexíu samhliða upprifjun á eftirtoldum lexíum: „Boðskapur endurreisnarinnar,“ „Sáluhjálparáætlunin“ og „Fagnaðarerindi Jesú Krists.“ Þú getur til að mynda kennt um prestdæmisstarf og trúboðsstarf samhliða upprifjun á boðskap endurreisnarinnar; eða um eilíft hjónaband, musteris- og ættfræðistarf og kennslu og nám í kirkjunni samhliða upprifjun á sáluhjálparáætluninni. Þú getur kennt um hinn krappa og þrónga veg og þjónustu í kirkjunni samhliða upprifjun á fagnaðarerindi Jesú Krists.
- Kenna tvö eða þrjú lögmál og helgiathafnir í einni lexíu.
- Kenna eitt lögmál og helgiathöfn í einni lexíu.

Fáðu kirkjuþegna til samstarfs við að hjálpa nýjum kirkjuþegnum að taka á móti og byrja að lifa samkvæmt þessum lögmálum og helgiathöfnum. Hjálpaðu nýjum kirkjuþegnum að skilja að með því að lifa samkvæmt lögmálum Guðs, muni þeir hljóta fyrirgefningu synda sinna og halda sig á veginum til eilífs lífs. Peir munu upplifa frið og gleði í ríkari mæli. Þeir munu hljóta svör við spurningum lífsins og það öryggi sem fylgir því að tilheyra hinni sönnu kirkju Jesú Krists. Lögmálin og helgiathafnir eru leiðarvísar að gleðiríku lífi, í trú á Jesú Krist og staðfastri von um að öðlast eilíft lif með föður okkar á himnum.

### Lærðu um lögmálin, helgiathafnirnar og skuldbindingarnar

Þegar þú lærir „Lögmál og helgiathafnir“ er gagnlegt að gera eins og hér segir:

Athugasemdir

- Lærðu kaflann sem útskýrir kenninguna og skráðu einfalda kennsluáætlun með þremur til fimm meginatriðum
- Kenndu félaga þínnum tveggja eða þriggja mínumútna útgáfu. Æfðu á hvaða hátt þú ætlar að setja fram hvert boð um skuldbindingu og hvernig þú ætlar að leysa vanda þess sem þú kennir.
- Ræddu árangursríkar leiðir til að fylgja hverri þeirri skuldbindingu eftir sem hin nýskírði hefur gengist við.

## Prestdæmi og aðildarfélög

Prestdæmið er kraftur og valdsumboð veitt mönnum til að starfa í nafni Guðs til sáluhjálpar börnum hans. Við hljótum helgathafnir sáluhjálpar fyrir tilstilli prestdæmisins, svo og blessanir lækningar, hughreystingar og leiðsagnar.

Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu er leidd af spámönnum og postulum. Það eru réttlátilr menn sem kallaðir eru af Guði og veitt er prestdæmið. Kristur vígði postula sína til forna og veitti þeim prestdæmið. Það valdsumboð glataðist þegar fólkid hafnaði fagnaðarerindinu og tók Krist og postulana af lífi.

Valdsumboð prestdæmisins var endurreist árið 1829, þegar Jóhannes skírari birtist spámanninum Joseph Smith og Oliver Cowdery. Hann lagði hendur á höfuð þeirra og veitti þeim Aronsprestdæmið (sjá K&S 13). Nokkru síðar lögðu Pétur, Jakob og Jóhannes, sem voru meðal hinna upprunalegu tólf postula, hendur á höfuð Josephs Smith og Olivers Cowdery og veittu þeim Melkísedeksprestdæmið, sem Pétur, Jakob og Jóhannes höfðu hlotið frá Jesú Kristi (sjá K&S 27:12–13).

Menn geta aðeins hlotið valdsumboð prestdæmisins með réttri vígslu og handayfirlagningu þeirra sem hafa til þess vald. Þeim manni sem veitt er prestdæmið er gefið undursamlegt tækifæri. Hann gerir sáttmála um að rækja helgar skyldur, þjóna öðrum og leggja af mörkum til uppbyggingar kirkjunnar. Hann verður að þrá að þjóna Guði og vígjast þessum krafti (sjá K&S 4:3; 63:57). Prestdæmishöfum er einnig nauðsynlegt að framkvæma helgathafnir, eins og skírn og staðfestingu. Þegar valdsumboð prestdæmisins er notað af verðugleika, opinberast kraftur Guðs. Aðeins er mögulegt að nota valdsumboð prestdæmisins í réttlæti, kærleika og þolinmæði.

Prestdæmið allt er frá Guði. Tvö prestdæmi eru í kirkjunni: Aronsprestdæmið og Melkísedeksprestdæmið. Aronsprestdæmið þjónustar helgathafnir eins og skírn og sakramenti. Verðugir karlkyns kirkjuþegnar 12 ára og eldri hljóta Aronsprestdæmið stuttu eftir skírn og staðfestingu.

Verðugir fullorðnir karlkyns kirkjuþegnar hljóta svo loks Melkísedeksprestdæmið eða aðra prestdæmið. Kirkjuþegnar hljóta fjölmargar andlegar og stundlegar blessanir fyrir kraft þessa prestdæmis. Verðugir Melkísedeksprestdæmishafar geta veitt gjöf heilags anda, vígt aðra til prestdæmisins, eins og þeim er falið, smurt sjúka með helgaðri olíu og veitt blessun lækningar og hughreystingar. Verðugir eiginmenn og feður, sem hafa Melkísedeksprestdæmið, geta veitt maka sínum, börnum og öðrum í fjölskyldunni sérstakar blessanir. Heimiliskennrar heimsækja heimili kirkjuþegna og huga að einstaklingum og fjölskyldum. Biskupar og stikuforsetar eru dómarar í kirkjunni. Þeir hafa valdsumboð til að hjálpa þeim heilögu sem hafa syndgað til að iðrast og njóta allra blessana kirkjuáildar. Þeir eiga viðtöl við fólk til að tryggja verðugleika þess til að fara í musterið.

Aðildarfélög kirkjunnar aðstoða, undir leiðsögn prestdæmisins, við að styrkja kirkjuþegna. Þau styðja ríkulega við trúboðsstarfið með því að leggja sitt af mörkum

**Lexía 5:**  
**Lögmál og helgiathafnir**

Athugasemdir

við að finna trúarnema, kenna þeim og mynda vináttubönd við hina nýskírðu. Konur, 18 ára og eldri, eiga aðild að Líknarféluginu, sem ber umhyggju fyrir og þjónar fjölskyldum, einstaklingum og samfélagi. Stúlkur, 12 til 18 ára, eiga aðild að Stúlknaðféluginu. Piltar á sama aldri eiga aðild að Piltaféluginu. Öll börn, 3 ára til og með 11 ára, eiga aðild að Barnaféluginu. Allir kirkjuþegnar, 12 ára og eldri, eiga aðild að bekkjum í sunnudagaskóla.

**Ritningarnám**

Mósia 18:17	K&S 84:19–20	Lúk 9:1–6
Alma 13:1–19	K&S 107	Jóh 5:16
K&S 20:38–65	K&S 121:34–46	Jakbr 5:14–15

**Skuldbindingar**

- Vilt þú búa þig undir að hljóta Aronsprestdæmið (hæfir og verðugir piltar og karlar 12 ára og eldri)?
- Vilt þú búa þig undir að hljóta Melkísedeksprestdæmið (hæfir og verðugir fullorðnir karlar)?
- Vilt þú taka virkan þátt í viðeigandi aðildarfélagi?

**Trúboðsstarf**

Kirkjuþegnar sem miðla reynslu sinni af fagnaðarerindinu, munu upplifa gleði og hafa anda Drottins ríkulega með sér. Þegar við miðlum fagnaðarerindinu, sýnum við þakklæti fyrir hve dýrmætt og mikilvægt það er fyrir okkur og við elskum Guð og aðra heitar. Drottinn bauð fylgjendum sínum að préðika fagnaðarerindið um allan heim, og gaf því öllum kost á að taka á móti þeirri áskorun eða hafna henni. Þegar fólk lætur skírast gerir það sáttmála um að standa sem vitni Guðs, alltaf og allstaðar. Því er boðið að miðla fagnaðarerindinu til þeirra sem enn hafa ekki tekið á móti því. Þegar það lifir af hollustu samkvæmt fagnaðarerindinu, er það fyrirmund fyrir fjölskyldu sína og vini um hinar undursamlegu blessanir sem eru ávöxtur þess að lifa samkvæmt fagnaðarerindinu. Það ætti einnig að grípa tækifærin til að svara spurningum, gefa bæklinga eða hljóðgögn og bjóða öðrum að læra meira um boðskap hins endurreista fagnaðarerindis. Kirkjuþegnar ættu að biðjast fyrir í þágu þeirra sem ekki eru í kirkjunni. Þeir ættu að biðjast fyrir til að fá tækifæri til trúboðsstarfs – til að þjóna þeim sem ekki eru okkar trúar og miðla trú sinni. Drottinn lofar að hjálpa kirkjuþegnum til að vita hvað segja og gera skal er þeir miðla fagnaðarerindinu.

**Ritningarnám**

Jakob 5:70–75	K&S 19:29	K&S 84:74–76, 88
Mósia 28:3	K&S 33:8–11	K&S 88:81
K&S 18:10–16	K&S 38:40–42	K&S 100:5–8

**Skuldbindingar**

- Vilt þú búa þig undir að bjóða vini eða ættingja, sem ekki er í kirkjunni, að hitta trúboðana til að kenna fagnaðarerindið?
- Vilt þú biðjast fyrir í þágu trúboðanna og til að hljóta tækifæri til að miðla fagnaðarerindinu?
- Vilt þú búa þig undir að þjóna í trúboði?

# Eilíft hjónaband

Fjölskyldan er grunneining kirkjunnar. Fólk upplifir ýmiskonar gleði og sorg innan fjölskyldunnar. Hjónaband milli karls og konu er vígt af Guði og er kjarninn í eilífrei áætlun Guðs um sáluhjálp fyrir börn hans. Leiðin til sköpunar jarðlífsins er guðlega tilnefnd og er helguð hjónabandinu. Hin guðlega sæluáætlun gerir fjölskylduböndin varanleg handan grafar. Hjónabandið getur þó aðeins orðið eilíft þegar prestdæmishafar, sem til þess hafa valdsumboð, framkvæma helgiathöfn innsiglunar í helgum musterum, og þegar eiginmenn og eiginkonur, sem hafa verið innsigluð saman, halda þá sáttmála sem þau hafa gert. Eiginmenn og eiginkonur eiga að elska hvort annað. Þegar þau halda boðorðin og lifa eftir reglum fagnaðarerindisins, ber þeim að heiðra hjónabandsheit sín af fyllstu trúmannensku (sjá „Fjölskyldan: Yfirlýsing til heimsins,“ Líahóna, júní 1996; sjá einnig K&S 42:22).

Hamingju í fjölskyldulífi hljótum við fyrst og fremst þegar við byggjum á kenningum Drottins Jesú Krists og þegar foreldrar láta fjölskyldu sína vera í fyrirrúmi. „Samkvæmt guðlegri áætlun eiga feður að sitja í forsæti fjölskyldu sinnar í kærleika og réttlæti og bera þá ábyrgð að sjá henni fyrir nauðsynjum lífsins og vernda hana. Meginábyrgð mæðra er að annast börnin. Við þessa helgu ábyrgð ber feðrum og mæðrum skylda til að hjálpa hvort öðru sem jafningjar“ (Líahóna, júní 1996). Foreldrum ber að kenna börnum sínum í sameiningu fagnaðarerindi Jesú Krists og hjálpa þeim að lifa eftir því.

Satan gerir stöðugar árásir á fjölskyldur. Fyrir mörgum árum lýstu kirkjuleiðtoga yfir að helga ætti mánudagskvöld sem fjölskyldukvöld. Foreldrar ættu að nota þann tíma til að kenna börnum sínum fagnaðarerindið, efla samband sitt við þau og skemmta sér með þeim. Fjölskylduna er einnig hægt að efla með daglegum fjölskyldubænum, ritningarálestri, kirkjutilbeiðsla og þjónustu við aðra. Fyrirmynadarheimilið stendur himni næst. Við getum, fyrir tilstilli helgiathafna prestdæmisins og réttláts lífernis, lifað sem fjölskyldur um eilífð í návist Guðs.

Ritningarnám

Hjónabandið

K&S 42:22	K&S 132:7	„Fjölskyldan: Yfirlýsing til heimsins“
K&S 49:15	1 Mós 2:24	
K&S 131:1-4	Eftir 5:25	

Fjölskyldan

Mósia 4:14–15 K&S 130:2 „Fjölskyldan: Yfirlýsing  
3 Ne 18:21 1 Tím 5:8 til heimsins“

## Kenna börnum

Alma 56:47                    HDP Móse 6:55–62            Ef 6:4  
Alma 57:21                    K&S 68:25–30                Okv 22:6

## Skuldbindingar

- Vilt þú hafa vikuleg fjölskyldukvöld, daglegar fjölskyldubænir, daglegan ritningарlestur og annað það sem varðar fjölskylđuna?
  - Viljið þið búa ykkur undir að fara í musterið til að (1) taka á móti musterisgjöf ykkar? (2) viljið þið gifta ykkur um tíma og eilífð? (3) ef gift þá, verða innsigluð um eilífð sem eiginkona og eiginmaður? og (4) fá börnin innsigluð ykkur?
  - Viljið þið tilbiðja saman sem fjölskylda á hvíldardegi?
  - Viljið þið bjóna öðrum?

## Athugasemdir

Athugasemdir

## Musteris- og ættfræðistarf

Guð hefur boðið fólkí sínu að reisa musteri. Í musterinu gerum við sáttmála og hljótum gjöf eða kraft og þekkingu frá upphæðum. Gjöf þessi hjálpar okkur í daglegu lífi og gerir okkur kleift að byggja upp Guðs ríki. Í musterinu getum við einnig giftst um tíma og eilífð og á þann hátt gert mögulegt að fjölskyldur geti verið ævarandi saman í návist Guðs. Eftir a.m.k. eins árs kirkjuaðild, geta verðugir follarðnir fengið meðmæli hjá biskupi til að hljóta eigin musterisgjöf. Þegar hjón hafa hvort um sig tekið á móti musterisgjöf sinni, geta þau innsiglast eða gifst um eilífð.

Frelsarinn elskar alla menn og þráir að þeir hljóti sáluhjálp. Milljónir manna hafa dáið án þess að hafa fengið tækifæri til að hlýða á boðskapinn um hið endurreista fagnaðarerindi Jesú Kristi eða tekið á móti hinum endurleysandi helgiathöfnum. Fyrir náð sína og miskunn gerir Drottinn sáluhjálp mögulega fyrir sérhvern þann sem ekki átti þess kost í jarðlífina að skilja fagnaðarerindið, taka á móti og hlýða því. Fagnaðarerindið er prédikað fyrir hinum dánu í andaheiminum. Kirkjuþegnar á jörðu framkvæma endurleysandi helgiathafnir í þágu látinna ættmenna sinna og annarra. Þeim dánu sem dvelja í andaheiminum gefst þannig kostur á að taka á móti fagnaðarerindinu og þeim helgiathöfnum sem framkvæmdar eru í þeirra þágu.

Kirkjuþegnar leita heimilda um ættmenni sín af þessari ástæðu. Peir útfylla áatal og fjölskylduskýrslu og senda nöfn þeirra dánu ættmenna sem þörf hafa að endurleysandi helgiathafnir séu framkvæmdar í þeirra þágu í helgu musteri. Þetta nefnist ættfræðistarf. Verðugir kirkjuþegnar, 12 ára og eldri, svo og nýir kirkjuþegnar, geta fengið meðmæli hjá biskupi til að framkvæma skírnir fyrir hina dánu.

### Ættfræði

Fáðu nýja kirkjuþegna til að hitta reyndari kirkjuþegn eða fara á ættfræðisafn heimasvæðis (sé það fyrir hendi) í þeim tilgangi að veita þeim fræðslu um ættfræði og þau gögn sem þar eru. Fáðu þeim ljósrit af unnum ættfræðigögnum.

### Ritningarnám

K&S 43:16	K&S 128	K&S 138	1 Pét 3:18–21
K&S 95:8–9	K&S 131	Sálm 65:4	1 Kor 15:29
K&S 124:22–42	K&S 132	Bæklingurinn: <i>Velkomin í ættfræðisafnið</i>	

### Skuldbindingar

- Vilt þú búa þig undir að hljóta helgiathafnir musterisins? (Stuttu eftir skírn og staðfestingu geta verðugir kirkjuþegnar, eldri en 12 ára, fengið meðmæli til að fara í musterið og taka þátt í skínum fyrir hina dánu.)
- Vilt þú taka þátt í ættfræðistarfi og senda nöfn ættmenna þinna til musterisins til þess að þau geti meðtekið helgiathafnir með staðgengli?

## Þjónusta

Ein mesta blessun þess að eiga aðild að kirkjunni eru þau tækifæri sem gefast til þjónustu. Þegar við þjónum öðrum af ástúð, erum við að þjóna Guði. Þegar við erum skírd, gerum við sáttmála um að veita slíka þjónustu (sjá Mósía 18:8–10). Við þurfum að vera meðvituð um stundlegar og andlegar þarfir annarra. Við gefum síðan af tíma okkar,

Athugasemdir

hæfileikum og eignum til að uppfylla þessar þarfir. Við fylgjum fordæmi frelsarans, sem kom til að þjóna öðrum. Við eignum að gera það sem Jesús gerði og líkjast honum.

Prestdæmisleiðtoga veita nýjum kirkjuþegnum, stuttu eftir skírn þeirra, þá blessun og ábyrgð að hjálpa til í kirkjunni. Hún er nefnd köllun. Allt starf í kirkjunni er sjálfboðastarf. Enginn fær greiðslu fyrir slíka þjónustu. Þegar við tökum á móti köllunum, erum við studd opinberlega í kirkjunni, svo að aðrir kirkjuþegnar fái viðurkennt köllun okkar og veitt stuðning. Við erum einnig sett í embætti af prestdæmisleiðtogum og okkur veitt sérstök blessun til að hjálpa okkur að rækja kallanir okkar. Kirkjan þarf á hæfileikum og getu allra kirkjuþegna að halda til að manna allar kallanir. Allar kallanir eru mikilvægar og stuðla að uppbyggingu Guðs ríkis. Okkur ber að taka við slíkum köllunum og starfa af kostgæfni við að rækja skyldur okkar. Þegar við gerum það, vex trú okkar, við þroskum vannytta hæfileika okkar og getu til að þjóna og hljótum fjölmargar blessanir.

### Ritningarnám

#### Kærleikur

Moró 7:43–48	K&S 88:125	Matt 22:36–40	1 Kor 13:1–8
--------------	------------	---------------	--------------

#### Annast hina fátæku

Mósia 4:26	Alma 34:28–29	K&S 52:40	Matt 25:40
------------	---------------	-----------	------------

#### Okkur ber að þjóna

Mósia 2:17	Mósia 18:8–10	K&S 42:29	K&S 107:99–100
------------	---------------	-----------	----------------

### Skuldbindingar

- Vilt þú taka að þér köllun og rækja skyldur hennar (þar með talið að vera heimiliskennari eða heimsóknarkennari)?
- Vilt þú styðja aðra í þeirra köllunum?

### Kennsla og nám í kirkjunni

Kirkjan er uppbyggð til að fullkomna og blesa kirkjuþegna. Hún gefur okkur kost á að kenna hvert öðru fagnaðarerindið, rækta vináttu við hvert annað og þjóna hvert öðru og styðja hvert annað til sáluhjálpar. Hver kirkjuþegn er í fjölskyldu sinni og kirkju fræddur um kenningar fagnaðarerindisins. Þegar kirkjuþegnar eru kallaðir til að kenna, er þeim séð fyrir hjálpgögnum.

### Ritningarnám

K&S 88:77–79	Ef 4:11–14
--------------	------------

### Skuldbinding

- Vilt þú sækja kirkju?

Athugasemdir

## Standast allt til enda

Þegar við lifum stöðugt eftir fagnaðarerindinu, þá nálgumst við himneskan föður. Við gleðjumst yfir og erum þakklát fyrir friðþægingu frelsarans. Fjölskyldur okkar verða samheldnari. Við upplifum í ríkara mæli elsku, gleði og frið, sem stafar af friðþægingunni. Hjartalag okkar breytist og við skynjum öryggi í að lifa eftir hinu endurreista fagnaðarerindi.

Þegar við iðkum trú stöðugt á Krist, iðrumst og endurnýjum sáttmála okkar, njótum við áfram leiðsagnar heilags anda. Ef við stöndumst alla okkar ævi og erum trú sáttmálum okkar, munum við öðlast eilíft líf.

Fáeinir kirkjuþegnar standast ekki eða eru ekki fullvirkir. Það er þó persónuleg ábyrgð allra að standast allt til enda. Við þurfum að „[vinna] ... að sáluhjálp [okkar]“ (Fil 2:12) og þjóna þeim og elsku þá sem veikst hafa í trúnni og eru lítt virkir.

### Ritningarnám

2 Ne 31:20–21  
Moró 6:4

K&S 20:37  
Trúaratriðin 1:3

Jóh 14:15, 21   Fil 2:12  
Ef 4:11–14

### Skuldbinding

- Vilt þú halda áfram að lifa eftir fagnaðarerindinu með því að halda skírnarsáttmálann alla þína ævi?



# Hvernig get ég þekkt og skilið andann?

## Athugasemdir

## Til hugleiðingar

- Hvers vegna þarf ég á persónulegri opinberun að halda?
  - Hver er heilagur andi og hvernig vinnur hann?
  - Hvers vegna verð ég að biðja í trú?
  - Hvert er hlutverk andans í trúboðsstarfi?
  - Hvernig get ég bekkt rödd andans?

## Eigin opinberun

**J**oseph Smith sagði: „Sáluhjálp fæst ekki án opinberunar; tilgangslaust er fyrir nokkurn að reyna að þjóna án hans“ (*History of the Church*, 3:389). Þér mun vegna vel í starfi þínu þegar þú lærir að meðtaka og fylgja þeirri opinberun sem þú færð. Joseph Smith sagði einnig að opinberun væri þýðingarmikil í daglegu starfi: Þetta er reglan sem stjórn himins starfar eftir—með opinberun sem löguð er að hverjum þeim aðstæðum sem börnum ríkisins eru skapaðar“ (*History of the Church*, 5:135).

Guð elskar þig og öll börn sín. Hann vill ákaft styðja þig í hverjum vanda. Þér hefur verið heitið innblaestri til að vita hvað gera skal og þú hefur fengið kraft til að gera það (sjá K&S 43:15–16). Hann mun hjálpa þér þegar þú reynir að þekkja og skilja andann með dyggu ritningarnámi. Hann mun leiða þig til þeirra sem taka munu á móti boðskap endurreisnarinnar. Hann mun veita þér kraft til að flytja boðskapinn og vitna um Krist og fagnaðarerindi hans. Hann mun úthella yfir þig blessunum sínum með gjöf heilags anda. Hann biður þig að vera verðugur þeirrar gjafar og að biðja, leita og knýja á (sjá K&S 4:7, Matt 7:7–8).

Við lifum á þeim tínum sem spámann Mormónsbókar spáðu fyrir um – tínum þegar munu „deila“ hver við annan. Og þeir munu kenna að sínum eigin lærdómi, en

## Athugasemdir

afneita heilögum anda, sem orðin gefur” (2 Ne 28:4; sjá einnig 3 Ne 29:6; Morm 9:7–8). Þó þrá margin hið andlega. Þegar þú lærir að meðtaka persónulega opinberun, munt þú kenna með krafti og valdi (sjá Alma 17:3) vegna þess að heilagur andi gefur þér kraft til að mæla (sjá 1 Ne 10:22).

Er þú hjálpar fólk til skírnar og staðfestingar, þarf þú að leita persónulegrar opinberunar frá heilögum anda og meðtaka hana. Hafðu trú á að þú hljótir sjálfur opinberun sem leiðir þig dag frá degi. Heilagur andi mun hjálpa þér í öllu starfi þínu.

**Verkefni: Sjálfsnám**

Í lokavitnisburði sínum sagði Moróní: „Og þegar ég hef mælt nokkur hvatningarorð til yðar“ (Moró 10:2). Lestu Moróní 10 og skrifaðu með eigin orðum það sem Moróní hvetur lesendur Mormónsbókar til að gera. (Hvetja merkir að telja sterkelega kjark í eða örva einhvær til að gera eitthvað.)

**Ljós Krists**

Maðurinn getur hlotið andlega leiðsögn áður en hann er skírður og staðfestur. Þau andlegu áhrif byrja með ljósi Krists sem „er gefinn hverjum manni, svo að hann megi þekkja gott frá illu“ (Moró 7:16; sjá einnig vers 14–19).

Ljós Krists er „[g]uðleg orka, kraftur eða áhrif sem kemur frá Guði með Kristi og gefur öllu líf og ljós. Það er lögmál til stjórnunar öllu á himni og jörðu. Það hjálpar einnig fólk að skilja sannleik fagnaðarerindisins og auðveldar því að komast á veg fagnaðarerindisins sem liggar til eilífs líf.

Ekki má ruglast á ljósi Krists og heilögum anda. Ljós Krists er ekki persóna. Það er áhrif sem koma frá Guði og búa manninn undir að meðtaka heilagan anda. Það hefur áhrif til góðs í lífi allra manna.

Eitt dæmi um ljós Krists er samviskan, sem hjálpar mönnum að þekkja gott frá illu. Eftir því sem fólk lærir meira um fagnaðarerindið verður samviska þess næmari. Fólk sem bregst vel við ljósi Krists er leitt til fagnaðarerindis Jesú Krists“ (Leiðarvísir að ritningunum, „Ljós, ljós Krists,“ sjá einnig K&S 84:46–47).

– Boyd K. Packer forseti sagði: „Mikilvægt er fyrir ... trúboða ... að vita að heilagur andi getur unnið gegnum ljós Krists. Sá sem kennir sannleik fagnaðarerindisins er ekki að kenna ungum eða öldnum eitthvað ókunnugt eða jafnvel nýtt. Heldur er trúboðinn eða kennarinn að ná sambandi við anda Krists sem þegar er þar. Fagnaðarerindið mun hljóma kunnuglega“ („The Light of Christ,“ ávarp flutt á námskeiði fyrir nýja trúboðsforseta, 22. júní 2004, 2).

**Heilagur andi**

**Persóna heilags anda** Heilagur andi er þriðji aðili Guðdómsins. Hann er andavera og hefur ekki líkama af holdi og beinum (sjá K&S 130:22). Hann er huggarinn sem frelsarinn lofaði að kenna myndi fylgjendum hans allt og minna þá á allt sem hann hefði sagt þeim (sjá Jóh 14:26).

**Kraftur heilags anda.** Vitnisburðinn sem einlægir trúarnemar hljóta fyrir skírn fá þeir fyrir kraft heilags anda. „Kraftur heilags anda getur komið yfir menn fyrir skírn og vitnað um sannleiksgildi fagnaðarerindisins“ (Leiðarvísir að ritningunum, „Heilagur andi“). Hann

gefur manninum vitnisburð um Jesú Krist og verk hans og verk þjóna hans á jörðu. Heilagur andi vitnar um sannleikann. Allir geta vitað um sannleiksgildi Mormónsbókar fyrir kraft heilags anda. „Fyrir kraft heilags anda getið þér fengið að vita sannleiksgildi allra hluta“ (Moró 10:5).

**Gjöf heilags anda.** Trúarnemar sem hljóta  
vitnisburð hafa enn ekki fengið loforð um  
stöðugt samfélag heilags anda. Joseph Smith  
sagði: „Munur er á heilögum anda og gjöf  
heilags anda. Kornelíus meðtók heilagan anda  
áður en hann var skírður, sem var honum  
sannfæringarkraftur Guðs um sannleik  
fagnaðarerindisins, en hann gat ekki hlotið  
gjöf heilags anda fyrr en eftir að hann lét skírast.  
Ef hann hefði ekki tekið á sig þetta tákna eða  
þessa helgiathöfn, hefði heilagur andi, sem  
fullvissaði hann um sannleik Guðs, yfirgefið  
hann“ (*History of the Church*, 4:555).

„... Rétturinn til að hafa stöðuga samfylgd heilags anda, hvenær sem viðkomandi er verðugur, er gjöf sem aðeins fæst með handayfirlagningu prestdæmishafa Melkísedeks eftir heimilaða skírn inn í hina sönnu Kirkju Jesú Krists“ (Leiðarvísir að ritningunum, „Heilagur andi“).

Sem kirkjuþegni hefur þér verið veitt gjöf heilags anda með valdi prestdæmisins. Sú gjöf veitir þér rétt til stöðugs samfélags heilags anda ef þú reynist verðugur þess. Biddu um leiðsögn andans og fylgdu dyggilega beim orðum sem bú tekur á móti.

**Heilagur andi fyrirheitsins.** Heilagur andi er oft nefndur heilagur andi fyrirheitsins (sjá K&S 88:3). Að innsiglast með heilögum anda fyrirheitsins merkir að heilagur andi staðfestir að réttlát verk, helgiathafnir og sáttmálar séu Guði þóknarleg. Heilagur andi fyrirheitsins vitnar fyrir föðurnum að frelsandi helgiathafnir hafi verið rétt framkvæmdar og að sáttmálar þeim tengdir hafi verið haldnir. Þeir sem innsiglaðir eru með heilögum anda fyrirheitsins hljóta allt sem faðirinn á (sjá K&S 76:51–60; Efesusbr 1:13–14). Allir sáttmálar og allar framkvæmdir verða að vera innsiglaðar með heilögum anda fyrirheitsins til að öðlast gildi eftir þetta líf (sjá K&S 132:7, 18–19, 26). Sé sáttmálinn rofinn getur innsiglunin fallið úr gildi.

**Gjafir andans.** Gjafir andans eru sérstakar andlegar blessanir sem Drottinn veitir verðugum mönnum þeim til farsældar og til að nota öðrum til blessunar. Sem dæmi má nefna að trúboðar sem verða að læra nýtt tungumál geta hlotið gjöf tungutals sér til hjálpar við að læra málið. Nokkrum gjöfum andans er lýst í Moróní 10:8–18; Kenningu og sáttmálum 46:11–33; og 1 Kor 12:1–12. Þetta eru aðeins nokkur dæmi um hinrar mörgu gjafir andans. Drottinn getur blesað þig á annan hátt, allt eftir staðfestu þinni, þörfum þínum og þörfum þeirra sem þú þjónar. Þú ættir að þrá gjafir andans og leita þeirra í einlægni (sjá K&S 46:8; 1 Kor 12:31; 14:1, 12). Þessar gjafir koma með bæn, trú og verkum, í samræmi við vilja Guðs (sjá K&S 63:9–12; 84:64–73).

*„Gjöf heilags anda kemur  
eftir að maðurinn hefur  
iðrast og orðið verðugur...  
Heilagur andi ber vitni um  
sannleikann og greypir svo  
djúpt í sálina raunveruleika  
Guðs föður og sonar  
hans Jesú Kristi,  
að enginn jarðneskur  
kraftur eða vald getur tekið  
þá vitneskju frá honum.“*

— JAMES E. FAUST FORSETI  
„THE GIFT OF THE HOLY GHOST — A SURE COMPASS,”  
ENSIGN, APRIL 1996, 4

Athugasemdir

**Verkefni: Sjálfsnám eða sameiginlegt nám**

Lestu eftirfarandi tilvísanir:

- Leiðarvísir að ritningunum, „Heilagur andi,“ „Ljós, ljós Krists,“ og „Andi.“
- *Our search for happiness, 84–86, 91–92.*
- *True to the Faith, „Holy Ghost,“ 81–84, og „Spiritual Gifts,“ 165–67*

Skrifaðu lýsingu á eðli og hlutverki heilags anda.

Lestu Post 4:23–33.

- Hvernig leituðu Pétur og Jóhannes andlegra gjafa?
- Hvernig svaraði Drottinn bænum þeirra?
- Hvað getur þú lært af þessari reynslu um þitt eigið verk?

**Kraftur andans í að snúast til trúar**

Kraftur heilags anda er kjarninn í að snúast til trúar. Kappkostaðu að skilja kenninguna um að snúast til trúar og reynsluna af því. Öldungur Boyd K. Packer útskýrði aðalhlutverk andans í að snúast til trúar:

„Pegar snúist er til trúar er það fyrir kraft andans. Til þess að trúboðsverk gangi vel er þetta þrennt nauðsynlegt:


Við verðum að skilja hvernig trúarnema þurfi að líða til þess að taka trú.

Við verðum að skilja hvernig trúboða þarf að líða til að kenna með sannfæringarkrafti andans.

Og við verðum að skilja hvernig kirkjuþegni þarf að líða til að geta með árangri tekið þátt í trúskiptum“ (ráðstefna trúboðsforseta, 3. apríl 1985).

Því betur sem þú skilur hvernig trúarnemum, trúboðum og kirkjuþegnum líður þegar andinn ber þeim vitni, því betur skilur þú þitt eigið hlutverk, sem er:

- Að eflast og upplýsa hugann þegar þú kannar ritningarnar og kennir kenninguna.
- Að skapa það andrúmsloft þegar þú kennir, að heilagur andi geti borið vitni. Það gerirðu með því að kenna og bera vitni um boðskap endurreisnarinnar. Kenndu eins og andinn leiðbeinir, og berðu vitni um að þú vitir fyrir kraft heilags anda að það sem þú kennir sé sannleikur.
- Að fylgja leiðsögn andans við að laga boðskapinn að þörfum hvers og eins.
- Að bjóða fólkvi að framkvæma. Trú þeirra mun vaxa er þau iðrast, hlýða boðorðunum og gera og halda sáttmála.



Öldungur M. Russell Ballard talaði um kraft andans: „Sönn trúartaka kemur með krafti andans. Pegar andinn snertir hjartað, breytast hjörtun. Pegar menn ... finna andann vinna með sér, eða þegar þeir finna sönnun á elsku Drottins og miskunn í lífi sínu, eflast

þeir og styrkjast andlega og trú þeirra á hann eykst. Þessi reynsla af andanum fylgir því eðlilega að viðkomandi sé fús til að láta reyna á orðið. Þannig munum við finna að fagnaðarerindið er sannleikur” („Now Is the Time,” *Ensign*, nóv. 2000, 75).

Heilagur andi vinnur í hjörtum manna til að þessar breytingar verði. Þegar fólk velur að halda boðorðin, finnur það kraft heilags anda betur og ræktar með sér trú til að hlýða Kristi. Þannig ættir þú að hjálpa þeim sem þú vinnur með að vaxa í trú með því að bjóða þeim að iðrast og gera og halda ákvæðnar skuldbindingar.

## Verkefni: Sjálfsnám

- Lestu eina eða tvær af eftirfarandi tilvitnum og íhugaðu hvernig trúarnema verði að líða til að taka trú. Skráðu tilfinningar þínar og hugsanir í námsdagbók þína. Ræddu hugmyndar þínar við aðra trúboða og kirkjuþegna.  
2 Ne 4:16–35; Enos 1; Mósía 4–5; 18:7–14; 27–28; Alma 5; 17–22, 32; 36; 38
  - Lestu eina eða tvær af eftirfarandi tilvísunum og íhugaðu hvernig þér sem trúboða og kirkjuþegni ætti að líða til að kenna með trúarvejkandi krafti. Skráðu tilfinningar þínar og hugsanir í námsdagbók þína. Ræddu hugmyndar þínar við aðra trúboða og kirkjuþegna.  
1 Ne 8:11–12; Mósía 28:1–4; Alma 26; 29; 31:26–38; Moró 7:43–48; K&S 4; 18:10–16; 50:21–22

Ritningarnám

Hvað kenna bessar ritningargreinar um kraft andans í starfi bínu?

2 Ne 33:1-2

K&S 42:11-17

1 Kor 2:11-14

K&S 50·13-22

Post 2:37-38

## Leiðarvísir að ritningunum „Trúskipti, trúskiptingur“

Hvað getur bú gert til að niðta krafts andans í starfi bínu?

Alma 32:27-28

K&S 42-14

Jóh 7:17

**Hvers vegna er mikilvægt að kenna það sem bú veist og trúir?**

Alma 5:43-47

K&S 52·9

K&S 80-4

Biðja í trú

Þú getur einungis kennt að hætti Drottins ef þú kennir með krafti andans, og andann hlýtur þú með trúarbæn. Drottinn sagði: „Og andinn skal veitast yður með trúarbæn. Og ef þér meðtakið ekki andann, munuð þér ekki kenna“ (K&S 42:14). Pegar þú biður um hjálp við kennslu þína, mun kraftur heilags anda koma kennslu þinni „til skila í hjörtum mannanna barna“ (2 Ne 33:1).

Gordon B. Hinckley forseti sýndi fram á þessa reglu er hann sagði frá reynslu sinni í trúþoðsstafi:


„Ég man alltaf eftir tveimur ungum mönnum sem þjónuðu í trúboði mínu. Annar var ofurstjarna. Hann var vel menntaður. Hann var bráðgreindur. Hann var snöggur. Hann var svolítioð hrokafullur. En við höfðum annan sem var skiltamálari. Hann kom úr skiltabúð, hafði litla menntun, en hann þekkti vanmátt sinn og treysti á Drottin. Þegar hann baðst fyrir, vissi hann að hann var að ræða við Drottin. Það var ekki endurtekning, það var samræða og þessi ungi maður vann undur meðan hinn ungi maðurinn vann með hangandi hendi. Krafturinn var með öðrum en skortur á krafti hjá hinum, það var mjög augljóst. Ákallið Drottin. Hann hefur gefið boðin, og hann mun svara“ (*Teachings of Gordon B. Hinckley [1997], 469*).

Athugasemdir

## Athugasemdir

Kappkostaðu að biðja af einlægni, með sönum ásetningi og af „öllum hjartans mætti“ (Moró 7:48). Áhrifamikil bæn krefst mikillar áreynslu (sjá Moró 10:3–4; K&S 8:10; 9:7). Hugleiddu af alvöru viðhorf þitt og þau orð sem þú notar. Hugleiddu eftirfarandi þegar þú biðst fyrir:

- Notaðu bænamál, sem sýnir að þú elskar og virðir himneskan föður þinn. Notaðu rétt og virðingarfullt málfar á hvaða tungumáli sem þú talar. Á ensku eru til dæmis notuð fornöfnin *Thee, Thou, Thy*, og *Thine*.
- Láttu ávallt í ljós þakklæti fyrir blesanir þínar. Samviskusöm viðleitni til þakklætis auðveldar þér að sjá hve miskunnsamur Drottinn hefur verið í lífi þínu.
- Biddu sérstaklega um leiðsogn og hjálp heilags anda. Sýndu að þú metur þá blesun með því að vera næmur fyrir andlegri leiðsogn og meðvitaður um hana. Fylgdu síðan þeirri leiðsogn af hugrekki.
- Biddu um ást og kærleika. Nafngreindu fólk þegar þú biður fyrir því. Biddu um innblástur til að skilja þarfir þess og mæta þeim. Biddu fyrir velferð þeirra sem þú hefur samband við, kennir, eru nýskírðir eða lítt virkir kirkjuþegnar. Biddu fyrir kirkjuþegnum og leiðtogum prestdæmis og aðildarfélaga á svæði ykkar. Biddu fyrir fjölskyldu þinni heima. Biddu fyrir félaga þínum, öðrum trúboðum og trúboðsforseta þínum. Biddu um að vita hvernig þú getur hjálpað öðrum og vertu síðan fús til að fórná í þeirra þágu.
- Biddu þess að þér verði sýnt hvert fara skal og hvað gera skal. Biddu þess að þú verðir leiddur til þeirra sem eru undir það búinir að meðtaka boðskapinn um endurreisnina. Biddu þess að þú munir þekkja þá.
- Gerðu þér ljóst að himneskur faðir þinn veit hvers þú þarfnað betur en þú gerir. Treystu á andann til að vita hvers biðja skal (sjá 3 Ne 19:24; K&S 46:28, 30).
- Gefðu Drottini, í kvöldbænum þínum, skýrslu um störf þín yfir daginn. Farðu síðan með honum yfir áform þín fyrir næsta dag. Hlustaðu eftir rödd andans.



„Á hverjum morgni ... , ættu trúboðar að fara niður á hnén og biðja Drottin að losa tungu þeirra og tala í gegnum þá til blesunar þeim sem þeir eru að kenna. Ef þeir gera þetta, mun nýtt ljós koma inn í líf þeirra. Það verður meiri áhugi fyrir verkinu. Þeim mun verða ljóst að í mjög raunverulegum skilningi eru þeir þjónar Drottins og tala fyrir hans hönd. Þeir munu finna breytt viðbrögð hjá þeim sem þeir eru að kenna. Þegar þeir kenna þannig með andanum, munu rannsakendur þeirra bregðast við undir áhrifum andans.“

— GORDON B. HINCKLEY FORSETI  
„TRÚBOÐSPJÓNUSTA,“ FYRSTI ALHEIMSPJÁLFUNARFUNDUR  
LEIÐTOGA, 11. JAN. 2003, 20

- Biddu þess að þú standist freistingar. Þegar látið er undan freistungum truflar það andann.
  - Biddu um sérstakar blessanir, þegar það á við.
  - Biddu varðandi ritningarnar og ígrundaðu þær. Ritningarnar ljúka upp gáttum opinberunar.
  - Trúðu því að Guð muni svara bænum þínum. Gerðu þér ljóst að hugsanir Guðs eru ekki þínar hugsanir (sjá Jes 55:8–9), og treystu Guði til að svara bænum þínum á sinn hátt og á sínum tíma.

## Verkefni: Sjálfsnám

Íhugaðu eftirfarandi orð um einlæga bæn:

„Vandinn við flestar bænir okkur er sá að við flytjum þær líkt og við værum í símanum að pantat matvæli – við gefum þöntunina og leggjum svo á. Við þurfum að hugleiða, ígrunda, hugsa um það sem við biðjum um og fyrir og tala síðan við Drottin eins og maður talar við mann“ (Gordon B. Hinckley, *Teachings of Gordon B. Hinckley*, 469).

„Ef bænin er aðeins einstaka hróp á erfiðleikatínum, þá er hún einungis egingjörn, og við hugsum til Drottins sem viðgerðarmanns eða þjónustufyrirtækis til hjálpar aðeins þegar eitthvað bjátar á. Við ættum að muna hinn æðsta dag og nót – ævinlega – ekki aðeins þegar öll aðstoð hefur brugðist og við þörfnumst sárlega hjálpar“ (Howard W. Hunter, *The Teachings of Howard W. Hunter*, Clyde J. Williams ritst. [1997], 39).

Notaðu eftirfarandi mælikvarða við að meta í einrúmi bænir þínar. Skrifauðu í námsdagbók þína svör við spurningum sem þessum: Hvar mundir þú staðsetja þig á þessum mælikvarða? Hvar mundir bú ylja vera á þessum mælikvarða? Hyvnið ætlar bú að breyta stöðunni?

## Lélegur Nokkuð góður Góður

Vejk trú á Krist ß Sterk trú á Krist

Ekki bakklátur  Fullur bakklætis

Hugurinn ekki við starfið  Hugurinn einbeittur við starfið

EKKI Í TENGSLUM VIÐ VERKIN  VERKIN Í SAMRÆMI VIÐ BÆNIRNAR


## Endurtekningar ← → Hugsa um þarfir hvers dags

Leiður ← → Styrkjandi, hressandi

Hugsa óhreinar hugsanir ← → Hugsa hreinar hugsanir

Hugsa mest um sjálfan mig ← → Minnugur annarra

Almennt, ekki nákvæmur ← → Nákvæmur, ekki almennt

Andinn fjarlægur  Andinn leiðir bænina

Heyri ekki svörin ← → Viss um að Guð svá

Ritningarnám

### Hvers vegna verðum við að biðja um andann?

2 Ne 32:8-9

K&S 42:14

K&S 50:13-22

## Hvers eigaum við að bjója?

Alma 6:6

Alma 37:36–37

K&S 50:29-30

Alma 13:28

3 Ne 18:20

## Leiðarvísir að ritningunum „Bæn“

Alma 34:17–27

3 Ne 19:9

Athugasemdir

## Lærðu að þekkja rödd andans

Andinn er ævinlega reiðubúinn að leiðbeina þér. En andinn talar hljóðlega með tilfinningum þínnum jafnt og huga. Einn aðalvandi þinn og þeirra sem þú vinnur með er að þekkja þessa hljóðu og mildu rödd heilags anda.

– Boyd K. Packer forseti sagði: „Í ritningunum segir um rödd andans að hún sé hvorki ‘hávær’ né ‘hörð’. Hún er ‘ekki þrumuraust, né sterk og hávær rödd.’ Heldur er hún ‘[hljóðlát] rödd, sem hvíslar,’ og hún getur ‘[smogið] inn í sjálfa sálina’ ‘svo að hjörtu þeirra brunnu.’ (3 Ne 11:3; Helaman 5:30; K&S 85:6–7.) Minnstu þess að Elía fann ekki rödd Drottins í storminum, ekki í landskjálftanum, ekki í eldinum, heldur heyrðist ‘blíður vindblær hvísla.’ (1 Kon 19:12.)“

„Andinn nær ekki athygli okkar með því að hrópa eða hrista okkur harðri hendi. Heldur hvíslar hann. Rödd hans gaelir svo blíðlega að ef við erum upptekin er alls ekki víst að við finnum hana. (Ekki er að undra þótt Vísdómsorðið hafi verið opinberað okkur, því hvernig gæti drukkinn maður eða fíkill fundið slíka rödd?)“

„Einstaka sinnum knýr hún svo ákveðið á að við gefum því gaum. Og oftast, ef við gefum ekki gaum að þessari ljúfu tilfinningu, mun andinn draga sig í hlé og bíða þar til við komum, leitum og hlustum og segjum á okkar hátt og með okkar orðum, líkt og Samúel til forna: ‘Tala þú [Drottinn], því að þjónn þinn heyrir.’ (1 Sam 3:10.)“ („The Candle of the Lord,“ *Ensign*, jan. 1983, 53).

Margar raddir í heiminum keppast um athygli þína, og þær geta auðveldlega kæft andleg áhrif ef þú gætir þín ekki.

### Verkefni: Sjálfsnám eða sameiginlegt nám

Kannaðu eftirfarandi töflu. Hugleiddu þær stundir þegar þú hefur fundið einhverjar þær tilfinningar, hugsanir, eða áhrif sem lýst er í neðangreindum tilvísunum. Þegar þú lærir og öðlast reynslu skaltu bæta öðrum tilvísunum við þennan lista. Hugleiddu hvernig þú getur notað þessar reglur til að hjálpa öðrum að finna og þekkja andann.

K&S 6:23; 11:12–14; Róm 15:13; Gal 5:22–23	Vekur tilfinningar elsku, gleði, friðar, þolinmæði, lítlætti, mildi, trúar og vonar.
K&S 8:2–3	Vekur nýjar hugmyndir, tilfinningar í hjarta.
K&S 128:1	Altekur hugann og þrýstir á tilfinningarnar.
Joseph Smith – Saga 1:11–12.	Áhrif ritninganna verða sterkari.
K&S 9:8–9	Vekur góðar tilfinningar til að kenna hvort eitthvað sé sannleikur.
Alma 32:28; K&S 6:14–15; 1 Kor 2:9–11	Upplýsir hugann.
Alma 19:6	Hrekur myrkrið burt með ljósinu.
Mósia 5:2–5	Styrkir löngunina til að forðast hið illa og hlýða boðorðunum.
Jóh 14:26	Kennir sannleikann og minnir á hann.
Jóh 14:27	Veitir frið og huggun.
Jóh 16:13	Leiðir að sannleikanum og sýnir það sem koma skal.
Moró 10:5	Opinberar sannleika.
K&S 45:57	Leiðbeinir og vendar gegn blekkingu.
2 Ne 31:18; K&S 20:27; Jóh 16:14	Gjörir föðurinn dýrðlegan og ber vitni um Guð föðurinn og Jesú Krist.
K&S 42:16; 84:85; 100:5–8; Lúk 12:11–12	Gefur auðmjúkum kennurum orð í munn.
Jóh 16:8	Viðurkennir og leiðréttir synd.
Moró 10:8–17; K&S 46:8–26; 1 Kor 12	Veitir gjafir andans.

## Athugasemdir

Alma 10:17; 12:3; 18:16, 20, 32, 35; K&S 63:41	Hjálpar mér að skilja og greina hugsanir annarra.
K&S 46:30; 50:29–30	Segir hvað biðja skal um.
2 Ne 32:1–5; K&S 28:15	Segir hvað gera skal.
1 Ne 10:22; Alma 18:35	Hjálpar hinum réttlátu að tala með krafti og valdi.
K&S 21:9; 100:8; Jóh 15:26	Ber vitni um sannleikann.
2 Ne 31:17; Alma 13:12; 3 Ne 27:20	Helgar og færir fyrirgefningu syndanna.
1 Ne 2:16–17; 2 Ne 33:1; Alma 24:8	Flytur sannleikann inn í hjarta hlustandans.
1 Ne 1:1–3; 2 Mós 31:3–5	Eykur leiknii og getu.
1 Ne 7:15; 2 Ne 28:1; 32:7; Alma 14:11; Morm 3:16; Eter 12:2	Knýr áfram eða heldur aftur af.
K&S 50:13–22	Eflir bæði kennara og nemendur.
K&S 88:3; Jóh 14:26	Veitir huggun.

Sem svar við spurningunni: „Hvernig þekkjum við rödd andans?“ las Gordon B. Hinckley forseti Moróní 7:13, 16–17 og sagði síðan: „Þetta er prófið, þegar allt kemur til alls. Ef það hvetur okkur til að gera gott, til að rísa hærra, til að bera höfuðið hátt, til að gera það rétta, til að sýna góðvild, til örlætis. Þá er það frá anda Guðs...

Ef það hvetur til góðs, þá er það frá Guði. Ef það hvetur til illra verka, þá er það frá djöflinum... Og ef þú ert að gera rétt og ef þú lifir á réttan hátt, munt þú vita í hjarta þínu hvað andinn er að segja við þig.

Þú þekkir rödd andans af ávöxtum andans – það sem upplýsir, það sem byggir upp, það sem er jákvætt og upplyftandi og leiðir til betri hugsana, betri orða og betri verka, er af anda Guðs“ (*Teachings of Gordon B. Hinckley*, 260–61).

Guð svarar bænum þínnum með persónulegum innblæstri og opinberun. Með heilögum anda mun hann leiða þig í leit þinni, er þú kennir hið endurreista fagnaðarerindi, og er þú styrkir lítt virka kirkjuþegna og nýskírða. Pitt verkefni er að lifa verðugur, biðja heitt og læra að þekkja leiðsögn andans og fylgja henni af hugrekki.

## Treysta á andann

Sem þjónn Drottins ert þú að vinna hans verk á hans hátt og með hans krafti. Sumir trúboðar hafa fulla trú á að þeim muni vegna vel. Aðra skortir þá trú. Mundu samt að trú þín ætti að vera á Krist, ekki á þig sjálfan. Treystu á andann frekar en eigin hæfileika og getu. Treystu á andann þér til leiðsagnar í öllu starfi þínu. Spámaðurinn Joseph Smith sagði að andinn væri grundvöllurinn að kennslu og prédikun:

„Enginn getur prédikað fagnaðarerindið án heilags anda“ (*History of the Church*, 2:477).

„Nokkrir voru kallaðir og vígðir með anda opinberunar og spádóms, og hófu að prédika eins og andinn sagði fyrir um, og þótt veikburða væru, styrktust þeir fyrir kraft Guðs“ (*History of the Church*, 4:538).

„[Joseph Smith] hélt áfram að leiðbeina oldungunum varðandi prédikun fagnaðarerindisins, og lagði áherslu á nauðsyn þess að hafa andann, svo að þeir gætu prédikað með heilögum anda sem sendur var frá himni“ (*History of the Church*, 4:13).

Á vikulegum og daglegum undirbúnings- og áætlunartínum þínnum þarf þú að spryrja nokkurra grundvallar spurninga – jafnvel oft á dag (sjá ritningarnámsreitinn sem fylgir

## Athugasemdir

með dæmum um spurningar). Leitaðu innblásturs til að svara þessum spurningum þannig að hæfi hverjum aðstæðum. Svörin ættu síðan að taka á sig form í áætlunum þínum og undirbúningi. En þú ættir einnig að vera fús til að fylgja andanum og breyta áætlunum þínum þegar óvæntir atburðir gerast.

Kannaðu eftirfarandi tilvísanir og hugleiddu hvernig þær svara þessum þýðingarmiklu spurningum sem þú ættir að spryrja daglega. Íhugaðu hvaða þýðingu þessar tilvísanir hafa fyrir leit þína, áætlanagerð, sjálfsnám og sameiginlegt nám. Hugleiddu einnig merkingu þeirra þegar þú kennir lexíurnar, býður fólk að gera skuldbindingar, fylgist með skuldbindingum, styrkir nýskírða og líttvirka kirkjuþegna og vinnur með kirkjuþegnum.

**Ritningarnám****Hvert ætti ég að fara?**

- |           |              |
|-----------|--------------|
| He 10:17  | K&S 75:26–27 |
| K&S 31:11 | K&S 79:1–2   |

**Hvað ætti ég að gera?**

- |             |            |
|-------------|------------|
| 1 Ne 4:6    | K&S 28:15  |
| 2 Ne 32:2–5 | K&S 52:3–4 |

**Hvað ætti ég að segja?**

- |              |              |                    |
|--------------|--------------|--------------------|
| 2 Ne 33:1    | K&S 33:8–10  | Matt 10:19–20      |
| Alma 5:43–46 | K&S 50:13–22 | Mark 13:11         |
| Alma 11:22   | K&S 68:1–4   | 1 Kor 2:4–5, 12–13 |
| He 5:18      | K&S 75:3–11  | 2 Mós 4:10–12      |
| He 13:3–5    | K&S 100:5–8  |                    |

**Hvernig laga ég kennslu mína að þörfum trúarnema minna?**

- |           |             |           |
|-----------|-------------|-----------|
| Alma 12:7 | 3 Ne 17:2–3 | K&S 84:85 |
| Alma 41:1 | K&S 71:1    |           |

**Hvaða ritningargreinar ætti ég að nota og hvernig ætti ég að nota þær?**

- |                |              |              |
|----------------|--------------|--------------|
| Mósía 18:19–20 | K&S 32:4     | K&S 71:1     |
| Mósía 27:35    | K&S 42:11–17 | K&S 80:4     |
| K&S 18:32–36   | K&S 68:1–4   | Lúk 24:13–32 |

**Áminningarorð**

Þegar þú biður um innblástur ættir þú einnig að staðfesta tilfinningar þínar varðandi það sem um ræðir. Berðu til dæmis ákvarðanir þínar saman við ritningarnar og kennslu lifandi spámannna. Vertu viss um að tilfinningarnar séu í samræmi við það verk sem þér hefur verið falið; þú munt til dæmis ekki fá opinberun um að segja biskupi þínum hvernig hann eigi að sinna köllun sinni. Ræddu ákvarðanir þínar og niðurstöður við félaga þinn, umdæmisleiðtoga, eða trúboðsforseta þegar við á.

Howard W. Hunter forseti gaf þessar ráðleggingar: „Aðeins nokkur áminningarorð... Ég tel að ef við gætum okkar ekki ..., getum við farið að reyna að hagræða hinum sönnu áhrifum anda Drottins á óverðugan og yfirlitnum saman hátt. Ég verð áhyggjufullur þegar svo virðist sem sterkum tilfinningum eða tárflóði er jafnað við návist andans. Vissulega getur andi Drottins valdið sterkum tilfinningum og tárum, en ytri áhrif ættu ekki að reiknast sem áhrif andans sjálfss“ (*The Teachings of Howard W. Hunter, 184*). Andi Drottins er ætíð uppyggjandi.

Opinberun og andleg reynsla eru heilög. Ekki skal flíka þeim, heldur aðeins ræða við viðeigandi aðstæður. Sem trúboði getur þú kynnst meiri andlegri reynslu en áður í lífi þínu. Þú ættir að standast freustingarnar um að tala um það opinskátt.

Öldungur Boyd K. Packer sagði: „Ég hef lært að við verðum ekki oft fyrir sterkri og áhrifamikilli andlegri reynslu. Og þegar það gerist, er það yfirleytt okkur til uppbyggingar, leiðbeiningar eða leiðréttингар. Þær setja okkur ekki í þá stöðu að ráðleggja öðrum eða leiðréttингum til bess.

Ég er kominn á þá skoðun að ekki sé skynsamlegt að tala stöðugt um óvenjulega andlega reynslu. Hennar skal gæta vandlega og deila aðeins með öðrum þegar andinn sjálfur hvetur til þess öðrum til blessunar” (*Ensign*, jan. 1983, 53).

Ritningarnám

Svo mikilvægt er að treysta á andann að Drottinn varaði okkur sterklega við því að afneita hvorki andanum né bæla hann niður. Hvað lærir þú af eftirfarandi ritningargreinum?

Jakob 6:8–9  
3 Ne 29:5–6

Morm 9:7–9  
Moró 10:7–8

K&S 11:25–26  
1 Pet 5:19–20

## Mikilvægt að hafa í huga

- Biddu í trú svo að bænum þínum verði svarað.
  - Lærðu að skilja, þekkja og fylgja rödd andans.
  - Lærðu að treysta því að andinn sýni þér hvert fara skal, hvað gera skal og hvað segja skal.
  - Kenndu öðrum hvernig þekkja á andann.

## Athugasemdir

„Ef verðug, eignum við rétt á að hljóta opinberanir fyrir okkur sjálf, foreldrar fyrir börn sín og kirkjuþegnar í köllunum sínum. En rétturinn til opinberana fyrir aðra nær ekki lengra en ráðsmennska okkar sjálfra.“

– JAMES E. FAUST FORSETI  
„COMMUNION WITH THE HOLY SPIRIT,”  
*ENSIGN*, MARS 2002, 4

## Hugmyndir að námi og hagnýtingu þess

### Sjálfssnám

- Skráðu andlega reynslu þína í námsdagbók þína. Svaraðu til dæmis spurningum sem þessum: Hef ég öölast aukinn skilning þegar ég hef lært ritningarnar? Hef ég fengið óvenjuleg tækifæri til að hitta fólk sem ég gæti miðlað boðskap? Hafa mér verið gefin orð í munn á þeirri stundu sem ég þarfnaðist þeirra? Hef ég fundið sterka væntumþykju til fólks sem ég hef hitt? Hvernig hefur bænum mínum verið svarað?
- Skiptu einni síðu í two dálka. Merktu annan dálkinn „Það sem Drottinn gerði“ og hinn „Það sem Lehí eða Nefí gerði.“ Lestu söguna um Líahóna og brotna bogann (1 Ne 16:9–30) eða söguna af skipasmíði Nefis (1 Ne 17:7–16; 18:1–6). Skrifaðu atburðina í sögunni í viðeigandi dálka um leið og þú lest. Hugleiddu hvað sagan getur kennt þér um eðli innblásturs.
- Leitaðu í dagbók þinni og finndu þar þegar andinn hefur leitt þig eða þú hefur fengið opinberun eða einhverja aðra gjöf andans. Hugleiddu hvenær, hvar og hvers vegna þessi atvik gerðust. Gerðirðu eitthvað sérstakt til að búa þig undir slíka reynslu? Hvernig birtist hönd Drottins í þessari reynslu? Hvernig leið þér? Hvað getur þú gert til að njóta svipaðrar reynslu? Mundu að þessi reynsla getur hjálpað þér að þekkja og meðtaka andann aftur.
- Postulasagan í Bíblíunni hefur verið kölluð „Sagan af áhrifum hins heilaga anda fyrir tilverknað postulanna.“ Lestu kaflafyrirsagnir Postulasögunnar og útskýrðu hvers vegna hver fyrirsögn geti verið viðeigandi. Finndu sönnun sem réttlætir útskýringu þína.
- Lestu og íhugaðu eftirfarandi ráðleggingar. Hvernig tengjast þær daglegu trúboðsstarfi þínu?  
 „Segðu bræðrunum að vera auðmjúkir og staðfastir og hafa örugglega anda Drottins, sem mun leiða þá rétta leið. Að gæta sín á að hrekja ekki burt hina lágu og hljóðlátu rödd; hún mun segja þeim hvað gera skal og hvert fara skal; hún mun bera ávexti ríkisins. Segðu bræðrunum að hafa hjarta sitt opið fyrir sannfæringu, þannig að þegar heilagur andi komi til þeirra verði hjörту þeirra reiðubúin að taka á móti honum. Þeir geta greint anda Drottins frá öllum öðrum öndum – hann mun færa sál þeirra frið og gleði; hann mun taka burtu öfund, hatur, ósætti og allt illt úr hjörtum þeirra, og það eina sem þeir þrá er að gera gott“ (tilvitnun í *Juvenile Instructor*, 19. júlí 1873, 114).
- Spámaðurinn Joseph Smith gaf Brigham Young þessar ráðleggingar í draumi tæpum þremur árum eftir andlát Josephs. Ef þú værir í sporum Brighams Young og fengir þessar ráðleggingar, hvað myndir þú gera?
- Lestu Alma 33:1–12; 34:17–29, 38. Hvaða spurningum var Alma að svara? (Skoðaðu Alma 33:1–2). Hvernig svaraði Alma þessum spurningum? Hvaða fullvissu gaf hann um að Guð heyrir og svarar bænum?
- Drottinn hefur lofað að andinn muni leiða okkur á margan og mikilvægan hátt. Þegar þú lest eftirfarandi tilvísanir skaltu skilgreina þætti í starfi þínu sem krefjast leiðsagnar andans. Hvaða merkingu hafa boðorðin og loforðin í eftirtoldum tilvitnunum sérstaklega fyrir sjálfssnám þitt og sameiginlegt nám? fyrir umdæmisfundi, svæðisráðstefnur, skírnarathöfn og aðra samfundi?

### Bæn

3 Ne 19:24  
K&S 50:30

K&S 46:30  
Róm 8:26

Athugasemdir

## Stjórn á samkomum

Moró 6:9

K&S 20:45

K&S 46:2

Ritun

K&S 9:9

K&S 47:4

K&S 124:4

K&S 24:6

K&S 104:81

HDP Móse 6:6

- Lestu eftirfarandi tilvitnanir (einnig formála að þessum köflum).

K&S 60:1–5                    K&S 61:1–4, 21–22                    K&S 62:4–8

Hvað var Drottning mikilvægt samkvæmt því sem þar segir?

Hvað skipti ekki máli fyrir Drottin?

Hugleiddu bessi orð öldungs Dallins H. Oaks:

„[Maðurinn kann að hafa] sterka löngun til að verða leiddur af anda Drottins, en — útvíkkar óviturlægá þá löngun að því marki að vilja verða leiddur í öllu. Löngun til að verða leiddur af Drottini er styrkur, en henni þarf að fylgja skilningur á því að himneskur faðir lætur okkur um að taka margar persónulegar ákvörðanir. Persónulegar ákvörðanir eru ein af uppsprettum þess styrs sem okkur er ætlað að öölast hér að jördu. Sá sem reynir að koma öllum ákvörðunum yfir á Drottin og biður um opinberun við hvert val mun fljóttlega komast í þá stöðu að biðja um leiðsögn og fá hana ekki. Nefna má að þetta er líklegt að gerist við fjölda aðstæðna þar sem valið er leitvægt eða báðir valkostir bóknanlegir.

Við ættum að kanna það vel í huga okkar og nota þann röksemdarkraft sem skaparinn hefur gefið okkur. Síðan ættum við að biðja um leiðsogn og framkvæma í samræmi við hana ef við hljótum hana. Ef við fáum ekki leiðsogn, ættum við að breyta samkvæmt bestu vitund. Þeir sem þráast við að leita opinberaðrar handleiðslu varðandi efni sem Drottinn hefur ekki kosið að leiðbeina okkur með geta búið til svar í eigin hugarheimi eða af hlutdrægni, eða þeir geta fengið svar gegnum falska opinberun“ („Our Strengths Can Become Our Downfall,“ *Ensign*, okt.1994, 13–14).

Hver eru tengslin milli bess að fylgja eigin dómgreind og treysta á andann?

## Sameiginlegt nám

- Ræðið um sameiginlegar bærir ykkar. Eru þær leiddar af heilögum anda? Hafið þið fengið svör við bænum ykkar? Þegar þið félagarnir biðjið saman:
    - Trúið þið því að Guð muni veita ykkur það sem þið biðjið um í réttlæti?
    - Viðurkennið þið og þakkið bænarsvör sem þið fáið?
    - Biðjið þið fyrir öðrum með nafni og hugleiðið þarfir þeirra?
    - Biðjið þið hver fyrir öðrum og að andinn leiði ykkur?
    - Fáið þið svör við bænum ykkar?
  - Ræðið hvernig þið getið leitað andans af meiri einlægni.
  - Ræðið á hve ólíkan hátt fólk lýsir áhrifum heilags anda. Skrifinum athugasemdir um hvernig nemendur ykkar hafa lýst reynslu sinni af andanum er þeir reyna að læra fagnaðarindið og halda skuldbindingar sínar. Hvernig getið þið hjálpað öðrum að þekkja þessi helgu áhrif? Hvernig getið þið forðast stjórnsemi þegar þið gerið það?
  - Hugleiðið og ræðið á hvern hátt eftirfarandi ráðlegging á erindi til ykkar: „Þú getur ekki þvingað fram hið andlega. Orð eins og *knyja*, *þvinga*, *neyða*, *þrýsta* á, *krefjast*, lýsa ekki rétti okkar gagnvart andanum. Þú getur ekkert frekar knúið andann til svara en þú getur þvingað baun til að spíra, eða egg til að ungast út áður en tímí bess er kominn. Þú getur skapað andrúmsloft sem stuðlar að broska,

## Athugasemdir

nærir og verndar, en þú getur ekki þvingað eða knúið: þú verður að bíða eftir vextinum“ (Boyd K. Packer, „The Candle of the Lord,“ *Ensign*, jan. 1983, 53).

- Ræðið eftirfarandi orð og hvernig þessar reglur geta breytt bæði bænum þínum og starfi. Hvernig geta bænir þínar haft daglega áhrif á áform þín, markmið, starf og breytni?

„Verk okkar er, að stórum hluta, afkvæmi bæna okkar. Eftir bænina framkvæmum við; rétt ákall hefur þau áhrif að beina breytni okkar rétta leið“ (Bruce R. McConkie, „Why the Lord Ordained Prayer,“ *Ensign*, jan. 1976, 12).

„Einalög bæn felur í sér að þegar við biðjum um einhverja blessun eða dyggð, þá ættum við að vinna að þeiri blessun og rækta þá dyggð“ (David O. McKay, *Secrets of a Happy Life*, 114–15).


„Biðjið [Guð] að setja ykkur einmitt þar sem hann vill að þið séuð, og segja ykkur hvað hann vill að þið gerið, og finnið að þið eruð reiðubúnir til þess“ (Brigham Young, *Discourses of Brigham Young*, John A. Widtsoe [1954], 46).

## Umdæmisfundir og svæðisráðstefnur

- Kynntu lexíu um rétt og virðingarfullt bænamál.
- Fáðu trúboða, eins og við á, til að segja sögu eða frá reynslu sem þeir hafa heyrt á nylegri vitnisburðasamkomu, við kennslu eða við annað tækifæri. Andlegar sögur og reynsla sem aðrir segja frá geta styrkt trú þína og sýnt þér fram á að áhrif andans birtast víða og oft.
- Pakkaðu hönd Drottins í starfi þínu (sjá K&S 59:21). Ræddu hvernig þakklæstjánning hjálpar þér að sjá það smáa en afar mikilvæga sem Drottinn blessar ykkur með (sjá Eter 3:5).
- Biddu trúboða að flytja ræðu um trúboðið og kraft heilags anda.
- Biddu einhvern nýskíðan að flytja ræða um hvernig hann eða hún sem trúarnemi fann áhrif andans.

## Trúboðsforseti

- Biðji trúboða öðru hverju að segja frá viðeigandi andlegri reynslu í vikulegu bréfi sínu til hans.
- Spryji trúboða öðru hverju í viðtali um morgun- og kvöldbærir þeirra. Spryji þá hvort þeim finnist bænir sínar innihaldsríkar.
- Spryji trúboðana hvernig þeir hjálpi trúarnemum að finna og þekkja andann.
- Segi trúboðum, eftir því sem við á, hvernig hann fékk opinberun um flutning trúboða, trúboða sem óhlyðnast eða þarfnað hjálpar, og kenningar til að kenna.



# Hvert er hlutverk Mormónsbókar?

## Athugasemdir

Til hugleiðingar


- Á hvern hátt er Mormónsbók burðarsteinn trúar okkar?
  - Hvernig svarar Mormónsbók hinum stóru spurningum lífsins?
  - Hvers vegna er Mormónsbók svo máttug við að snúa fólkí til trúar?
  - Hvernig ætti ég að nota Mormónsbók til að byggja upp trú og hjálpa öðrum að nálgast Guð?
  - Hvers vegna er loforðið í Moró 10:3–5 svo býoingarmikið í trúboðsstarfi?

Mormónsbók er máttug sönnun á guðdómleika Krists. Hún er einnig sönnun á endurreisninni fyrir tilverknað spámannsins Josephs Smith. Mikilvægur hluti trúskipta er að hljóta vitnisburð heilags anda á því að Mormónsbók sé sönn. Sem trúboði verður þú fyrst að eiga sjálfur vitnisburð um að Mormónsbók sé sönn. Sá vitnisburður getur leitt til sterkrar og varanlegrar trúar á kraft Mormónsbókar í trúskiptaferlinu. Treystu á að heilagur andi vitni fyrir öllum sem lesa og ígrunda Mormónsbók og spryja Guð í hjartans einlægni, með einbeittum huga og í trú á Krist hvort hún sé sönn. Sá vitnisburður heilags anda ætti að vera megintakmark kennslu þinnar.

# Mormónsbók er þurðarsteinn trúar okkar?

Spámaðurinn Joseph Smith kenndi að Mormónsbók væri „burðarsteinn trúar okkar“ (formáli Mormónsbókar). Við annað tækifæri sagði hann: „Takið burtu Mormónsbók og opinberanirnar, og hvar er þá trú okkar? Við höfum enga“ (*History of the Church*, 2:52).

Boginn er sterkt byggingarform sem gerður er úr fleyglaga steinum sem falla þétt saman. Miðsteininn, eða burðarsteinninn, er yfirleitt stærri en hinir steinarnir og læsir saman steinana. Þegar spámaðurinn Joseph Smith sagði að Mormónsbók væri




## Athugasemdir

„burðarsteinn trúar okkar“ átti hann við að Mormónsbók héldi trú okkar saman. Ezra Taft Benson forseti sagði að Mormónsbók væri burðarsteinninn á að minnsta kosti þrjá vegu:

**Vitni um Krist.** „Mormónsbók er burðarsteinninn í vitnisburði okkar um Jesú Krist, sem sjálfur er hyrningarsteinninn í öllu sem við gerum. Hún ber kröftugt og skýrt vitni um raunveruleika hans.“

**Fylling kenningarinnar.** „Drottinn hefur sjálfur sagt að Mormónsbók geymi ‘fyllingu fagnaðarerindis Jesú Krists’ (K&S 20:9.) ... Í Mormónsbók munum við finna fyllingu þeirra kenninga sem nauðsynlegar eru fyrir sáluhjálp okkar. Og þær eru kenndar greinilega og á einfaldan hátt, svo að jafnvel börn geta þekkt leið sáluhjálpar og upphafningar.“



**Undirstaða vitnisburðar.** „Rétt eins og boginn hrynnur ef burðarsteinninn er fjarlægður, þannig stendur öll kirkjan eða fellur með sannleiksgildi Mormónsbókar. Óvinir kirkjunnar skilja þetta vel. Þess vegna ganga þeir jafn langt og raun ber vitni við að reyna að afsanna Mormónsbók, því ef þeim tækist það, færí spámaðurinn Joseph Smith sömu leið. Og það sama gildir um prestdæmislykla, opinberun og endurreisn kirkjunnar. En ef Mormónsbók er sönn –og milljónir manna hafa nú vitnað að þeir hafi hlotið vitnisburð andans um að hún sé vissulega sönn – þá verður maðurinn á sama hátt að viðurkenna fullyrðinguna um endurreisnina og allt sem fylgir henni“ (*A Witness and a Warning* [1988], 18–19).

Mormónsbókin, samfara andanum, er máttugasta bjargráð þitt í trúskiptum. Hún er réttari en allar aðrar bækur á jörðu (sjá formála að Mormónsbók). Hún kennir kenningu Krists á skýran hátt, einkum í lexínum sem þú kennir trúarnemunum. Notaðu hana sem meginuppsprettuna við kennslu á hinu endurreista fagnaðarerindi. Hér á eftir eru dæmi um sannleika sem á skýran hátt er síndur í Mormónsbók og þú munt kenna trúarnemum.

Trúboðslexíur	Kenningar	Tilvísanir
Boðskapur hins endurreista fagnaðarerindis Jesú Krists	Fráhvarf, endurreisn, Joseph Smith, prestdæmisvaldsumboð	1 Ne 12–14; 2 Ne 3; 26–29; Mósia 18
Sáluhjálparáætlunin	Hin „mikla áætlun hins eilifa guðs,“ þar á meðal fall Adams, friðþægingin, upprisan og dómurinn	2 Ne 2; 9 Mósia 3; 15 Alma 12; 40–42
Fagnaðarerindi Jesú Krists	Trú á Krist, iðrun, skírn, gjöf heilags anda og að standast allt til enda	2 Ne 31–32 2 Ne 11; 27
Boðorðin; lögmál og helgiathafnir	Helgiathafnir, svo sem skírn, staðfesting, prestdæmisvígsla og sakramentið	3 Ne 11:22–28; 18 Moró 2–6

## Verkefni: Sjálfsnám

Skrifaðu svörin við eftirfarandi spurningum í námsdagbók þína:

- Hvaða áhrif hefur nám þitt á Mormónsbók haft á vitnisburð þinn um Jesú Krist?
- Hvernig geturðu notað Mormónsbók til að styrkja vitnisburði annarra?

**Ritningarnám****Hvað segir frelsarinn um Mormónsbók?**

K&S 1:29  
K&S 3:19–20  
K&S 17:6

K&S 19:26–27  
K&S 20:5–16  
K&S 33:16

K&S 42:12  
HDP Móse 7:62

**Athugasemdir**

Nynd birt með leyfi C. Harrison Conroy Co., Inc. Óheimilt að afrita.

**Mormónsbók vitnar um Krist**

Megintakmark Mormónsbókar er að sannfæra fólk um að Jesús er Kristur (sjá titilsíðu Mormónsbókar). Hún vitnar um Krist með því að staðfesta í raun líf hans, hlutverk og kraft. Hún kennir sanna kenningu varðandi friðþæginguna –grundvöllinn að sáluhjálparáætluninni. Nokkrir þeirra sem eiga rit sín í Mormónsbók sáu Krist sjálfir. Bróðir Jareds, Nefí og Jakob sáu Krist áður en hann kom til jarðar. Mormón og Moróní sáu Krist upprisinn. Auk þess var mikill mannfjöldi vitni að stuttri en máttugri þjónustu frelsarans meðal Nefita (sjá 3 Ne 11–28). Peir sem vita lítið eða ekkert um frelsarann munu læra að þekkja hann með því að lesa, íhuga og biðja varðandi Mormónsbók.

Vitnisburðurinn um Mormónsbók staðfestir vitnisburð Bíblíunnar um að Jesús er eingetinn sonur Guðs og frelsari heimsins. Þegar þú kennir fyllingu fagnaðarerindis Jesú Krists, munt þú oft vitna um frelsara og lausnara heimsins. Með krafti heilags anda munt þú bæta við lifandi vitnisburði þínum um sannleika þessa boðskapar.

**Ritningarnám****Hvaða ástæðu gáfu spámenn Mormónsbókar fyrir því að þeir skráðu heimildir sínar?**

- |               |                 |                |
|---------------|-----------------|----------------|
| 1 Ne 6:4–6    | 2 Ne 33:13–15   | Orð Morm 1:3–8 |
| 1 Ne 9:3–5    | Jakob 1:4–7     | Alma 37:2; 14  |
| 2 Ne 4:15–16  | Jakob 4:1–6, 12 | 3 Ne 5:14–15   |
| 2 Ne 25:23–29 | Enos 1:13.      | Morm 8:35      |
| 2 Ne 26:15–16 | Jarom 1:2       | K&S 3:16–20    |
| 2 Ne 29:11–14 | Omní 1:25–26    | K&S 10:46–48   |

**Mormónsbók og Bíblían styðja hvor aðra**

Trú fólks á Bíblíuna er mjög ólík. Sumir trúua því að Bíblían sé algerlega fullkomin, villulaus, og að hún sé allt sem við þurfum til að frelsast. Aðrir telja Bíblíuna vera bókmenntaverk sem vert er að lesa, en neita því að hún sé sönnun á guðdómleika Krists og kraftaverkum eða bein opinberun frá Guði. Sumir kjósa að sneiða framhjá Bíblíunni og aðrir hafa aldrei séð Bíblíuna eða fengið tækifæri til að lesa hana.

Síðari daga heilagir trúua því „að Bíblían sé orð Guðs, að svo miklu leyti sem hún er rétt þýdd“ (Trúaratriðin 1:8). Fjarri fer að Mormónsbók keppi við Bíblíuna, hún styður hana,

## Athugasemdir

hvetur okkur til að lesa hana og vitnar um sannleika boðskapar hennar. Þú ættir að nota Mormónsbók og Bíblíuna til stuðnings hvor annarri.

Mormónsbók segir frá fornum sáttmálum sem Guð gerði við börn sín; Bíblían segir frá miklum spámönnum sem einnig gerðu þessa sáttmála í trú. Mormónsbók vitnar um Krist og friðþægingu hans; Bíblían segir frá fæðingu hans, þjónustu, dauða, friðþægingu og upprisu. Fannig styrkja og auðga Bíblían og Mormónsbók hvor aðra.

Í SDH útgáfunni af King James útgáfu Bíblíunnar og í Mormónsbók eru gagntilvísanir og hjálpargögn sem gera staf Júda (Bíblíuna) og staf Jósefs (Mormónsbók) að einum í höndum okkar (sjá Esekíel 37:15–17; sjá einnig 1 Ne 13:34–41; 2 Ne 3:12; 29:8). Láttu ritnignargreinar í Mormónsbók hafa forgang þegar þú kennir, en sýndu einnig hvernig Mormónsbók og Bíblían kenna sömu reglur.

Notaðu Mormónsbók til að útskyrá ritningargreinar í Bíblíunni. Sem dæmi má nefna að Nýja testamentið segir að Kristur hafi verið skírður til að „fullnægja öllu réttlæti“ (Matt 3:14–15). Mormónsbók skyrir hvað það merkir að fullnægja öllu réttlæti (sjá 2 Ne 31:5–9).

Pegar þú notar Mormónsbók og Bíblíuna saman sem helgirit munu þau jafna deilur og leiðréttu falskenningar (sjá 2 Ne 3:12).

Bíblían kennir þetta um löggildi vitnisburðar: „Því aðeins skal framburður gildur vera, að tveir eða þrír beri“ (2 Kor 13:1). Í samræmi við þetta lögmál bera bæði Mormónsbók og Bíblían vitni um Jesú Krist.

### Verkefni: Sjálfssnám eða sameiginlegt nám

Finndu gagntilvísanir um eftirtalin efni í Mormónsbók og Bíblíunni. Dæmi eru gefin í svigum á eftir hverju efni. Bættu við þínum eigin ritningargreinum og efni.

- Spámenn (Amos 3:7 og Jakob 4:4–6)
- Fráhvarf (2 Tím 4:3–4 og 2 Ne 28)
- Endurreisnin (Post 3:19–21 og 1 Ne 13:34–42)
- Börn Guðs (Post 17:29 og 1 Ne 17:36)

### Ritningarnám

#### Hvað segir Bíblían um Mormónsbók?

Jóh 10:16  
29:4, 11–18

Esekíel 37:15–17

Leiðarvísir að ritningunum, „Efraim,“ Jesaja undirfyrirsögnin: *Stafur Efraíms eða Jósefs*

#### Hvað segir Mormónsbók um Bíblíuna?

1 Ne 13:20–29, 40–41  
2 Ne 29:3–14

3 Ne 23:1

Morm 7:8–9

#### Á hvern hátt þjóna báðar bækurnar sem vitnisburðir um Krist?

2 Ne 29:8

Jóh 20:31

Post 10:43

## Mormónsbók svarar spurningum lífsins


Ezra Taft Benson forseti sagði að trúboðar „þyrrtu að sýna hvernig [Mormónsbók] svarar hinum miklu spurningum lífsins“ („Flooding the Earth with the Book of Mormon,“ *Ensign*, nóv. 1988, 5).

Meðal hinna „miklu spurninga lífsins“ geta verið þessar: Er Guð í raun til? Var ég til áður en ég fæddist á jörðu? Mun ég lifa áfram eftir að ég dey? Hver er tilgangur lífsins? Er Jesú斯 í raun frelsarinn?

Aðrar spurningar geta varðað meira veraldlegar þarfir: Hvernig get ég bætt samband mitt við maka minn? Hvernig get ég hjálpað unglungunum mínum að forðast eiturlýf eða siðleysi? Hvernig get ég séð fyrir fjölskyldu minni?

Fagnaðarerindi Jesú Krists hjálpar okkur að svara hvoru tveggja spurningunum. Þegar við öðlumst trú á að Mormónsbók sé sönn, getum við farið að svara spurningunum um tilgang lífsins og vonina um eilíft líf. Mormónsbók lýsir sæluáætluninni, sem gefur lífinu gildi og veitir yfirsýn. Svör við eftirtöldum spurningum eru t.d. greinilega sýnd í Mormónsbók.

- Er Guð til? (Alma 22)
  - Til hvers ætlast Jesús Kristur af mér? (2 Ne 9)
  - Hvernig getur trú á Jesú Krist hjálpað mér? (Alma 36)
  - Er líf eftir dauðann? (Alma 40)
  - Hver er tilgangur lífsins? (Alma 34)
  - Hvers vegna leyfir Guð hið illa og þjáningar? (2 Ne 2; Alma 14:9–11; 60:13)
  - Þarf ungbarnið mitt að skírast? (Moró 8)
  - Þekkir Guð mig? (Alma 5:38, 58)
  - Svarar Guð bænum? (Enos 1)
  - Hvernig get ég fundið frið og gleði? (Mósía 2, 4)
  - Hvernig getur fjölskylda mín orðið hamingjusamari og samhentari? (Mósía 2)
  - Hvernig get ég komið á jafnvægi milli fjölskyldu minnar og starfs? (3 Ne 13)
  - Hvernig get ég bætt samband mitt við maka minn? (3 Ne 14)
  - Hvernig get ég forðast hið illa sem ógnar fjölskyldu minni? (Alma 39)
  - Hvernig get ég forðast synd? (Helaman 5)



Þegar við lesum Mormónsbók með leiðsögn andans, hjálpar hún okkur að svara persónulegum spurningum. Hún kennir að bæn og opinberun séu lykillinn að lausn ákveðinna vandamála. Hún styrkir trú okkar á að Guð svari bænum okkar.

Mormónsbók auðveldar okkur einnig að skilja að boðorð Guðs eru ekki einskorðaður listi yfir það sem má og má ekki, heldur vegvísir að hamingjusömu og auðugu lífi. Þegar við förum að skilja að frumreglur og helgiathafnir fagnaðarerindisins eru leiðin til auðugs lífs, verðum við þakklát fyrir að þessar reglur hjálpa okkur að svara hvaða spurningum sem er og mæta hverri þörf. Við skiljum til dæmis að iðrun, fyrirgefning og sáttmálinn um að þjóna öðrum eru mikilvæg í þá átt að bæta sambandið við maka okkar. Við sjáum að trú á Krist, að samþykkja og halda sáttmála og fylgja rödd andans getur hjálpað ungingum að forðast þær miklu freistingar sem alls staðar eru.

„Í sífellt hættulegri heimi ...  
hefur Mormónsbók:  
*Annað vitni um Jesú Krist  
næringarmáttinn til að lækna  
sveltandi anda heimsins.*“

„Í sífellt hættulegri heimi ...  
hefur Mormónsbók:  
Annað vitni um Jesú Krist  
næringarmáttinn til að lækna  
sveltandi anda heimsins.“

— BOYD K. PACKER FORSETI  
„MORMÓNSBÓK: ANNAÐ VITNI UM JESÚ KRIST,”  
*ENSIGN*, NÖV. 2001, 64

Athugasemdir

Fagnaðarerindið getur næstum leyst úr hverjum vanda og hverri þörf. Þess vegna átt þú að „kenna grundvallarreglur fagnaðarerindis míns, sem eru í Bíblíunni og Mormónsbók, er geyma fyllingu fagnaðarerindisins“ (K&S 42:12).

### Verkefni: Sjálfsnám eða sameiginlegt nám

Gerðu lista yfir nokkrar hinna „stóru spurninga lífsins“ sem trúarnemar hafa spurt. Finndu vers í Mormónsbók sem svara þeim spurningum. Skrifaðu svörin í námsdagbók þína og notaðu þau við kennslu.

## Mormónsbók færir fólk nær Guði

Spámaðurinn Joseph Smith sagði um Mormónsbók, að „maðurinn kæmist nær Guði með því að fara eftir kenningum hennar, fremur en nokkurrar annarrar bókar“ (formáli Mormónsbókar). Mormónsbók er stökkpallur að vitnisburði og persónulegri opinberun. Notaðu Mormónsbók til að hjálpa fólk i að öðlast andlega reynslu, sérstaklega vitnisburð heilags anda um að bókin sjálf sé sönn. Með því stöðugt að bjóða fólk i að lifa eftir þeim reglum sem finna má í Mormónsbók getur þú hjálpað því að öðlast trú á Jesú Krist og nálgast Guð.

Gordon B. Hinckley forseti sagði: „Þeir sem lesið hafa [Mormónsbók] með bæn, hvort heldur þeir eru ríkir eða fáækir, lærðir eða ólærðir, hafa vaxið af krafti hennar ... Hiklaust lofa ég ykkur því að ef þið viljið lesa Mormónsbók með bæn í huga, sama hve oft þið hafið áður lesið hana, þá munuð þið finna ... anda Drottins í brjósti ykkar. Þið munuð styrkja ákvörðun ykkar um að ganga í hlýðni við boðorð hans, og vitnisburður ykkar um lifandi raunveruleika Guðssonarins mun styrkjast“ („The Power of the Book of Mormon,“ *Ensign*, júní 1988, 6).

## Notaðu Mormónsbók til að bregðast við andmælum

Margir munu ekki trúta öllu sem þú kennir. Ezra Taft Benson forseti sýndi fram á hvernig Mormónsbók getur verið meginstoðin við slíkar aðstæður:

„Við eignum að nota Mormónsbók þegar við bregðumst við andmælum gegn kirkjunni...

Öll mótmæli, hvort heldur þau fjalla um fóstureyðingar, fjölvæni, sjöundadags-hvíldardag o.s.frv. snúast í raun um hvort Joseph Smith og eftirmenn hans voru og eru spámenn sem fengu og fá guðlega opinberun.

... Það eina sem mótmælandinn þarf að ákveða sjálfur er hvort Mormónsbók sé sönn. Því að ef Mormónsbók er sönn, þá er Jesús sjálfur Kristur, Joseph Smith var spámaður hans, Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu er sönn, og hún er nú leidd af spámanni sem fær opinberun.

Meginverk okkar er að boða fagnaðarerindið og gera það með árangri. Við erum ekki skyldug til að svara hverjum mótmælum. Hverjum manni verður að lokum stillt upp við vegg trúarinnar, og þar verður hann að ákveða stöðu sína“ (A Witness and a Warning, 4–5).



*Þjón minn Joseph © 2004 Liz Lemon Swindle. Þessi mynd er með leyfi frá Foundation Arts, American Fork, Utah 84003.*

Athugasemdir

Einlægur trúarnemi gæti til dæmis mótmælt því sem þú hefur kennt um Vísdómsorðið. Hjálpaðu þeim að sjá að hin raunverulega spurning er hvort Joseph Smith talaði sem spámaður Guðs þegar þetta boðorð var endurnýjað á þessum ráðstöfunartíma. Þú gætir sagt: „Trú til að meðtaka þessa kenningu krefst fullvissu um að þetta boðorð hafi borist okkur með opinberun frá Guði til spámannsins Josephs Smith. Leiðin til að vita hvort Joseph Smith hafi verið spámaður Guðs er að lesa og biðjast fyrir varðandi Mormónsbók.“

Trúarnemar verða að leysa sjálfir úr áhyggjuefnum sínum og mótmælum. Þú getur hjálpað þeim er þú bendir þeim á það sem styrkja mun trú þeirra á Jesú Krist – að lesa og biðja vegna Mormónsbókar. Þegar þeir styrkja vitnisburð sinn um endurreisnina, munu þeir hljóta styrk til að sigrast á andstöðu sinni og áhyggjum.

Þegar þú svarar spurningum skaltu hafa í huga að skilningur okkar kemur frá nútíma spámönnum – Joseph Smith og eftirmönnum hans – sem hljóta beina opinberun frá Guði. Því er fyrsta spurningin sem trúarnemi þarf að svara sú, hvort Joseph Smith hafi verið spámaður, og svar við þeirri spurningu má fá með því að lesa Mormónsbók og biðja varðandi hana.

### Joseph Smith og Mormónsbók

Ein leiðin til að vita hvort Joseph Smith hafi verið spámaður Guðs er að lesa og biðjast fyrir varðandi Mormónsbók.

### Verkefni: Sjálfssnám

Skrifaðu í námsdagbók þína hvernig þú myndir vísa til Josephs Smith og Mormónsbókar sem svar við eftirfarandi andmælum og áhyggjuefnum:

- „Ég trúi því ekki að Guð tali lengur til manna.“
- „Ég tel að ég geti tilbeðið Guð á minn eigin hátt frekar en með einhverju skipulögðu trúfélagi.“
- „Hvers vegna verð ég að hætta að drekka vín með matnum ef ég geng í kirkju þína?“
- „Hvers vegna þarfnað ég trúarbragða?“

## Hvernig ættirðu að nota Mormónsbók?

Margir trúarnemar annað hvort lesa ekki Mormónsbók eða skilja ekki það sem þeir lesa. Þeir sem ekki lesa og skilja Mormónsbók munu eiga erfitt með að hljóta vitnisburð um að hún sé sönn.

### Lestu Mormónsbók með trúarnemum þínum

Þegar þið lesið saman skaltu biðja þess að heilagur andi vitni fyrir trúarnemunum að Mormónsbók sé sönn.

Þú getur hjálpað trúarnemum með því að lesa Mormónsbók með þeim. Biddu um hjálp í bænum þínum þegar þú velur ritningargreinar sem snerta áhyggjuefni þeirra og vanda. Þú getur lesið með þeim í kennslustundum eða í síðari heimsókn þinni til þeirra þar sem þú fylgir kennslunni eftir. Þú getur líka fengið kirkjuþegn til að lesa með trúarnemum.

## Athugasemdir



Sérstaklega mikilvægar ritningargreinar eru m.a. titilsíðan, formálinn (einkum síðustu tvær málsgreinarnar), og Moró 10:3–5. Þessar greinar veita trúarnemum skilning á hvernig öðlast má vitnisburð um Mormónsbók. Hvettu þá til að lesa Mormónsbók frá byrjun, þar á meðal vitnisburði vitnanna þriggja og vitnanna átta og vitnisburð spámannsins Josephs Smith.

Lestu og ræddu stuttar ritningargreinar (svo sem 1 Ne 3:7 eða Mósia 2:17) og lengri greinar eða heila kafla (svo sem 2 Ne 31, Alma 7, eða 3 Ne 18).

Þegar þú lest með trúarnemum skaltu stansa öðru hverju og ræða það sem þú lest. Bentu á lykilboðskap eða mikilvægar kenningar sem finna má þegar þú lest með þeim. Miðlaðu viðeigandi innsýn, tilfinningum, vitnisburðum og persónulegri reynslu. Hjálpaðu öðrum að finna andlegan kraft Mormónsbókar. Á þann hátt getur þú kennit þeim sanna kenningu beint úr Mormónsbók. Haltu þessu áfram í næstu heimsóknum, þannig að þeir sem þú kennir geti síðan sjálfir lesið og beðist fyrir.

Kenndu reglur og kenningar og notaðu orð og setningar spámanns Mormónsbókar. Útskýrðu bakgrunn og innihald ritningargreinar. Útskýrðu ókunnugleg orð og setningar.

„Tileinkaðu“ þér sjálfum og trúarnemum þínum það sem þú hefur lesið með því að finna það sem snertir þig og nemanda þinn persónulega (1 Ne 19:23). Að „tileinka“ er að skapa andlega brú milli þess að skilja kenninguna og lifa eftir kenningunni. Til að lesa í einlægni, með sönnum ásetningi, verða þú og þeir sem þú kennir að vera fúsir til að fara eftir kenningunni, fella hana inn í daglegt líf ykkar og, ef með þarf, að iðrast. Með því að lifa eftir kenningunni munt þú fá fullvissu um að hún er sönn. Þú gætir til dæmis sagt við trúarnema:

- „Nefí stóð, eins og þú, frammi fyrir erfiðum vanda. En þegar hann sýndi trú til að ‘fara og gera’ það sem Drottinn bauð honum, þá gekk honum vel. (Lesið 1 Ne 3:7.) Ég veit að Guð mun greiða þér leið til að lifa eftir Vísdómsorðinu.“
- „Jón, það er gott að þú vilt losna við sektarkennd þína. Rétt eins og frelsarinn lofaði Nefítum, þá mun Drottinn, ef þú iðrast, lætur skírast, og meðtekur heilagan anda, ‘sýkna [þig] fyrir föður[num].“ (Lestu 3 Ne 27:16.)

Treystu á loforðið í Moró 10:3–5. Hver sá sem einlæglega les og biður varðandi þessa bók getur vitað með vissu um sannleiksgildi hennar fyrir kraft heilags anda. Gerðu allt sem þú getur til að hjálpa trúarnemum þínum:

- Lestu Mormónsbók og ígrundaðu boðskap hennar varðandi Jesú Krist.

*„Taktu ekki Mormónsbók sem gefna. Biðstu fyrir til að öðlast sýn yfir hvernig nota má Mormónsbók með betri árangri í trúboðssstarfi þínu.*

*Ég lofa því að þegar þú gerir það, þá mun þér birtast í huga þínnum sú leið sem þú átt að fara.“*

– ÖLDUNGUR JOSEPH B. WIRTHLIN  
NÁMSKEIÐ FYRIR NÝJA TRÚBOÐSFORSETA, 23. JÚNÍ 1999

- Biddu til Guðs í trú á Jesú Krist um að hljóta vitnisburð um að Mormónsbók sé sönn og að Joseph Smith sé spámaður endurreisnarinnar.
  - Biddu í einlægni og með sönnum ásetningi, sem þýðir að þú ætlað að fylgja því svari sem þú færð frá Guði.

Þú ættir sjálfur að tileinka þér þetta loforð reglulega til að styrkja og endurnýja vitnisburð þinn um Mormónsbók. Sá endurnýjaði vitnisburður mun veita þér fullt traust á að allir sem láta reyna á þetta loforð muni fá svar.

## **Notaðu Mormónsbók í öllu starfi þínu**

Mormónsbók er máttug hjálparlind í trúskiptum. Notaðu hana sem meginuppsprettu þína við kennslu á hinum endurreista sannleika.

## Mikilvægt að hafa í huga:

- Mormónsbók er burðarsteinninn í vitnisburði okkar um Krist, kenningu okkar og öðrum vitnisburðum.
  - Mormónsbók kennir greinilega þá kenningu sem er í trúboðslexíunum.
  - Notaðu Mormónsbók til að svara spurningum lífsins og til að bregðast við andmælum varðandi kirkjuna.
  - Lestu staðfastlega úr Mormónsbók með trúarnemum þínnum og nýskírðum. Gerðu allt sem þú getur til að hjálpa þeim að lesa sjálfir daglega og tileinka sér það sem þeir hafa lært.
  - Treystu á lforð Drottins um að sérhver sá sem les í einlægni og biður vegna Mormónsbókar muni fá vitneskjú um sannleiksgildi hennar fyrir kraft heilags anda.

## Hugmyndir að námi og hagnýtingu þess

### Sjálfsnám

- Lestu 2 Ne 2, 9, 30, 31, 32 og merktu allar tilvísanir til Jesú Krists. Gerðu lista yfir mismunandi nöfn og nafngiftir Krists í þessum kapítulum. Undirstrikaðu þau orð sem Kristur mælti. Merktu sérstaklega eiginleika hans og gerðir. Þú gætir haldið þessu áfram meðan þú lest alla Mormónsbók.
- Skrifaðu í námsdagbók þína hvernig þér leið þegar þú fyrst fékkst andlegan vitnisburð um að Mormónsbók væri sönn.
- K&S 20:17 notar orðin „af þessu vitum við“ til að kynna kenningar sem kennar eru og útskýrðar í Mormónsbók. Lestu K&S 20:15–35 og gerðu lista yfir kenningarnar sem minnst er á. Veldu eina af þessum kenningum og notaðu Leiðarvísi að ritningunum til að bera lista þinn saman við það sem Biblían segir um þessar kenningar.
- Berðu fjallræðuna í Matteus 5–7 saman við ræðu Kristi við musterið í 3 Ne 12–14. Gerðu lista yfir þau skýru og dýrmætu atriði sem endurvakin eru í Mormónsbók.
- Gerðu lista yfir spurningar sem trúarnemar hafa spurt. Finndu ritningargreinar í Mormónsbók sem svara þeim spurningum og notaðu eins og þarf í daglegri kennslu þinni.
- Finndu ritningargrein í Mormónsbók sem hefur breytt lífi þínu. Skráðu tilfinningar þínar varðandi þessa ritningargrein í námsdagbók þína.
- Finndu hvern stað í Mormónsbók þar sem bærarorð einhvers eru skráð. Skrifaðu í námsdagbók þína sameiginleg atriði þessara bæna.
- Lestu 2 Ne 33:10–15 og Moró 10:27–29, 34. Hvað munt þú segja við Nefí og Moróni við dómgindurnar um notkun þína á Mormónsbók? Skrifaðu niður svar þitt og settu þér markmið til útþóta.
- Skrifaðu samantekt á því sem Abinadí kenndi samkvæmt formálum að Mósia 11–16. Lestu þessa kapítula og útvíkkaðu samantekt þína.
- Skrifaðu samantekt á því sem Benjamín konungur kenndi samkvæmt formálum að Mósia 2–5. Lestu þessa kapítula og útvíkkaðu samantekt þína.
- Þegar þú lest daglega í Mormónsbók, skaltu skrifa í námsdagbók þína þær ritningargreinar sem hafa áhrif á þig. Skrifaðu hvernig þú munt tileinka þér þær í lífi þínu.

### Sameiginlegt nám

- Lesið í Mormónsbók saman. Deilið hvor með öðrum því sem þið lesið og tilfinningum ykkar. Gefið einnig hvor öðrum vitnisburði ykkar.
- Hvaða spámanni Mormónsbókar eða trúboða myndir þú vilja líkjast og hvers vegna? Segðu félaga þínum frá svari þínu.
- Lesið saman Alma 26 og 29. Segið hvor öðrum hvað ykkur finnst um trúboð ykkar. Skrifði þær tilfinningar í námsdagbók ykkar.
- Lesið Alma 37:9 og ræðið hve afgerandi máli ritningarnar skiptu fyrir Ammon og samtrúboða hans. Finnið tilvísanir er lýsa því hvernig þeir notuðu ritningarnar.

## Athugasemdir

- Lestu Alma 11–14 með félaga þínum, annar ykkar tekur að sér hlutverk Alma eða Amúleks og hinn þá sem reyndu að gera lítið úr þeim. Takið eftir hvernig trúboðarnir svöruðu erfiðum spurningum.
- Lesið eftifarandi sanna frásögn og ræðið hvað þið lærið varðandi mikilvægi og kraft Mormónsbókar (nöfnum hefur verið breytt).

„Pegar við buðum Snidershjónunum að taka skírn og staðfestingu, var systir Snider tilbúin, en bróðir Snider sagði: ‘Verið ekki of vongóðir, öldungar. Ég veit ekki hvort ég get nokkru sinni gert þetta!’ Þótt bróðir Snider hafi meðtekið allt sem við kenndum og væri alltaf hlýr og vingjarnlegur, hafði hann miklar áhyggjur af því hvernig fjólskylda hans brygðist við því að hann gengi í aðra kirkju.

Eftir að hafa fylgst með baráttu bróður Sniders í nokkrar vikur fengum við félagarnir innblástur um að lesa 3 Ne 11 aftur með Snidershjónunum. Ég gleymi aldrei því sem gerðist þetta kvöld. PEGAR VIÐ opnuðum Mormónsbók sagði félagi minn: ‘Pessi kapituli segir frá því þegar frelsarinn vitjaði fólksins í Mormónsbók, eins og þið eflaust munið. Hér lesum við um ást frelsarans til þessa fólks og um það sem hann kenndi því.’ Við skiptumst síðan á að lesa eitt eða tvö vers hvert okkar. Eftir að hafa lesið 5. vers tók félagi minn fram í fyrir mér og sagði: ‘Ég hef alltaf hrifist af lýsingunni sem gefin er hér á röddinni sem þau heyrðu. Röddin var hvorki hörð rödd né hávær, en þótt lágvær væri, hafði hún máttug og mikil áhrif á þau. Þessa rödd heyrðu þau ekki aðeins með eyrum sínum, heldur talaði hún til hjartna þeirra.’ Ég fylgdist með hjónunum er þau hlustuðu af athygli á félaga minn.

Eftir nokkrar umræður um bænina og að hlusta á andann var komið að bróður Snider að lesa: ‘Óg sjá. Hið þriðja sinn, skildu þau röddina, sem þau heyrðu, en hún sagði við þau: Sjá minn elskaða son, sem ég hef velþóknun á. Í honum hef ég gjört nafn mitt dýrlegt.’ Bróðir Snider þagnaði og horfði fast á Mormónsbók sína. Síðan leit hann á mig og sagði: ‘Himneskur faðir var verulega hreykinn af syni sínum, var það ekki?’ Ég svaraði því játandi. Bróðir Snider leit aftur á bók sína og starði á síður hennar djúpt hugsi. Að lokum sagði hann: ‘Ég myndi vilja að himneskur faðir væri einnig hreykinn af mér. Hvernig skyldi hann kynna mig? Ég býst við því, að ef, ... ef ég vil að hann sé hreykinn af mér þá væri mér betra að gera það sem hann vill að ég geri.’ Já, ég tel að það sé mikilvægt,’ svaraði ég. ‘Jæja,’ hélt bróðir Snider áfram. ‘Ég held að ég hafi haft of miklar áhyggjur af því hvað öllum öðrum finnst en ekki nógu miklar af því hvað Guði finnst.’ Eftir stutta þögn kinnkaði bróðir Snider kolli ákvæðinn á svip og sagði: ‘Ég held að ég ætti að láta skírast.’ Viðbrögð hans voru svo óvænt að við félagirnir horfðum undrandi á hann. Að lokum sagði félagi minn: ‘Já, það væri það rétta að gera. Í raun kennir frelsarinn síðar í þessum kapítula ...’ Meðan félagi minn talaði fann ég brjóst mitt brenna og fylltist þakklæti fyrir kraft Mormónsbókar.“

Hvernig notuðu þessir trúboðar Mormónsbók? Hvernig ætlað þú og félagi þinn að nota hana betur í trúboðsstarfi ykkar?

### Umdæmisfundir og svæðisráðstefnur

- Æfðu þig í að nota Mormónsbók á hvern þann hátt sem sagt er í meginfyrirsögnum þessa kafla.
- Gerðu lista yfir andmæli eða spurningar trúarnema. Útskýrið fyrir hver öðrum hvernig þið mynduð svara þessum spurningum með því að nota Mormónsbók.
- Lesið í Mormónsbók saman. Deilið hver með öðrum vitneskju, tilfinningum og vitnisburði.
- Æfðu þig í að nota Mormónsbók til að staðfesta boðskap endurreisnarinnar.

## Athugasemdir

- Veldu einn hinna miklu trúboða í Mormónsbók. Ræddu og láttu trúboðana gera lista yfir eiginleika þessa trúboða. Biddu hvern trúboða að setja sér það mark að tileinka sér einn af þeim eiginleikum. Endurtaktu þetta reglulega og notaðu trúboða Mormónsbókar.
- Biddu trúboðana að segja frá því þegar Mormónsbók hefur hjálpað trúarnemum þeirra í trúskiptaferli þeirra.
- Láttu trúboðana segja frá besta svari Mormónsbókar við einhverri spurningu lífsins.

**Trúboðsforseti**

- Kenni trúboðunum hvernig nota á Mormónsbók til að staðfesta sannleiksgildi boðskapar endurreisnarinnar.
- Lesi 1 Ne 1 með trúboðunum og beri það saman við reynslu Josephs Smith.
- Sjái trúboðunum fyrir hreinu vasabrotseintaki af Mormónsbók. Láti þá merkja með mismunandi lit:
  - Hverja vísun til Jesú Krists (sérhvert nafn hans eða fornöfn sem vísa til hans).
  - Orð hans (sem hann hefur mælt eða spámennirnir þegar þeir sögðu: „Svo segir Drottinn“).
  - Eiginleika hans.
  - Kenningar og reglur sem Mormónsbók geymir.

Biðji trúboða að telja neðst á hverri blaðsíðu heildarfjölda tilvísananna. Biðji trúboða, í viðtali og á umdæmisfundum þá tvo eða þrjá mánuði sem þetta verkefni stendur yfir, að segja hver öðrum frá því sem þeir hafa lært. Gæti hugleitt að gera svipað verkefni með öllum trúboðum á svæðinu, að merkja vísanir til trúar á Jesú Krist, iðrunar, skírnar, gjafar heilags anda, eða einhverra af grundvallarreglum fagnaðarerindisins.

- Biðji trúboða, í viðtolum, að deila með sér ritningargreinum í Mormónsbók sem hafa breytt lífi þeirra.
- Hjálpi trúboðum að sjá að kenningarnar í trúboðslexíunum eru allar í Mormónsbók. Ef efnið væri til dæmis friðþægingin, láti þá trúboðana skrifa í einn dálk meginþætti friðþægingarinnar samkvæmt Mormónsbók, og skrá einnig tilvísanir. Láti þá síðan skrá í hinn dálkinn hlið við hlið sömu þætti samkvæmt því sem Biblán kennir. Láti trúboðana hafa eyðu hjá þeim þáttum sem vantar eða eru ekki kenndir í Biblunni. Trúboðunum verður afar ljóst hvernig Mormónsbók er burðarsteinn kenningar okkar. Það sama má gera við aðrar kenningar sem trúboðarnir kenna.
- Greini frá þeim spurningum lífsins sem fólkioð á trúboðssvæðinu kann að hafa. Biðji trúboðana að finna svörin í Mormónsbók.



# Hvernig þroska ég kristilega eiginleika?

Athugasemdir

## Til hugleiðingar

- Hvernig þroska ég þá eiginleika sem gera mig öflugri þjón í fagnaðarerindi Jesú Krists?
  - Hvernig hjálpar það mér að koma ætlunarverki mínu til leiðar með því að þroska kristilega eiginleika?
  - Hvaða eiginleika þarf ég helst að þroska?

Jesús Kristur gekk um ströndu Galíleuvatns, í upphafi þjónustu sinnar á jörðu, og kallaði til tveggja fiskimanna, Péturs og Andrésar. Hann sagði: „Komið og fylgið mér, og mun ég láta yður menn veiða“ (Matt 4:19; sjá einnig Mark 1:17). Drottinn hefur kallað þig til að starfa fyrir sig og býður þér að fylgja sér. Boðið um að fylgja Kristi er boð um að fylgja fordæmi hans og líkjast honum.

Sumir kaflar í „Boða fagnaðarerindi mitt“ gera grein fyrir því sem þú þarf að gera sem trúboði – hvernig þú berð þig að við nám, kennslu og góða tímanýtingu. Persónugerð þín er þó ekki síðri að mikilvægi en hlutverk þitt.

Hið endurreista fagnaðarerindi gerir þér kleift að líkjast himneskum föður og Jesú Kristi. Frelsarinn hefur vísað veginn. Hann hefur sýnt fullkomíð fordæmi og býður okkur að líkjast sér (sjá 3 Ne 27:27). Lærðu af honum og reyndu að tileinka þér eiginleika hans. Þú getur, fyrir kraft friðbægingar hans, náð þessu markmiði og leitt aðra til að ná því einnig.

Í ritningunum er greint frá þeim kristilegum sem nauðsynlegt er fyrir þig að þróa sem trúboði og alla þína ævidaga. Lærðu ritningargreinarnar í þessum kafla og leitaðu að fleiri dænum um kristilega eiginleika begar bú lærir aðrar ritningargreinar.

Kristilegir eiginleikar eru gjöf frá Guði. Þá hlýtur þú við réttláta beitingu sjálfræðis. Bið himneskan föður að blessta þig með slíkum eiginleikum. Þú getur ekki þroskað þá án hans hjálpars. Práðu að bóknast Guði, vertu meðvitaður um veikleika bína og fús til að bæta big-

## Athugasemdir

## Ritningarnám

**Hvað segja þessar ritningargreinar um að fylgja fordæmi Jesú Krists?**

3 Ne 12:48

Jóh 13:1–16

1 Pét 2:21

3 Ne 27:21, 27

**Hver eru tengsl frumreglna fagnaðarerindisins og kristilegra eiginleika?**

Moró 8:25–26

## Tillögur að námi þessa kafla

Hægt er að læra þennan kafla á margan hátt. Reyndu eftirfarandi tillögur:

- Þegar þú vinnur að „Verkefni til eiginleikaþroskunar“ aftast í þessum kafla, skaltu ákveða hvaða eiginleika þú vilt helst þroska. Lærðu undirkaflann um þann eiginleika og settu markmið til að þroska hann.
- Lestu undirkaflann allan án þess að nota ritningarnar og veldu hvaða eiginleika þú vilt þroska enn frekar. Lærðu svo þær lykil ritningargreinar sem fjalla um þann eiginleika. Leitaðu að fleiri ritningargreinum sem ekki eru í undirkaflanum og fjalla um þann eiginleika. Skráðu í námsdagbókina tillögur að frekari þroskun þess eiginleika.
- Veldu eiginleika sem þú vilt læra um. Farðu eftir leiðbeiningunum undir fyrirsögninni „Þroska kristilega eiginleika“ aftast í þessum kafla.

## Trú á Jesú Krist

Trú á Krist felst í því að trúa að hann sé sonur Guðs, hinn eingetni föðurins í holdinu. Þú tekur á móti honum sem frelsara þínum og lausnara og tileinkar þér kenningar hans. Þú trúir að þú getir hlotið fyrirgefningu synda þinna fyrir friðþægingu Jesú Krists. Trú á hann felst í því að þú treystir honum og ert fullviss um að hann elskar þig.

Trú leiðir til verka, eins og iðrunar, hlýðni og dyggrar þjónustu. Þegar þú átt trú á Jesú Krist, treystir þú Drottini nægilega til að fara að fyrirmælum hans – jafnvel þótt þú skiljir ekki fyllilega ástæðurnar þar að baki. Þú gerir einfaldlega það sem Drottinn vill að þú gerir. Þú hjálpar til við að koma góðu til leiðar í eigin lífi og annarra. Þú ert þess megnugur að gera kraftaverk að vilja Drottins. Trú þín verður staðfest fyrir kostgæfni og erfiði.

Trú er regla tengd krafti. Guð vinnur samkvæmt krafti og kraftur hans er yfirleitt afsprengi trúar (Moró 10:7). Hann vinnur samkvæmt trú barna sinna. Efi og ótti eru andstæður trúar.

Trú þín mun aukast fyrir kostgæfni í námi, bænagjörð, dyggri þjónustu og hlýðni við innblástur heilags anda og boðorðin.

Trú þín á Jesú Krist eykst eftir því sem þú verður kunnugri honum og kenningum hans. Þegar þú rannsakar ritningarnar og lærir þær vandlega, muntu skilja hans vegu, elsku hans til allra manna og boðorð hans.



© 1988 Conceptions Unlimited Investments, Inc. Óheimilt að afrita.

Athugasemdir

Í trú felst sannfæring um hlutverk og kraft heilags anda. Þú hlýtur bænheyrslu fyrir trú og innblástur þér til leiðsagnar í verki Drottins.

### Ritningarnám

#### Hvað er trú?

- |            |   |  |
|------------|---|--|
| Alma 32:21 | Hebr 11:1; sjá neðanmálstílvisun b<br>Leiðarvísir að ritningunum: „Trú“ | <i>True to the Faith, „Faith,“ 52–54</i> |
| Eter 12:6  |   |  |

#### Hvernig öðlastu trú og hvað getur þú gert fyrir trú?

- |              |              |           |
|--------------|--------------|-----------|
| 2 Ne 25:29   | Alma 32      | Moró 7:33 |
| 2 Ne 26:13   | He 15:7–8    | Róm 10:17 |
| Mósía 4:6–12 | Eter 12:7–22 | Hebr 11   |

#### Hvaða blessanir koma fyrir trú?

- |              |           |          |
|--------------|-----------|----------|
| Mósía 3:17   | He 5:9–12 | Jóh 14:6 |
| Mósía 5:1–15 |           |          |

### Von

Von er óyggjandi sannfæring um að Drottinn muni uppfylla þau fyrirheit sem hann hefur gefið þér. Hún birtist í trausti, bjartsýni, áhuga og þolgæði. Í henni felst traust og væntingar um að eitthvað ákveðið muni verða. Sé vonin virk í þér, muntu halda áfram að starfa þrátt fyrir erfiðleika og mótlæti í þeirri óyggjandi sannfæringu og fullvissu að allt muni samverka þér til góðs. Vonin gerir þér kleift að komast yfir vonbrigði. Í ritningunum er von á Jesú Krist sögð vera sannfæring einhvers um að hann muni erfa eilíft líf í himneska ríkinu.

James E. Faust forseti sagði:

„Vonin er kjölfesta sálar okkar. . . .

Vonin er traust á loforð Guðs, trú á að ef við störfum núna, muni þráðar blessanir uppfyllast í framtíðinni. . . .

Óbrigðull grundvöllur vonar okkar er sá að við erum synir og dætur Guðs og að sonur hans, Drottinn Jesús Kristur, frelsaði okkur frá dauða“ („Hope, an Anchor of the Soul,“ *Ensign*, nóv. 1999, 59–60).

„Séum við sem lærisveinar  
blessaðir með von, gerir hún  
okkur kleift að ná til allra  
þeirra sem af einhverjum  
ástæðum hafa „[hvikað]...  
frá von fagnaðarerindisins“  
(Kól 1:23). Styrkjum vonlitlar  
og máttvana hendur.“

— ÖLDUNGUR NEAL A. MAXWELL  
„BRIGHTNESS OF HOPE,“ *EN SIGN*, NÓV. 1994, 36

### Ritningarnám

#### Hvað er von og hverju vonumst við eftir?

- |               |              |                                   |
|---------------|--------------|-----------------------------------|
| 2 Ne 31:20    | Moró 7:40–48 | Róm 8:24–25                       |
| Alma 58:10–11 | K&S 59:23    | Hebr 6:10–20                      |
| Eter 12:4, 32 | K&S 138:14   | Leiðarvísir að ritningunum: „Von“ |

## Athugasemdir

**Kærleikur og elska**

Maður nokkur spurði Jesú eitt sinn þessarar spurningar: „Hvert er hið æðsta boðorð í lögmálinu?“ Jesús svaraði: „Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af allri sálu þinni, öllum mætti þínum og öllum huga þínum. Þetta er hið æðsta og fremsta boðorð. Annað er þessu líkt: Þú skalt elска náunga þinn eins og sjálfan þig“ (Matt 22:36–39).

Kærleikur er „hin hreina ást Krists“ (Moró 7:47). Hann felur í sér eilífa elsku Guðs til allra barna hans. Okkur ber að leitast við að þróa slíka elsku. Þegar þú fyllist kærleika, muntu hlýða boðorðum Guðs og gera allt sem þú getur til að þjóna öðrum og hjálpa þeim að taka á móti hinu endurreista fagnaðarerindi.

Kærleikur er gjöf frá Guði. Spámaðurinn Mormón bauð okkur að „[biðja] ... til föðurins, ... af öllum hjartans mætti, að [við mættum] fyllast þessari elsku“ (Moró 7:48). Þegar þú fylgir þessari leiðsögn og reynir af fremsta megni að vinna réttlætisverk, mun elsa þín til allra manna aukast, einkum til samferðmanna þinna. Þú munt fara að skynja einlægan áhuga á eilífri velferð og hamingju annarra. Þú munt sjá fólk sem börn Guðs, sem búa að þeim eiginleika að geta líkst himneskum föður, og þú munt starfa í þeirra þágu. Þú munt forðast neikvæðar tilfinningar, til að mynda reiði, losta eða ágirnd. Þú munt forðast að dæma aðra, gagnrýna þá eða að tala niðrandi um þá. Þú munt leggja þig fram við að skilja þá og skoðanir þeirra. Þú munt sýna þeim þolinmmæði og reyna að hjálpa þeim í erfiðleikum og mótlæti. Kærleikurinn kallar á verk líkt og trúin. Þú munt proska með þér kærleika er þú leitar tækifæra til að þjóna öðrum og gefa af sjálfum þér.



© 2001 Simon Dewey. Óheimilt að afrita.

**Ritningarnám****Hvað er kærleikur?**

Moró 7:45–48

1 Kor 13

Leiðarvísir að ritningunum: „Kærleikur“

**Hvernig sýndi Jesús Kristur kærleika?**

1 Ne 19:9

Eter 12:33–34

Lúk 7:12–15

Alma 7:11–13

**Hvað kenna þessar ritningargreinar um kærleika?**

2 Ne 26:30

Alma 7:24

1 Tím 4:12

Mósia 2:17

Eter 12:28

1 Pét 4:8; sjá neðanmálstilvísun a

Mósia 28:3

K&amp;S 88:125

**Dyggð**

Dyggðin nær til þinna innstu hugsana og þráa. Hún á sér fyrirmynnd í hugsun og hegðun byggðum á háum siðgæðiss töldum. Heilagur andi dvelur ekki í óhreinum líkónum og því er dyggðin forsenda þess að hljóta leiðsögn heilags anda. Það sem þú velur að hugsa um og gera í einrúmi, og trúir að enginn sé að fylgjast með, er góður mælikvarði á hversu dyggðugur þú ert.

Athugasemdir

Þeir sem eru dyggðugir eru andlega hreinir. Þeir einsetja sér að hugsa réttlátar og upplyftandi hugsanir og útiloka úr huga sínum óverðugar hugsanir sem leiða til óviðeigandi breytni. Þeir hlíta boðorðum Guðs og fylgja leiðsögn kirkjuleiðtoga. Þeir biðja um styrk til að standast freustingar og ástunda réttu breytni. Þeir iðrast skjótt allra synda og misgjörða. Þeir eru verðugir musterismeðmæla.

Hugur þinn er líkur leiksviði, en þar getur aðeins einn leikið í einu. Sé leiksviðið autt, þróngva myrkar og syndugar hugsanir sér oft inn á það til að freista. En slíkar hugsanir eru kraftlausar, ef leiksvið hugans er fullt af uppbyggilegum hugsunum, til að mynda sálmatextum eða ritningargreinum lærðum utanbókar, sem þú getur fyllt hugann af þegar freustingar steðja að. Með því að hafa stjórna á leiksviði hugans, getur þú farsællega staðist gegn stöðugum freistungum og því að gefa þig syndinni á vald. Þú getur verið hreinn og dyggðugur.

### Ritningarnám

#### Hvað felst í því að vera dyggðugur?

K&S 4:6	K&S 46:33	2 Pét 1:3–8
K&S 25:2	K&S 121:45–46	Leiðarvísir að ritningunum: „Dyggð“
K&S 38:24	Trúaratriðin 1:13	

## Pekking

Drottinn hefur boðið: „Sækist eftir fræðslu með námi og einnig með trú“ (K&S 88:118). Hann hefur einnig veitt þessa aðvörðun: „Ógerlegt er að maðurinn frelsist í vanþekkingu“ (K&S 131:6). Aflaðu þér þekkingar, einkum andlegrar þekkingar. Lærðu ritningarnar dag hvern og einnig orð lifandi spámannna. Leitaðu hjálpar með námi og bæn til að fá svar við ákveðnum spurningum og til að greina erfioðleika og tækifæri. Veittu þeim ritningargreinum sérstaka athygli sem þú getur notað í kennslu og til að svara spurningum um hið endurreista fagnaðarerindi.

Veltu fyrir þér á hvaða hátt þú getur tileinkað þér reglur fagnaðarerindisins í eigin lífi. Þegar þú lærir af kostgæfni, í bænarhug og af einlægum ásetningi, mun heilagur andi upplýsa huga þinn, veita þér kennslu og skilning á ritningunum og kennslu lifandi spámannna. Þú getur einnig öðlast þekkingu með því að fylgjast með öðrum og hlýða á þá, og á það einkum við um kirkjuleiðtoga. Þú getur, líkt og Nefí, sagt: „Sál míن hefur unun af ritningunum og hjarta mitt ígrundar þær. ... Sjá, sál mín hefur unun af öllu, sem Drottin snertir. Og hjarta mitt ígrundar án afláts það, sem ég hef séð og heyrt“ (2 Ne 4:15–16).

### Ritningarnám

#### Hvernig getur þekking komið að gagni í verki Drottins?

Alma 17:2–3	K&S 88:77–80
-------------	--------------

#### Hvernig getur þú aflað þér þekkingar?

2 Ne 32:1–5	K&S 76:5–10	Leiðarvísir að ritningunum: „Pekking“
Moró 10:5	K&S 88:118	
K&S 42:61		

## Athugasemdir

**Þolinmæði**

Þolinmæði er sá eiginleiki að geta sýnt biðlund í langan tíma, sigrast á erfiðleikum, andstreymi eða þjánungum, án þess að reiðast, láta hugfallast eða verða óþreyjufullur. Það er sá eiginleiki að fara að vilja Guðs og gangast undir hans tímasetningu. Þegar þú sýnir þolinmæði stenst þú álag og ert þess megnugur að sýna rósemi og vera vongóður í mótlæti. Þolinmæði er nátengd trú og von – því bíða verður eftir að þær blessanir sem Drottinn hefur gefið fyrirheit um verði að veruleika.

Þú þarf að sýna þolinmæði í sérhverri dagsins reynslu og samskiptum, einkum á það við varðandi félaga þinn. Þú verður að sýna öllum þolinmæði, sjálfum þér einnig, er þú leiðréttir eigin vankanta og veikleika.

*„Lífið er fullt af erfiðleikum, sumum minniháttar og öðrum alvarlegs eðlis. Óendenlega miklir erfiðleikar virðast vera fyrir hendi fyrir einn og alla.*

*Vandinn er sá að við gerum oftast ráð fyrir skyndilausnum í slíkum erfiðleikum og gleymum að yfirleitt er þess vænst að við sýnum þolinmæði, hina himnesku dyggð.“*

– THOMAS S. MONSON FORSETI

„PATIENCE – A HEAVENLY VIRTUE,“ *EN SIGN*, NÓV. 1995, 59

**Verkefni: Sjálfsnám**


- Lærðu Mósía 28:1–9. Hvað þráðu synir Mósía?
- Hver var leiðsögn Drottins til þessara trúboða? (Sjá Alma 17:10–11 og 26:27.)
- Hverjir voru ávextir þolinmæði þeirra og kostgæfni? (Sjá Alma 26.)
- Skráðu svörin í námsdagbók þína.

**Ritningarnám****Hvers vegna er mikilvægt að sýna þolinmæði? Hvernig er þolinmæði nátengd trú?**

Mósía 23:21	Alma 34:40–41	2 Kor 6:1–10
Mósía 24:9–16	K&S 101:38	Jakbr 5:10–11
Alma 31:31	Róm 5:3–5	Sálm 46:10
Alma 32:41–43	Róm 8:24–25	Leiðarvísir að ritningunum: „Þolinmæði“

**Auðmýkt**

Auðmýkt er sá eiginleiki að vera fús til að beygja sig undir vilja Drottins og að veita honum heiðurinn af starfi okkar. Í henni felst þakklæti fyrir blessanir hans og viðurkenning á stöðugri þörf á guðlegri hjálpu hans. Auðmýkt er ekki veikleikamerki, hún er merki um andlegan styrk. Þegar þú leggur traust þitt á hann í auðmýkt og viðurkennir kraft hans og miskunn, getur þú öðlast fullvissu um að boðorð hans séu þér til góðs. Þú átt sannfæringu um að þú getir gert allt það sem Drottinn fer fram á við þig ef þú reiðir þig á hann. Þú ert einnig fús til að reiða þig á útvalda þjóna hans og fylgja leiðsögn þeirra. Auðmýkt auðveldar þér lífið þegar þú reynir þitt besta við að sýna hlýðni, vinnusemi og óeigingirni í þjónustu.



Andstæða auðmýktar er hroki, sem er fordæmdur í ritningunum. Hroki er að reiða sig meira á sjálfan sig en Guð eða þjóna hans. Í honum felst einnig það að setja það sem heimsins er framar Guði. Þeir sem eru hrokafullir taka sér heiður sjálfir í staða þess að veita Guði dýrðina. Hroki birtist í metnaðargirni. Þeir sem eru hrokafullir hafa tilhneigingu til að vilja sífellt meira og telja sig betri en aðra. Ávextir hroka eru yfirleitt reiði og óvild. Hann er mikil hrösunarhella.

Ritningarnám

## Hvað felst í því að vera auðmjúkur?



**Hvaða blessanir fylgja því að auðmýkja sig?**

- |              |               |            |
|--------------|---------------|------------|
| Alma 32:1-16 | K&S 67:10     | Matt 23:12 |
| Eter 12:27   | K&S 112:10    |            |
| K&S 12:8     | K&S 136:32-33 |            |

**Hvernig getur þú kannast við hroka í sjálfum þér?**

- 1 Ne 15:7-11                  2 Tím 3:1-4                  Okv 15:10  
1 Ne 16:1-3                  Okv 13:10                  Okv 28:25

Kostgæfni

Kostgæfni er sá eiginleiki að sýna stöðugt einlægni og ötulleika í verki Drottins. Drottinn væntir þess að þú starfir af kostgæfni – sért þolgóður, samviskusamur og iðinn. Sá trúboði sem er kostgæfinn starfar af krafti og dugnaði. Kostgæfni í trúboðssstarfi er tjáningarmáti elsku þinnar til Drottins og verks hans. Pegar þú ert kostgæfinn, færir starfið þér gleði og ánaegju.

Gerðu margt af frjálsum vilja þínum (sjá K&S 58:27). Ekki bíða eftir að leiðtigar þínir feli þér verkefni. Gerðu allt sem þú getur, jafnvel þótt þú sért þreyttur. Beindu athyglinni að því sem skiptir mestu máli og forðastu tímasóun. Biðstu fyrir um leiðsögn og styrk. Vertu ávallt vel skipulagður. Forðastu allt sem hefur truflandi áhrif á hugsanir þínar og gjörðir.

„Ég hef oft sagt að einn mesti leyndardómur trúboðsstarfs er vinnusemi! Ef trúboði leggur sig fram í starfi, mun hann hljóta andann; ef hann hlýtur andann, mun hann kenna með andanum; og ef hann kennir með andanum, mun hann snerta hjörtu fólksins og hljóta hamingju. Enginn tími gefst þá til að vera með heimþrá, vera stöðugt að hugsa til fjölskyldunnar, því sérhver stund og hugsun eru helguð þjónustunni. Vinna, vinna, vinna – ekkert annað ánægjuefni má komast að, einkum í trúboðsstarfi.“

– EZRA TAFT BENSON FORSETI  
*THE TEACHINGS OF EZRA TAFT BENSON* (1988), 200

Athugasemdir

Athugasemdir

**Ritningarnám****Hvað felst í því að vera kostgæfinn?**Moró 9:6  
K&S 10:4

K&amp;S 107:99–100

Leiðarvísir að ritningunum: „Kostgæfni“

**Hvers vegna væntir Drottinn þess að þú sért kostgæfinn?**K&S 75:2–5  
K&S 123:12–14

K&amp;S 127:4

K&amp;S 130:20–21

**Hvernig tengist kostgæfni sjálfræði?**

Mósía 4:26–27

K&amp;S 58:26–29

## Hlýðni

Þér ber sem trúboða að halda boðorðin af fúsum vilja, að hlíta trúboðsreglum og fylgja leiðsögn leiðtoga þinna. Hlýðni er æðsta lögmál himins. Hún er ávöxtur trúar. Stundum kanntu að vera beðinn að gera eitthvað sem þú skilur ekki fyllilega. Þegar þú hlýðir, mun trú þín, þekking, viska og vitnisburður aukast og verndarhjúpur þinn og frelsi eflast. Leggðu þig fram við að hlýða Drottni, hinum lifandi spámanni og trúboðsforseta þínum.

„Sú sjálfsögun sem felst í að sýna hlýðni í daglegu lífi, með hreinu og heilnæmu lífernir,  
byggir upp varnarmúr umhverfis þig, sem ver þig gegn freistaingum sem á þér dynja er  
þú tekst á við jarðlifið.“

— ÖLDUNGUR L. TOM PERRY  
„CALLED TO SERVE,“ *EN SIGN*, MAI 1991, 39

**Ritningarnám****Hvað felst í því að sýna hlýðni?**1 Ne 2:3  
Mósía 5:8  
Mósía 15:7K&S 82:8–10  
Matt 7:24–27  
Jóh 7:17Jóh 14:15  
Leiðarvísir að ritningunum:  
„Hlýðni, hlýðinn, hlýða“**Hvað getur þú lært um hlýðni í þessum ritningargreinum?**

1 Ne 3:7

K&amp;S 105:6

2 Kon 5:1–14

**Hvers vegna hlýddu hinir ungu stríðsmenn Helamans af nákvæmni?  
Hvernig voru þeir blesсаðir?**

Alma 56:45–48

Alma 57:21–27

## Þroska kristilega eiginleika

Þegar þú lærir og leitast við að þroska þá eiginleika sem tilgreindir eru í þessum kafla og aðra þá eiginleika sem tilgreindir eru í ritningunum, er gagnlegt að fylgja eftirtöldum leiðbeiningum:

- Veldu eiginleika sem þú vilt þroska.
- Skrifaðu greinargerð og skilgreindu eiginleikann.

- Skráðu spurningar sem þú þarfst að fá svar við er þú lærir.
  - Skráðu hjá þér og lærðu vandlega ritningargreinar sem kenna um eiginleikann.
  - Skráðu tilfinningar og hughrif.
  - Settu markmið og gerðu áætlanir um að tileinka þér eiginleikann í daglegu lífi.
  - Notaðu bænina til að biðja Drottin um hjálp við að þroska eiginleikann.
  - Leggðou reglubundið mat á framfarir þínar við þroskun hvers eiginleika.

Athugasemdir

## Verkefni: Sjálfsnám

Veldu eiginleika í þessum kafla eða í ritningunum. Fylgdu ofangreindum leiðbeiningum til að auka skilning binn og auðvelda bér að gera áætlun um broskun eiginleikans.

Skoðaðu barmmerkið með nafninu þínu og hugleiddu fyrir hvað það stendur. Á hvaða hátt er barmmerkið þitt frábrugðið fyrirtækja barmmerki? Veittu athygli að mest áberandi í textanum eru nafn þitt og nafn frelsarans. Hvernig getur þú örugglega komið fram fyrir hönd frelsarans sem lærisveinn hans? Hvers vegna er mikilvægt að fólk tengi þig við frelsarann á jákvæðan hátt? Skráðu hugsanir bínar í námsdagbókina.



Ritningarnám

**Hverjir eru nokkrir þeirra eiginleika sem nefndir eru í ritningunum?**

Mósia 3:19

K&S 121:41–45

Fil 4:8

Alma 7:23

Tríðaratriðin 1-13

2 Pét 1:5-8

## Mikilvægt að hafa í huga

- Þú þarf að vera krstilegur trúboði, ekki aðeins að gera það sem snýr að trúboðsstarfi.
  - Það er ævilangt viðfangsefni að líkjast Kristi.
  - Fetaðu í fótspor Krists – þroskaðu eiginleika hans – eitt skref og eitt atriði í einu.
  - Kristileg umbreyting krefst þess að þú iðkir trú, iðrist, haldir sáttmála, takir stöðugt á móti kennslu heilaðs anda og standist allt til enda.

## Hugmyndir að námi og hagnýtingu þess

### Sjálfsnám

- Undirbúðu fimm minútta ræðu um einn eiginleikann í þessum kafla.
- Notaðu Leiðarvísí að ritningunum og finndu út hvernig frelsarinn hefur fordæmisgert eiginleikana sem fjallað er um í þessum kafla. Skráðu það sem þú lærir í námsdagbók þína.
- Ljúktu reglubundið við „Verkefni til eiginleikaþroskunar“ aftast í þessum kafla.
- Veldu eiginleika í þessum kafla. Spurðu sjálfan þig:
  - Hvernig get ég þroskað þennan eiginleika?
  - Hvers kyns viðhorfsbreyting þarf að ná til hjarta, hugar og handa til að þroska þennan eiginleika?
  - Hvernig auðveldar það mér að þroska þennan eiginleika ef ég held sáttmála mína?
  - Hvernig getur þroskun þessa eiginleika gert mér kleift að vera verðugur heilags anda og öflugri þjónn í fagnaðarindi Jesú Kristi?
- Finndu dæmi í ritningunum um kristilega eiginleika karla og kvenna. Skráðu hugsanir þínar í námsdagbókina.

### Sameiginlegt nám

- Lærðu tilvísanir um kristilega eiginleika í bókasafni trúboðans.
- Ræddu innbyrðis tengsl hinna mismunandi eiginleika. Dæmi:
  - Hvernig tengjast trú og kostgæfni?
  - Hvernig tengjast auðmýkt og elskar?
  - Hvernig getur þekking stuðlað að þolinmæði?

### Umdæmisfundir og svæðisráðstefnur

- Fáðu alla trúboðana, nokkrum dögum fyrir umdæmisfund eða svæðisráðstefnu, til að velja sér einn eiginleika í þessum kafla eða í ritningunum og búa sig undir að flytja fimm mínútna ræðu um þann eiginleika, með ritningargreinum sem hafa hjálpað honum eða henni.
- Gefðu nokkrum trúboðum tíma til að miðla ræðum sínum á fundinum.
- Skipaðu trúboðunum í þrjá hópa og fáðu þeim eftirfarandi verkefni:
 

*Hópur 1:* Lesið 1 Ne 17:7—16 og svarið eftirtöldum spurningum:

  - Hvernig ræktaði Nefi trú sína?
  - Hvað gerði Nefi sem var kristilegt?
  - Hvaða loforð gaf Drottinn Nefi, bundið því að hann væri trúfastur og héldi boðorðin?
  - Hvernig á þessi frásögn við um trúboðsstarf?

*Hópur 2:* Lesið Jakob 7:1—15 og svarið eftirtöldum spurningum:

- Hvers vegna var trú Jakobs nægilega sterkt til að standast ásás Serems?
- Hvernig sýndi Jakob trú þegar hann ræddi við Serem?
- Hvernig voru viðbrögð Jakobs kristileg?
- Hvað getum við gert til að þróa álíka trú og Jakob?

## Athugasemdir

Hópur 3: Lesið Joseph Smith – Saga 1:8–18 og svarið eftirtöldum spurningum:

- Hvernig iðkaði Joseph Smith trú á Jesú Krist?
- Hvernig var reynt á trú hans?
- Hvað gerði hann sem var kristilegt?
- Hvað getum við gert til að fylgja fordæmi Josephs Smith?

Þegar hóparnir hafa lokið verkefnunum, skaltu fá þá saman að nýju og biðja þá um að miðla niðurstöðum sínum.

- Greindu frá einhverri reynslu er þú naust blessana eða innblásturs vegna trúar einhvers annars?
- Fáðu trúboðana til að fletta upp á „Verkefni til eiginleikaþroskunar.“ Fáðu hverjum trúboða blað sem hann skrifar svör sin á.

Þegar þeir hafa lokið við verkefnið, skaltu biðja þá að setja sér markmið.

Fáðu nokkra trúboða til að miðla af því sem þeir lærðu og skynjuðu er þeir unnu að verkefninu.

Gefðu vitnisburð þinn um mikilvægi þess að þroska kristilega eiginleika.

### Trúboðsforseti

- Fái trúboðana til að lesa guðspjöllin fjögur í Nýja testamentinu eða í 3 Ne 11–28. Fái þá til að undirstríka það sem frelsarinn gerði og þeir ættu einnig að geta gert.
- Noti markmiðasetningu og áætlanagerð til að kenna trúboðunum kostgæfni. Sýni hvernig kostgæfni við að einbeita sér að fólk sýnir elsku?
- Fái trúboðana í einkaviðtölum til að greina frá þeim eiginleika sem þeir þroska?
- Fái trúboðana á svæðisfundi til að greina frá þeim kristilegu eiginleikum sem þeir meta mikils í fari félaga sinna.

## VERKEFNI TIL EIGINLEIKAPROSKUNAR

Lestu hvert neðangreint atriði vandlega. Gerðu þér grein fyrir hversu vel hver fullyrðing á við um þig og veldu þann svarlykil sem réttastur er. Skráðu svar þitt við hverju atriði í námsdagbókina. Andlegur vöxtur er hægfara ferli, og enginn er fullkominn, svo þú ættir að vera betri á sumum sviðum en öðrum.

Svarlyklar 1 = aldrei 2 = stundum 3 = oft 4 = næstum alltaf 5 = alltaf

### Trú

1. Ég trúi á Krist og viðurkenni hann sem frelsara minn. (2 Ne 25:29)
2. Ég er fullviss um að Guð elskar mig. (1 Ne 11:17)
3. Ég treysti frelsaranum nægilega mikil til að gangast undir vilja hans og gera allt það sem hann byður mér. (1 Ne 3:7)
4. Ég trúi staðfastlega að ég geti hlutið fyrir gefningu allra synda minna fyrir friðþægingu Jesú Krists. (Enos 1:5–8)
5. Ég á næga trú á Krist til að hljóta bænheyrlu. (Mósia 27:14)
6. Ég hugsa um frelsarann að degi til og minnist bess sem hann hefur gert fyrir mig. (K&S 20:77, 79)
7. Ég á næga trú til að geta komið ýmsu góðu til leiðar í eigin lífi eða lífi annarra. (Eter 12:12)
8. Ég veit fyrir kraft heilags anda að Mormónsbók er sönn. (Moró 10:3–5)
9. Ég á næga trú á Krist til að koma öllu því til leiðar sem hann vill að ég geri – jafnvel að gera kraftaverk, ef það reynist nauðsynlegt. (Moró 7:33)

### Von

10. Ég þrái einna mest að erfa eilift líf í hinu himneska ríki Guðs. (Moró 7:41)
11. Ég er þess fullviss að trúboð mitt verði farsælt og gleðirkt. (K&S 31:3–5)
12. Ég finn til bjartsýni og rósemi varðandi framtöina. (K&S 59:23)
13. Ég trúi staðfastlega að einn daginn muni ég fá dvalið hjá Guði og verða líkur honum. (Eter 12:4)

### Kærleikur og elska

14. Ég hef þrá og einlægan áhuga á eilifri velferð og hamingju annarra. (Mósia 28:3)
15. Í bænum mínum bið ég um kærleika – hina hreinu ást Krists. (Moró 7:47–48)
16. Ég reyni að skilja aðra og skoðanir þeirra. (Júd 1:22)
17. Ég fyrirgef þeim sem hafa komið illa eða ranglega fram við mig. (Ef 4:32)
18. Ég reyni að hjálpa öðrum þegar þeir eiga erfitt eða eru vansælir. (Mósia 28:9)
19. Ég segi öðrum, sé það viðeigandi, að mér þyki vænt um þá og standi ekki á sama um þá. (Lúk 7:12–15)

20. Ég leita tækifæra til að þjóna öðrum. (Mósia 2:17)

21. Ég ræði jákvætt um aðra. (K&S 42:27)

22. Ég sýni öðrum góðvild og polinmæði, jafnvel þótt erfitt sé að láta sér lynda við þá. (Moró 7:45)

23. Ég gleðst yfir afrekum annarra. (Alma 17:2–4)

### Dyggð

24. Hjarta mitt er hreint. (Sál 24:3–4)
25. Ég þrái aðeins að gera gott en ekkert illt. (Mósia 5:2)
26. Það er hægt að reiða sig á mig – ég geri það sem ég segist ætla að gera. (Alma 53:20)
27. Ég beini huganum að réttlátum og uppbyggilegum hugsunum og útiloka óheilnær hugsanir. (K&S 121:45)
28. Ég iðrast synda minna og legg kapp á að sigrast á veikleikum mínum. (K&S 49:26–28)
29. Ég get skynjað áhrif heilags anda í lífi mínu. (K&S 11:12–13)

### Pekking

30. Ég finn til sjálfstrausts í þekkingu minni á kenningum og reglum fagnaðarerindisins. (Eter 3:19–20)
31. Ég læri ritningarnar daglega. (Jóh 5:39)
32. Ég reyni einlæglega að skilja sannleikann og finna svör við spurningum sem upp koma. (K&S 6:7)
33. Ég hlýt þekkingu og leiðsögn með andanum. (1 Ne 4:6)
34. Ég ann kenningum og reglum fagnaðarerindisins. (2 Ne 4:15)

### Polinmæði

35. Ég sýni polinmæði er ég bið eftir að blessanir og loforð Drottins uppfyllist. (2 Ne 10:17)
36. Ég get sýnt biðlund án þess að komast úr jafnvægi eða komast í geðshræringu. (Róm 8:25)
37. Ég sýni polinmæði og langlundargeð í erfiðu trúboðstarfi. (Alma 17:11)
38. Ég sýni polinmæði gagnvart vanköntum og veikleikum annarra. (Róm 15:1)
39. Ég sýni mér sem einstaklingi polinmæði og reiði mig á Drottin er ég legg kapp á að sigrast á veikleikum mínum. (Eter 12:27)

40. Ég tekst á við erfiðoleika af rósemi með von í hjarta. (Alma 34:40–41)

### Auðmýkt

41. Ég iðka hógværð og lítillæti í hjarta. (Matt 11:29)
42. Ég reiði mig á hjálp Drottins. (Alma 26:12)
43. Ég læt í ljós einlægt þakklæti fyrir þær blessanir sem ég hef hlutið frá Drottini. (Alma 7:23)
44. Bænir mínar eru einlægar og opinskáar. (Enos 1:4)
45. Ég met mikils leiðsögn leiðtoga minna og kennara. (2 Ne 9:28)
46. Ég legg kapp á að vera undirgefinn vilja Drottins, hver sem hann er. (Mósia 24:15)

### Kostgæfni

47. Ég starfa af kappi, jafnvel þótt ég sé ekki undir álagi eða eftirliti. (K&S 58:26–27)
48. Ég beini kröftum mínum að því sem mestu máli skiptir. (Matt 23:23)
49. Ég flyt einkabænir a.m.k. tvísvar á dag. (Alma 34:18–27)
50. Ég beini huga mínum að köllun minni sem trúboði. (K&S 42:5)
51. Ég set mér markmið og geri áætlunar reglubundið. (K&S 88:119)
52. Ég legg hart að mér til að ljúka verki farsællega. (K&S 10:4)
53. Ég finn ánægju og gleði í starfi. (Alma 36:24–25)

### Hlíðoni

54. Þegar ég flyt bænir, bið ég um styrk til að standast freistigar og breyta rétt. (3 Ne 18:15)
55. Ég held öll boðorð sem kveða á um verðugleika musterismeðmæla. (K&S 97:8)
56. Ég er fús til að hlýða reglum trúboðs og fylgja leiðsögn leiðtoga minna. (Hebr 13:17)
57. Ég legg kapp á að lifa í samræmi við lögmal og reglur fagnaðarerindisins. (K&S 41:5)



# Hvernig get ég lært tungumálið betur?

## Til hugleiðingar

- Hvers vegna þarf ég stöðugt að bæta tungumálsleikni mína?
  - Hvernig get ég bætt hæfni mína til að tala og kenna á tungumálinu?
  - Hvernig öðlast ég tungutalskjöf?

## Athugasemdir

## Undirbúðu þig andlega

Drottinn hefur sagt: „Sérhver maður mun heyra fyllingu fagnaðarerindisins á sinni eigin tungu og á sínu eigin máli, frá þeim sem vígðir eru þessu valdi“ (K&S 90:11). Efldu vitnisburð þinn til að mál þitt sé gætt trúarlegum krafti. Lærðu fyrst kenningarnar og lexíurnar á þínu eigin móðurmáli. Sá skilningur sem þú öðlast þannig mun efla vitnisburð þinn og getu til að kenna og vitna af sannfæringu. Þú getur síðan tileinkað þér að greina frá boðskap endurreisnarinnar á því tungumáli sem þú lærir undir leiðsögn andans.

Eftirtalið sýnir hvernig þú getur aukið þá trú þína að Drottinn muni hjálpa þér að kenna og vitna á tungumálinu sem þú lærir.

- Gerðu þér grein fyrir að Guð hefur kallað þig með spámanni.
  - Hagaðu lífi þínu þannig að þú verðskuldir samfélag heilags anda.
  - Sýndu hlýðni við boðorðin og trúboðsreglurnar.
  - Biðstu fyrir í einlægni um guðlega aðstoð.
  - Lærðu, iðkaðu og notaðu tungumálið dag hvern.

## Sýndu vinnusemi og kostgæfni

Það krefst mikillar vinnu að geta kennt á því tungumái sem þú lærir. Láttu þér ekki fallast hendur þótt verkefnið virðist erfitt í fyrstu. Tungumálanám er tímafrekt. Sýndu þolinmæði. Leitaðu hjálpar hjá félaga þínum, meðlimum, trúarnemum og öðrum trúboðum.

## Athugasemdir

Hættu ekki að bæta tungumálskunnáttu þína þegar fólk tekur að skilja það sem þú segir. Þegar hæfni þín til að tala tungumálið eykst, mun fólk hlusta á það sem þú hefur að sega og síður veita framburði þínum athygli. Þú hefur þá síður áhyggjur af því hvernig þú hyggst tjá þín hjartans mál. Þú verður betur í stakk búinn til að bregðast við þörfum trúarnema og innblæstri andans.

Leggðu þig fram við að ná tökum á tungumálinu allan þann tíma sem þú ert í trúboði og einnig er þú hefur snúið heim. Drottinn hefur veitt þér mikið og kann að hafa not fyrir tungumálskunnáttu þína síðar á ævi þinni. Öldungur Jeffrey R. Holland sagði: „Við ... vonum að sérhver trúboði sem læra þarf annað tungumál í trúboði, muni á allan hátt taka það föstum tökum. ... Og ef þið gerið það, munið þið efla getu ykkar til að boða og vitna. Trúarnemar ykkar munu sýna betri svörun og verða fyrir auknum andlegum áhrifum. ... Ekki láta ykkur nægja að auka aðeins við orðaforða ykkar. Leggið ykkur fram við að læra tungumálið og þið munuð eiga greiðari aðgang að hjörtum fólksins“ (Gervihnattaútsending fyrir trúboða, ágúst 1998).

Þú þarf ekki að læra tungumálið upp á eigið einsdæmi. Alltaf þegar Drottinn gefur fyrirmæli, mun hann sjá til að hægt sé að leysa þau af hendi (sjá 1 Ne 3:7). Leitaðu hans hjálpar. Sýndu kostgæfni í námi. Þú munt með tímanum öðlast nauðsynlega hæfni til að uppfylla ætlunarverk þitt sem trúboði.

## Lærðu ensku

Ef þú getur ekki talað ensku, skaltu sem trúboði læra hana. Það mun verða þér til blessunar í trúboði þínu svo og alla þína ævi. Ef þú leggur á þig að læra ensku, mun það gera þig hæfari við að byggja upp ríki Drottins og verða fjölskyldu þinni og sjálfum þér til blessunar. Margar ábendingar í þessum kafla munu koma þér að gagni. Einbeittu þér einkum að eftirtöldu:

- Settu þér markmið um að tala ensku við félaga þinn. Ef félagi þinn talar ensku og reynir að læra tungumál þitt, getið þið ákveðið að tala ensku þegar þið eruð heima og tungumál svæðis þegar þið eruð að heiman.
- Lestu með félaga þínum í ensku útgáfu Mormónsbókar. Þið getið einnig skipst á: Þú lest ritningargrein á ensku og síðan les félagi þinn ritningargrein á tungumáli heimasvæðis. Leiðréttið framburð og áherslur hvors annars.
- Fáðu leiðsögn hjá trúboðsforseta um kennslubók í almennri enskri málfræði, ef þú hefur hana ekki þegar.

## Grundvallarreglur tungumálanáms

Í þessum hluta er gerð grein fyrir grundvallarreglum sem auðvelda þér að læra tungumál.

- **Sýndu ábyrgð.** Settu markmið og gerðu áætlun um tungumálsnámið eða aðlagðu eldri markmið og námsáætlun reglubundið. Leggðu á þig að tala tungumálið við hvert tækifæri.
- **Gerðu námið þyðingarmikið.** Spurðu sjálfan þig eins og hér segir: Hvers vegna læri ég þetta? Hvernig hjálpar það mér að tjá mig betur? Heimfærðu það sem þú lærir upp á raunverulegar aðstæður og dagleg störf. Lærðu eithvað sem tengist tungumálinu sem auðveldar þér að koma því á framfæri sem þú vilt segja. Lærðu til að mynda setningar og málfræði sem þeim tengjast.

- Reyndu að tjá þig.** Reyndu að koma á jafnvægi milli þess að læra málfræði og framsetningu tungumálsins og daglegra starfa. Ekkert kemur í stað þess að tala við þá sem eiga tungumálið að móðurmáli.
- Lærðu hugtök vandlega** Þú munt geta munað eftir og beitt reglum tungumálsins með góðum árangri, ef þú ferð reglulega yfir það sem þú hefur lært og æfir þig að að nýju við breyttar aðstæður.

Athugasemdir

## Gerðu áætlun um tungumálsnám

Áætlun um tungumálsnám auðveldar bæði óreyndum og reyndum trúboðum að einbeita sér að því sem þeir geta gert dag hvern til að bæta hæfni sína til að tala tungumál heimasvæðis. Í áætlun þinni skal koma fram hvað þú hyggst gera í tungumálsnámstíma og hvað þú hyggst gera yfir daginn.

Notaðu hluta af námstímanum, eftir þörfum, til að gera námsáætlun eða aðlagu hana. Lærðu síðan hvern morgun í námstímanum það í tungumálinu sem þú hyggst beita í starfi dagsins. Eftirfarandi leiðbeiningar koma þér að gagni við að gera eigin áætlun fyrir tungumálsnám:

**1. Settu markmið.** Markmið sem sett eru fyrir dag og viku auðvelda þér að læra tungumálið. Einbeittu þér að markmiðum sem bæta hæfni þína til að tjá þig og útskýra í áætluðu trúboðsstarfi, til að mynda í kennslu, í starfi við að finna fólk og á deildarráðsfundum. Farðu yfir framvindu þína við að ná markmiðum í tungumálsnámi. Spurðu sjálfan þig að því hvað þú getur gert til að tjá þig af meiri krafti og skýrar í áætluðu trúboðsstarfi.

**2. Veldu hvaða námsgögn þú hyggst nota.** Kynntu þér eftirtalin námsgögn og ákveddu hvert þeirra þú hyggst nota til að ná markmiðum þínus:

- Helgiritin á tungumáli heimasvæðis.
- Lexíurnar á tungumáli heimasvæðis.
- Vasabrotsorðabók.
- Litla málfræðibók.
- Námsgögn tungumáls frá trúboðsskólanum.
- Glósuspjöld.
- Vasabrotsglósubók.
- Önnur kirkjunámsgögn á tungumáli heimasvæðis.



**3. Lærðu utanbókar setningar og orðtök.** Finndu setningar og orðtök sem auðvelda þér að ná markmiðum þínus. Eftirtaldar ábendingar gætu verið í áætlun þinni um tungumálsnám:

- Finndu setningar og orðtök í lexíunum, bæklingum, ritningunum og öðru útgefnu kirkjuefni, sem þú getur notað við kennslu.
- Skráðu orð eða orðtök sem þú ekki þekkir í glósubókina. Hafðu á þér litla orðabók og flettu þessu upp.

## Athugasemdir

- Hafðu á þér glósuspjöld til að læra yfir daginn. Skráðu orð eða orðtök öðru megin á spjaldið og útskýringar hinu megin. Leggðu spjöld sem þú hefur lært til hliðar. Lærðu þau sem eftir eru þar til þú kannt þau öll.
- Notaðu ný orð og orðtök í setningum í sjálfsnámi, kennslu og yfir daginn.
- Æfðu framburð með því að segja orð og orðtök upphátt.
- Lærðu utanbókar ritningargreinar á tungumáli heimasvæðis.
- Lærðu utanbókar setningar í lexíunum eða í bæklingum sem gera grein fyrir lykilreglum fagnaðarerindisins. Finndu aðrar leiðir til að tjá slíkar hugmyndir.

**4. Lærðu málfræði.** Notaðu námsgögnin til að læra málfræðireglur sem auðvelda þér að ná markmiðum þínum. Leitaðu leiðsagnar hjá félaga þínum, ef þörf þykir, eða reyndari trúboða eða meðlimi. Íhugaðu að nota einhverjar eftirtaldra ábendinga:

- Notaðu málfræðitextann sem þú fékkst í trúboðsskólanum eða texta sem trúboðsforseti hefur samþykkt til að auðvelda þér að skilja málfræðina og setningaskipan í lexíunum, bæklingum og ritningunum.
- Vertu tilbúinn með setningar sem þú notar í áætluðu trúboðsstarfi og hafa að geyma málfræðireglurnar. Æfðu þig í að tala og skrifa setningarnar.
- Veittu athygli orðaskipan í tungumálinu og hlutverki orða.
- Vertu vakandi yfir tækifærum sem gefast til að æfa þau málfræðiatriði sem þú lærir dag hvern.

**5. Hlustaðu af athygli.** Íhugaðu að tileinka þér eftirtaldar ábendingar:

- Hlustaðu vandlega á heimamenn tala. Tileiknaðu þér það sem þú heyrir.
- Þegar þú heyrir eitthvað sem þú ekki skilur, skaltu skrifa það hjá þér og komast að merkingu þess. Æfðu þig í að nota orðtök og setningaskipan.
- Þegar þú hlustar skaltu veita athygli orðtökum og setningaskipan sem þú hefur nýlega lært.
- Þegar þú heyrir orðatiltæki sett fram á annan hátt en þú hefur lært, skaltu skrifa það hjá þér og æfa það. Notaðu þó ávallt viðeigandi málfar, ekki slangur, þar sem þú ert fulltrúi Drottins.
- Skráðu hjá þér allt sem fólk gæti hugsanlega sagt við þig í áætluðu trúboðsstarfi. Flettu upp á orðum og orðtökum sem tengjast viðeigandi svörum. Gerðu þér grein fyrir og æfðu hvernig þú hyggst svara.

**6. Bættu hæfni til lestrar og skriftar.** Lestu Mormónsbók á tungumáli heimasvæðis til að læra orðtök og orðatiltæki og til að æfa málfræði, framburð og orðfimi. Það er gríðarlega árangursríkt að nota ritningarnar í tungumálsnámi. Íhugaðu einnig eftirtaldar ábendingar:

- Lærðu að lesa og skrifa stafróf, skrifletur eða rittákn tungumálsins. Einbeittu þér að lestrarhæfni, sé um rittáknkerfi að ræða, til að mynda að lesa ritningarnar, en það mun hjálpa þér í kennslunni.
- Lestu upphátt í Mormónsbók, öðrum ritningum eða kirkjutímaritum á tungumáli heimasvæðis. Veittu athygli orðtökum og málfræðiatriðum sem þú ekki þekkir. Ef þú skilur ekki eitthvert orð, skaltu reyna að skilja merkingu þess af samhengi

setningarinnar áður en þú flettir því upp. Skráðu orðið á glósuspjöldin þín. Notaðu ritningarnar samhliða bæði á móðurmáli þínu og tungumáli heimasvæðis, ef það er nauðsynlegt.

- Fáðu einhvern til að þjálfa þig í framburði, áherslu og hljómfalli við lestur.
  - Æfðu þig í að skrifa tungumál heimasvædis – skrifaðu til að mynda athugasemdir þínar, bréf, þakkorð og hvatningarorð. Skrifaðu vitnisburð þinn í Mormónsbók sem þú svo gefur einhverjum.

**7. Fáðu aðra til að hjálpa þér.** Íhugaðu að tileinka þér eftirtaldar ábendingar:

- Ef félagi þinn er heimamaður, skaltu nýta þér tækifærið og spryja oft og leita álits.
  - Fáðu félaga þinn og aðra innfædda á heimasvæðinu til að leiðréttu þig og benda á betra málfar. Ef einhver notar orð sem þú ekki skilur, skaltu spryja um merkingu þess. Börn og eldra fólk eru oft fús til að hjálpa.
  - Fáðu þá sem þú kennir til að hjálpa þér. Útskýrðu: „Ég er að læra tungumálið þitt. Getur þú hjálpað mér við það. Ef ég á erfitt með að koma orðum að einhverju, gætir þú þá hjálpað mér við það?”
  - Hikaðu ekki við að biðja um hjálp: „Hvernig segir þú \_\_\_\_\_ ?“ „Hvernig berð þú fram \_\_\_\_\_ ?“ „Hvað þýðir \_\_\_\_\_ ?“ „Getur þú sagt þetta aftur?“ Skrifaðu svörin hjá þér og lærðu af þeim.
  - Fáðu meðlimi til að spryja þig um það sem skrifað er á glósuspjöldin eða í orðtakalistanum og hjálpa þér við að lesa upphátt í ritningunum.



**8. Leggðu mat á og endurbættu námsáætlun þína.** Farðu yfir námsáætlun þína í hverri viku til að leggja mat á virkni hennar. Fáðu félaga þinn og trúboðsleiðtoga til að koma með ábendingar um hvað bú barft að bæta.

Leggðu á þig að tala tungumálið við hvert tækifæri. Talaðu tungumálið við félaga þinn eins mikið og kostur er yfir daginn. Farðu með bænir á tungumálinu í einrúmi og opinberlega til að læra rétt bænamál og mæla fram hjartans mál þín.

Vertu óttalaus við að gera mistök. Öllum sem læra annað tungumál verður á í messunni. Fólk er skilningsríkt og kann að meta viðleitni þína til að læra tungumál þess. Þér verður ekki eins oft á í messunni, ef þú lærir utanbókar orðtök og ritningargreinar, en þó á hins vegar ekki að læra utanbókar langan texta eða hugsanlega handrit til að komast hjá mistökum.

**Verkefni: Sjálfssnám**

Farðu að ofangreindum leiðbeiningum við gerð námsáætlunar. Farðu yfir áætlunin með félaga bínum eða trúþóðsleiðtoga.

Athugasemdir

## Athugasemdir

**Lærðu með félögum þínum.**

Hjálpaðu félögum þínum að ná árangri og efldu sjálfstraust þitt við tungumálsnámið eins fljótt og kostur er. Hrósáðu félögum þínum oft og einlæglega og öðrum trúboðum í námi þeirra. Sýndu aðgætni og segðu ekkert sem gæti dregið úr sjálfstrausti þeirra, en hlífðu þeim ekki svo mikið að þeir fái ekki lært. Vertu ekki spar á að hjálpa sé þörf á því. Veittu þeim oft tækifæri til að kenna og vitna af árangri. Íhugaðu eftirtaldar ábendingar varðandi nám með félögum þínum:

- Kennið hver öðrum málfræði og orðtök sem þið hafið lært.
- Æfið kennslu á tungumáli heimasvæðis. Nýkomnir trúboðar geta fyrst um sinn kennt á afar einfaldan hátt, miðlað stuttum vitnisburði og þulið upp ritningargreinar lærðar utanbókar. Þegar sjálfstraust þeirra og hæfni eykst, munu þeir geta tekið meiri þátt í kennslu trúarnema.
- Æfið notkun tungumáls í algengum samskiptum trúboða.
- Veitið hver öðrum hnitmiðaðar og hagnýtar ábendingar af ljúfmennsku. Mikilvægt er að þú takir ábendingum án þess að móðgast.

Veittu athygli í eftirfarandi sannri frásögn hvernig reyndari trúboði hjálpaði félaga sínum.

*Ég hafði nýlega verið fluttur á annað svæði þegar félagi minn greindi mér frá að komið væri að mér að miðla andlegum boðskap við kvöldverðarboð. Ég var ekkert lítið óttasleginn. Fyrri félagi minn hafði alltaf tekið að sér kennsluna með glöðu geði og ég var vanur að fjalla um lítinn hluta lexíunnar og síðan að hlusta er hann tók við svaraði öllum spurningum.*

*Ég reyndi að telja félaga minn á að miðla hinum andlega boðskap, en hann hvatti mig til að taka að mér verkefnið. Ég æfði mig með hans hjálp.*

*Þegar stundin rann upp, opnaði ég ritningarnar og las 3. Nefi kapítula 5 og 7. Ég staglaði, en mér tókst að útskyrá af hverju mér fyndist ritningargreinarnar mikilvægar, og mér létti þegar þetta var yfirstaðið. Þegar spurningu var varpað fram leit ég á félaga minn eftir svari, en hann sýndi engin viðbrögð. Á þeiri stundu kom ég sjálfum mér á óvart með því að svara á skiljanlegri frönsku. Ég var jafnvel enn meira undrandi yfir að meðlimurinn virtist ekki skynja ööryggi mitt við að tjá mig. Ég öðlaðist sjálfstraust og gerði mér grein fyrir að ég var betri í frönsku en ég hafði sjálfur talið.*

*Vikur liðu og félagi minn hélt áfram að fá mig til að kenna – jafnvel þegar ég taldi mig ekki í stakk búinn til þess, jafnvel þótt hann hafi líklega velt fyrir sér hvort ég væri í stakk búinn til þess. En vegna þess að hann hvatti mig til að tala, hlusta og kenna, tók ég auknum framförum og mér fannst ég vera verkfæri himnesks föður í stað þess að vera aðeins hljóðlátur félagi einhvers annars.*

**Verkefni: Sjálfsnám eða sameiginlegt nám**

- Hvernig getur þú hjálpað félaga þínum að læra tungumálið betur, ef hann er óreyndari trúboði?
- Hvers konar aðstoð þarfnað þú frá reyndari félaga þínum, ef þú ert sá óreyndari?

**Menning og tungumálsnám**

Menning og tungumál eru náskyld. Skilningur á menningu veitir innsýn í tungumál. Leggðu þig fram við að skilja menningu fólksins, svo þú getir fjallað um hinarr ymsu hliðar boðskapar endurreisnarinnar á þann hátt að það skilji hann fyllilega.

Eitt af því árangursríkasta til að öðlast traust og væntumþykju fólks er að taka á móti menningu þess á réttan hátt. Margir miklir trúboðar hafa einmitt gert það (sjá 1 Kor 9:20–23). Leggðu þig fram við að tala gott mál svo að fólk njóti návistar þinnar.

**Verkefni: Sjálfsnám eða sameiginlegt nám**

- Gerum ráð fyrir að þú sért í trúboði í Asíu. Þú ert að fara að kenna einhverjum um upprisuna og þér er ljóst að endurholdgun er viðurkennid í búddatrú. Hvernig hyggst þú kenna um upprisuna á þann hátt að trúarnema verði ljóst að sú kenning sé ekki endurholdgunarkenning? Hvaða orð og hugtök gætir þú þurft að læra til að takast slíkt verkefni á hendur?
- Hugleiddu trú og menningu fólksins sem þú kennir. Gerðu þér grein fyrir hvað í menningu þess gæti orðið til að það misskildi kenningar fagnaðarerindisins. Útfærðu á hvaða hátt þú hyggst færa því kenningarnar svo það skilji þær örugglega.

Athugasemdir

**Tungutalsgjöf**

Leitastu við að hljóta gjafir andans, þar á meðal gjöf til að tala tungum og túlkunar tungna. Það mun framar öllu hjálpa þér að tala og skilja tungumál fólksins á trúboðssvæði þínu. Þú munt ekki hljóta þessa gjöf án þess að að vinna fyrir henni. Þú þarf að kappkosta að hljóta hana. Hluti af því að hljóta tungutalsgjöf er að vinna stöðugt að því og gera allt sem hægt er til að læra tungumálið. Treystu því að andinn hjálpi þér er þú hagar lífi þínu eins og vera ber og gerir þitt allra besta. Hafðu þá trú að þú munir sannlega og að öllu leyti hljóta tungutalsgjöf.

Pegar þér reynist erfitt að tjá þig eins og þú helst villt, hafðu þá í huga að andinn megnar að snerta hjörtu allra barna Guðs. Thomas S. Monson forseti sagði: „Eitt tungumál er ... kunnugt hverjum trúboða – tungumál andans. Það lærist ekki af kennslubókum sem menn hafa samið, né heldur með því að lesa og leggja á minnið. Mál andans berst þeim sem leitast af öllu hjarta við að þekkja Guð og halda guðleg boðorð hans. Hæfni í því máli gerir mögulegt að sigrast á öllum hindrunum og snerta mannshjartað“ („The Spirit Giveth Life,“ *Ensign*, júní 1997, 2).

**Mikilvægt að hafa í huga**

- Lærðu kenningarnar og lexíurnar sem þú kennir fyrst á móðurmáli þínu.
- Lærðu að tjá þessar kenningar og tilfinningar þínar varðandi þær á tungumáli heimasvæðis.
- Gerðu áætlun um tungumálsnám og láttu reglubundið reyna á nýjar hugmyndir er þú bætir tungumálskunnáttu þína.
- Leitaðu leiðsagnar andans til að hjálpa þér að skilja og tjá þig við fólk ið á svæði þínu.

Athugasemdir

## Hugmyndir að námi og hagnýtingu þess

### Sjálfsnám

- Farðu yfir ábendingarnar í þessum kafla. Veldu ábendingu sem þú hefur ekki enn reynt og settu markmið um að reyna hana innan næstu fárra daga.
- Spurðu reyndan trúboða á næsta umdæmisfundi með góða tungumálskunnáttu að því hvernig hann hefur hagað tungumálsnámi sínu.
- Lestu eftirfarandi yfirlýsingu öldungs Richards G. Scott: „Séu ... samfélagshefðir í andstöðu við kenningar Guðs, skal leggja þær af. Séu siðir og venjur í samhljómi við kenningar hans, ætti að varðveita þær („Removing Barriers to Happiness,“ *Ensign*, maí 1998, 87). Íhugaðu á hvaða hátt menning á trúboðssvæðinu er frábrugðin þinni menningu. Gerðu skrá yfir það sem er frábrugðið. Stríkaðu síðan yfir allt það sem stangast á við kenningar fagnaðarerindisins. Íhugaðu allt það sem eftir er og hugsaðu á hvaða hátt þú getur tileinkað þér slíkar hefðir.
- Gerðu námsáætlun til að búa þig undir að gera eitthvað eitt af eftirtöldu á tungumáli heimasvæðis:
  - Segja sögu Josephs Smith.
  - Gera samantekt á 3. Nefí 11.
  - Gera samantekt á Alma 32.
  - Segja söguna af Nefí og látúnstöflunum (sjá 1 Ne 3–5).
  - Útskýra hugtakið ráðstöfun.
  - Miðla persónulegri reynslu.
- Skráðu hugtök sem þú ekki þekkir í einni lexíunni á glósuspjöld. Hafðu þau á þér þar til þú hefur lært þau öll.

### Sameiginlegt nám

- Æfið að kennna hvor öðrum trúboðslexíurnar á tungumáli heimasvæðis.
- Fáðu félaga þinn til að hlusta á framburð þinn og leiðréttu þig.
- Veljið sögur úr ritningunum eða ritningargreinar sem þið viljið nota í kennslu. Æfið að gera samantekt á þeim með eigin orðum.
- Farið yfir ábendingarnar í þessum kafla. Ræðið hvaða ábendingar þið getið notað í sameiginlegu námi í næstu viku.
- Ef þú þjálfar óreyndari trúboða, skaltu nýta þau tækifæri þegar félagi þinn getur ekki gert sig öðrum skiljanlegan. Gerðu skrá yfir mikilvæg orð, hugtök eða málfræðiatriði sem eru gagnleg fyrir félaga þinn. Útskýrðu og æfið hvernig beita á því sem þú hefur skráð í næsta áætlaða trúboðsverkefni.

### Umdæmisfundir og svæðisráðstefnur

- Fáðu innfæddan heimamann til að koma á fundinn. Ráðgerðu að kenna trúboðunum í smærri hópum. Fáðu heimamanninn til að skrá athugasemdir og leiðréttu á tungumáli trúboðanna.
- Fáðu einn eða two trúboða með fyrirvara til að greina frá góðum árangri sem þeir hafa náð í tungumálsnámi. Fáðu þá til að greina frá hugmyndum sínum.

## Athugasemdir

- Fáðu reyndan trúboða til að hafa stutta kynningu á einhverju sem tengist tungumálinu og reynist yfirleitt erfitt fyrir trúboða að tileinka sér. Greindu frá dæmum um góða málnotkun og fáðu trúboðana til að æfa þau.
- Fáðu trúboða sem eru hagvanir menningunni til að koma með gagnlegar ábendingar.

**Trúboðsforseti**

- Hafi reglubundið viðtal við trúboðana á því tungumáli sem þeir læra.
- Biðji prestdæmishafa heimasvæðis um hugmyndir um hvernig bæta megi tungumálsnám trúboðanna.
- Geri grein fyrir algengustu mistökum trúboða við að læra tungumál heimasvæðis. Veiti leiðsögn á svæðisfundri um hvernig leiðréttu á sílik mistök.
- Kenni trúboðum kenninguna um andlegar gjafir.
- Veiti athygli hvort trúboðar kenni á tungumáli heimasvæðis.
- Leiti tækifæra til að nota tungumálið með trúboðum.

Athugasemdir



# Hvernig nýti ég tímann viturlega?

Athugasemdir

## Til hugleiðingar

- Hvernig getur markmiðssetning hjálpað mér að vera farsælli trúboði?
  - Um hvað ættu markmið míni að snúast?
  - Hver eru skipulags- og hjálpargögn míni og hvernig nota ég þau?
  - Hvers vegna er svæðisbókin mikilvæg?
  - Hvernig stjórna ég vikulegum og daglegum skipulagsfundum?
  - Hvernig veit ég að markmið míni og skipulag verða til að efla verk Drottins?

**P**ér hefur verið falið að starfa við verk Drottins á ákveðnu svæði. Hann vill að þú vakir yfir svæðinu af ást og umhyggju. Ætlunarverk þitt er að hjálpa öðrum að koma til hans fyrir skírn og staðfestingu.

Gerðu allt sem þú getur til að svæðið verði öflugra en þegar þú tókst við því. Þýðingarmikil markmið og vandlegt skipulag munu auðvelda þér að ná því fram sem Drottinn æskir af þér. Samhliða því að þú annast fólkis á svæðinu sem þér hefur verið falið, skaltu gefa Drottni og trúboðsleiðtogum bínum greinargerð.

Í bréfinu sem þú fékkst þegar þú varst kallaður sem trúboði segir: „Þess er einnig vænst að þú helgir allan þinn tíma og alla þína krafta þjónustu við Drottin og segir skilið við öll önnur áhugamál. Þegar þú gerir svo mun Drottinn blesa þig og þú munt verða öflugur talsmaður og sendiboði sannleikans. Við setjum traust okkar á þig og biðjum þess að Drottinn muni hjálpa þér að rækja þá ábyrgð þína að uppfylla þetta helga verkefni.“ Þessi kafla kennir þér hvernig markmiðssetning, skipulag og ábyrgðarskylda getur auðveldað öðrum að taka á móti hinu endurreista fagnaðarerindi.

## Athugasemdir

**Verkefni: Sjálfsnám og sameiginlegt nám**

Lestu Jakob 5:11–13, 61–64, 74–75 og svaraðu eftirtoldum spurningum:

- Hvað finnst Drottni um börn sínum?
- Hvers konar framlags væntir Drottinn af þjónum sínum?

**Lykilþættir trúskipta**

Kannski hefur þú velt fyrir þér hver hinna mörgu skyldna þinna sé mikilvægust. Áður en mögulegt er að svara þeirri spurningu, þarf þú að skilja ætlunarverk þitt og hvernig gott tímaskipulag getur orðið þér til hjálpar við að framfylgja því ætlunarverki.

Ætlunarverk þitt er að bjóða öðrum að koma til Krists með því að hjálpa þeim að meðtaka hið endurreista fagnaðarerindi fyrir trú á Jesú Krist og friðþægingu hans, iðrun, skírn, gjöf heilags anda og með því að standast allt til enda. Kirkjuleiðtogar hafa gert grein fyrir þeim lykilþáttum sem auðvelda þér að takast á við ætlunarverkið. Þegar þú beinir kröftum þínum að lykilþáttunum, muntu hjálpa fólk í þroskabraut skírnar, staðfestingar, stöðugrar kirkjuvirkni og varanlegrar trúarumbreytingar.

**Lykilþættir skýrslna og skráningar**

- Trúarnemar skírðir og staðfestir
- Trúarnemar er hafa ákveðið skírnardag
- Trúarnemar er sækja sakramentissamkomu
- Trúarnemum kenndar lexíur að viðstöddum meðlimi
- Aðrar lexíur kenndar
- Áhugasamir trúarnemar
- Fengnar og nýttar tilvísanir
- Nýir trúarnemar
- Lexíur kenndar nýskírðum trúskiptingum og lítt virkum kirkjuþegnum

Pessir þættir auðkenna atburði og atferli sem sýna framþróun einstaklings í átt að varanlegum trúskiptum. Hér á eftir er stutt lýsing á hverjum lykilþætti:

**Trúskiptingar skírðir og staðfestir:** Allir trúskiptingar sem tekið hafa á móti helgiathöfnum skírnar og staðfestingar.

**Trúarnemar er hafa ákveðið skírnardag:** Allir trúskiptingar sem hafa samþykkt skírn og staðfestingu á ákveðnum degi.

**Trúarnemar er sækja sakramentissamkomu:** Allir trúarnemar sem sótt hafa sakramentissamkomu.

**Trúarnemum kenndar lexíur að viðstöddum meðlimi:** Heildarfjöldi lexía kenndar öllum trúskiptingum með meðlimi. Dæmigerð lexía er kennsla einnar grundvallarreglu fagnaðarerindisins eða fleiri, bænir í upphafi og lok kennslu og skuldbindingarboð. Ekki er nauðsynlegt að kenna allar reglur í lexíu til að hún sé fullnaðarlexía. Árangur kennslu þinnar fer eftir því hvort trúarnemar taki framförum í trú á frelsarann, iðrun misgjörða og búi sig einlæglega undir að taka á móti helgiathöfnum skírnar og staðfestingar.

**Aðrar lexíur kenndar:** Heildarfjöldi lexía kenndar öllum trúskiptingum án meðlims.

**Áhugasamir trúarnemar:** Heildarfjöldi þeirra trúarnema sem lært hafa tvær eða fleiri lexíur og halda skuldbindingar, svo sem að biðjast fyrir, lesa Mormónsbók, sækja kirkju og búa sig undir skírn og staðfestingu. Þeir trúarnemar sem eru fúsir til áframhaldandi kennslu um fagnaðarerindið, en eiga erfitt með að halda skuldbindingar, teljast hér ekki til áhugasamra trúarnema. Þeir eru flokkaðir sem nýir trúarnemar eða aðrir trúarnemar.

**Fengnar og nýttar tilvísanir:** Heildarfjöldi tilvísana sem nýttar hafa verið til að koma á sambandi og hafa annaðhvort orðið til að koma á kennslu eða stefnumóti. Þegar tilvísun hefur verið nýtt með því að hafa samband, skal taka hana úr tilvísanaflokknum og skrá sem nýjan trúarnema, til frekari eftirfylgni eða úr notkun. Tilvísun skal einnig teljast nýtt, ef margar tilraunir hafa verið gerðar til að ná sambandi við viðkomandi eða heimilisfang telst rangt. Tilvísanir skal senda til baka til trúboðsskrifstofu ásamt skriflegri athugasemd um ástæðu þess að ekki var mögulegt að koma á sambandi.

Heildarfjöldi fenginna tilvísana eru allar tilvísanir sem þú hefur tekið á móti, en hafa ekki verið nýttar til að koma á sambandi (tilvísanir frá kirkjuþegnum, trúarnemum, höfuðstöðvum kirkjunnar o.s.frv.).

**Nýir trúarnemar:** Heildarfjöldi einstaklinga sem hlotið hafa kennslu og samþykkt hafa annað stefnumót.

**Lexíur kenndar nýskírðum trúskiptingum og lítt virkum meðlimum:** Heildarfjöldi lexía kenndar trúskiptingum sem verið hafa meðlimir í minna en eitt ár og lítt virkum meðlimum.

Þegar þú setur þér markmið og gerir áætlanir, skaltu meta hvað þú hyggst gera til að hækka tölurnar yfir fjölda fólks í hverjum lykilþætti. Markmið þitt ætti að vera að fólgja þeim sem tilheyra hverjum lykilþætti.

Pú munt gera fjölmargt sem ekki er tekið fram í lykilþáttunum, svo sem að koma á sambandi við fólk á götum úti eða stunda sjálfsnám eða sameiginlegt nám. Slíkt starf er mikilvægt og leggur af mörkum til eins lykilþáttar eða fleiri. Pegar þú kennir til að mynda þeim sem þú finnur fyrir eigin tilverknað, bætir þú nýjum trúarnema í kennsluflokkinn. Ástundun sjálfsnáms og sameiginlegs náms mun einnig bæta hæfni þína til að kenna með andanum, sem verður til að blessa nýja og áhugasama trúarnema. Kostgæfni þín við að finna og kenna fólk, mun hafa áhrif á alla lykilþættina. Skoðaðu allt sem þú gerir í ljósi þess að það verði til að fólgi þeim sem tilheyra þessum flokkum. Ef þú og félagi þinn fáið ekki séð að eithvert einstakt trúboðsverkefni geti aukið fjölda þeirra sem tilheyra einum flokki eða fleirum, þarfut að meta hvort það er bess virði að helga því tíma þinn.

## Verkefni: Sameiginlegt nám

Skráðu öll trúboðsverkefni sem þú hefur unnið að undanfarna þrjá daga í námsdagbókina þína. Leggðu mat á hvort hvert einstakt verkefni hafi haft áhrif á einhvær lykilþáttanna. Ef svo er, skaltu skrifa já við það. Ef svo er ekki, skaltu skrifa *nei* við það. Gerðu greinarngerð hvers já verkefnis um hvernig hvert verkefni hefur haft áhrif. Leggðu mat á hvert *nei* verkefni og finndu út hvers vegna þú ákvaðst að takast á við það og hvort þú hyggst halda áfram með það í framtíðinni. Ræddu við félaga þinn um skráninguna og útskýrðu hvers veggna þú flokkaðir sum verkefnin sem já verkefni og önnur *nei* verkefni. Ræddu hvaða verkefni þú gætir þurft að hætta við.


## Athugasemdir

## Athugasemdir

## Svæðisbók og skipulagsgögn og skýrslur

Moróní sagði um þá sem tekið var á móti í kirkjuna með skírn og staðfestingu á hans tíma: „Og nöfn þeirra voru skráð, svo að eftir þeim væri munað, og þeir væru nærðir hinu góða orði Guðs til að halda þeim á réttari braut“ (Moró 6:4).

Þér hafa verið fengin gögn sem gera þér kleift að skrá mikilvægar upplýsingar um fólk sem þú kennir. Þessi gögn gera þér kleift að miðla sértaekum upplýsingum til þeirra sem á þeim þurfa að halda, líkt og eftifarandi sýnir:



Þessi gögn og allar þær upplýsingar sem þörf er á til að þú getir sinnt starfi þínu eru í svæðisbókinni og Daglegu skipulagsriti trúboðans. Svæðisbókin er byggð upp eins og hér segir:

- **Svæðiskort**
  - Kort af svæði með svæðismörkum
- **Framfaraskýrslur**
  - Eyðublöð framfaraskýrslu
- **Trúarnemar er hafa ákveðið skírnardag og staðfestingardag**
  - Eyðublöð kennsluskýrslu
- **Áhugasamir trúarnemar**
  - Eyðublöð kennsluskýrslu
- **Nýir og aðrir trúarnemar**
  - Eyðublöð kennsluskýrslu
- **Tilvonandi trúarnemar**
  - Eyðublöð tilvonandi trúarnema
  - Skýrsla sendra tilvísana og annarra tilvísana
- **Fyrverandi trúarnemar**
  - Eyðublöð kennsluskýrslu
- **Nýskírðir trúskiptingar og lítt virkir meðlimir**
  - Eyðublöð kennsluskýrslu
  - Eyðublöð framkvæmdalista trúskiptinga
- **Upplýsingar deilda og trúboðs**
  - Skráasafn deilda
  - Kallanaskrá deilda
  - Fundaskrá deilda og trúboða
  - Skrá hlutaaðildarfjölskyldna
  - Skrá trúboða í umdæmi eða á svæði
- **Leiðtogaábyrgð**
  - Samantektarskýrslur til símhringingar
- **Upplýsingar um svæðið**
  - Upplýsingar um íbúð
  - Almenningssamgöngur
  - Hárgreiðslustofa
  - Pvottahús
  - Innkaupastaður
  - Varasamir staðir
  - Sambönd

### Svæðisbók

Svæðisbók tilheyrir hverju trúboðssvæði, sem verður varanleg skýrsla um daglegt starf þitt. Uppfærðu lykilupplýsingar daglega og nýttu þær í viku hverri á vikulegum skipulagsfundum. Hafðu þær læsilegar, uppfærðar og réttar, svo að komandi trúboðar geti byggt á innblásinni þjónustu þinni. Hafðu svæðisbókina með þér, eins og farið verður fram á, þegar þú ferð í viðtöl eða á svæðisráðstefnur, svo trúboðsleiðtoga geti metið hana og lagt sitt af mörkum til að bæta notkun hennar.

Athugasemdir

Þú ættir að skoða sumt í svæðisbókinni daglega, er þú uppfærir og aðlagar skipulag þitt. Hafðu svæðisbók þína með þér á svæðisráðstefnur og í viðtöl svo trúboðsleiðtoga geti skoðað hana. Þessi bók á að vera í húsakynnum ykkar eftir svæðistilfærslur, svo að komandi trúboðar geti nýtt sér upplýsingarnar í henni.

Hafðu skýrslurnar í svæðisbókinni útfylltar, réttar og uppfærðar yfir alla þá sem þú starfar með. Eftifarandi er greinargerð um þau gögn sem eru fyrir hendi:

**Kennsluskýrsla:** Eyðublað þetta gerir þér kleift að skrá nákvæmar upplýsingar um framþróun trúarnema, nýskírða trúskiptinga og lítt virka meðlimi sem þú kennir.

- Persónubundnar upplýsingar.
- Dagsetningar skírnar og staðfestingar.

KIRKJA JESÚ KRISTS HINNA SÍÐARI DAGA HALLÓGU						Kennsluskýrsla	
Starfssvæði trúboða			Deild eða grein		Síka eða umdeimi		
<b>Persónulegar upplýsingar</b> (Sjá á bakhlið nánari persónulegar upplýsingar.)							
Nafn/nófn einstaklinga eða pars	*Fimur	Aldur	Fyrst viðneyning ardagur	Áætlan skimadagur	Rauvendagur skimadagur	Staðfesting- ardagur	Nófn barna (Séu náið mörn má ríla þau í Upplýsingar um bakgrunn á bakhlið)
							Aldur
							Aldur
Heimilisfang		Sími		Trúboðar með fyrstu lexíu			
Nán vina og heimilis- eða heimsóknarkennara		Sími		Heimilisfang			
*Flökur: T = Trúarnemi; NT = Nýskírður trúskiptingur; LV = Litt virkur meðlimur; M = Meðlimur; HF = Hlutaaðildarfjölskylda							
Dags kenndra lexia og reglna (dragið heig um, ef meðlimur hefur tekkið þátt í kennslum)				Stóra skuldbindinga trúarnema eða forrámannans heimilis			
Bóðskapur endureisnar		Fyrir skím	Eftir skím	Bóðorð	Fyrir skím	Eftir skím	Settar fram
Góð er okkar karfelskriði fáðir á himnum		Hljómi					Hljómi
Fagnadrænidóttir bleðar fjölskyldur		Bítljast oft fyrir					Bítljast fyrir vegna Josephs Smith og Mormónsbókar
Þáðstafanir fagnadrænidísins		Lara ríningarnar					Sakramentissamkomur og aðrar samkomur söttar
Sarbraceit hlutverk fræsarsans		Haldla hvíldardaginn heilagan					Burn séðjað Bamfælagið, Pfalzelagið eða Stókræfslagið
Frahvarfið mikla		Skim og staðfesting					Fjölskylda og vinir kynnt trúboðum
Endureisininn Joseph Smith		Fytja spámanninum					Skímasamkomma sött
Mormónsbök		Haldla boðorðin tilu					Biskup og meðlimir deldarráðs kynnlir
Ben, heilagur andl		Lifa samkvæmt skírlitsögnumálinu					Vinátta mynduð við deldardeðimi
<b>Saluhálpáraðstunin</b>		Hljómi Visdomsorðini					Boðorðin til hafi
Fortíveran		Ufa samkvæmt liundarfögnumálinu					Lifla samkvæmt liundarfögnumálinu
Skópunin		Ufa samkvæmt festulögumálinu					Visdomsorðini hjátt
Sjálfrabi og falltí		Hvernig greða á tundi og fómir					Lifla samkvæmt liundarfögnumálinu
Lif okkar á jörðu		Fara að landslögum og viða þau					Lifla samkvæmt festulögumálinu
Fridþeiningin		<b>Lögmal og helgithathmr</b>					Paríð að landslögum
Andahelmyrinn		Prestamáni og aðildarfélög					Vitíð fyrir skím og staðfestingu faríð fram
Uppriss, dómur og óðauðleiki		Trúboðstarf					Vinum og fjölskyldu boðið að sækja skím og staðfestingu trúarnema
Dýjaníkin		Ellið hjonaband					Skim og staðfesting yfirstaði
<b>Fagnadrænidí Jesú Kristi</b>		Muste og attfæði					Einkakaði og ríningarám íðkað dag hvern
Hreinsaft af synd		Pjónursa					Fjölskyldubanir og ríningarlestur íðkað dag hvern
Ítr á Jesú Krist		Kennslu og nám					Fjölskylduvkold höfð víkulega
Þórun		Standast allti til enda					Veitt prestamáni
Skrimin, okkar fyrstí sáttmáli		<b>Fara yfir vitthalsspurningar skímar</b>					Veitt kirkjukollun
Gjöf heilags anda							Tekið þátt í staðgangilsskím
Standast allti til enda							

(Sjá á bakhlið nánari persónulegar upplýsingar.)

© 2004 IRI, 7/04, 7/04. Printed in Germany 98987-190

(Framsíða)

- Skýrsla um hvenær þú kenndir reglurnar í hverjum lexíanna fimm og hvort meðlimur var viðstaddur. Þessi hluti gerir þér kleift að skoða framvindu kennslu þinnar og í hvaða röð þú hefur kennt reglurnar.
- Þú getur skoðað hvaða lexíur þú hefur kennt fyrir og eftir skírn.
- Skýrsla um stöðu skuld-bindinga sem trúarnemar hafa gert. Í þennan hluta skal skrá dagsetningu er þú leggur fram skuld-bindingarboð og merkja við hvort fólk hefur hald- ið gerðar skuldbindingar.

## Athugasemdir

- Greinargerð um bakgrunn einstaklings eða fjölskyldu. Hér skal ekki skrá mjög persónulegar eða neikvæðar upplýsingar.
- Hér skal skrá mikilvægar upplýsingar um kennsluhemsóknir. Þú getur til að mynda skráð áhyggjuefni fólks, skuldbindingar sem því hefur reynst erfitt að halda og góðan árangur við lestur og bænir. Þú getur einnig skráð hvort það hefur sótt kirkju og hvað það les í Mormónsbók.
- Hér skal skrá heimsóknir við eftirfylgni, hafi einstaklingur eða fjölskylda hætt að kynna sér kirkjuna.

Þegar kennsluskýrsla hefur verið útfyllt skal geyma hana í svæðisbókinni þar til full virkni, dauði eða flutningur verður hjá einstaklingi eða fjölskyldu.

<b>Kennsluskýrsla</b> (framhald)		
Upplýsingar um bakgrunn (ökumenið hvernig einstæðingur eða fjölskylda myndaði samband við kirkju, alvinnu, trúarþróð, skugamál o.s.frv.)		
<b>Athugasemdir um kennsluhemsóknir</b>		
Dags.	Tígvinnsl skráninga vefsíðanum á kennsluhemu, hvernig tökk var á móti því, skuldbindingum o.s.frv.	Kirkja aði t бо́ssar vefsíðu áðheiði
		Tígvinnsl festur trúameini í Mormónsbók
<b>Síða fyrverandi trúarnema</b> (Upplýsingar austarbaðs um trúarnema vor haft og teknar til, hvernar heimildar eru ófálgar.)		
Dags.	Nánar upplýsingar	Trúboðar

(Baksíða)

<b>KIRKJA JESÚ KRISTS HINNA SIDARI DAGA HEILÓGU</b>	<b>Framfaraskýrsla</b>												
Síðanú þessa skal nota til að veita leiðtogaum í díald eða síku upplýsingar um trúarnema, nýskirða trúskiptingu og lítt virku meðlimi.													
Nánar trúboða													
Dæld eða grein		Dags.											
Flókkur*	Nánar	Kirkja ákvæði krafa	Hemildang	Sínumær	Kendur hefur (dregið hring um ef meðlimur hefur teknið sátt í kennsluhemu)	Vinn eða hverfið skrárari	Hvað eftir kirkju	Dags, skrár og stofnungsár	Dags, með dæminguðu	Velt húð			
*Flókkur: T – Trúameini; NT – Nýskirður trúskiptingu; LV – Litt virkur meðlimur; HF – Hlutaálfdar/fjölskylda													
<b>Lýkilþáttir: Víkulok</b>													
Trúameini skrár og stofnestr		Trúameini er hafa ákvæði skrárarság		Trúameini er sakað sakramentssákkoma		Trúameini er kendur þórir með meðlimi		Átrar leikur kendur		Athugasemdir trúameini			
Síða	Stofnestr	Síða	Stofnestr	Síða	Stofnestr	Síða	Stofnestr	Síða	Stofnestr	Fengar	Nötar	Nýr trúameini	Leta kendur spjaldum trúskiptum og lítt virkum meðlimum
Málmáð													

\* Athugasemdir trúameini: Trúameini sem hlotti hafa kendur fravar eftir og halda skráðingar um að lesa Mormónsbók og búið tyri varðanu hana og spámannen Joseph Smith, seðja kirkju o.s.frv.

© 2004 IBS 7104.7024 Printed in Germany. 3665-160

**Framfaraskýrsla:** Þessi skýrsla er til að gera samantekt á framþróun trúarnema, nýskírðra trúskiptinga og lítt virkra meðlima sem þú kennir. Hún gefur einnig kost á að skrá lykilþætti. Notaðu hana til að samræma starf þitt og leiðtoga deilda og síku á samræmingarfundum trúboðs og deildarráðsfundum. Þú uppfærir svo skýrslu þessa á vikulegum skipulagsfundum eða fyrir deildarráðsfundi. Fáðu biskupi afrit af skýrslunni, ef mögulegt er, í viku hverri eða svo oft sem nauðsyn þykir, svo og deildartrúboðsleiðtoga og öðrum sem sæti eiga á deildarráðsfundum. Gakktu úr skugga um að upplýsingarnar, sem þú skráir í Framfaraskýrslu, séu réttar og að skriftin sé vel læsileg. Pað mun byggja upp traust deildarráðs á þér.

**Tilvonandi trúarnemar:** Skýrsla þessi gerir þér kleift að halda utan um fólk sem vænst er að verði trúarnemar.

Afritaðu í skýrsluna Tilvonandi trúarnemar mikilvægar upplýsingar í hlutanum „Tilvonandi trúarnemar“ í Daglegu skipulagsriti trúboðans. Notaðu þessar upplýsingar til að skipuleggja heimsóknir við eftiryfylgni, fara yfir trúboðsstarf með deildartrúboðsleiðtoga

- Staða tilvonandi trúarnema. (Hefur verið hætt við trúarnema, er verið að kenna trúarnema eða þarf að fylgja betur eftir?)
  - Ef einstaklingur tengist tilvísun eða fundi trúboða.
  - Dagsetning þegar haft var samband við einstakling.
  - Mikilvægar athugasemdir.

og ráðgera önnur verkefni sem gætu auðveldar þessu fólkis að hefja trúarnám um hið endurreista fagnaðarerindi. Skýrslu þessa er einnig hægt að nota sem heimildaskýrslu fyrir trúboða sem umsjón hafa með svæðinu í framtíðinni. Þegar þú verður fluttur á annað svæði, afritaðu þá örugglega allar upplýsingarnar í þínu Daglega skipulagsriti trúboðans.

## **Samantektarskýrsla til símhringingar:**

Notaðu þessa skýrslu vikulega til að viða að þér upplýsingum um alla lykilþættina. Allir trúboðsfélagar skulu nota Samantektarskýrslu til símhringingar, aftast í Daglegu skipulagsriti trúboðans, og afhenda umdæmisleiðtoga tilskildar upplýsingar. Umdæmisleiðtogi skráir nöfn allra trúboðsfélaga í umdæmi sínu í Samantektarskýrsluna og einnig hámark viku fyrir hvern lykilþátt. Hann skráir svo hámark umdæmis neðst í skýrsluna. Upplýsingastreymið er upp á við. Umdæmisleiðtogar afhenda svo svæðisleiðtogum hámark umdæmis. Svæðisleiðtogar afhenda aðstoðarmönnum forseta hámark svæðis. Aðstoðarmenn forseta afhenda loks trúboðsforseta hámark trúboðs.

## Athugasemdir

## Athugasemdir

**Daglegt skipulagsrit trúboðans:** Í hjálparriti þessu er eftirtalið:

- Daglegt skipulag yfir sex vikna tímabil, og sjöunda vikan á skissublaði.
  - Síður fyrir markmið viku.
  - Samantekt á skipulagsreglum; skrá atferlisliða sem leiða eiga til skírnar, staðfestingar og kirkjuvirkni; kennsluáætlun trúboðslexía; tillögur að því að finna fólk til að kenna; og viðtalsspurningar skírnar.
  - Reitur til að skrá upplýsingar um sambönd, heimilisföng og símanúmer trúarnema og meðlima.
  - Samantektarskýrsla til símhringingar til að skrá niðurstöðu viku.

Á vikulegum skipulagsfundi skal skrá markmið viku á samsvarandi síðu í Daglegu skipulagsriti trúboðans, eins og sýnt er hér á eftir.

- Markmið viku fyrir hvern lykilþátt.
  - Niðurstaða vikunnar. Niðurstaða hvers dags er í yfirliti dagsins. Hámark hverran viku er skráð hér.

- Nöfn fólks sem er líklegt til að markmið þín náist (áhugasamir trúarnemar, nýir trúarnemar). Settu markmið um væntingar þínar til þessa fólks (kirkjusókn, lestur Mormónsbókar, skírnardags. o.s.frv.).

- Hér skal skrá önnur persónuleg eða sameiginleg markmið

Þegar þú ráðgerir og starfar við trúboð dag hvern, skaltu nota yfirlit dagsins eins og hér er sýnt:

- Yfirlit dagsins er fyrir skráningu væntanlegrar kennslu, funda og verkefna við að finna fólk. Hafðu gott skipulag til að nýta hverja stund dagsins. Gert er ráð fyrir reitum fyrir varaáætlun.

- Reitir til að skrá viðfangsefni þín (símhringingar, fólk sem þarf að hafa samband við, undirbuning kennslu, eftirfylgni við skuld-bindingar o.s.frv.).

- Reitir til að skrá það sem þú þarfst að læra við að búa þig undir kennslu.
  - Markmið dagsins og niðurstaða valdra lykilþáttu.

**Vikuleg skýrsla trúboða:** Skýrsla þessi gefur þér kost á að fá trúboðsforseta milliliðalaust greinargerð um trúboðsverkefni og öll persónuleg málefni sem þú vilt miðla honum. Vertu hnitið aður er þú skrifar þetta bréf og hafðu ekki áhyggjur af að fylla út alla síðuna. Hann einn mun lesa bréfið, svo þér er óhætt að vera opinskár.

KIRKJA JESU KRISTS		Vikleg skýrsla trúðóba					
SÍÐARI ENGA HELLÓGU							
Nafn trúðóba		Nafn til dökunar/Megj		Starfssvið trúðóba			
Fríðr. trúðóba		SÍN		Gæði		Undan	
<b>Lokkheimi</b>							
Tjánumen skóla og aldræði		Tjánumen er óskar um óskar með tilgangi		Tjánumen er óskar um óskar með tilgangi		Tjánumen er óskar um óskar með tilgangi	
Stofn	Gildið	Stofn	Gildið	Stofn	Gildið	Stofn	Gildið
Maður		Kvinna		Kvinna		Kvinna	
Aðalgreinir eru óskar um óskar með tilgangi. Óskar um óskar með tilgangi gildir fyrir óskar um óskar með tilgangi.							
Brett til innihaldsforseta							
Tjánumen hafi heit gerið til lokkheimum að þau og voru að taka eindum tilkynnum óskar og meðtangun. Þá vinda ístaf tilgjá meðtangunarskrift og tilganganskrift.							
Síðasti heiti óskar.							
Dagur,		Lokkheimi					

Athugasemdir

## Athugasemdir

## Hvernig setja skal markmið

Markmið endurspeglar þrá hjartans og það sem við óskum að fá áorkað. Vætingar okkar eru yfirlitunum. Markmiðasetning og áætlanagerð eru ávextir trúar. Settu þér markmið með bæn að leiðarljósi, sem eru í samhljóum við boð frelsarans um að „[fara og gjöra] allar þjóðir að lærisveinum, skírið þá í nafni föður, sonar og heilags anda“ (Matt 28:19).

Settu markmið fyrir hvern lykilþátt. Þú getur einnig sett markmið um eigin framþróun. Gerðu allt sem í þínu valdi er til að ná markmiðum þínum, en virtu jafnframt sjálf-ræði annarra. Hinn endanlegi mælikvarði á árangur felst ekki einungis í því að ná markmiðum, heldur í þjónustu þinni og framþróun annarra. Markmið eru gagnleg til að koma miklu til leiðar meðal barna himnesks föður. Markmið á ekki að nota til að afla viðurkenningar.

Vandlega ígrundið markmið marka skýra stefnu og færa hverjum degi gnótt verkefna, sem styrkja aðra í trú á frelsarann og færa þá nær skírn, staðfestingu og fullri kirkjuvirkni. Markmið sem krefjast áreynslu veita þér aðhald í starfi og leiða til þroska og vaxtar. Fylgdu eftirfarandi leiðbeiningum við markmiðasetningu:

- Fylgdu andanum.
- Taktu mið af lykilþáttunum.
- Beindu kröftum þínum að fólki. Þú skalt styðjast við nöfn fólks þegar þú setur markmiðstölur.
- Vertu nákvæmur og raunsær, en settu markmið sem krefjast ýtrustu orku.
- Settu markmið fyrir hverja viku og hvern dag.
- Settu markmið fyrir sjálfsnám og sameiginlegt nám, þar með talið tungumálsnám, ef þú lærir erlent tungumál.
- Vertu viss um að taka framförum dag hvern, viku hverja og eftir hvert sex vikna tímabil. Takist þér ekki að ná einhverju markmði, skaltu endurmeta starf þitt og leita leiða til að ná því markmiði. Lagaðu að vætingum þínum, ef þörf er á.

Leiðtogað þínir kunna, er fram líða stundir, að setja háa staðla til að skerpa sýn þína og trú. Staðlar umdæmis, svæðis og trúboðs munu gera þér kleift að láta reyna á þig til hins ýtrasta, svo þú náir auknum árangri í starfi. Þá á ekki að nota sem kvóta á ákveðin markmið þín og félaga þíns.

*„Ég er algjörlega sannfærður um, að ef við setjum okkur ekki markmið í lífinu og tileinkum okkur þá lífstækni að ná markmiðum, munum við á háum aldri líta yfir farinn veg og komast að því að við fengum aðeins áorkað litlu af öllu því sem við hefðum helst viljað. Þegar mönnum lærist að beita reglum markmiðasetningar, munu þeir fá heilmiklu áokað í lífi sínu.“*

– ÖLDUNGUR M. RUSSELL BALLARD  
RÆÐA FLUTT FYRIR UNGT FULLORÐIÐ FÓLK Á SALT LAKE  
SVÆÐINU, 18. OKT., 1981

**Verkefni: Sameiginlegt nám**

Settu markmið viku fyrir hvern lykilþátt. Spurðu sjálfan þig varðandi hvert markmið:

- Eru nöfn að baki tölunnar?
- Er markmiðið hnitmiðað?
- Er markmiðið raunhæft?
- Mun markmiðið reyna á okkur til hins ýtrasta?
- Höfum við helgað okkur markmiðinu?

Ræddu hvert markmið. Finndu út, ef nauðsyn krefur, hvernig þú getur endurbætt það og hvers vegna.

Athugasemdir

**Vikulegur skipulagsfundur**

Pegar þú hefur sett markmið, skaltu ráðgera hvernig þú hyggst ná þeim. Þú og félagi þinn ættuð að hafa vikulegan skipulagsfund á degi og stund sem líklegt er að skili minnustum árangri í trúboðsstarfi, til að mynda á fimmtudags og föstudags morgnum. Trúboðsforseti þinn mun ákveða dag og stund fyrir vikulega skipulagsfundi. Slíkur vikulegur skipulagsfundur getur varað í tvær eða þrjár klukkustundir.

Umræðan ætti að taka mið af þörfum fólks og hvernig hægt er að hjálpa því að taka framförum. Á þessum vikulegu skipulagsfundum, ættir þú að skoða áður sett markmið og setja ný markmið fyrir komandi viku. Hugleiddu alla þætti trúboðsstarfsins.

Mælt er með að vikuleg Samantektarskýrla til símhringingar sé gerð á sunnudagskvöldum. Skýrla sem unnin er á sunnudagskvöldi gefur gleggsta mynd af trúboðsstarfinu, vegna þess að flestar skírnir og staðfestingar eiga sér stað á laugardögum eða sunnudögum.

Dagurinn sem þú hefur vikulegan skipulagsfund verður líklega annar en skýrslugerðardagurinn þinn og því er ráðlegt að gera vikulegt skipulag með 10 daga í huga. Ef þú hefur til að mynda vikulegan skipulagsfund á fimmtudegi, muntu skoða stöðu markmiða fram að og með þeim degi og ráðgera hvað þú þarf að gera til að ná þeim markmiðum fram að og með sunnudegi. Settu síðan markmið fyrir næstu viku frá man nudegi til sunnudags. Á sunnudagskvöldi skaltu svo hámarka síðastliðna viku og tilkynna það, og þú munt hafa skipulag þitt tilbúið fyrir komandi viku. Eftirfarandi eru leiðbeiningar fyrir vikulegan skipulagsfund.

**1. Biðstu fyrir og leitaðu innblásturs.** Áður en þú hefst handa, skaltu hafa Daglegt skipulagsrit trúboðans og svæðisbókina við höndina. Byrjaðu skipulagsfundinn með bæn. Leitaðu innblásturs er þú ræðir þarfir fólks og ráðgerðu hvernig þú hyggst þjóna því og hjálpa að taka framförum í fagnaðarerindinu. Þú skalt biðja sérstaklega fyrir trúarnemum þínum. Hafðu trú til að biðja himneskan föður um að veita þeim bænheyrsu, þrá til að koma í kirkju o.s.frv.

**2. Settu markmið og gerðu áætlunar fyrir trúarnema sem verða skírðir og staðfestir í næstu viku.**

Skoðaðu Kennsluskýrslu hvers einstaklings sem hefur skuldbundið sig til að taka á móti skírn eða staðfestingu í komandi viku. Ræddu ráðstafanir sem þú þarf að gera fyrir skírnarviðtal, skírnarsamkomu og staðfestingu. Notaðu Kennsluskýrslu


## Athugasemdir

og ræddu allar skuldbindingar sem þetta fólk á erfitt með að halda og hvernig þú getur hjálpa því. Ráðgerðu að vera í sambandi við það daglega. Ræddu hvernig þú getur hjálpað deildartrúboðsleiðtoga að samræma með biskupi staðfestingar þess á sakramentissamkomu.

**3. Settu markmið og gerðu áætlanir varðandi trúarnema með ákveðinn skírnardag.** Skoðaðu Kennsluskýrslu hvers einstaklings sem skírist í vikunni. Ræddu hvaða lexíur þú þarf að kenna þeim. Hugleiddu hvað þú þarf að gera til að búa þá undir skírn og staðfestingu. Ræddu trúarnema sem ekki skírðust á settum skírnardegi. Hugleiddu vandlega og ræddu þarfir þeirra. Settu markmið og gerðu áætlanir til að auðvelda þeim að taka framförum fram að ákveðinni dagsetningu er þeir gera skírnarsáttmála og taka á móti helgithöfn staðfestingar. Merktu við með blýanti í Kennsluskýrsluna þær reglur sem þú hyggst kenna og þær skuldbindingar sem þú hyggst hjálpa þeim að halda. Finndu út hvað þú getur gert til að hjálpa þeim að taka á móti samsvarandi lexíum og skuldbindingum.

**4. Settu markmið og gerðu áætlanir um að hjálpa trúarnemum að koma á sakramentissamkomu.**

Skoðaðu Kennsluskýrslu hvers trúarnema og ræddu komu þeirra á sakramentissamkomu. Ræddu hvað þú þarf að gera til að hjálpa þeim trúarnemum sem koma reglulega á sakramentissamkomu til að hljóta andlega uppbyggjandi reynslu. Ræddu hvers vegna sumir trúarnemar koma aldrei í kirkju, hvers vegna aðrir hafa aðeins komið einu sinni og hvers vegna enn aðrir koma mjög sjaldan. Þeir gætu til að mynda þarfnast hjálpar með að komast í kirkju, verið uggandi yfir eða ókunnugir tilbeiðsluháttum Síðari daga heilagra eða átt óskemmtilega reynslu áður fyrr. Ræddu hvað þú getur gert til að hjálpa þeim að sigrast á slíkum hindrunum. Settu markmið um hversu marga trúarnema þú hyggst fá til að koma á næstu sakramentissamkomu. Ráðgerðu á hvaða hátt þú hyggst koma þessu fólkí í kirkju, hverjir heilsu því og hverjir sitji hjá þeim meðan samkoma er. Ráðgerðu að hafa samband við leiðtoga prestdæmis og aðildarfélaga og þá sem kenna þeim bekkjum sem trúarnemar munu sækja. Ráðgerðu að upplýsa biskup. Skráðu í Framfaraskýrsluna á hvaða hátt deildarráð getur hjálpað. Gerðu áætlanir um það sem þú þarf að gera hvern dag vikunnar til að búa fólk þetta undir að koma í kirkju.



**5. Settu markmið og gerðu áætlanir um að kenna áhugasönum trúarnemum lexíur.** Skoðaðu Kennsluskýrslu hvers áhugasams trúarnema, sem kennt hefur verið að viðstöddum meðlimi. Ræddu hvernig þeim gengur að taka á móti boðskapnum. Farðu yfir skuldbindingar og afferlisatriði í Kennsluskýrslunni sem þeir reyna að halda eða fylgia. Ræddu á hvaða hátt deildarmeðlimir og deildarráð geta verið með í ferlinu. Settu markmið um lexíur sem þú hyggst kenna, skuldbindingar sem þú hyggst hjálpa þeim að halda, einkum að sækja kirkju; og mikilvæga reynslu sem þú hyggst hjálpa þeim að hljota á næstu vikum.

Skoðaðu Kennsluskýrslu hvers áhugasams trúarnema, sem kennt hefur verið án meðlims. Slíkir trúarnemar geta verið þeir sem þú hefur fundið af eigin rammleik. Ræddu hvaða leiðtoga prestdæmis eða aðildarfélags ætti bjóða að mynda vináttutengsl

við þá. Skoðaðu lexíur sem þú hyggst kenna og skuldbindingar sem þú hyggst hjálpa þeim að halda. Settu markmið um lexíur sem þú hyggst kenna, á hvaða hátt þú hyggst fá meðlimi til að vera með og á hvaða hátt þú hyggst hjálpa trúarnemum þessum að koma á sakramentissamkomu. Skrifaðu markmiðin í Kennsluskýrsluna og gerðu nauðsynlegar áætlanir.

Athugasemdir

**6. Settu markmið og gerðu áætlanir um að kenna öllum öðrum trúarnemum lexíur.** Skoðaðu Kennsluskýrslu hvers trúarnema sem tekur framförum. Ræddu hvers vegna hver og einn trúarnemi heldur ekki skuldbindingar. Ræddu á hvaða hátt þú hyggst fá leiðtoga prestdæmis og aðildarfélaga til að mynda vináttutengsl við þessa trúarnema. Ræddu einnig ýmis atriði sem bent er á í 5. liðnum. Settu markmið og gerðu áætlanir um að hjálpa þessu fólkvi að taka framförum. Skrifaðu markmiðin í Kennsluskýrsluna.

**7. Settu markmið og gerðu áætlanir um að nýta tilvísanir sem fengnar eru hjá meðlimum, trúarnemum, fólkí utan kirkju og höfuðstöðvum kirkjunnar til að kenna.** Skoðaðu skýrsluna Tilvonandi trúarnemar. Farðu yfir allar fengnar tilvísanir. Farðu yfir allar ónýttar tilvísanir. Settu markmið og gerðu áætlanir um að nýta eins margar tilvísanir og þú hugsanlega getur í vikunni – allar tilvísanirnar ef þú getur. Tilvísanir frá höfuðstöðvum kirkjunnar ætti að nýta innan 24 klukkustunda, ef mögulegt er. Ræddu á hvaða hátt þú berð þig að við hvern einstakling eða hverja fjölskyldu og hver boðskapur þinn ætti að vera. Ef tilvísun er frá höfuðstöðvum kirkjunnar, ræddu þá hvernig þú hyggst kenna eitthvað efni fagnaðarerindisins með því að nota myndband, rit eða annað efni sem beðið hefur verið um. Vertu viss um að hafa með þér þau gögn sem beðið var um. Nýttu tilvísun með því að hringja og fá heimsókn, ef mögulegt er. Ræddu eftirfylgni sem þú þarf að gera.

**8. Settu markmið og gerðu áætlanir um að leita eftir fleiri tilvísunum frá meðlimum, trúarnemum og fólkí utan kirkju.** Flokkaðu með bæn að leiðarljósi aðra meðlimi og trúarnema sem þú getur heimsótt. Ráðgerðu á hvaða hátt þú hyggst hjálpa þeim að bjóða vinum og fjölskyldu að læra um hið endurreista fagnaðarerindi. Ræddu á hvaða hátt þú hyggst bjóða þeim að taka þátt í trúboðsstarfi. Tímasettu heimsóknir og gerðu nauðsynlegar áætlanir.

**9. Settu markmið og gerðu áætlanir um að kenna nýskírðum trúskiptingum og lítt virkum meðlimum lexíur.** Skoðaðu Kennsluskýrslu allra nýskírðra trúskiptinga og lítt virkra meðlima sem þú kennir. Settu markmið og gerðu áætlanir um að kenna lexíur. Ráðgerðu á hvaða hátt þú hyggst hjálpa þessu fólkvi að koma á sakramentissamkomu og að halda aðrar skuldbindingar.

**10. Settu markmið og gerðu áætlunar um að finna fleiri trúarnema.** Skoðaðu tilraunir síðustu viku við að finna nýja trúarnema í gegnum tilvísanir, þjónustu og með því að leita sjálfur. Farðu yfir upplýsingarnar í hlutanum „Tilvonandi trúarnemar“ í svæðisbókinni. Ræddu hvers vegna sumir urðu trúarnemar en aðrir ekki. Settu markmið um að finna ákveðinn fjölda nýrra trúarnema þessa viku. Flokkaðu þá sem líklegir eru til að verða trúarnemar. Flokkaðu einnig meðlimi og hlutaaðildarfjölskyldur sem þú hyggst heimsækja, tilvísanir sem þú hyggst nýta og þjónustu sem þú hyggst leitast við að inna af hendi. Ráðgerðu hvaða hjálparögjunnar þú hyggst nota við að finna fólk, til að mynda dreifingarmiða, myndbönd, myndgeisladiska, ritningar eða bæklinga. Ræddu einnig hvert fara skal til að ná til fólks, hversu margt fólk þú hyggst ná til á degi hverjum, trúarnema sem þú hyggst fá frá tilvísanir, fyrrum trúarnema sem þú hyggst heimsækja, á hvaða hátt deildarráð getur hjálpað o.s.frv. Gerðu ákveðna áætlun fyrir næsta dag. Nýttu lausan tíma í að finna fólk, en það auðveldar þér að ná markmiðum þínum. Settu markmið og áætlaðu að ræða við allt fólk sem Drottinn lætur verða á vegi þínum. Reyndu alltaf að finna fólk til að kenna.

## Athugasemdir

**11. Ráðgerðu á hvaða hátt þú ætlar að starfa með deildarráði.** Biskup er ráðandi valdhafi. Virtu og heiðraðu valdsumboð hans. Skoðaðu, undir hans leiðsögn, Framfaraskýrsluna sem notuð var á síðasta samræmingarfundi trúboðs eða deildarráðsfundi. Ræddu verkefni sem þú hefur fengið hjá biskupi eða deildartrúboðsleiðtoga og greindu frá stöðu verkefnisins. Ræddu á hvaða hátt aðrir geta komið að verkefninu, eins og deildartrúboðsleiðtogi, leiðtoga prestdæmis og aðildarfélaga og aðrir meðlimir. Útfylltu vandlega Framfaraskýrslu fyrir næsta deildarráðsfund, prestdæmisframkvæmdafund eða samræmingarfund trúboðs. Vandaðu skriftina og hafðu hana vel læsilega. Settu markmið og gerðu áætlanir um að starfa í samhljóum við deildarleiðtoga. Taktu afrit af Framfaraskýrslu, ef mögulegt er, og afhentu þeim deildarleiðtogum sem sækja fundinn.

**12. Skráðu fundi sem hafðir eru reglubundið.** Skráðu í Daglegt skipulagsrit trúboðans reglubundna fundi, svo sem umdæmisfundi, svæðisráðstefnur, viðtöl, og kirkjusamkomur. Ræddu verkefni sem þú þarf að ljúka við fyrir hvern þessara funda, og bættu þeim inn á Athugasemdir/Framkvæmdalisti.

**13. Skráðu samstarfsframvindu.** Við lok vikulegs skipulagsfundar ykkar, deildu þá með félaga þínum viðeigandi markmiðum, og biddu um hjálp hans við að ná þeim. Ræddu styrk sambands ykkar við félaga þinn. Ræðið allar áskoranir sem kunna að standa í vegi fyrir að þið starfið saman í einingu eða sýnið hlýðni. Leysið úr ágreiningi. Deildu með félaga þínum hvað þú álítur að sé styrkur hans. Biddu um tillögur um hvernig þú getir bætt þig. Sé þess þörf, setjið markmið sem munu bæta samband ykkar. Ljúkið með bæn.

### Daglegur skipulagsfundur

Hafðu skipulagsfund í lok hvers dags. Við lexíukennslu máttu vera úti til kl. 21:30. Að öðrum kosti skaltu vera kominn heim fyrir kl. 21:00 og hafa daglegan skipulagsfund frá 21:00 til 21:30. (Trúboðsforsetum er heimilt að laga heimkomutíma að aðstæðum heimasvæðis.) Fylgdu sömu reglum og leiðsögn við daglegan skipulagsfund og þú viðhefur á vikulegum skipulagsfundum, en hafðu hann ekki eins viðamikinn. Hafðu bæn í huga er þú ræðir lexíurnar eða námsatriðin sem þú lærir í sjálfsnámi og sameiginlegu námi og auðvelda þér að framfylgja áætlun þinni. Skrifðu námsatriðin í reitinn fyrir daglegt yfirlit. Skoðaðu þitt daglega yfirlit. Hafðu verkefni þýðingarmikil til að nýta hverja stund dagsins. Á skipulagsfundum á sunnudagskvöldum skaltu skrá hámarkið í Samantektarskýrslu til símhringingar og gera grein fyrir henni, skrifa vikulegt bréf til trúboðsforseta og skilgreina markmið þín fyrir komandi viku.

Farðu yfir markmið þín, áætlanir og yfirlit, áður en þú ferð að heiman daginn eftir. Gerðu breytingar sé þörf á þeim. Þú skalt alltaf flytja bæn áður en þú ferð að heiman. Skipulag þitt er gott, ef þú þarf ekki að spyrja aðra: „Hvað á ég að gera núna?“

## Ábyrgðarskylda

Reglan um ábyrgðarskyldu er grundvallaratriði í eilífri áætlun Guðs. Við munnum öll standa frammi fyrir Guði í lokadóminum og gera grein fyrir hvernig við höfum nýtt þau tækfæri sem hann hefur fært okkur í lífinu (sjá Alma 5:15–19; K&S 137:9) Það er margt sem þú getur lært um ábyrgðarskyldu í trúboðinu sem mun koma þér að gagni í lífinu. Reglan um ábyrgðarskyldu mun blesa þig ef þú:

- Setur þér markmið og gerir áætlanir með í huga að gera bæði trúboðsleiðtogum þínum og Drottni í bæn grein fyrir starfi þínu.
- Finnur til ábyrgðar gagnvart því helga trausti sem Guð ber til þín.
- Setur þýðingarmikil markmið.
- Tileinkar þér fagleg vinnubrögð er þú gerir Drottni og trúboðsleiðtogum þínum grein fyrir starfi þínu. Bíður ekki eftir því að verða spurður. Ætlast ekki til þess að aðrir séu stöðugt að fylgja eftir því sem þú gerir. Hefur löngun í hjarta til að gera grein fyrir starfi þínu.
- Axlar fulla ábyrgð á starfi þínu. Kennir ekki öðrum um erfiðar aðstæður eða lítinn árangur.
- Leitast við að læra af leiðtogum þínum og biður þá um að benda á leiðir til að bæta sjálfan þig.
- Ert staðráðinn í að gera þitt allrabesta.

Ábyrgðarskylda verður ekki til aðeins við lok trúboðs þíns. Regla þessi hefur áhrif á hvernig þér tekst til í upphafi, hvað þér finnst um þá ábyrgð sem Drottinn hefur falið þér, hvernig þú tekst á við starf þitt og hversu þolgóður þú ert. Viðhorf þitt til trúboðsstarfs þíns endurspeglar elsku þína til himnesks föður og sonar hans og virðingu fyrir prestdæminu.

Leitaðu innblásturs í einkabænum þínum til að fá vitneskju um dagleg verkefni. Þegar þú fylgir áætlunum þínum, skaltu biðja Drottin um leiðsögn. Hafðu bæn í hjarta allan daginn um að andinn kunngjöri þér hvert halda skal, hvað gjöra skal og hvað segja skal. Spurðu þig sjálfan: „Hvað meira get ég gert?“ Greindu frá starfi þínu þegar þú biðst fyrir í lok hvers dags.

Þú gerir trúboðsleiðtogum þínum grein fyrir starfi þínu í hverri viku með því að nota Samantektarskýrslu til símhringingar. Ef þú ert trúboðsleiðtogi, muntu fá slíkar skýrslur frá öðrum trúboðum. Láttu þá finna að þú hafir áhuga á starfi þeirra og þeim sem þeir kenna, femur en skýrslutölunum einum saman. Notaðu ekki hjálþargögð þessi, eða upplýsingarnar sem þar eru, til að beita stjórnun eða yfirráðum. Slíkar upplýsingar gera þér kleift að hrósa trúboðum fyrir vinnusemi og sjá hvað síðar þarf að leggja áherslu á í þjáflun.

„Sé frammistaða skráð,  
mun hún verða betri. Þar  
sem frammistaða er skráð  
og um hana rætt, mun  
það leiða fyrr til enn  
frekari úrbóta.“

– ÖLDUNGUR THOMAS S. MONSON

"THOU ART A TEACHER COME FROM GOD,"  
IMPROVEMENT ERA, DES. 1970, 101

Athugasemdir

Athugasemdir

## Ritningarnám

**Hvað felst í því að vera ábyrgur?**

K&S 58:26–33

K&S 101:78

Esekíel 33:1–6

**Hvers vegna er sjálfraði mikilvægt í ábyrgðarskyldu?**

2 Ne 2:26–29

He 14:30–31

**Hvernig eiga trúboði og trúboðsleiðtogi að starfa saman?**

K&S 38:23–25

Hebr 13:17–18

## Mikilvægt að hafa í huga

- Beindu kröftum þínum að ætlunarverki þínu.
- Settu marmkið í samræmi við lykilþætti.
- Biðstu innilega fyrir varðandi markmið þín og skipulag.
- Notaðu svæðisbókina og Daglegt skipulagsrit trúboðans til að hjálpa fólk að þróa trú, iðrast, láta skírast, taka á móti heilögum anda og standast allt til enda.
- Settu markmið fyrir hvern lykilþátt, sem krefjast ýtrastu orku, trúariökunar og vinnusemi.
- Hafðu vikulega og daglega skipulagsfundi, sem taka mið af að hjálpa öðrum að þroskast í fagnaðarerindinu.
- Greindu Drottni frá starfi þínu og trúboðsleiðtogum.

# Hugmyndir að námi og hagnýtingu þess

# Sjálfsnám

- Skrifaðu svar í einni setningu í námsdagbókina þína fyrir hverja spurningu í „Til hugleiðingar.“
  - Gefðu þér stutta stund til að hugleiða lokadag þinn á trúboðsakrinum. Þegar sá dagur kemur:
    - Hverju myndir þú vilja segja að þú hafir áorkað sem trúboði?
    - Hvers konar maður myndir þú vilja verða?
    - Hvaða breytingum myndir þú vilja að aðrir tækju eftir í fari þínu?

Svaraðu öllum þessum spurningum skriflega í námsdagbókina þína. Einsettú þér að gera nú þegar allt nauðsynlegt til að ná þeim markmiðum. Skrifaðu þá áætlun sem kemur í huga binn.

## Sameiginlegt nám

- Notaðu svæðisbókina við að svara eftirtöldum spurningum:
    - Eru allar gildar skýrslur réttar og auðveldar aflestrar?
    - Væri trúboða sem er nýr á svæðinu auðvelt að fara yfir svæðisbókina og ákvarða andlegt þroskastig fólks og hvað annað væri hægt að gera til að hjálpa því?
    - Myndi trúboði sem er nýr á svæðinu hafa gagn af starfi þínu við að finna nýja trúarnema?
    - Sjáðu sjálfan þig í huganum færa Drottni svæðisbókina og gera honum grein fyrir hvað þú hefur gert til að annast fólkioð á svæði þínu. Yrði Drottinn ánægður með starf þitt?
  - Ræddu einhvern einn hinna nýju trúarnema þinna. Finndu fyrirsögnina „Atferli sem leiðir til skírnar, staðfestingar og virkni í kirkjunni“ í Daglegu skipulagsriti trúboðans. Veldu þar eitt atriði og gerðu skrá yfir allt sem gera þarf til að það geti orðið að veruleika. Ræddu hvernig þú gætir útfært slík verkefni til að koma því til leiðar á sem skemmtum tíma.
  - Ræddu eftirfarandi líkingu við félaga þinn. Gerðu mat á því hversu lengi „veiðarfær“ þín eru í sjónum dag hvern.

„Enginn okkar ætti að vera líkt og fiskimaðurinn sem telur sig hafa veitt allan daginn þegar hann í raun hefur varið mestum tíma í að sigla á milli veiðistaða, neyta matar og dunda við veiðarfærin. Góð veiði fer eftir því hversu lengi veiðarfæri þín eru í sjónum, ekki hversu lengi þú ert að heiman. Sumir fiskimenn eru að heiman í tólf stundir og hafa veiðarfærin í sjó í tíu stundir. Aðrir fiskimenn eru að heiman í tólf stundir og hafa veiðarfærin aðeins tvær stundir í sjó. Hinir síðarnefndu kunna að ylta fyrir sér hvers vegna beirr veiði ekki í afn mikil og beirr fyrreñfndu.

„Þessi sama regla á við um trúboða, sem meistarinn nefndi „mannaveiðara.“ Veiðarfæri trúboðans ætti að varpa í sjóinn um leið og hann eða hún fer að heiman“ (Dallin H. Oaks, námskeið fyrir nýja trúboðsforseta, 20. júní, 2000).

## Umdæmisfundir og svæðisráðstefnur

- Lestu eina af eftirtoldum aðstæðum trúboða. Fáðu trúboðana í fámenna hópavinnu til að ræða markmið og áætlanir sem gætu auðveldað fólkini í dæmunum að taka ákvörðun um að taka á móti skírn og staðfestingu. Láttu hvern hóp segja frá hugmyndum sínum.

*Dæmi eitt: Þið kynntust Lárusi og Betu við þjónustu í matsal fyrir heimilislausa. Þið hafið kennit beim eina lexíu og nú vilja bau fá nánari vitneski. Þau bekkja enga*

Athugasemdir

## Athugasemdir

meðlimi kirkjunnar. Beta er kristinnar trúar, en Lárus segist ekki vera neinnar trúar. Þau eru ekki gift en búa saman. Lárus vinnur frá klukkan fjögur síðdegis til tólf á miðnætti. Beta vinnur á daginn.

**Dæmi tvö:** Stefán hefur fengið allar lexíurnar og kemur í kirkju a.m.k. tvisvar í mánuði. Hann trúir að Joseph Smith sé spámaður og að Mormónsbók sé sönn. Fjölskyldan hans er virk í kaþólsku kirkjunni og er ekki hrifin af samskiptum hans við trúboðana.

**Dæmi þrjú:** Jóhanna er framhaldsskólanemi. Hún á vinkonu sem er meðlimur í kirkjunni. Vinkona hennar bauð henni að hitta ykkur. Þið hafið kennt henni tvær lexíur. Vinkona hennar var viðstödd báðar lexíurnar. Hún hefur enn ekki komið í kirkju og er önnum kafin við lerdóminn, svo henni reynist erfitt að lesa í Mormónsbók.

- Bjóðdu trúboðunum að segja frá reynslu þar sem þeir gátu hjálpað fólk, með því að setja sér markmið og gera áætlanir, til að:
  - Þróa aukna trú á frelsarann.
  - Iðrast og gera breytingar sem færa það nær Guði.
  - Taka á móti sáttmála skírnar og staðfestingar.
  - Koma í kirkju að nýju og endurnýja skírnarsáttmálann.
- Skiptu trúboðunum í þrjá hópa. Útskýrou að hver hópur muni fá mikilvægt úrlausnarefni: Fáðu svo hverjum hópi eitt af eftirtoldum verkefnum:
  - Opna nýtt trúboðssvæði.
  - Ráðgera að hafa svæðispjálfunarfund með þemað að kynna Mormónsbók fyrir trúarnemum.
  - Laga fjölskyldu í trúarnámi að deild. Í fjölskyldunni eru þrjú börn: 8 ára gömul telpa, 12 ára gömul stúlka og 16 ára gamall piltur.

Segðu trúboðunum frá því að þeir hafi átta mínútur til að gera áætlun. Einn trúboðanna ætti að skrifa áætlunina, ásamt daglegum verkefnum.

Fáðu hvern hóp til að kynna sina áætlun. Spurðu þessarar spurningar eftir hverja kynningu:

- Hvað þurftu trúboðarnir að vita varðandi hvert dæmi?
  - Hver gæti niðurstaðan orðið, ef engin þýðingarmikil verkefni væru ráðgerð eða engin áætlun gerð?
- Spurðu eins og hér segir eftir að allar kynningarnar hafa farið fram:
- Á hvaða hátt er áætlanagerð og markmiðasetning kærleiksverk? ávoxtur trúar?

### Trúboðsforseti

- Fái trúboðana til að koma með svæðisbókina sína á svæðisráðstefnu eða í viðtöl. Skoði svæðisbækurnar sjálfur og ígrundi að fá trúboðsleiðtoga eða eiginkonu sína til að skoða bækurnar.
- Veri endrum og eins viðstaddir vikulega eða daglega skipulagsfundi.
- Hafi endrum og eins viðtöl við trúboða í heimkynnum þeirra. Fái eiginkonu sína eða aðstoðarmann forseta til að skoða svæðisbækur og Daglegt skipulagsrit trúboða við þessi tækifæri.
- Skoði oft skipulagsrit trúboðanna.
- Veri endrum og eins á deildarráðsfundi.



# Hvernig finn ég fólk til að kenna?

## Til hugleiðingar

- Hvað merkir að „[finna] þá, sem vilja taka á móti yður“ (K&S 42:8)?
  - Hvernig eyk ég mér trú svo að ég finni fólk til að kenna?
  - Hvers vegna ætti ég að hafa kirkjuþegna með í að finna fólk?
  - Hver er þáttur fjölmöla og tilvísana frá höfuðstöðvum kirkjunnar?
  - Hvert er sambandið á milli að finna og að kenna?
  - Hvert er hlutverk þjónustu í að finna fólk til að kenna?
  - Hvaða hugmyndir um að finna fólk til að kenna hef ég ekki enn reynt?

## Athugasemdir

## þroska trú til að finna

**K**enningar og reglur í þessum kafla munu styrkja trú ykkar á að Drottinn sé að búa fólk undir að taka á móti ykkur og endurreistu fagnaðarerindinu. Hann mun leiða ykkur til þeirra eða hann mun leiða þau til ykkar. Að finna fólk er mismunandi í hinum ýmsu heimshlutum. Trúboðar og trúboðsforsetar þurfa að laga sig að aðstæðunum. Þrátt fyrir mismuninn, eru reglurnar um að finna samt sem áður algildar.

**Fjölskylda Guðs.** Allt fólk á jörðinni tilheyrði fjölskyldu Guðs í fortilverunni (sjá Post 17:26–29; Hebr 12:9). Við erum hluti af fjölskyldu Guðs í þessu lífi og getum notið jafnvel enn meiri blessana sem meðlimir fjölskyldu hans í lífi komanda. Við erum öll bræður og systur í fjölskyldu Guðs. Þekking á þessu veitir okkur sjálfsvitund og tilfinninguna að tilheyra. Hún veitir okkur ástæðu til að vonast eftir eilífu lífi í návist Guðs. Við skiljum þessi grundvallarsannindi vegna upprisunnar. Að kenna bræðrum ykkar og systrum endurreistan sannleikann er ábyrgð ykkar og blessun. Líkt og Alma sem leitaðist við að hjálpa fráhverfum Sóramítunum, getið þið beðið: „Ó Drottinn! Gef að okkur lánist að leiða þá aftur til þín í Kristi. Sjá, ó Drottinn! Sálar þeirra eru dýrmætar. ... Veit okkur þess vegna styrk og visku, ó Drottinn, til að leiða þessa bræður okkar aftur til þín“ (Alma 31:34–35).

## Athugasemdir

„**Finnið þá, sem vilja taka á móti yður.**“ Þið eigið að byggja upp kirkjuna með því að finna „þá, sem vilja taka á móti yður“ (K&S 42:8). Slíkt fólk mun gera sér grein fyrir að þið eruð þjónar Drottins. Það mun bregðast fúslega við boðskap ykkar. Mörgum hefur verið „haldið frá sannleikanum [aðeins] vegna þess að þeir vita ekki hvar hann er að finna“ (K&S 123:12).

Venjulega vitið þið ekki hvaða fólk þetta er. Vera má að það átti sig ekki strax á að þið eruð þjónar Drottins. Vera má að það skilji ekki að meiri friður, leiðbeining, og tilgangur í lífinu fæst frá endurreistu fagnaðarerindinu fremur en nokkru öðru. Oft er þeim ekki ljóst að þau eru að leita að endurreistu fagnaðarerindi fyrr en þau hafa fundið það. Til dæmis sagði einn trúskiptingur: „Þegar ég heyrði fagnaðarerindið, fyllti það tómarum í hjarta mínu sem ég hafði ekki vitað að væri þar.“ Annar sagði: „Ég hef lokið leitinni sem ég vissi ekki að ég stæði í.“

Hvar sem þið eruð sett til að þjóna, minnist þess að Drottinn hefur „látið yður koma til þessa staðar, því að það var [honum] æskilegt til hjálpræðis sálunum.“ Vinnið af krafti og „hefjið upp raust yðar til þessa fólk. Mælið fram það sem [Drottinn] blaðs yður í brjóst.“ Ef þið gerið það, munuð þið fá það loforð að „þér þurfið ekki að blygðast yðar fyrir mönnum,“ og „yður mun gefið ... einmitt á þeirri stundu, já, á því andartaki, hvað segja skal“ (K&S 100:4–6). Að finna með hjálp andans er eins nauðsynlegt og að kenna með andanum. Eins og við kennslu, mun fyrirhöfn ykkar við að finna bera árangur ef þið eruð leidd af andanum. Hafið trú á að þið munuð vita hvað á að kenna og hvað á að gera til að finna þá sem vilja taka á móti ykkur.

**Verkefni: Sameiginlegt nám**

Margir kirkjubegnanna sem þið heimsækið kunna að vera trúskiptingar. Skipuleggið tíma til að spyrja þá hvernig þeir komust í samband við kirkjuna og hvernig þeim varð ljóst að trúboðarnir væru að kenna þeim sannleikann. Gerðu útdrátt um reynslu þeirra í námsdagbók þína.

**Ritningarnám****Hvernig eru börn Guðs undirbúin og leidd til hins endurreista fagnaðarerindis?**

Alma 13:24

K&amp;S 29:7

K&amp;S 84:45–47, 88

Alma 16:16–17

K&amp;S 33:6

K&amp;S 136:32–33

**Talið við hvern sem er**

Þegar spámaðurinn Joseph Smith var á ferð með hóp trúboða á Missouri-fljótinu, opinberaði Drottinn honum, „ekki er nauðsynlegt að . . . hópur ödunga minna ferðist með hraða . . . meðan íbúarnir beggja vegna við farast í vantrú“ (K&S 61:3).

Jafnframt því að vinna skjótlega að skipulögðum athöfnum, ætti að biðja um hæfileikann til að koma auga á óvænt tækifæri til að þjóna og kenna þeim sem kunna að vera að „farast í vantrú.“ Biðjið um andlega næmni til að koma auga á tækifærin.

Þið munuð komast að því að Guð mun setja á veg ykkar börn sín sem verið er að undirbúa til að meðtaka endurreist fagnaðarerindið.



## Athugasemdir

Ekkert gerist í trúboðsverkinu fyrr en þið hafið fundið einhvern til að kenna. Talið við eins margt fólk og þið getið á hverjum degi. Það er eðlilegt að vera dálítið hlédræg við að tala við fólk, en þið getið beðist fyrir um þá trú og þann styrk sem þarf til að vera djarfari við að ljúka upp munni og lýsa yfir endurreistu fagnaðarerindi. Reynið að beita eftifarandi hugmyndum þegar þið leitist við að tala við alla sem þið hittið.

- Talið við fólk um fjölskyldur þeirra. Hjálpið þeim að skilja hvernig endurreist fagnaðarerindið getur verið blessun fyrir fjölskyldur þeirra.
- Leitið að vísbindingum – svo sem hlutum á heimilunum eða í garðinum, merkingum á fatnaði, eða eitthvað sem vísar til barna – til að hjálpa ykkur að stofna til samræðna.
- Hlustið einlæglega á hvað fólkið er að segja ykkur.
- Verið hlýleg, vinsamleg, og glöð í bragði. Bjóðist til að hjálpa.
- Treystið á andann að hann segi ykkur í hug og hjarta hvað á að kenna.
- Bjóðið öllum að læra um endurreist fagnaðarerindið.
- Bjóðið upplýsingakort.
- Biðjið um nöfn kunningja fólksins sem kynnu að hafa áhuga á boðskap ykkar.

Þegar þið lesið eftifarandi sanna frásögn, takið þá eftir hvernig maðurinn var undirbúinn að taka á móti trúboðunum og hvernig trúboðarnir nýttu óvænt tækifæri til að kenna honum fagnaðarerindið.

*Sem barni var mér aldrei kennt að lesa í Biblíunni. Ég fór í kirkju á sunnudögum, en ég lagði ekkert af mörkum og fékk heldur ekkert á móti. Ég var áhugalaus um trúarbrögðin. . . Ég leitaði þó að . . . Guði – vildi vita hvort hann væri yfirleitt til. Mig þyrsti í að þekkja hann og orð hans. En ég virtist ekki finna það sem ég leitaði að.*

*Þær stundir komu er nærrí lét að þorsti minn væri slökktur. Þegar ég hélt á mínu fyrsta barni, dóttur, í örnum mínum í fyrsta sinn, sögðu tilfinningarnar mér að Guð væri raunverulega til. Mörgum árum síðar, þegar systir hennar fæddist, fann ég sömu tilfinningu. . . Mest allan tímann, samt sem áður, hrjáði óljós þreytutilfinning sál mína. Ég var andlega þyrstur og gat ekki fundið neinn stað þar sem svaladrykk væri að fá.*

*Í apríl 1994 bjó ég í borginni Monterrey í Mexíkó og vann fyrir mér sem leigubílstjóri. Dag einn rignið stundum saman, og lækirnir streymdu niður fjallshlíðarnar. Eftir að hafa ekið um í rigningunni lengi, var ég staddir í litlum þeim um átta kilómetra frá Monterrey. Það var . . . allt að því kominn heimferðatími. Skyndilega sá ég two unga menn fótgangandi. Peir voru í svörtum buxum og hvítum skyrtum, og virtust holdvotir frá toppti til tåar.*

*Þegar ég kom að þeim, opnaði ég dyrnar og kallaði: „Hoppið inn! Ég er á leið til Monterrey.“*

*Sá hávaxnari, sem var mjög ljós yfirlitum, svaraði: „Við erum peningalausir.“*

*„Kostar ekkert,“ svaraði ég.*

*Þeir flýttu sér inn í leigubílinn.*

*Ég ók af stað og við töluðum saman. Þeir spurðu hvort þeir mættu deila með mér boðskap um Jesú Krist. Ég samþykkti það og gaf upp heimilisfang mitt.*

*Þegar ég kom heim vakti ég konu mína og sagði henni frá ungu mönnunum tveim. „Hvílik tilviljun,“ sagði ég. „Annar er Mexíkani og hinn er amerískur, og samt heita þeir báðir Elder.“*

*„Elder þýðir trúboði,“ svaraði konan míni, hún vissi þínulítið um kirkjuna.*

*Djúpt innra með mér, fann ég til einhverra áhrifa. Þessir ungu menn höfðu vakið upp tilfinningu um eftiroventingarfullt undur í hjarta mínu. Ég fann að ég var að nálgast það að finna vatnið sem mundi slökkva þorsta minn, að það væri innan seilingar.*

*Trúboðarnir komu á heimili okkar þann 5. júní, og ég var ánægður að hlusta á þá. Tveimur vikum síðar, 19. júní, var ég skírður. Konan míni var skírð fjórum mánuðum seinna, í október. Elsta dóttir okkar hafði fengið trúarlega þjálfun í skóla. Þegar hún fór í kirkju í fyrsta sinn, hrópaði hún upp: „Pabbi, þetta er svo miklu betra en það sem ég er að læra um í skólanum!“ Hún var einnig skírð í október.*

## Athugasemdir

Í desember 1995 vorum við innsigluð sem fjölskylda í Mexíkóborgarmusterinu fyrir þetta líf og fyrir eilífðina. Nú erum við fjölskylda sem upplifir samræmi, frið, og hamingju. Við vitum hvern við tilbiðjum. Við vitum hvaðan við komum og hvert við erum að fara. Við elskum Guðs orð, sérstaklega Mormónsbók, og við elskum kirkju hans, Kirkju Jesú Krista hinna Síðari daga heilögú. Með þessum gjöfum höfum við fundið brunn lifandi vatns sem frelsarinn talaði um við samversku konuna: „En hvern sem drekkur af vatninu, er ég gef honum, mun alreiþ þyrsta að eilífu. Því vatnið, sem ég gef honum, verður í honum að lind, sem streymir fram til eilífs lífs“ (Jóh 4:14). [Victor Manuel Cabrera, „Thirsting for the Living Water,“ Ensign, ágúst 2001, 60–61]



© 2001 Simon Dawey. Óneinnt af aftita.

## Verkefni: Sjálfsnám eða sameiginlegt nám

- Hvernig hafði maðurinn verið undirbúinn fyrir endurreist fagnaðarerindið?
- Hvað hefði gerst ef trúboðarnir hefðu aldrei lokið upp munnum til að deila boðskap fagnaðarerindisins?
- Rifjaðu upp hvað þú gerðir í gær. Talaðir þú við eins marga og mögulegt hefði verið? Ef ekki, gerðu þá áætlun og settu markmið að gera svo í dag.

## Ritningarnám

**Hvað segir Drottinn um að ljúka upp munni þínum? Hvað ættirðu að kenna? Hverju er þér lofað?**

K&S 24:12

K&S 33:7–15

K&S 60:2–3, 7–8

K&S 28:16

## Kenndu þegar þú finnur, finndu þegar þú kennir

Að finna og að kenna eru skyldar, samtengdar athafnir. Þegar þú hittir fólk, vertu þá tilbúinn að kenna stutt ágrip af endurreistemum sannleika svo að heilagur andi geti borið vitni um að þú ert þjónn Drottins. Í mörgum tilvikum þarfdu að geta sett fram boðskap á einni mínútu eða skemmri tíma. Fólk er vant því að heyra stuttar, kröftugar yfirlýsingar. Til dæmis getur þú vitnað um boðskap endurreisnarinnar í aðeins tveimur eða þrem setningum:

Eftir að hafa verið glataður um aldir, hefur upprunalegi sannleikurinn um Guð (fagnaðarerindi Jesú Krista) verið endurreistur af kærleiksríkum Guði með lifandi spámanni. Við höfum sönnun þessa sem þú getur haldið á í höndum þínum, lesið, ígrundað í hjarta þínu, og beðist fyrir útaf til þess að læra þennan sannleik fyrir sjálfan þig. Viltu leyfa okkur að . . .

Ef tíminn er aðeins rýmri, getur þú sagt meira:

Boðskapur okkar er einfaldur. Guð er faðir okkar. Við erum börn hans. Við erum hluti af fjölskyldu hans. Hann elskar okkur. Frá upphafi veraldar, hefur hann fylgt reglu ástar og umhyggju. Mörgum sinnum hefur hann í kærleika kunningjört fagnaðarerindi Jesú Krista svo að börn hans fái vitað hvernig þau komast aftur til hans. Hann hefur opinberað það spámönnum svo sem Adam, Nóa, Abraham, og Móse. En sumt fólk hefur aftur og aftur valið að hafna því fagnaðarerindi. Fyrir tvö þúsund árum, kenndi Jesús Kristur sjálfur fagnaðarerindi sitt. Þótt ótrúlegt sé, hafnaði fólkid jafnvel Jesú. Hvenær

sem fólk fer ekki eftir eða afbakar sannar kenningar og helgithafnir, dregur Guð til baka valdsumboð sitt til að stjórna kirkjunni.

Það sem við bjóðum þér er að bæta við þann sannleik sem þú þegar metur mikils. Hugleiddu sönnun þess að himneskur faðir okkar hefur aftur teygt sig fram til barna sinna í ást og opinberað sannar kennningar og helgiathafnir til spámanns. Nafn þess spámanns er Joseph Smith. Sönnun þessa dýrðlega sannleika er að finna í bók – Mormónsbók. Þú getur haldið á henni í höndum þínum, lesið hana, og ígrundað sannleik hennar í huga þínum og hjarta.

Forðastu þá tilhneigingu að segja sem svo: „Hefurðu fáeinar mínútur svo að við getum kennt þér boðskap um ...“ Fremur skalt þú venja þig á að byrja þegar í stað að kenna og vitna þegar þú hittir fólk. Þú munt finna fleira fólk til að kenna þegar þú vitnar og leyfir því að finna kraft heilags anda.

Hver sem upphafssorð þín eru, vísaðu hratt og með einföldum orðum í endurreisn fagnaðarerindisins, því að sé er einstakur boðskapur okkar til heimsins. Þeir sem þú kennir eiga oft vini eða ættingja sem eru undir það búmir að meðtaka endurreist fagnaðarerindið. Við allar kennsluaðstæður – svo sem að finna, kenna trúarnemum, starfa með kirkjuþegnum – má spyrja: „Hvern þekkið þið sem mundi hafa áhuga á og gagn af þessum boðskap?“ Eftir að hafa fengið tilvísun, má spyrja: „Hverjir aðrir hefðu gagn af boðskap okkar?“ Hikið ekki við að gera þetta aftur og aftur á seinni fundum ykkar. Þegar þeir sem þú kennir fá að reyna blessanir fagnaðarerindisins, vex þrá þeirra eftir að deila þeim með öðrum (sjá 1 Ne 8:12). Oft eignast þeir nýja vini á meðan þeir læra fagnaðarerindið. Trúboðar sem fara eftir þessari reglu hafa venjulega margt fólk til að kenna.

## Verkefni: Sameiginlegt nám

- Undirbúðu einnar mínútu boðskap byggðan á einni af lexíunum. Hugsaðu um aðferðir til að kenna þá lexiu þegar einhver er fundinn.
  - Finndu út hvernig þú getur hratt og örugglega tengt þann boðskap endurreisninni.
  - Deildu boðskapnum með félaga þínum.
  - Settu það mark að kenna þann boðskap á viðeigandi tíma í dag til að bæta nýjum trúarnema í kennsluhópinn ykkar.
  - Farið yfir listann yfir fólkioð sem þið eruð núna að kenna. Gerið lista yfir þá sem þið hafið beðið um tilvísanir og þá sem þið hafið ekki spurt. Æfið ykkur hvernig þið munuð fara fram á tilvísanir við fólk úr báðum hópum. Setjið athugasemd í skipulagsrit ykkar um að fara fram á tilvísanir í næstu heimsókn ykkar.

## Talið um mikilvægi fjölskyldunnar

Endurreisn fagnaðarerindis Jesú Krists blessar fjölskyldur. Með því að lifa eftir reglum endurreists fagnaðarerindis, eru fjölskyldur styrktar og geta upplifað frið og gleði, og fengið tilfinningu um að tilheyra og aukna sjálfsvitund.

Að tala um mikilvægi fjölskyldunnar við þá sem þið hittið daglega mun hjálpa ykkur að finna fólk til að kenna. Flest fólk hefur eðlilegan áhuga á



Athugasemdir

## Athugasemdir

fjölskyldulífi. Iðulega þegar þú finnur fólk, getur þú auðveldlega tengt það sem flestir vita um fjölskylduna við boðskap endurreisnarinnar. Þegar þú finnur fólk, gætir þú sagt eithvað á þessa leið:

*Ekkert er okkur mikilvægara en fjölskyldur okkar. Fjölskyldubönd okkar hvers til annars, gefa okkur nafn, og hjálpa okkur að finna að einhver þarfnaður okkar og elskar okkur. Frá fjölskyldum okkar erfðum við persónueinkenni, eiginleika, og líkamseinkenni, sem gera okkur sérstök.*

*Að eiga sterka, hamingjusama fjölskyldu er æðsta markmið fjölda fólks um allan heim. Að ná því markmiði er oft erfitt. Aðala upp börn og búa í sterku hjónabandi í heiminum í dag getur virst næstum ómögulegt þegar hið illa er alls staðar umhverfis okkur.*

Síðan getið þið vikið málinu að boðskap endurreisnarinnar:

*Tilfinningar ástar og umhyggju sem við berum til fjölskyldu okkar eru eilifar og eiga sér djúpar rætur í sál okkar. Þær eiga sér samhljóm í sambandi okkar við Guð. Þið hafið verið hluti af fjölskyldu Guðs frá því áður en þið fæddust. Hann er faðir okkar. Þar sem hann er faðir okkar erum við bræður og systur. Himneskur faðir vill að við komum aftur til hans og dveljum hjá honum sem hluti af fjölskyldu hans. Fjölskyldur hér á jörðu eru tenging við fjölskyldu Guðs. Fjölskyldur geta lifað saman eftir þetta líf. Við vitum þetta vegna þess að eftir að hafa verið týndar um aldir, eru sannar kenningar og helgiathafnir, svo sem niðurdýfingarskírn, nú endurreistar á jörðu af ástríkum himneskum föður með lifandi spámanni. Pessi endurreisti sannleikur ekki aðeins hjálpar okkur að skilja stöðu okkar í fjölskyldu Guðs, heldur er hann líka öflugasta von okkar um sterka, hamingjusama fjölskyldu í þessu lífi. Megum við kenna þér meira um . . .*

Á sama hátt má fara að við önnur umræðuefni, svo sem hamingju, andstreymi, tilgang lífsins, eða dauðann. Hvernig sem upphafsorð þín eru, skaltu muna eftir að tengja þau snarlega við okkar einstæða boðskap til heimsins.

## Mikilvægi kirkjuþegna

Vinn með þegnum kirkjunnar við að finna fólk til að kenna. Besta staðan er þegar kirkjuþegnar bjóða öðrum sem á að kenna og þeir eru viðstaddir kennsluna. Þegar kirkjuþegnar gera þetta, er fleira fólk skírt og helst virkt í kirkjunni. Tengsl við kirkjuþegna eru mikilvæg vegna þess að þau milda hjörtu fólk eins og leiða oft til þess að það kynnir sér endurreist fagnaðarerindið. Oft leiðir þetta til þess að það tengist kirkjuþegnum vináttusamböndum, bæði við virka og minna virka kirkjuþegna, nýja trúskiptinga, og hlutaaðildarfjölskyldur.

Gordon B. Hinckley forseti kenndi: „Svo mörg okkar líta svo á að trúboðsverk felist í að ganga í hús með bæklinga. Allir sem þekkja til þessa verks vita að til er betri aðferð. Sú leið er með þegnum kirkjunnar. Alltaf þegar kirkjuþegn kynnir trúarnema, er beinn stuðningur til staðar. Kirkjuþegninn ber vitni um sannleiksgildi verksins. Honum er umhugað um hamingju vinar síns sem er trúarnemi. Hann fyllist áhuga þegar sá vinur tekur framförum í að læra fagnaðarerindið.

Fastatrúboðarnir kunna að framkvæma hina raunverulegu kennslu, en kirkjuþegninn mun, hvenær sem mögulegt er, styðja við þá kennslu með því að bjóða fram aðstöðu á heimili sínu fyrir þessa trúboðspjónustu. Hann mun flytja einlægan vitnisburð um guðdómleika verksins. Hann mun verða til staðar til að svara spurningum þegar trúboðarnir eru ekki viðstaddir. Hann mun vera vinur trúskiptingsins sem er að taka miklum og oft erfiðum breytingum. . . Ferillinn að færa nýja trúskiptinga inn í kirkjuna

*„Þegar öllu er á botninn hvolft, er mesta og mikilvægasta skyldan sú að prédika fagnaðarerindið.“*

— SPÁMAÐURINN JOSEPH SMITH  
TEACHINGS OF THE PROPHET JOSEPH SMITH, 113

er ekki einvörðungu ábyrgð trúboðanna. Þeir ná bestum árangri þegar kirkjuþegnarnir eru uppsprettulindin þar sem nýja trúarnema er að finna“ (*Ensign*, maí 1999, 105–6).

Upphafsstreiturinn til að byggja upp öflug sambönd við kirkjuþegnana er biskupinn. Bjóð fram hjálpa þína við að þjóna á hvern þann réttláta veg sem hann biður um. Spyrðu sjálfan þig reglulega: „Er ég biskupnum blessun eða byrði?“ Þróið viðhorfið: „Vertu ávallt fljótur til hjálpar.“ Ef þú leitar eftir tækifærum til að sýna kærleik, þjóna, og kenna, er miklu líklegra að biskupinn og þegnar deildarinnar treysti þér fyrir fjölskyldumeðlimum og vinum.

Hugleiddu eftirfarandi úrdrátt úr bréfi sem trúboði ritaði trúboðsforseta sínum.

*Kæri forseti,*

*Aðstoðarmennirnir hringdu í dag og sögðu mér að ég verði færður til. Mér fannst að ég ætti að skrifa þér og þakka þér fyrir að hafa sent mig á þetta svæði. Mér finnst eins og það hafi gerst í gær að þú sagðir mér frá áskorununum sem væru framundan.*

*Strax á fyrsta sunnudegi staðfestust orð þín. Okkur var ekki tekið með mikilli hrifningu í deildinni. Eini sólargeislinn þennan fyrsta sunnudag var Scott, nýi deildartrúboðsleiðtogiinn. Hann hafði verið fluttur í herstíð flugthersins mánuði áður og hafði þjónað sem deildartrúboðsleiðtogi í tvær vikur. Scott bauð okkur á heimili sitt í mat fyrsta sunnudaginn okkar til að ræða um hvað hægt væri að gera til að koma verkinu í gang. Eftir matinn krupum við saman og báðum himneskan föður um leiðsögn hans. Þegar við báðumst fyrir, fundum við frið og einbeitingu. Við ákváðum að besta leiðin til að ná árangri væri að vinna að því að öðlast traust kirkjuþegnanna. Við ákváðum að fara að fordæmi Ammons og þjóna þeim.*

*Við byrjuðum á biskupnum. Vegna þess hve skírnir voru fáar á svæðinu og vegna lítils framtaks fyrri trúboða, sýndi hann skiljanlega ekki mikinn áhuga þegar við báðum um fund með honum. Að lokum bauð hann okkur þó heim til sín í mat. Við komumst að því að biskupinn var að búa sig undir að taka teppið af stofugólfina og endurnýja harðviðargólfíð þar undir. Við buðum fram hjálpa okkar og hann þáði hana. Eftir að því verki lauk bað biskupinn okkar að flytja ræður á sakramentissamkomu. Við litum á það sem sönnun þess að hann væri farinn að treysta okkur.*

*Við notuðum sama feril þjónustu eftir því sem við kynntumst öðrum kirkjuþegnum. Við fundum tækfæri til að hjálpa þeim með margvislegum einföldum hætti. Þegar við vorum ekki með kirkjuþegnunum, bönnuðum við á dyr og töluðum við eins margt fólk og við gátum um endurreist fagnaðarerindið. Við vorum blesaðir með fólk til að kenna, og kirkjuþegnarnir sáu okkur koma með fólk í kirkju sem við höfðum fundið af sjálfsdáðum. Viðhorf allrar deildarinnar tók nú að breytast. Aukins áhuga gætti um trúboðsverkið. Þegar kirkjuþegnarnir tóku að treysta okkur, fór að ganga betur. Margar skírnir fylgdu í kjölfarið.*

Margir kirkjuþegnar eru óttaslegnir varðandi trúboðsverk. Margir eru óvissir hvar skal byrja og hvað segja skal. Margir óttast að þeir missi nána vini ef þeir reyna að deila fagnaðarerindinu með þeim. Margar leiðir eru til að hjálpa kirkjuþegnunum. Til dæmis að hjálpa til við að byggja upp trú þeirra með því að kenna þeim boðskap endurreisnarinnar og aðrar kenningar í lexíunum. Hjálpa þeim að finna andann og kraftinn í boðskap okkar. Styrking á skilningi þeirra á kenningu Krists mun gera meira til að auka traust þeirra á ykkur og auka áhuga þeirra á að vinna trúboðsverk en nokkuð annað sem þið getið gert. Hjálpaðu þeim að skilja að það mun ganga ennþá eðlilegar fyrir sig að bjóða hið endurreista fagnaðarerindi þegar þau eru að leitast við að elska og þjóna fjölskyldumeðlimum og vinum. Kenndu þeim reglurnar úr „Að ganga um og gjöra gott“ hluta þessa kafla. Hvettu kirkjuþegna til að „sameinast í

Athugasemdir



## Athugasemdir

föstu og máttugri bæn fyrir velferð sálna þeirra, sem ekki [þekkja] Guð“ (Alma 6:6). Í öllu sem þú gerir með kirkjuþegnum, leitastu við að lyfta þeim og styrkja trú þeirra til að vinna trúboðsverk.

Auk þess að vinna með virkum kirkjuþegnum, skaltu leitast við að finna fólk til að kenna í gegnum verðandi öldunga, minna virka þegna, og nýja kirkjuþegna. Þessir þegnar eru líklegir til að eiga marga vini annarrar trúar og verða blesсаðir er þeir deila endurreistu fagnaðarerindinu með fjölskyldumeðlimum sínum og vinum.

Í hverri heimsókn til kirkjuþegna, skaltu gera allt sem þú getur til að hvetja þá til að:

- Biðja og fylgja andanum.
- Veita þjónustu.
- Próa vináttu.
- Ljúka upp munni sínum til að deila hinu endurreista fagnaðarerindi.
- Hvetja aðra til að gera það sem eykur trú þeirra á Krist.

Allar tilvísanir sem þú færð frá kirkjuþegnum ætti að fara með sem dýrmæti. Þegar kirkjuþegn gefur þér nafn vinar til að hafa samband við, skaltu bregðast skjótt við og greina síðan kirkjuþegninum frá árangrinum.

### Hugmyndir til hjálpar kirkjuþegnum

Til eru margar leiðir til að hvetja kirkjuþegna til að taka meiri þátt í trúboðsverki. Hugleiðið eftirfarandi hugmyndir:

- Leita ráða biskupsins og annarra deildarleiðtoga. Skoðið 13. kafla hvað varðar viðbótarhjálp í þessu efni.
- Kennið kirkjuleiðtogum og kirkjuþegnum boðskap endurreisnarinnar og aðrar lexiur.
- Kennið þeim að elska og þjóna nágrönnum sínum og vinum.
- Hvetjið þá til að fasta og biðja varðandi trúboðstækifærí.
- Hvetjið þá til að heimsækja kunningja sem hafa nýlega reynslu af atburðum sem breyta miklu í lífinu (fæðingu, dauðsfalli í fjölskyldunni, giftingu, eða hafa nýlega flutt).
- Bjóðið þeim að hjálpa við að kenna. Ákjósanlegt er að hafa kirkjuþegn með ykkur sem áður tilheyrið sömu kirkju og trúarneminn.
- Hjálpið þeim að ákveða dagsetningu er þeir munu bjóða vinum sínum að kynnast boðskap endurreisnarinnar.
- Sýnið þeim hluti sem þeir geta gefið öðrum, svo sem eintök af Mormónsbók, myndbönd, og kynningararkort.
- Hvetjið þá til að bjóða vinum sínum að koma í kirkju eða á fjölskyldukvöld, að horfa á myndband frá kirkjunni, eða að taka þátt í samtöllum um fagnaðarerindið.
- Hjálpið þeim að æfa það sem þeir munu segja við vini sína.
- Kennið þeim hvers vegna það hefur gildi að deila fagnaðarerindinu burtséð frá árangrinum.

Margar aðrar leiðir eru til til þess að hjálpa þeim að taka meira þátt. Leitist við að bæta við þennan lista í trúboði ykkar. Deilið hugmyndum ykkar með öðrum trúboðum.

**Verkefni: Sameiginlegt nám**

Farið yfir með félaga ykkar hvað þið hafið gert til að þjóna og hjálpa biskupnum og öðrum leiðtogum og kirkjuþegnum í umliðnum mánuði. Ræðið og skipuleggið hvað þið getið gert í komandi mánuði til að þróa sterkari tengsl við þá.

Farið yfir hugmyndirnar í „Hugmyndir til hjálpar kirkjuþegnum“ rammagreininni. Leitið eftir sumum hugmyndum sem þið hafið ekki enn reynt. Setjið niður áætlanir í tímoplan ykkar og látið reyna á sumar af hugmyndunum í næstu viku.

Athugasemdir

**Tilvísanir frá fjölmiðlum og höfuðstöðvum kirkjunnar**

Tilvísanir er önnur uppsprettar til að finna þá sem eru að undirbúast fyrir endurreist fagnaðarerindið. Til viðbótar tilvísunum frá kirkjuþegnum, nær starfsemi kirkjunnar með margvíslegum hætti til barna Guðs. Kirkjan vekur áhuga með aðferðum eins og auglysingum í fjölmiðlum, gestamiðstöðvum, sögufrægum stöðum, velferð og mannúðarhjálp, og veraldarvefnum ([www.mormon.org](http://www.mormon.org), [www\\_lds.org](http://www_lds.org), [www.familysearch.org](http://www.familysearch.org)). Tilvísanir frá fjölmiðlum og höfuðstöðvum kirkjunnar snúast um fólk sem hefur samþykkt að fulltrúar kirkjunnar heimsæki þau til að afhenda eithvað (svo sem Biblíuna eða Mormónsbók) og að taka á móti meiri kennslu um kirkjuna. Þessi kennslutækifæri ættu trúboðar að líta á sem helga ábyrgð.

Áður en þið heimsækið þá tilvísuðu, gangið úr skugga um að þið þekkið það sem beðið var um. Undirbúið stutta lexíu til að tengja hlutinn við kennslu í boðskap endurreisnarinnar. Í sumum tilvikum leiða tilvísanir ykkur til annarra sem Guð er að undirbúa. Ef fólk ið sem þið hafið samband við hefur ekki áhuga, spyrið þau þá hvort þau þekki einhvern sem kynni að hafa áhuga. Talið einnig við aðra fjölskyldumeðlimi og nágranna þeirra. Spyrið alla sem gætu haft áhuga á boðskap ykkar. Ef til vill voruð þið leiddir til þessarar persónu vegna þess að einhver annar á heimilinu eða í nágrenninu er reiðubúinn fyrir fagnaðarerindið.

Þegar unnið er með tilvísanir, munið þá:

- Hafið samband við þá innan 24 stunda.
- Hringið fyrirfram til að ákveða tíma, ef þess er kostur. Ef þau eru ekki heima, reynið þá á öðrum tíma dags.
- Afhendið hlutinn sem beðið var um, og minnið þau á að þau báðu um heimsókn ykkar. Safnið saman öllum á heimilinu til að hlusta.
- Kennið boðskap endurreisnarinnar.
- Setjið fram boð sem munu byggja upp trú þeirra á Krist.
- Biðjið um tilvísanir.
- Komið á annarri heimsókn.
- Skipuleggið starf í nágrenninu eftir að heimsókn ykkar lýkur.
- Ef viðkomandi er ekki heima, talið þá við nágrannana.

**Verkefni: Sameiginlegt nám**

Staðsetjið allar tilvísanir meðteknar á ykkar svæði í liðnum mánuði. Finníð allt fólk sem ekki hefur verið haft samband við, og heimsækið það. Ákveðið hverja sem áður hafa verið heimsóttir ætti að heimsækja á nýjan leik.

Athugasemdir

## Ættfræði

Fjölskyldusaga eða ættfræði veitir önnur tækifæri til að finna fólk til að kenna. Ættfræði er nú ein útbreiddasta tómstundaiðja í heiminum. Andi Elíá hefur áhrif á milljónir manna út um allan heim að þeir leiti forfeðra sinna. Margir þrá sterkari tengsl við stórfjölskyldu sína. Þetta getur leitt af sér þrá eftir að finna tengsl og samhljóm við fjölskyldu Guðs.

Áttið ykkur á hvers konar ættfræðiúrræði eru fáanleg á ykkar svæði. Til dæmis gætuð þið boðið fólki í ættfræðisafnið á svæðinu eða kynnt það fyrir kirkjuþegnum sem geta hjálpað því að hefja leit að ættarlínu sinna. Þið þurfð ekki að vita mikið um ættfræði til að bjóða þessa þjónustu ef þið njótið hjálpar kirkjuþegnanna. Á flestum svæðum heims eru kirkjuþegnar sem geta hjálpað örðrum að leita ættmenna sinna. Fáið kirkjuþegna með í verkið þannig að væntanlegir trúarnemar hitti fólk sem tengst getur þeim vináttuböndum. Útskýrið að afnot af ættfræðisöfnunum er ókeypis þjónusta.

Pegar þið eruð úti að leita getið þið gefið fólki dreifimiða um ættfræði með símanúmeri næsta ættfræðisafns, og boðið ókeypis byrjunarleit að forfeðrum þeirra. Fylgið þessu eftir næsta dag eða daginn þar á eftir hjá þeim heimilum sem þið skilduð miðana eftir hjá. Deilið þessum miðum með trúarnemum sem geta gefið þá vinum og ættingjum. Það er einnig góð hugmynd að hafa með ykkur ykkar eigin fjögurra ættlida kort sem dæmi og deila því með þeim sem kunna að hafa sama ættarnafn og þið.

Til að byrja með, íhugið að gera eftirfarandi:

- Heimsækja ættfræðisafn ef slíkt er að finna á ykkar svæði.
- Ræða við biskupinn og deildarráðið um áhuga ykkar á að bjóða fram hjálp við ættartölu þeirra sem þið hittið daglega.
- Ræða við deildarleiðtoga hvernig best má samræma þetta starf.
  - Er biskupinn ánægður með að þið bjóðið fram hjálp deildarþegnanna?
  - Hvaða deildarþegnar þjóna í ættfræðisafninu eða búa að reynslu í ættfræðistörfum?
  - Hvernig getið þið best beðið þessa þegna um hjálp?
  - Hver getur farið með ykkur þegar þið afhendið áatal eða fjölskylduskýrslu?

Lesið eftirfarandi frásögn eins af eldri trúboðunum. Takið eftir hvaða þátt ættfræðin átti í trúskiptum hjónanna.

*Mildred Schultz var einlægur þegn kirkju sinnar. Það kom því ekki á óvart að þegar trúboðarnir börðu að dyrum hjá henni, stóð ekki á henni að bjóða þeim inn svo að hún gæti kennt þeim „sannleikann.“ En þegar trúboðarnir kerndu, sannfærðist hún um sannleika hins endurreista fagnaðarerindis og lét skírast. Á kennslutímabilini kaus Frank, eiginmaður hennar, að hlusta ekki.*

*Það var hér sem ég byrja að koma við sögu. Öldungarnir kynntu okkur fyrir systur Schultz. Við hjálpuðum henni að byrja á fjölskyldutré sínu og buðum henni síðan að hitta okkur í ættfræðsafnini. Þegar kom að fundardeginum, spurði Frank hvort hann mætti koma með svo að hann gæti líka leitað að sínum forfeðrum. Auðvitað fannst henni það spennandi, og þau lögðu af stað til miðstöðvarinnar.*

„Ég vonast til að sjá okkur eyða þeirri óeðlilegu markalínu sem við setjum svo oft á milli trúboðsverks og musteris- og ættfræðiverks, vegna þess að það er sama mikla endurlausnarverkið!“

– SPENCER W. KIMBALL FORSETI  
„THE THINGS OF ETERNITY – STAND WE IN JEOPARDY?“ ENSIGN, JAN. 1977, 3

Öldungarnir ætluðu að hitta okkur þar síðar um daginn. Áður en þeir komu, sýndum við Frank og Mildred bókasafnið og kynntum þau fyrir systur Wright. Systir Wright var ættfræðisérfræðingurinn, og hún bauðst til að hjálpa til við að finna upplýsingar um föður Franks. Hún fann nafn hans í bók og gat einnig fundið kort af Þýskalandi fyrir Frank þar sem finna mátti fæðingarstað föður hans. Hann var svo spenntur vegna þessara uppgötvana að þegar öldungarnir komu, bauð hann þeim í mat til að sýna þeim myndir og deila með þeim ættfræði sinni. Andi Elía hafði snert og mildað hjarta hans og hafði opnað fagnaðarerinu leið honum til lífsyllingar.

Þá um kvöldið ígrundaði Mildred hvað hún gæti sagt sem auka mundi áhuga Franks á fagnaðarerindinu. Henni hugkvæmdist ákvæðin spurning. „Frank,” byrjaði hún, „vildir þú vera með mér til eilífðar, jafnvel eftir að þessu lífi er lokið? Vilt þú eignast eilífa fjölskyldu?” Hann svaraði undireins: „Ó, Mildred, auðvitað vil ég það. Hvernig fer ág að því?” Þetta var spurningin sem hún hafði vonast eftir í bænum sínum. „Hlustaðu á hvað trúboðarnir hafa að segja,” svaraði hún. Hann samþykkti. Þegar trúboðarnir kenndu, eyddi hlýjan og boðskapur endurreisnarinnar vafa hans og ótta. Hann tók vel á móti samleikanum sem trúboðarnir deildu með honum. Hann tók á móti skírnarböðinu. Frank og Mildred hafa verið öfug og virk í kirkjunni alltaf síðan.

Frank og Mildred unnu vel að því að ljúka verkinu svo að hægt væri að vinna frelsandi helgithafnir fyrir fjölskyldu peirra. Það var spennandi dagur þegar þau voru skírð fyrir ættmenni sín. Á meðan unnið var að musterisverkunum, dreymdi bróður Schultz draum um föður sinn. Hann sá hann á búgarðinum sem verið hafði bernskuheimili hans. Faðir hans stóð við hlíðina á ruggustól sínum á veröndinni, hvítklæddur og breiddi út faðminn móti syni sínum. Frank vaknaði klökkur upp frá draumnum. Hann vissi að faðir hans hafði meðtekið verkið sem þau höfðu unnið.

## Verkefni: Sameiginlegt nám

- Hvað fékk Frank til að ákveða að trúboðarnir skyldu kenna honum?
  - Hvernig getið þið betur tengt ættfræðiverk við fjölskylduáætlun Guðs?
  - Hvernig notið þið ættfræði sem verkfæri til að finna fólk? Með hvaða hætti getið þið boðið ættfræðiupplýsingar því fólk sem þið hittið daglega? Gerið áætlun um að byrja að nota ættfræði sem áhrifaríkt verkfæri við að leita að fólk.

Ættfræði er öflug leið sem fara má við að finna þá sem Drottinn er að undirbúa til að taka á móti endurreistu fagnaðarerindinu. Biðjist fyrir um að vera opnir fyrir tækifærum til að nota ættfræði í leit ykkar. Yfirleitt finnur fólk andlegar tilfinningar þegar það talar um fjölskyldur. Fólk finnur einnig fyrir andanum þegar því er sagt frá kenninguunni að baki ættfræðistarfa okkar. Þar að auki helst okkur betur á trúskiptingum sem nýjum kirkjuþegnum þegar þeir geta fundið ættmenni sín og framkvæmt heilagar helgithafnir í bágu forfeðra sinna.

Ritningarnám

**Hvað hefur Drottinn endurreist á jörðu með Elía?**

K&S 110:14–16

K&S 128:16-18

K&S 138:32–34

Malakí 4:5–6

## Athugasemdir

## Verkefni: Sjálfsnám og sameiginlegt nám

Undirbúið heimsókn í næsta ættfræðisafn með kirkjuþegni sem hefur reynslu í ættfræði. Þegar þið farið í gegnum ættfræðisafnið, athugið þá hvers konar þjónustu þar er að fá. Aflið annarra upplýsinga, svo sem um opnunartíma, hverjir þjóna þar, og hvað er hægt að bjóða þeim sem þið hittið daglega.

Æfið ykkur hvernig þið munuð bjóða ættfræðiaðstoð þeim sem þið hittið. Gerið áætlanir um að bjóða fram ættfræði þegar þið leitið að fólk.

Lesið og ræðið um „Family History Work and Genealogy“ í *True to the Faith* til að fá betri skilning á ættfræðiverkum. Skráið það sem þið lærið í námsdagbók ykkar.

## Fyrri trúarnemar

Fyrri trúarnemar eru verðmæt uppsprettu í leit eftir fólk til að kenna. Margar orsakir valda því að fólk hættir að kynna sér kirkjuna. Meðal ástæðnanna er að trúboðar eru færðir til, trúarnemar fara í frí, trúboðar hætta að koma í heimsókn jafnvel þótt trúarnemar vænti heimsókna, og að trúarnemar halda að trúboðarnir hafi ekkert nýtt til að kenna þeim. Margir fyrri trúarnemar segja að þeir vildu hitta trúboðana á nýjan leik.

Farið oft yfir svæðisbók ykkar til að finni fyrri trúarnema. Athugið með bænaranda upplýsingarnar í svæðisbókinni viðvígjandi það hvernig trúarnemarnir komust fyrst í samband við kirkjuna, hvað þeim hefur verið kennt, hvernig þeir brugðust við, og hvers vegna þeir hættu að kynna sér fagnaðarerindið. Ef kirkjuþegnar hafa verið þátttakendur í að kenna og vingast við fyrri trúarnema, spryjið þá kirkjuþegnana hvers þeir minnast varðandi þá reynslu. Gerið síðan áætlun, byggða á þeim upplýsingum, um að hafa aftur samband við trúarnemana.

Ef einhver sem þið eruð að kenna velur að hætta að kynna sér fagnaðarerindið, skráið þá upplýsingar í svæðisbókina sem koma munu trúboðunum sem hafa samband við þá síðar meir að gagni.

Við lestar eftirfarandi frásagnar, hugleiðið gildi þess að hafa samband við fyrri trúarnema.

Mér til mikillar undrunar var ég kölluð til að starfa í sama trúboði og eldri systir míni hafði þjónað í árinu áður. Eftir nokkra mánuði á trúboðsakrinum, var ég flutt á eitt af þeim svæðum sem systir míni hafði þjónað á. Þegar systir míni frétti af flutningnum, skrifðaði hún mér og bað mig að heimsækja fjölskyldu sem hún og félagi hennar höfðu kennt. Hún létt í ljós kærleika sinn og náin kynni af Norman fjölskyldunni og hversu vonsvíkin hún hefði orðið þegar þau hættu við að kynna sér kirkjuna.

Félagi minn og ég fundum Norman fólkid og fengum þar hlýjar móttökur. Þau þáðu boð okkar um að heyra á ný hið endurreista fagnaðarerindi. Ég veit ekki alveg hverju munaði í þetta skiptið, en þau voru fullkomlega tilbúin að taka á móti boðskap okkar. Öll fjölskyldan var skírð og staðfest.

Að fengimini þessari reynslu, velti ég fyrir mér öðrum fyrri trúarnemum sem systir míni hafði unnið með. Ég hugsaði: „Úr því það virkaði hjá Norman fólkini, hver veit nema það virki líka hjá öðru fólk sem hún kenndi.“ Ég ákváð að skrifa systur minni um þá hugmynd að hafa samband við annað fólk sem hún hafði kennt. Hún fór í gegnum dagbók sína og sendi mér nöfn annarra fyrri trúarnema á svæðinu.



© Del Parson. Óheimilt að afrita.

Athugasemdir

Félagi minn og ég eyddum næstu viku á eftir í að hitta þetta fólk. Okkur til ánægju þáði næstum því helmingur þeirra boð okkar um að heyra endurreist fagnaðarerindið á ný. Nokkrir úr þessum hópi voru skírðir og staðfestir. Á fundum okkar með þessum fyrri trúarnemum, báðum við þá um tilvísanir til vina þeirra og kunningja sem áhuga kynnu að hafa á boðskap okkar. Árangurinn varð sá að við fundum fleira fólk til að kenna. Þetta var annasamasti tími minn í trúboðinu.

### Verkefni: Sameiginlegt nám

- Finnið alla fyrri trúarnema í svæðisbók ykkar.
- Gerið áætlun um að hafa samband við eins marga og mögulegt er innan næstu 24 stunda.

## Finna fyrir eigið tilstilli

Leitist við að styrkja trú ykkar á að Guð sé að undirbúa börn sín til að meðtaka boðskap endurreisnarinnar. Þegar þið gerið allt sem þið getið undir leiðsögn heilags anda til að finna fólk til að kenna, mun Drottinn koma slíku fólk í samband við ykkur.

Til eru margar heiðarlegar aðferðir til að finna þá sem er verið að undirbúa fyrir endurreist fagnaðarerindið. Þið þurfið að gera allt sem þið getið til að verða á vegi þeirra sem verið er að undirbúa. Trúboðar hafa komist að því að eftirfarandi hugmyndir hafa hjálpað þeim að finna fólk fyrir eigið tilstilli. Þegar þið farið yfir listann, gerið þá áætlun um að reyna einhverjar þær hugmyndir sem eru ykkur nýjar. Þessi listi þjónar einnig þeim tilgangi að hvetja ykkur til að hugsa um aðrar heiðarlegar leiðir til að finna fólk.

- Vinnið með biskupnum og deildarráðinu við að finna og hafa samband við fólk sem hefur nýlega átt barn, flutt inn á svæðið, eða upplifað dauðsfall í fjölskyldunni.
- Leitið eftir tækifærum til að veita einfalda þjónustu.
- Kennið kirkjuþegnum – bæði virkum og minna virkum kirkjuþegnum, nýlegum trúskiptingum, og hlutaaðildarfjölskyldum – boðskap endurreisnarinnar. Biðjið þau að kynna ykkur fyrir fólk sem þið getið kennt.
- Komið því í kring að haldin sé meðlimakvöldvaka sem þeir geta komið með vini sína á eða þar sem þið getið kennt fagnaðarerindið og beðið um tilvísanir.
- Bjóðist til að kenna fólk fólk hvernig á að halda fjölskyldukvöld.
- Bjóðist til að fara með þá sem þið hittið í kynnisferð í samkomuhúsið.
- Bjóðist til að koma í kring fundi með biskupnum.
- Bjóðið fólk að heimsækja [www.mormon.org](http://www.mormon.org).
- Skipuleggið ritningalestrarbekk.
- Kennið ensku sem annað tungumál.
- Bjóðið fólk á viðeigandi aldri að taka þátt í trúarskóla yngri eða eldri bekk.
- Farið frá einu húsi til annars eða talið við fólk á götunni.
- Notið kynningarmiða, geisladiska, myndbönd, og bæklinga.



## Athugasemdir

- Leitið eftir tilvísunum frá núverandi trúarnemum, fyrri trúarnemum, lítt virkum kirkjuþegnum, verðandi öldungum, og öllum sem þið hittið.
- Skipuleggið í nánu samstarfi við almannafulltrúa kirkjunnar tækifæri til að fá birtar greinar í dagblöðum á svæðinu um trúboðsþjónustu ykkar.
- Bjóðið fólk á kirkjusamkomur, athafnir, og opið hús.
- Bjóðið fólk á skírnarsamkomur. Þær eru afbragðskynning á kirkjunni og veita góð tækifæri fyrir trúarnema til að finna fyrir áhrifum andans.

**Að ganga um og gjöra gott**

Trú ykkar á að finna fólk kemur í ljós í verkum ykkar. Í jarðneskri þjónustu sinni „tók [frelsarinn] á sig þjóns mynd.“ (Filippíbréfið 2:7). Hann fór um og „gjörði gott“ (Postulasagan 10:38) og „prédikaði fagnaðarerindið“ (Matteus 4:23). Þegar þið fylgið þessum fordæmum, munuð þið finna þá sem taka vilja á móti ykkur.

Með þjónustu, komið þið og þeir sem eru undir hið endurreista fagnaðarerindi búinir saman á kraftmikinn, innblásinn hátt. Góð verk ykkar munu hjálpa fólk að þekkja ykkur sem þjóna Guðs og það mun leiða til tækifæra til að kenna hið endurreista fagnaðarerindi.

Reynsla margra trúboða af þjónustu áður en trúboð þeirra kom á skipulögðum „þjónustuverkefnum,“ fólst í að hjálpa einhverjum að flytja, þjóna á búgarði kirkjunnar, eða að hreinsa garð. Sem trúboði munt þú bjóða slíka skipulagða þjónustu í hverri viku (sjá *Missionary Handbook* varðandi viðbótarupplýsingar).

Sú tegund þjónustu sem lýst er í þessum hluta snýst um óskipulögð tækifæri. Slík þjónusta felst í að hlusta á andann til að átta sig á tækifærum til smárra, einfaldra vinargreiða sem þið getið boðið börnum Guðs. Biðjist fyrir og verið vakandi fyrir tækifærum hvenær sem er á hverjum degi að gjöra gott. Þegar þið leitist við að gjöra gott, verðið þið leiddir til fólks sem verið er að undirbúa fyrir endurreist fagnaðarerindið.

Þegar þið lesið eftirfarandi frásögn, takið þá eftir að trúboðarnir „gjörðu gott“ og prédikuðu fagnaðarerindið.

*Pablo kom reglulega í vikulega ensku kennslu okkar. Hann var herramaður á eftirlaunum sem var að læra ensku til að dreifa huganum frá áhyggjum af versnandi heilsu konu sinnar. Eina vikuna hætti hann að koma. Enginn virtist vita hvers vegna. Um mánuði seinna kom hann aftur í beckinn. Hann virtist breyttur. Hann hafði grennst, og virtist dapur. Hann tók ekki þátt í náminu eins og áður, og hann fór heim áður en við gátum talað við hann.*

*Í vikunni á eftir, báðumst við félagi minn og ég fyrir um að Pablo mundi koma aftur í beckinn svo að við gætum talað við hann. Bænum okkar var svarað er hann kom í næsta tíma. Þegar við töluðum við hann eftir kennsluna, sagði hann okkur að kona sín hefði dáið. Hann greindí okkur dálitið frá reynslu sinni, og við léttum í ljós*



*„Langar þig til að vera hamingjusamur? Gleymdu þá sjálfum þér og týndu þér í þessum mikla málstað. Leggðu þig fram um að hjálpa fólk. . . Rístu haerra, styddu veikburða kné og lyftu máttvana örmum. Lifðu eftir fagnaðarerindi Jesú Krists.“*

— GORDON B. HINCKLEY FORSETI  
TEACHINGS OF GORDON B. HINCKLEY, 597

samúð okkar. Við sögðum honum að við vildum hjálpa honum að skilja hvernig hann gæti verið samvistum við konu sína á ný. Hann lyfti höfði, leit í augu mér, og með tárum reiði og dapurleika sagði hann: „Ef þið raunverulega viljið hjálpa mér, munduð þið koma heim til míni og hjálpa mér að koma reglu á líf mitt. Er það ekki það sem trúboðar gera? Ég þarf að koma húsi mínu og máléftnum í lag.“

Við vorum undrandi og auðmjúkir vegna ummæla Pablos. Við buðum fram hjálp okkar við hvað sem væri. Ég held að þá hafi hann byrjað að treysta fyrirætlunum okkar. Hann bað okkur að koma heim til sín daginn eftir og hjálpa sér að snyrta trén. Við fórum að húsi hans á tilskyldum tíma og hófum vinnu við hlið hans. Mánuðina sem hann annaðist konu sína, hafði hann vanrækt garðverkin og heimilisstörf. Það var nóg fyrir okkur alla þrjá að gera. Þetta varð að vikulegu þjónustuverkefni á heimili hans. Við snyrtum tré, reyttum illgresi, og tíndum ávexti. Við byrjuðum ekki að kenna – hvenær sem við reyndum að byrja, sleit hann strax samræðunum. Honum líkaði best að við ræddum um líf hans og fjölskyldu. Mestmegnis hlustuðum við bara.

Eftir um hálfan annan mánuð, kom Pablo okkur á óvart með því að spyrja: „Mun ég raunverulega sjá konu mína aftur?“ Með gleðibrag sögðum við honum að það mundi hann gera. Við vitnuðum um eilífar fjölskyldur og gerðum okkar besta að svara spurningum hans.

Við kenndum Pablo sáluhjálparáætlunina. Kenningin hafði mikil áhrif á hann. Áður en við fórum var hann með lista af spurningum sem hann vildi fá svör við, svo sem: „Mun kona míni hafa líkama er ég sé hana aftur?“ og „verðum við laus við veikindi og sársauka?“ Við svoruðum spurningum hans og komum á nýrri heimsókn til þess að ræða reglur hins endurreista fagnaðarerindis Jesú Krists.


Skömmu síðar breyttist yfirbragð Pablos. Hann brosti nú oftar og virtist njóta meiri friðar. Hann gat nú með vissu „vonast eftir betri heimi“ (Efer 12:4). Þjónusta okkar hafði hjálpað honum að treysta því sem við kenndum.

### Verkefni: Sjálfsnám eða sameiginlegt nám

- Hvernig fóru trúboðarnir í þessari frásögn að því að „gjöra gott“?
  - Hvaða hlutverki gegndi þjónustan í því að Pablo tók þá ákvörðun að fá kennslu í fagnaðarerindinu?
  - Leitið þið tækifæra til að gjöra gott stöðugt alla daga? Getið þið bætt ykkur á þessu sviði?
- Ritaðu í námsdagbók þína eða ræddu við félaga þinn um hvernig þið getið gert meira gott yfir daginn til að finna fleira fólk til að kenna.

Trúið að fólk sem verið er að undirbúa til að taka á móti boðskap endurreisnarinnar muni verða á vegi ykkar. Guð mun einnig setja ykkur þar sem góð verk ykkar og orð munu búa fólk undir að taka á móti trúboðum og kirkjuþegnum. Í öllu ykkar starfi við að finna fólk, biðjið um og leitið eftir tækifærum til að þjóna, hjálpa, og lyfta öðrum upp. Þegar þið þjónið, talið við alla sem þið hittið. Hafið trú á að þið getið deilt hinu endurreista fagnaðarerindi.

Á hvern þann hátt sem þið þjónið, ætti það að vera vegna þess að þið elskið bræður ykkar og systur og þess vegna vonið þið, biðjist fyrir um, og af einlægni þráið að kenna þeim hið endurreista fagnaðarerindi.



Athugasemdir

## Athugasemdir

## Leiðbeiningar

Munið að fylgja eftirfarandi leiðbeiningum þegar þið leitist við að gjöra gott:

- Vertu með félaga þínum.
- Varðveisitið hið helga eðli köllunar ykkar.
- Fylgið trúboðsreglunum, og gefið ekki af eða notið peninga ykkar.
- Skoðið *Missionary Handbook* ykkar vegna leiðbeininga um vikulega samfélagsþjónustu.

## Ritningarnám

**Hver var hlutdeild þjónustu í lífi frelsarans?**

3 Ne 17:7, 21

Matteus 9:1–8

Jóhannes 4:46–54

Matteus 8:1–4

Markús 1:21–28

**Hver var hlutdeild þjónustu í trúboði Ammons og Arons?**

Alma 17:19–25

Alma 18:8–10

Alma 22:3

**Hvað biður Drottinn okkur að gera?**

3 Ne 27:21

## Ekkert erfiði er til einskis

Þótt fólk velji að hafna því að kynna sér endurreist fagnaðarerindið, er verk ykkar ekki til einskis. Einbeitt viðleitri ykkar við að þjóna og kenna eins mörgu fólk og þið getið er ein af leiðum Guðs við að undirbúa börn hans að taka að lokum á móti þjónum hans. Oft nær hann til barna sinna í gegnum ykkur. Jafnvel þegar fólk nýtir sér ekki tækifærð að læra fagnaðarerindið, ber þjónusta ykkar og orð vitni um kærleika Guðs til þeirra og kann að saða því fræi sem síðari trúboðar og þegnar í kirkjunni uppskera.

Þegar fólk tekur ekki á móti fagnaðarerindinu, verið þá ekki vonsviknir. Þið hafið talað viðvörunarorðum. Þið hafið veitt þeim ljóst val. Lærisveinar Kristi hryggjast þegar fólk velur ekki að iðrast, en þeir hafa í huga hverjir þeir eru og hvað þeir eru að gera. Peir sækja fram af kostgæfni.

## Mikilvægt að hafa í huga

- Byggjið upp kirkjuna með því að finna „þá, sem vilja taka á móti yður“ (K&S 42:8).
- Leitið eftir og fylgið andanum þegar þið leitið.
- Það er verið að undirbúa fólk á ykkar svæði til að meðtaka endurreist fagnaðarerindið.
- Kirkjuþegnar – þar með taldir þeir sem eru virkir, lítt virkir, verðandi öldungar, og nýlegir trúskiptingar – eru besta uppsprettulind ykkar í leit að fólk til að kenna, skíra og staðfesta.
- Þróið sterk sambond við biskupinn og kirkjuþegnana.
- Kenndu þegar þú finnur og finndu þegar þú kennir.
- Veitið athygli óskipulögum tækifærum til að finna fólk.
- Biðjið um tækifæri til að gjöra gott og til að prédika boðskap endurreisnar fagnaðarerindis Jesú Kristi.
- Margar leiðir eru til að finna fólk til að kenna. Forðist að einbeita ykkur að aðeins einni eða tveimur aðferðum

# Hugmyndir að námi og hagnýtingu þess

# Sjálfssnám

- Lesið eftirfarandi bréf frá trúboða til foreldra hennar: „Ég kenndi dásamlegri konu í strætisvagninum. Við vorum að koma af umdæmisfundi, og þetta var eina auða sætið svo að ég settist niður og fór að skoða póstinn minn. Auðvitað fór ég fyrst að lesa bréfið frá ykkur, með barnamyndunum af Evan. Ég tók eftir að augun við hlið mér voru einnig að horfa á myndirnar, og ég leit til hliðar og í augu aldraðrar konu. Hún brosti dauflega og leit út um gluggann. Síðan lokaði hún augunum eins og hún væri að fara að sofa. Ég baðst fyrir: ‘Himneski faðir, mig langar að tala við hana. Viltu hjálpa mér.’ Mínútu síðar opnaði hún augun og reisti sig upp í sætinu, og ég sagði í snatri: ‘Finnst þér hann ekki sætur?’ Ég sýndi henni barnamyndina af Evan og fór að tala við hana um fjölskyldur. Ég spurði hana um börnin hennar, og hún tárðiðist og sagði mér söguna af því hvernig dóttir hennar hataði sig og vildi ekkert hafa með sig að gera. Hún grét og ég grét með henni. Ég sagði henni frá sáluhjálparáætluninni og að himneskur faðir þekkti hana og vissi hvað hún er að ganga í gegnum. Ég grét og sagði henni að ég vissi að dóttir hennar elskoði hana vegna þess að ég er dóttir móður sem elskar mig og ég elska hana. Ég útskyrði að stundum tæki fólk slæmar ákvarðanir og að dóttir hennar hefði valfrelsi. Hún sagði við mig, brosand: ‘Ég er viss um að móðir þín virkilega saknar þín, og hún mun ekki sleppa bér þegar hún sér pig aftur.’ Hún þakkaði mér fyrir að tala við sig og gaf mér heimilisfang sitt svo að við gætum deilt fagnaðarerindinu með henni. Þegar hún var á leið úr vagninum, sagði hún: ‘Ég fór í rangan vagn, en ég fór ekki út. Enginn sat hjá mér fyrr en þú komst. . . og sjáðu hvað gerist.’ Áætlanir Guðs eru fullkomnar!”

Hvaða reglur úr þessum kafla sjáð þíð í þessari frásögn? Farið yfir kaflann og gerið skrá í námsdagbók ykkar. Hverjum af þessum reglum getið þið reynt að beita í dag?

- Lesið Jóh 15:12–13; 21:15–17; 1 Þess 2; og Mósia 18:8–10. Hversu vel eruð þið að uppfylla ábyrgð ykkar að elska og þjóna öðrum? Hvernig getið þið bætt ykkur? Skriffið viðbrögð ykkar í námsdagbækur ykkar.
  - Hvernig mun fólk vita að þið eruð þjónar Drottins? Þegar þið ígrundið þessa spurningu, rannsakið Moró 7:3–5; Matt 7:20; Jóh 13:34–35. Skráið hugsanir ykkar í námsdagbók ykkar.
  - Lesið 3 Ne 18:31–32; Alma 8:16; Alma 24:7–8; og Alma 32:41. Hugleiðið hvað þessi vers kenna um að vinna með fyrri trúarnemum. Skráið hvað þið lærið í námsdagbókina og kennið það félaga ykkar.

## Sameiginlegt nám

- Notið ykkar daglega skipulagsrit og gerið áætlun um að hitta einhverja nýlega trúskiptinga. Biðjið þá að deila með ykkur hvernig þeir voru búinir undir fagnaðarerindið. Spyrið spurninga eins og: Hvenær komst þú fyrst í samband við kirkjuna? Hvað sannfærði þig að lokum um að hitta trúboðana? Ritið það sem þið lærið í námsdagbókina.
  - Farið yfir hvert eftirtalinna atriða. Notið lexíurnar, undirbúið einfalda aðferð til að finna fólk. Æfið ykkur að kenna fólk sem fundist hefur og að tengja fljótt hvaða mál sem er við endurreisnina.
    - Finna nauðsyn á meiri leiðsögn og tilgangi í lífinu.
    - Vilja komast nær Guði.
    - Þarfnaðst hjálpar við mikilvægar ákvarðanir.

Athugasemdir

## Athugasemdir

- Lesið bls. 66–68 í *Our Search for Happiness* og bls. 59–64 í *True to the Faith* til að skilja betur kenningarlegan grunn fjölskyldukvölda. Undirbúið ræðu um ættfræðiverk, og deilið henni með félaga ykkar.
  - Ímyndið ykkur að þið félagarnir séuð fluttir á nýtt svæði. Þið komist að því að svæðisbókin er í góðu horfi, en þið hafið enga trúarnema. Hvað mynduð þið gera til að bæta fólkvi við til kennslu eins fljótt og mögulegt væri? Gerið áætlanir um að framkvæma eitthvað af þeim hugmyndum í dag.
  - Eftirfarandi hugmynd hefur gefið góða raun fyrir marga trúboða og kirkjuþegna. Lesið og kannið þessa hugmynd með félaga ykkar.
    - Hjálpa kirkjuþegnum að gera lista yfir vini, ættingja, og kunningja sem þeir gætu deilt fagnaðarerindinu með. Fara yfir listann með kirkjuþegnum, og hjálpa þeim að velja með bæn einhvern sem þeir mundu vilja undirbúa til að heyra fagnaðarerindið.
    - Hjálpa þeim að ákveða dagsetningu þegar þeir munu (a) vinna að því að persónan eða fjölskyldan verði undir það búin að fá kennslu á heimili þeirra eða (b) vinna eitthvert annað vináttustarf til að undirbúa þau. Að ákveða dagsetningu gefur kirkjuþegnum markmið og hjálpar þeim að iðka trú.
    - Hjálpa þeim að skipuleggja hvað þau ætla að gera frá því núna og fram að dagsetningunni sem þau hafa ákveðið.
    - Fylgja eftir reglubundið til að styðja þau og hvetja. Bjóða þeim að segja frá sigrum sínum og áhyggjuefnum.
- Ræðið hvernig þið getið hagnýtt þessa hugmynd á svæðinu þar sem þið þjónið.

**Umdæmisfundir og svæðisráðstefnur**

- Lesið og ræðið hlutann „Að finna fyrir eigið tilstilli.“
  - Ræðið hvernig þessar hugmyndir hafa hjálpað trúboðum að finna fólk til að kenna.
  - Skráið á töfluna aðrar hugmyndir varðandi það að finna fólk til að kenna. Bjóðið trúboðunum að sýnikenna hugmyndir sínar.
  - Bjóðið trúboðunum að setja persónuleg markmið til að bæta aðferðir sínar við að finna fólk.
- Setjið upp lista yfir aðstæður við að finna fólk.
  - Úthlutið hverjum trúboða einni aðstæðu. Veitið hverjum trúboða 5 mínutur til að undirbúa hvernig hann eða hún mundi kenna boðskap endurreisnarinnar. Bendið þeim á lexíuna „Boðskapur endurreisnar fagnaðarerindis Jesú Krists“ ef þörf krefur.
  - Leggið áherslu á mikilvægi þess að halda boðskapnum hæfilega löngum miðað við aðstæðurnar. Til dæmis gætu trúboðarnir eytt meiri tíma í að kenna á heimili kirkjuþegns en þeir gætu gert ef þeir væru að kenna einhverjum í verslun.
  - Leyfið eins mörgum trúboðum og tími leyfir að kenna boðskap endurreisnarinnar við sínar tilteknu aðstæður.
- Kennið reglurnar sem er að finna í hlutanum „Kenndu þegar þú finnur, finndu þegar þú kennir.“
  - Felið hverjum trúboða að undirbúa einnar mínuitu boðskap sem hann gæti notað þegar fólk hefur fundist. Þessi boðskapur á að byggjast á kenningum sem er að finna í trúboðslexíunum.
  - Bjóðið trúboðunum að æfa sig með því að deila einnar mínuitu boðskap sínum hver með öðrum. Þið kunnið að vilja setja upp mismunandi aðstæður, svo sem

## Athugasemdir

að kenna á heimili kirkjubegns, kenna á dyraþrepnu, kenna á göngustínum, eða að hafa samband eftir tilvísun. Látið trúboðana æfa sig í að kenna við allar þessar aðstæður.

**Trúboðsforseti**

- Veri fordæmi í trúboðsstarfi í eigin fjölskyldu. Deili eigin reynslu með trúboðunum og kirkjubegnum.
- Ráðgist við prestdæmisleiðtoga um bestu leiðir fyrir trúboðana til að finna fólk til að kenna á trúboðssvæðinu.
- Skipuleggi trúboðskvöldvökur þar sem hann ávarpar trúarnemana á trúboðssvæðinu. Skipuleggi með prestdæmisleiðtogum á staðnum að kvöldvakan verði aðgengileg kirkjubegnum sem taka með sér vini sína. Fái, sem hluta af þessum kvöldvökum, nýskírða til að bera vitnisburð og segja frá hvernig þeir snerust til trúar, áður en hann sjálfur tali. Einbeiti sér í máli sínu að boðskap endurreisnarinnar.
- Deili fjögurra-ættliða korti sínu með trúboðunum, og útskýri hvernig hann noti það við að finna fólk.
- Fari endrum og sinnum með trúboðunum og hjálpi þeim að finna fólk til að kenna.

Athugasemdir



# Hvernig get ég bætt kennsluhæfni mína?

Athugasemdir

## Til hugleiðingar

- Hvernig á ég að kenna úr ritningunum?
  - Hvers vegna á ég að spyrja spurninga þegar ég kenni?
  - Hvers konar spurninga á ég að spyra?
  - Hvernig get ég hlustað betur á þá sem ég kenni og á andann?
  - Hvernig get ég hjálpað fólk að leysa vandamál sín?
  - Hvernig get ég hjálpað öðrum að sigrast á slæmum ávana og fíkn?

**P**ið eruð kölluð til að kenna endurreist fagnaðarerindið eins mörgu fólk og vill taka á móti ykkur. Kennsla er þungamiðja alls sem þið gerið. Þið þroskið kristilega eiginleika, lærið trúboðslexíurnar, bætið hæfileika ykkar til að tala tungumál trúboðs ykkar, og treystið á andann til þess að kenna með sannfæringarkrafti. Drottinn greindir frá þessu á mjög einfaldan hátt sem boðorði með loforði:

„Reyndu ekki að boða orð mitt, reyndu heldur fyrst að öðlast orð mitt, og þá mun tunga þín losna. Og þá, ef þú þráir það, skalt þú hafa anda minn og orð mitt, já, kraft Guðs til að sannfæra mennina“ (K&S 11:21).

„Ekki skuluð þér heldur fyrirfram hafa áhyggjur af því hvað þér eigið að segja, heldur varðveitið lífsins orð stöðugt í huga yðar, og einmitt á þeirri stundu munu yður gefin þau þeirra, sem mæld verða hverjum manni“ (K&S 84:85).

Æðsta forsætisráðið og Tólfpostularáðið hafa sagt: „Markmið okkar er að kenna boðskap endurreisnarinnar þannig að andinn leiði bæði trúboða og trúarnema. Nauðsynlegt er að læra [trúboðslexíurnar], en ekki ætti að kenna [þær] eins og um utanbókarlærdóm væri að ræða. Trúboðum er frjálst að nota eigið orðaval eins og andinn hvetur til. Þeir ættu ekki að þylja efnið upp utanbókar, heldur tala frá hjartanu á eigin máta. Þeir mega hverfa frá ramma lexíanna og ræða um það sem andinn blæs þeim í brjóst, samkvæmt áhuga og börfum trúarnemans. Þeir ættu að mæla af eigin sannfæringu og á eigin máta er þeir gefa

## Athugasemdir

vitnisburð um sannleika kennslunnar“ („Greinargerð um trúboðsverk,“ bréf Æðsta forsætisráðsins, 11. des. 2002).

Lærið að treysta á andann að hann segi ykkur hvað á að segja og gera. Með því að læra, þróa, og beita kennsluhæfni í þessum kafla, getið þið orðið betri verkfæri í hendi Drottins. Andinn mun notfæra sér þá þekkingu og hæfni sem þið hafið þróað til þess að hjálpa ykkur að kenna með meiri krafti. Gæði og kraftur kennslu ykkar mun hjálpa öðrum að skilja og finna mikilvægi endurreisnar fagnaðarerindisins fyrir þá. Persónulegur verðugleiki ykkar hefur áhrif á skilning þeirra. Skilningur þeirra verður einnig fyrir áhrifum eftir því hversu vel þið beinið athyglinni að þeim, hversu vel þið útskýrið fagnaðarerindið, notið ritningarnar, deilið vitnisburði ykkar, spyrjið spurninga, og bjóðið þeim að taka á sig og halda skuldbindingar.

**Fylgja andanum**

„Andinn er mikilvægasti einstaki þátturinn í þessu verki. Þegar andinn eflir köllun ykkar, getið þið unnið kraftaverk á trúboðsakrinum. Án andans náið þið aldrei árangri hvað sem liður getu ykkar og hæfileikum“ (Ezra Taft Benson, námskeið fyrir nýja trúboðsforseta, 25. júní 1986).

**Bjóða andanum**

Eftirfarandi tillögur hjálpa ykkur að bjóða andanum þegar þið kennið.

- Biðjast fyrir.
- Nota ritningarnar.
- Gefa vitnisburð.
- Miðla reynslu.
- Láta í ljós ást á Drottni og til annarra.

**Hvernig kennslan hefst**

Allra fyrstu augnablikin með trúarnemunum eru mjög mikilvæg. Trúarnemar verða að læra að treysta ykkur. Hefjið fyrstu heimsókn ykkar með hlýlegum, virðulegum, einlægum hætti. Spyrjið fáeinna einfaldra spurninga til að átta ykkur á trúarlegum bakgrunni þeirra og hvers þeir vænta af heimsóknum ykkar. Spyrjið til dæmis: „Hvaða áhrif hafa trúarbrögð haft á líf þitt?“ Spyrjið samt sem áður ekki persónulegra spurninga sem koma þeim í vanda.

Áður en þið byrjið, biðjið alla viðstadda að taka þátt í lexíunni. Hvetjið þau til að slökkva á sjónvarpinu og fjarlægja annað sem truflar svo að andi Drottins hindrist ekki.

Útskýrið að þið viljið byrja og enda hverja lexíu með bæn. Bjóðist til að flytja opnunarbænina. Biðjið á einfaldan hátt en af alúð að Drottinn blessi fólkid sem þið eruð að kenna í öllu sem varðar líf þeirra, og sérstaklega að þau geti fundið sannleiksgildi þess sem þið kennið.

Sýnið einlægan áhuga og kærleik til trúarnemanna og trú á kraft fagnaðarerindisins til trúskipta (sjá Moróní 7:43–48). Eftir því sem andinn leiðbeinir getið þið látið í ljós hugsanir eins og eftirfarandi við trúarnema ykkar:

- Af því að Guð er himneskur faðir okkar, erum við öll bræður og systur. Við viljum helst tala um ykkur sem bræður og systur.
- Allir sem við kennum hafa sínar áskoranir og áhyggjur. Hverjar sem þarfir ykkar og áhyggjur kunna að vera mun frelsarinn og kennsla hans – fagnaðarerindið – hjálpa ykkur.
- Boðskapur okkar mun gera ykkur kleift að bæta gæði lífs ykkar. Hann mun hjálpa ykkur að fást við vandamál og áskoranir sem við öll mætum í lífinu.

- Boðskapur okkar, sem snýst um Jesú Krist, er mjög verðmætur og mikilvægur.
  - Öll gerum við mistök í lífinu, og þau mistök orsaka sektarkennd og skömm. Þær tilfinningar verða ekki lægðar án iðrunar og fyrirgefningar. Þær er hægt að lækna að fullu með friðþægingu Jesú Krista.
  - Boðskap okkar er ekki hægt að læra í einu vettangi. Skilningur mun veitast er tíminn líður, með bæn, námi, reynslu og með því að halda boðorð Guðs.
  - Við höfum veikleika, eins og allir hafa. Við töldum tungumálið ekki mjög vel eða getum ef til vill ekki svarað öllum spurningum ykkar. En við höfum verið kallaðir af spámanni Guðs til að deila því sem við höfum. Við vitum að boðskapur okkar er sannur.
  - Við munum verða leiðbeinendur svo að þið getið lært sannleika boðskapar okkar sjálf. Það er ykkar val að meðtaka og bregðast við boðskapnum. Ykkur er því frjálst að spyrja spurninga.
  - Pegar þið í einlægni leitist við að skilja boðskap okkar, kann að reyna á ykkur, en Guð mun hjálpa ykkur.
  - Pegar þið takið á móti boðskap okkar, munuð þið læra hvernig gera má sáttmála, eða loforð, við Guð. Þið munuð læra hvernig hægt er að gera breytingar til þess að koma lífi ykkar í betri samhljóum við kenningar hans. Þið munuð vilja fylgja kenningum Jesú Krista og láta skírast með réttu valdsumboði (sjá Jóh 3:5).

Athugasemdir

Áður en kenningin er kennsd í lexíu, íhugið að veita einfalt yfirlit yfir það sem þið munuð kenna. Hjálpið fólk að sjá að það muni hafa gildi fyrir þau persónulega. Margir af trúarnemum sem þið kennið hafa verið undirbúnir af Drottni (sjá Alma 16:16–17). Þegar þið miðlið andlegri reynslu ykkar í fyrstu lexíunni, munu þeir þekkja ykkur sem þjóna Drottins.

## Verkefni: Sameiginlegt nám

Æfðu ásamt félaga þínum mismunandi aðferðir til að hefja lexiu og notið nokkrar af þessum tillögum.

# Miðið kennslu ykkar við að mæta þörfum

Hver persóna eða fjölskylda sem þið kennið er sérstök. Jafnvel þótt þið munuð ekki skilja öll áhugamál, afrek, þarfir og áhyggjur, ættuð þið að leitast við að vera næmir fyrir aðstæðum þeirra. Hvað sem líður þörfum eða vandamálum, fær allt fólk bestu hjálpina þegar það tekur á móti og lifir eftir fagnaðarerindinu. Þið munuð geta aðlagð kennslu ykkar þegar þið hlustið á kennslu andans.

Þið kunnið að breyta röð lexíanna þegar þið fáið innblástur um að



## Athugasemdir

aðlagast áhugamálum og nauðsyn trúarnemanna. Þið kunnið að nota meira en einn fund til að kenna reglur einnar lexíu og einstaka sinnum kunnið þið að kenna efni tveggja lexía á einum fundi. Himneskur faðir þekkir börn sín, treystið því á innblástur til að taka þessar ákvarðanir er þið kennið. Biðjið um gjöf dómgreindar, og takið eftir hvaða hugsanir koma ykkur í hug og hver tilfinning ykkar er um hvað á að kenna.

Þið munuð þurfa að aðlaga kennslu ykkar betur að þeim skuldbindingum sem eru erfiðari fyrir trúarnema ykkar að halda. Til dæmis kann einhver auðveldlega að meðtaka Mormónsbók sem orð Guðs, þegar annar á erfitt með að meðtaka nokkuð annað en Bíblíuna. Einn kann að eiga erfitt með að hætta að nota tóbak þótt hann taki auðveldlega á móti lögmálinu um tíund.

Pegar þið skipuleggið kennslu ákveðinna kenninga, verið þá næmir fyrir því hve miklum upplýsingum þið deilið. Kennið með þeim hraða sem hentar trúarnemunum. Sumir munu taka framförum hraðar eða hægar en aðrir. Verið vissir um að þið spryjið nægilegra spurninga og hlustið vel á svör þeirra svo að þið hafið traustan skilning á hversu hratt og hversu vel trúarnemarnir eru að læra og tileinka sér kenningarnar sem þið eruð að kenna.

Hafið gott tímaskyn. Flestar kennslustundir ættu ekki að fara yfir 45 mínútur. Kennsluheimsókn gæti þó verið lokið á 15 eða 20 mínuútum ef þess þarf. Hafi persónan aðeins 15 mínuútur til að hitta ykkur, að lagið þá kennslu ykkar til að virða þau takmörk.

Treystið á loforðið sem andinn mun gefa ykkur „yður mun gefið einmitt á þeirri stundu, já, á því andartaki, hvað segja skal“ (K&S 100:6).

**Kennsluaðferð: Sjálfssnám**

Ímyndið ykkur að þið gangið á götunni og eldri maður sé að burðast við að hlaða nokkrum þungum pokum í ruslatunnu. Þú og félagi þinn hjálpið honum og þess vegna spryr hann hverjir þið séuð. Eftir nokkra umræðu býður hann ykkur inn á heimili sitt og samþykkir að hlusta á boðskap ykkar. Strax í fyrsta samtalini segir hann ykkur að:

- Kona hans dó fyrir ári síðan, og hann virkilega saknar hennar.
- Hann þreytist fljótt vegna hjartabilunar.
- Hann veltir nú meira fyrir sér en nokkru sinni áður hvort Guð sé til.

Hvað munduð þið kenna honum? Hvernig gætuð þið aðlagað kennslu ykkar til að mæta best þörfum hans og áhyggjum?

**Ritningarlestur**

**Hvað táknar það að gefa „þau [orð], sem mæld verða hverjum manni“?**

Alma 29:8

K&S 84:85

**Hverju hefur Drottinn lofað trúföstum trúboðum?**

K&S 68:2–4

K&S 100:5–8

Matteus 10:19–20

## Kenndu með félaga þínum í einingu

Drottinn hefur boðið: „Og þér skuluð fara í krafti anda míns og boða fagnaðarerindi mitt, tveir og tveir saman“ (K&S 42:6). Kennsla ykkar mun verða öflugri og áhugaverðari ef þú og félagi þinn vinna saman í einingu. Þegar þið skipuleggíð og lærið á hverjum degi, ræðið hvernig þið munuð kenna svo að þið getið verið sameinaðir og kennit einni röddu.



Kennsla ykkar mun verða öflugri ef þú og félagi þinn skiptist á að kenna stutta hluta lexíunnar. Varist að kenna vélrænt þegar þið kynnið boðskapinn. Styðjið félaga ykkar með því að bjóða fram annað vitni um sannleik þess sem hann eða hún hefur vitnað um. Fylgið því sem kemur í hug ykkar þegar andinn hvetur ykkur til að segja eitthvað. Verið sem félagar reiðubúnir að gefa eftir hvor fyrir öðrum svo að þið hindrið ekki leiðbeiningu andans. Þegar þið talið, haldið þá augnsambandi við trúarnemann. Þegar þú ert ekki að tala, bið þá fyrir félaga þínum og fylgstut nákvæmlega með viðbrögðum trúarnemans.

Ritningarnám

## Hvernig styðja félagar hvor annan?

Alma 12:1

K&S 42:6

K&S 52:9-10

**Bjóðið kirkjuþegnum að hjálpa ykkur að kenna**

Hvenær sem það er mögulegt bjóðið kirkjuþegnum, helst nýlegum trúskiptingum, að hjálpa ykkur að kenna. Æskilegasta staðan er að hafa kirkjuþeign með sem áður tilheyroi sömu kirkju og trúarnemarnir. Sýnið kirkjuþegnunum afrit af lexíunni, og ræðið hvað þið viljið að þeir kenni. Ræðið hvernig þið vinnið saman. Látið til dæmis kirkjuþegnana, eftir því sem við á, segja frá hvernig þeir gátu lært, meðtekið og lifað eftir tiltekinni reglu í lexíunni, Fáið þá til að útskyrá hvernig þeir tóku ákvörðun um að ganga í kirkjuna. Pegar kirkjuþegnar taka þátt í kennslunni, fá þeir tækifæri til að kynnast gleði trúboðsverksins. Það leiðir einnig til vináttutengsla við trúarnemann. Thomas S. Monson forseti kenndi:

Á meðan á kennslu stendur getur verið gagnlegt fyrir trúarnemana að njóta styrks vitnisburðar frá hjónum sem eru kirkjuþegnar og hafa fyrir fáum árum stigið það skref að taka skírn og ganga í kirkjuna. Í Kanada trúboðinu í Ontario og þar sem fjölskylda mín bjó þegar ég var þar trúboðsforseti, sáum við að meginhluti íbúanna tilheyrði ef til vill þrennum ríkjandi trúarbrögðum: Rómversk kápolskum, Ensku biskupakirkjunni, og Sameiniðu Kanadakirkjunni. Í hverri borg trúboðsins fengum við nýskírða fjölskyldu frá hverri þessara trúarstefna til þess að vera til reiðu fyrir trúboðana sem stóðu í því að kenna nýjum trúarnemum svo að hjón gætu farið með trúboðsteyminu í annarri eða þriðju heimsókn.

Getið þið ímyndað ykkur, til dæmis, þegar trúboðarnir eru að vinna með þeim frá Sameinuðum Kanadakirkjunni, styrk vitnisburðar bróður og systur William Stoneman, sem höfðu komið frá Sameinuðum Kanadakirkjunni. Bróðir Stoneman, prentari, mundi segja: „Þegar ég gekk í Kirkju Jesú Krista hinna Síðari daga heilögú, var ég aðalprentari Sameinuðum kirkjunnar. Ég missti vinnuna. En ég fann betri vinnu. Það sem mikilvægara var, ég fann sannleikann, allan sannleikann. Þið getið líka tekið breytingum.

Athugasemdir

## Athugasemdir

Pið getið líka tekið sömu ákvörðun. Reyndar, látið okkur sækja ykkur á sunnudagsmorgnинum svo að við getum setið saman í kirkjunni. Þá getið þið heyrft og fundið sjálf. Við verðum við hlið ykkar.“

Anthony og Edith Belfiglio urðu slík vináttuveitandi hjón þeirra sem áttu rætur í Rómversk kafólsku. Árangurinn varð sá sami. Þetta er hægt að gera. Og slíkir trúskiptingar standast. Hjón sem valin voru til að taka að sér þessi verk skutu auk þess enn dýpri rótum í frjósönum jarðvegi fagnaðarerindisins. Bæði bróðir Stoneman og bróðir Belfiglio voru vígðir patriarkar. Samanlagt starf kirkjuþegna og trúboða í slíku sérstöku samstarfi gefur af sér ríkulega samansöfnun sálna (trúboðspjálfun, gervihmattaútsending, 25. apríl 2003).

## Verkefni: Sjálfsnám

Ímyndið ykkur að þið séuð í fyrsta sinn að kenna lexíu á heimili kirkjuþegns. Ákveðið hvernig þið munduð undirbúa hvern um sig af eftirfarandi kirkjuþegnum til að hjálpa ykkur að kenna:


- Deildartrúboða sem nýlega kom úr fastatrúboði
- Prest
- Nýlegan trúskipting
- Biskupinn

## Notið ritningarnar

Helgirit kirkjunnar eru grundvallaruppsprettu kennslu endurreists fagnaðarerindis Jesú Krists. Þið kunnið einnig að nota orð lifandi spámanna. Það eru margar ástæður hvers vegna það er nauðsynlegt að nota ritningarnar sem grunn kennslu ykkar. Til dæmis:

- Drottinn og spámenn hans hafa lagt fyrir okkur að gjöra svo (sjá K&S 42:12, 56–58; 71:1). Síðari daga spámaður ráðlagði: „Orðin og hvernig þau eru notuð í Mormónsbók af Drottini . . . ætti að nota þegar við kennum reglur fagnaðarerindisins,“ (Ezra Taft Benson, „The Book of Mormon and the Doctrine and Covenants,“ *Ensign*, maí 1987, 84).
- Ritningarnar bjóða heilögum anda inn í kennslu þína. Þær kenna orð Guðs með krafti (sjá Alma 31:5).
- Ritningarnar svara hinum miklu spurningum sálarinnar (sjá 2 Ne 32:2; Jakob 2:8).
- Ritningarnar ljá kennslu þinni vald og gildi, jafnvel á svæðum þar sem kristilegan bakgrunn vantart.

Hæfileiki þinn til að kenna með krafti úr ritningunum veltur að miklu leyti á þeim tíma sem þú persónulega leggur í að nema þær. Þegar þú daglega endurnærast af orðum Krists aukast hæfileikar þínir til að kenna úr ritningunum. Auk þess mun boð þitt um að nema og ígrunda ritningarnar verða kraftmeira vegna þess að þú ert að gera það sama í þínu lífi. Hjálpaðu fólki að öðlast trú á ritningarnar – sérstaklega Mormónsbók – sem uppsprettu opinberaðs sannleika. Þegar fólk tekur að trúá ritningunum, mun þér ganga betur að hjálpa þeim að skilja kenningarnar réttum skilningi. Eftirfarandi tillögur geta hjálpað.



© Greg K. Olsen. Ohne mit acht freie.

**Kynnið ritningarnar.** Lýsið í stuttu máli bakgrunni og samhengi ritningargreina sem þið munuð nota. Bjóðið trúarnemunum að leita að sérstökum atriðum í greinunum. Þegar þið kennið fólki sem hefur takmarkaða þekkingu á ritningunum, kunnið þið að að þurfa að byrja á því að lýsa innihaldi greinanna með orðum sem það skilur. Hér á eftir eru dæmi um kynningu á ritningunum.

- „Hér höfum við með eigin orðum Josephs Smith frásögn um hvað kom fyrir hann þegar hann fór inn í trjálundinn til þess að biðja. Hann sagði: ‘Ég sá ljósstólpa . . .’“
  - „Í þessu versi er spámaðurinn Alma að kenna fólk sem er fátækt að iðka trú sína á orð Guðs. Hann líkir orði Guðs við sáðkorn sem hægt er að sá í hjörту okkar. Vilt þú byrja að lesa vers ...“

**Lesið málsgreinina.** Lesið versin upphátt eða biðjið trúarnemann að lesa upphátt. Verið næmir fyrir þeim sem eiga ekki gott með lestur. Ef málsgrein er erfið fyrir þá að skilja, lesið þá með þeim af vandvirkni og hjálpið þeim að skilja erfiðari atriðin. Eða fáið þeim einfaldara efni að lesa. Þið getið einnig útskýrt erfið orð eða setningar:

- „Ef einhvern yðar brestur visku, þá biðji hann Guð, sem gefur öllum örlátlega og átölulaust, og honum mun gefast“ (Jakbr 1:5).

Sumar málsgreinar ritninganna eru ljósar og þarfnað ekki útskýringa. Aðrar þarf þú að gefa þér tíma til að útskýra eftir að þær eru lesnar.

**Beitið ritningunum.** „Tileinkið“ ykkur sjálfum ritningarnar og trúarnemunum með því að sýna hvernig reglurnar eiga við í dag (sjá 1 Ne 19:23). Sýnið trúarnemunum hvernig þeir geta beitt reglunum í lífi sínu. Þegar þeir gera það munu þeir vita að kenningin er rétt. Berið vitni um regluna, og heitið þeim blessunum. Til dæmis:

- „Fólk Alma, eins og þið, bar miklar byrðar, næstum meira en það gat borið. En þegar þau iðkuðu trú og ‘ákölluðu Guð hástöfum,’ styrkti hann þau svo að þau gátu þolað álagið og bjargaði þeim síðan úr erfiðleikunum. Alveg eins og hann gerði fyrir það fólk, þá veit ég að Guð mun hjálpa ykkur í ykkar erfiðleikum þegar þið ...”
  - „Fyrirmæli Alma til fólksins við Mormónsvötn gilda fyrir okkur í dag. Jón, vilt þú ...”

Fólkið sem þið kennið mun sjá helgan texta í mjög mismunandi ljósi, eftir því hve kunnug þau eru Biblíunni, hversu vel þau skilja málfar ritninganna, og hversu trausta trú þau eiga varðandi það að Biblán sé Guðs orð. Hjálpið öllum trúarnemum að öðlast virðingu fyrir ritningunum. Með því að nota ritningarnar á árangursríkan hátt í kennslu þinni, munt þú hjálpa trúarnemum að byrja að nema ritningarnar sjálfir. Eftir hverja heimsókn má benda þeim á sérstaka kafla eða vers til að lesa. Þið getið gefið þeim spurningar til að hugleiða við lesturinn, sem þið getið rætt í næstu heimsókn. Petta mun hvetja þá til að lesa ritningarnar daglega á heimili sínu og taka þátt í kirkjusamkomum og bekkjum þar sem ritningarnar eru notaðar.

## Álit menningarheima á ritningunum

Flest trúarbrögð hafa helgan texta eða ritningarbækur, en not þeirra af þeim og skilningur á þeim getur verið frábrugðinn því hvernig kirkjubagnar okkar nálgast ritningarnar. Þú kannt til að mynda að þurfa að útskýra að merking þín á ritningarversum beri vott um að þú óskir að skilja þau og fara eftir þeim en beri ekki vott um virðingarleysi. Hjálpið þeim sem þið kennið að sjá að helgiritin eru mikilvæg vegna þess að þau innihalda orð Drottins eins og þau eru rituð af spámönnum Guðs og að við meðtökum þau sem sannleika.

Athugasemdir

## Athugasemdir

## Verkefni: Sameiginlegt nám

**Farið yfir eftirfarandi atríði. Ákveðið hvernig þið munduð:**

- Kynna málsgreinina.
- Leggja til bakgrunn og samhengi.
- Lesa málsgreinina og útskýra merkingu hennar.
- Útskýra erfið orð.
- Hjálpa trúarnemum að beita henni í eigin lífi.

Titilsíða Mormónsbókar; 3 Ne 11; Moró 10:3–8; Jóh 17:3; Róm 8:16–17; 1. Kor 15:29; Jakbr 1:5; 1. Pét 3:19–20; Amos 3:7

## Ritningarnám

**Hvers vegna er mikilvægt að kenna úr ritningunum?**

1 Ne 19:23

K&S 20:7–12

2. Tím 3:15–17

## Kennið til skilnings

Fólk á betra með að trúá boðskap endurreisnar fagnaðarerindisins þegar það skilur boðskapinn. James E. Faust forseti sagði: „Nemið, ígrundið, og kennið úr ritningunum, sérstaklega úr Mormónsbók og Nýja testamentinu. Þekkið sannleikann svo vel að þið getið miðlað honum greinilega. B. H. Roberts ritaði: ‘Svo að sannleikurinn þekkist verður að setja hann fram, og því skýrari og samstæðari sem framsetningin er, því betur tekst heilögum anda að vitna fyrir sálum manna að verkið sé rétt.’ [New Witnesses for God, 3 bindi (1909), 2:vii]. „Þið getið ekki snúið fólk lengra en þið eruð sjálfir komnir“ („What I Want My Son to Know before He Leaves on His Mission,“ Ensign, maí 1996, 41).

Ykkur er boðið að rökræða og útskýra ritningarnar þegar þið kennið (sjá K&S 68:1). Útskýra táknað hér að magna upp og skilgreina af nákvæmni. Að útskýra fagnaðarerindið merkir að þið greinið frá merkingu kenninga og málsgreina ritninganna á einfaldan hátt og greinilega, treystandi á andann að hann leiðbeini ykkur hvað segja skal. Þið notið virðulegt málfar en þó talmál til að hjálpa fólk að skilja kenningarlegar reglur. Þið spyrjið spurninga til að hjálpa þeim að hugsa um reglurnar og sjá hvort þau skilja og meðtaka það sem þið hafið kennt.

Við lok hverra hinna fyrstu þriggja lexía í kafla 3 er listi yfir orð sem kunna að vera ókunn þeim sem þið kennið. Hluti af að kenna til skilnings er að ganga úr skugga um að þið útskýrið orð, setningar og hugmyndir svo að annað fólk skilji ykkur betur. Þið getið aukið hæfileika ykkar til að útskýra fagnaðarerindið með því að:

- Skilja orðin sem þið notið.
- Skilgreina orð sem aðrir skilja ef til vill ekki. Mörg orð sem hafa sérstaka merkingu fyrir kirkjuþegna eru útskýrð í Leiðarvísi að ritningunum og True to the Faith.

„*Það eru sannir vitsmunir þegar maður tekur málefni sem er dularfullt og stórfenglegt í sjálfu sér, og vindur ofan af því og einfaldar það svo að jafnvel barn fær skilið það.*“

— JOHN TAYLOR FORSETI  
THE GOSPEL KINGDOM, G. HOMER DURHAM VALDI (1943), 270

- Spyra fólk spurninga eins og: „Veistu hvað við meinum þegar við segjum ...?” eða „Getur þú endursagt það sem við vorum að tala um með þínnum eigin orðum?”

Athugasemdir

Pegar þið nemið kennunguna í 3. kafla, finnið þá orð sem þið búist við að geti verið erfitt fyrir trúarnemana að skilja. Pegar þið kennið kennunguna í 3. kafla, gerið þá lista yfir orð, orðasambönd, og hugmyndir sem trúarnemar eiga erfitt með að skilja. Skilgreinið þessi orð og notið hjálþargögnin sem nefnd voru hér á undan. Prófið skilgreiningar ykkar með trúarnemum og nýlegum trúskiptingum.

Ritningarnám

Hvers vegna eignum við að útskýra eða skilgreina kenningarnar vandlega?

**Hvernig lærum við? Hvers vegna er mikilvægt að vinda smátt og smátt ofan af upplýsingum og kenna þær?**


2 Ne 28:30 Mósia 2:9 K&S 98:11–12  
Jakob 4:13

### Hvers vegna er einfaldleiki mikilvægur?

2 Ne 25:4, 7, 28                  Alma 13:23                  Nehemí 8:8

## Hvernig hefur Drottinn samskipti við börn sín?

2 Ne 31:3 K&S 1:24



tileinka sér reglurnar. Spurningar hans ýttu við hugsun, sálarkönnun og skuldbindingu.

Góðar spurningar munu hjálpa ykkur að skilja áhugamál, áhyggjur, eða spurningar sem aðrir hafa. Þær geta bætt kennslu ykkar, boðið heim andanum, og hjálpað trúarnemum ykkar að læra.

Slæmar spurningar geta hrætt, pirrað eða móðgað trúarnema. Þær geta einnig valdið því að þið missið tökin á kennslunni. Reynið að spyrja spurninga sem:

- Eru einfaldar og auðskiljanlegar.
  - Koma fólk til að hugsa um það sem þið eruð að kenna.
  - Auðvelda ykkur að greina hversu vel trúarnemarnir skilja það sem þið eruð að kenna.
  - Stuðla að því að fólk tileinki sér það sem það lærir.

Þegar þeir sem þið kennið bregðast við spurningum af þessum toga, munu þeir finna að þeir geta talað opinskátt. Góðar spurningar geta leitt trúarnema til að spryja ykkur

## Athugasemdir

spurninga þegar þeir skilja ekki, þegar þeir hafa áhyggjur, eða þegar þeir vilja vita hvað gera skal. Góðar spurningar geta hjálpað þeim sem þið kennið að deila tilfinningum sínum og þegar þeir gera það uppgötva þeir vaxandi vitnisburð. Dæmi um árangursríkar spurningar gætu verið:

- Hvaða spurningar hafið þið varðandi það sem við höfum kennt?
- Trúið þið að himneskur faðir elski ykkur? Hvers vegna?
- Hvernig gerum við stundum sömu röngu hlutina og fólkið í þessari sögu?


Til að hjálpa þeim sem þið kennið að búa sig undir að svara spurningum, gætuð þið sagt: „Þegar ég útskýri mikilvægi þess að halda hvíldardaginn heilagan, spryjið sjálfa ykkur: 'Hvaða merkingu hefur þetta boðorð fyrir mig?'“ Forðist spurningar sem:

- Fela í sér fleiri en eina hugmynd.
- Varða kenningar sem þið hafið enn ekki kennt.
- Hafa ekki skýr markmið.
- Yfirheyra og ganga of nærrí þeim sem svara eiga.

Að spyrja of margra spurninga, sérstaklega í fyrstu heimsókn, lítur út eins og þið séuð að ástunda „yfirheyrslu.“ Spyrjið ekki spurninga sem veita svör við ómerkilegum eða augljósum atriðum. Það mundi breyta góðu kennsluumhverfi í spurningaleik. Þegar þið þarfnið nákvæms svars, er best að spyrja staðreyndaspurninga eða kynna efninum á einhvern annan hátt. Forðist spurningar sem gætu komið illa við einhvern sem ekki veit svarið. Spurningar eru gagnlegastar þegar þeirra er spurt eftir að þið hafið kennt og vitnað um lykilreglu. Hér á eftir eru dæmi um minna árangursríkar spurningar:

- Hver var fyrsti spámaðurinn? (Spurt áður en kennt er um ráðstöfunartímana.)
- Hvernig mun það að hafa líkama okkar hreinan hjálpa okkur að hafa andann og sýna að við erum viljug til að fylgja spámanni Guðs? (Fleiri en ein hugmynd.)
- Er mikilsvert að vita um boðorð Guðs? (Já, nei spurning og of augljós.)
- Hvað finnst þér um Mormónsbók? (Áður en þau hafa lesið hana.)
- Hvað getum við gert daglega sem lætur okkur finna að við stöndum Guði nærrí? (Óljós spurning, en leitað eftir sérstöku svari: biðja.)
- Hver var næsti spámaður á eftir Nóa? (Kemur þeim til að giska á.)

Lærið að spyrja spurninga eins og andinn leiðbeinir. Rétt tegund spurninga á réttum tíma getur hjálpað þeim mikið sem þið kennið að læra fagnaðarerindið og finna andann. Á sama hátt getur röng tegund spurninga eða spurningar á röngum tíma truflað lærðóminn. Að spyrja viðeigandi spurninga á réttum tíma krefst þess að þið séuð í samhljóm við andann, að þið hlustið á þá sem þið eruð að kenna og að þið einbeitið ykkur á meðan á kennslu stendur. Árangursrík kennsla getur verið erfið vinna og krefst einbeitigar og framlags af þinni hendi og félaga þíns.



© 1985 Robert T. Barrett. Óheimilt að einfá.

**Verkefni: Sjálfsnám eða sameiginlegt nám**

Hver gæti námsárangur trúarnema orðið, ef aðstæður hans eða hennar yrðu sem hér segir og bið yrðuð bess aldrei varir?

- Samstarfsmenn sem sífellt gera gys að andlegum hlutum.
  - Fjölskyldumeðlimir sem eru sterkir meðlimir annarrar kirkju.
  - Vinir sem trúa að Mormónar séu ekki kristinn söfnuður.
  - Andleg reynsla við lestur Mormónsbókar.

Hugsið um spurningu sem þið munduð spyrja til að fá meira að vita um fyrrnefndar aðstæður. Ritaðu spurningar þínar í námsdagbók þína. Ræddu við félaga þinn hvernig þið gætuð bætt spurningar sem hvor ykkar um sig rituði varðandi þetta verkefni

Hljóstjóri

Þegar þið hlustið vandlega á aðra, skiljið þið þá betur. Þegar þeim er ljóst að hugsanir þeirra og tilfinningar eru mikilvægar í ykkar augum, er líklegra að þeir verði móttækilegri fyrir kennslu ykkar, miðli persónulegri reynslu, og taki á sig skuldbindingar. Þegar þið hlustið, munuð þið geta aðlagað kennslu ykkar betur að börfum þeirra og áhugasviði.

Hlustið sérstaklega á rödd andans. Þegar aðrir deila tilfinningum sínum með ykkur, kunna hugsanir og hugmyndir að koma fram í huga ykkar fyrir tilverknað andans. Þið munuð einnig geta skilið hvað aðrir eru að reyna að láta í ljós.

Þegar aðrir tala við ykkur, forðist þá tilhneiginguna að hugsa um hvað þið munuð segja. Verið vissir um að þið séuð raunverulega að einbeita ykkur að þeim sem talar, fremur en að hugsa um ykkar næstu viðbrögð. Öldungur Jeffrey R. Holland kenndi: „En ef til vill er ennþá mikilvægara að hlusta en að tala. Þetta fólk er ekki dauðir hlutir eða tölur í skýrslu um trúboðsárangur. Þau eru börn Guðs, bræður okkar og systur, og þau þarfnaст þess sem við höfum að færa þeim. Verið ekta. Teygið ykkur til þeirra í fyllstu einlægni. Spyrið þessa vini hvað þá varðar mestu, hvað þeir meta mest og hvað er þeim kærast. Hlustið síðan. Við réttar aðstæður gætuð þið spurt hvað þau óttast, hvað þau þrá eða hvað þeim finnst vanta í lífi sínu. Ég lofa ykkur því að eitthvað af því sem þau segja mun alltaf tengjast sannleika fagnaðarerindisins sem þið getið borið vitni um og boðið fram meira. ... Ef við hlustum í kærleika, þurfum við ekki að velta fyrir okkur hvað segja skal. Það munum við fá að vita – með andanum og frá vinum okkar“ („Vitni frammi fyrir mér,“ Ráðstefnuræður vorið 2001, bls. 29; skáletur í frumritinu).

Fólk tjáir sig einnig með því hvernig það situr, með svipbrigðum, hvernig það hreyfir hendurnar, hljómi raddirinnar og aughreyfingum. Takið eftir þessum orðlausa boðskap, það getur hjálpað ykkur að skilja tilfinningar þeirra sem þið eruð að kenna. Verið einnig meðvitaðir um ykkar eigin líkamstjáningu. Sendið skilaboð um áhuga og eldmóð með því að hlusta einlæglega.

Óttist ekki þögnina. Fólk þarf oft tíma til að hugsa sig um og svara spurningum og láta í ljós tilfinningar sínar. Þið ættuð að staldra við eftir að þið hafið spurt spurninga, eftir að hafa deilt andlegri reynslu, eða þegar fólk á erfitt með að tjá sig. Verið vissir um að þið gefið fólki nægan tíma til að hugsa málin til enda áður en þið svarið, og truflið þau ekki á meðan þau tala.

Þegar þið finnið að þið skiljið það sem er sagt, segið þá eitthvað sem lætur í ljós að þið skiljið, svo sem: „Svo að þú meinar að ..... Er það rétt?” eða „ef ég skil þig rétt,

Athugasemdir

## Athugasemdir

þá finnst þér að \_\_\_\_\_.“ Þegar þið eruð ekki vissir um að þið skiljið, biðjið þá viðkomandi um nánari útskýringu.

Sumt fólk kann að hafa tilhneingingu til að vera of ákaft í samræðunum og hindra ykkur í að kenna endurreist fagnaðarerindið. Þið munuð þurfa að taka kurteislega stjórnina við slíkar aðstæður. Til dæmis: „Við metum mikils það sem þú ert að deila með okkur, en það er mál sem við viljum ræða síðar. Ég bið félaga minn að skrifa þetta hjá sér svo að við séum vissir um að við tökum það fyrir síðar.“ Munið að þið hjálpið fólk mest með því að kenna því fagnaðarerindi Jesú Krists.

Þegar þið hlustið vandlega, mun andinn hjálpa ykkur að vita hvað á að segja. Að hlusta krefst átaks og einbeitingar. Einn trúboði deildi eftirfarandi sannri frásögn af reynslu sinni (nöfnum hefur verið breytt):

*Félagi minn og ég vorum að kenna Sanchez fjölskyldunni. Það var heitt og börnin voru með heilmikinn hávaða. Ég spurði systur Sanchez um lestur hennar í Mormónsbók. Þegar hún byrjaði að svara, tók ég eftir að sonur hennar hafði náð minnisbók félaga míns og hljóp með hana um herbergið og veifaði henni yfir höfði sér. Þótt ég væri að horfa á systur Sanchez var hugur minn annars staðar. Ég hugsaði með sjálfum mér: „Það er svo heitt, og ég vildi að litli drengurinn yrði kyrrlátari. Þetta gengur hreinlega ekki.“ Um leið og ég var annars hugar tók ég eftir að systir Sanchez var að reyna að tala. Óljós hugsun fæddist með mér að ég ætti að hlusta. Ég barðist við að láta ekki hitann og hávaðann trufla mig. Ég fylgdist vandlega með andliti hennar er hún talaði. Hún leit niður fyrir sig og síðan upp á okkur félaga minn og mig. Eiginmaður hennar barðist við að þagga niður í börnunum. Það varð þögn, og síðan sagði hún skjálfandi röddu: „Ég gerði það sem þið báðuð um. Ég las þessa kafla sem þið nefnduð og ég baðst fyrir.“ Aftur tók hún hlé og leit niður. Hún leit á börnin sín, og síðan mættu augu hennar mínum. „Ég fékk svar,“ sagði hún brosandi og með tárin í augunum. „Hún er sönn. Ég veit að hún er sönn.“ Andinn fyllti herbergið. Með hjartað þrungið þakklæti fyrir að ég hafði hlustað, brosti ég og sagði: „Já, það er hún.“*

## Kennsluaðferð: Sjálfsnám eða sameiginlegt nám

Eftir að hafa farið yfir söguna hér að framan, ritíð þá annað hvort svör í námsdagbók ykkar við spurningunum hér á eftir eða ræðið þær við félaga ykkar.

- Hvað gæti hafa gerst ef trúboðinn hefði hugsað meira um persónuleg þægindi sín eða minnisbók félaga síns?
- Hvernig var þessi trúarnemi blessaður vegna þess að trúboðinn hlustaði?

Svarið spurningunum hér fyrir neðan:

$$\begin{array}{ll} A = \text{Á aldrei við um mig} & C = \text{Á venjulega við um mig} \\ B = \text{Á stundum við um mig} & D = \text{Á alltaf við um mig} \end{array}$$

- Þegar ég tala við aðra, hugsa ég um hliðstæða reynslu sem ég get deilt í stað þess að hlusta vandlega.
  - Þegar aðrir segja mér frá tilfinningum sínum, reyni ég að setja sjálfan mig í spor þeirra til að finna hvernig mér mundi líða.
  - Þegar ég kenni trúarnemum, hef ég áhyggjur af hvað ég muni segja næst í kennslunni.
  - Ég verð gramur þegar trúarnemar vilja tala mikið.
  - Ég berst við að fylgjast með eða skilja hvað aðrir eru að reyna að segja mér.
  - Hugur minn reikar oft á meðan félagi minn er að kenna.
  - Ég kemst í uppnám ef einhver er að tala við mig og aðrir trufla samtalið eða dreifa athygli minni.
  - Ég fæ andlegar ábendingar um að segja eða gera eitthvað, en ég fer ekki eftir þeim.
- Ákveðið hvað þið getið gert til að bæta hæfileika ykkar til að hlusta.

## Þróið gott samband við trúarnema


Til að forðast óþægindi, mun sumt fólk svara spurningum á þann hátt sem það heldur að þú viljir að það svari fremur en að túlka sannar tilfinningar. Leitið eftir að þróa gott samband svo þeim líði vel með að túlka sannar tilfinningar sínar qagnvart ykkur.

## Athugasemdir

**Hjálpið fólk að leysa úr áhyggjuefnum sínum**

Suma þeirra sem þið kennið mun skorta trú til að halda skuldbindingar sínar, aðrir munu mæta andstöðu, og enn aðrir munu ekki alltaf meðtaka allt sem þið segið. Þau verða að taka sína eigin ákvörðum, en þið munuð vilja gera allt sem þið getið til að svara spurningum þeirra, hjálpa þeim að leysa úr vandamálum sínum, og sigrast á andstöðu.

Stundum er áhyggjuefni fólks eins og ísjaki. Aðeins lítill hluti er sýnilegur ofar yfirborðinu. Pessi áhyggjuefni geta verið flókin og erfið úrlausnar. Af þeirri ástæðu þurfið þið að fylgja andanum og bregðast við á þann hátt sem best hentar aðstæðum. Biðjið um anda dómgreindar og fylgið áhrifum sem þið finnið fyrir. Himneskur faðir þekkir hjarta og reynslu alls fólks (allan ísjakann) og mun hjálpa ykkur að vita hvað kemur hverri persónu best.



Óheimilt að afrita.

Þegar þið hjálpið öðrum að leysa sín áhyggjuefni, reynið þá fyrst að skilja aðstæður þeirra með því að spryrra og hlusta. Treystið á andann að hann hjálpi ykkur að vita hvernig á að hjálpa þeim að leysa sín áhyggjuefni. Til dæmis gætuð þið notað ritningarnar til að svara spurningum þeirra um nauðsyn skírnar, eða þið gætuð deilt vitnisburði ykkar um spámanninn Joseph Smith.

Oft eru áhyggjuefni fremur félagsleg en kenningarleg. Til dæmis gætu trúarnemar óttast andstöðu fjölskyldumeðlima ef þeir ganga í kirkjuna. Eða þeir gætu óttast höfnun vinnufélaga sinna. Hverjar sem áhyggjurnar eru, kunna trúarnemar ykkar að búa yfir fyrri reynslu eða öðrum áhrifum sem eru hluti af áhyggjuefninu og sem þið ekki áttið ykkur á. Í mörgum tilvikum kunna kirkjuþegnar að geta hjálpað ykkur að skilja betur og hjálpa til við lausn áhyggjuefnis þeirra.

Hvernig þú nálgast vandamál trúarnema fer eftir eðli vandamálsins. Skilgreindu hvort vandamálið hefur komið upp vegna þess að persónan hefur ekki andlega staðfestingu á sannleika endurreisnarinnar eða hvort persónan vill ekki skuldbinda sig til að lifa eftir sannri reglu. Að skilja orsök vandamálsins á þennan hátt hjálpar þér að vita hvort á að einbeita sér að vitnisburði eða skuldbindingu.

## Verkefni: Sameiginlegt nám

Veljið eitt boð um skuldbindingu þegar þið kennið lexiðu. Áttið ykkur síðan á mismunandi vandamálum sem gætu hindrað einhvern í að halda það boðorð. Ræðið og æfið hvernig þið getið best hiálpæð fólkí þegar það vinnur að því að leysa vandamál sín.

## Athugasemdir

**Iðrun og lausn frá fíkn**

Iðrun er andlegur ferill sem felur í sér auðmýkt, játningu, að bæta fyrir, og að snúa frá syndinni. Hún er viðvarandi breyting á hugsun og athöfnum. Æskilegast er að iðrun vegna tiltekinnar syndar sé nauðsynleg aðeins einu sinni. Á hinn bóginn, ef syndin er endurtekin, er iðrun til staðar sem leið til lækningar (sjá Mósía 26:30; Moróní 6:8; K&S 1:31–32).

Iðrun kann að snúast um tilfinningalegt og líkamlegt ferli. Fólk verður að stöðva viðvarandi, rótfasta venju óviðeigandi athafna. Óæskilegar athafnir verða að víkja fyrir heilbrigðri og viðeigandi hegðun.

Þannig kann bæði iðrun og lækning að taka sinn tíma. Stundum falla trúarnemar, þrátt fyrir hinar bestu fyrirætlanir, fyrir freistungum, þótt þeir stefni í átt að betri sjálfsaga. Í slíkum tilvikum vinna nýir trúskiptingar með prestdæmisleiðtogum sínum, ekki með trúboðunum, þegar þeir leitast við að sigrast á freistungum og iðrast til fulls.

Með skírn og staðfestingu meðtekur fólk gjöf heilags anda, sem mun styrkja hæfileika þeirra til að sigrast á þessum áskorunum. En ekki er víst að skírn og staðfesting vinni til fulls á tilfinningalegum og líkamlegum þrám sem fylgja þessari framkomu. Jafnvel þótt einhver vinni í fyrstu einhverja sigra, kann meiri tilfinningaleg lækning að vera nauðsynleg til að iðrast fullkomlega og læknast.

**Verkefni: Sjálfsnám eða sameiginlegt nám**

- Hugsið um trúarnema, nýlegan trúskipting, eða lítt virkan meðlim sem er að reyna að sigrast á fíkn.
- Farið yfir „Trú á Jesú Krist“ og „Iðrun“ í lexiunni „Fagnaðarerindi Jesú Krist“ í 3. kafla.
- Hvað gætuð þið kennt þeirri persónu úr þeirri lexíu og úr þessum kafla sem mun hjálpa honum eða henni að sigrast á fíkn?
- Setjið saman kennsluáætlun til að hjálpa viðkomandi.

**Að hjálpa trúarnemum og nýlegum trúskiptingum að skilja iðrun og lausn frá fíkn**

Pið kunnið að verða spurðir spurninga vegna áhyggjuefna í sambandi við fíkn. Pið munuð einnig vilja hjálpa fólk að finna svör við erfiðum spurningum tengdum þessum vandamálum. Eftirfarandi hugmyndir gætu komið að gagni:

- Deilið vitnisburði ykkar um lækningamátt fagnaðarerindisins, sérstaklega friðþægingarinnar (sjá Alma 7:11–13).
- Vitnið um að aðeins Guð getur gert kraftaverk andlegrar lækningar (sjá Sálm 147:3).
- Útskýrið að gjöf lækningar nær til bæði líkama og anda.

Grundvallarskref sem hjálpa fólk að læknast tilfinningalega fela í sér:



© 2000 Simon Dewey. Óheimilt að einfá.

- Skilgreining og viðurkenning á vandanum. Það krefst vandaðrar og heiðarlegrar sjálfsskoðunar.
  - Viðurkenning á að hegðunin sé skaðleg. Hún hefur áhrif á aðra og breytinga er þörf.
  - Vera auðmjúk og hryggjast.
  - Leita eftir fyrirgefningu frá öðrum sem skaðast hafa, og læra að fyrirgefa sjálfum sér.
  - Stöðva fíknithafnir og byrja að framkvæma heilbrigða hluti.
  - Haldast trúfost – halda skírnarsáttmála, leggja fram þjónustu, biðjast fyrir um hjálp frá heilögum anda, og sýna þrá eftir að halda boðorð Guðs.
  - Skilja að Drottinn mun alltaf elска börn sín – jafnvel þegar þau gera mistök og láta undan gömlum þrám. Iðrun og leið til lækningar er alltaf tiltæk.

## Áætlun til að sigrast á fíkniframkomu

Trúarnemar og nýir og lítt virkir meðlimir kunna að spyrja hvað þeir geti gert til að sigrast á fíkn. Peir treysta á hæfileika ykkar til að veita leiðbeiningu og stuðning. Eftirfarandi tillögur gætu gert gagn:

- Fáið þá til að tilgreina tíma, staði, og fólk sem á þátt í framkomunni. Ræðið síðan listann við maka, biskup, deildartrúboða, eða annan vin sem nýtur trausts. Talið um hvað þeir þurfi að gera til að breyta eða forðast atriðin á listanum.
  - Fáið þá til að skrá niður hvað hegðunin kostar þá núna, og ef ekki er úr bætt, hverju hún mun láta þá missa af í framtíðinni.
  - Fáið þá til að skrá niður miðmunandi hluti sem þeir gætu gert til að draga úr óviðeigandi hegðun. Þetta getur falið í sér að tala við maka sinn, hitta biskupinn eða vin til stuðnings, líkamsæfingar, eða einhverja aðra athöfn sem auðveldar þeim að forðast freustingar.
  - Hvetjið þá til að biðja reglulega, nema í ritningunum, hlusta á upplífgandi tónlist, og lesa heilnæmar bækur.
  - Hvetjið þá til að leita eftir prestdæmiblessun.
  - Hvetjið þá til að halda áfram að vera virkir í kirkjunni, sem er hér til að hjálpa þeim að sigrast á vandamálum sínum og þroskast nær Drottni.
  - Hvetjið þá til að sækja viðeigandi stuðningshóp eða fá faglega hjálp. Sums staðar er hjálp fáanleg hjá LDS Family Services (Fjölskyldubjónustu SDH).
  - Hvetjið þá til að gefast aldrei upp! Drottinn mun hjálpa þeim, þótt það kunni að taka nokkurn tíma.



Virkir Síðari daga heilagir geta best hjálpað nýjum kirkjuþegnum að vera virkir með því að vera vinir þeirra. Kirkjuþegnar ættu að mæta trúarnemum og nýjum meðlimum með hlýju, jákvæðu viðhorfi. Trúarnemar og nýir trúskiptingar munu taka því vel þegar

Athugasemdir

## Athugasemdir

þeim er tekið með brosi, þeir spurðir í einlægni hvernig þeim vegni, þegar aðrir setjast hjá þeim á samkomum, og þegar þeim er boðið heim í mat eða á fjölskyldukvöld.

Par sem líklegt er að einhverjir hverfi aftur að fíkn, ættu prestdæmisleiðtigar og kirkjuþegnar ekki að láta það verða sér áfall þótt trúarnemi eða nýr meðlimur kunni að vera að berjast við slík vandamál. Þeir ættu að sýna traust á einstaklingnum og dæma ekki þótt viðkomandi láti undan gömlum ávana. Þeir ættu að líta á það sem tímabundna og skiljanlega afturför. Að dæma trúarnemann eða trúskiptinginn vegna fíknarinnar gerir aldrei gagn og mun að líkindum leiða til vonbrigða, mistaka og óvirkni. Nýr trúskiptingur sem skyndilega hættir að mæta í kirkju kann að hafa látið undan gamalli fíkn og finnst hann óverðugur og vonsvikinn. Heimsókn þegar í stað sem veitir hvatningu og stuðning getur hjálpað honum að sigrast á vandanum. Kirkjuþegnar eiga að sýna í orði og verki að þeir meðtaka trúskiptingana (sjá 3 Ne 18:32).

Að haldast virkur í kirkjunni og lifa í trúfesti er það allra mikilvægasta sem nokkur einstaklingur getur gert til að sigrast á fíknivanda.

**Verkefni: Sjálfsnám**

Hugsið um einhverja venju sem þið hafið – eitthvað sem þið gerið oft, í hugsunarleysi, eins og að láta smella í liðamótunum, hreyfa til gleraugun, borða of mikið, eða sofa frameftir. Reynið nú að láta einn dag líða án þess að gera þetta. Þegar það tekst, reynið þá að halda út heila viku án þess að gera það. Ræðið reynslu ykkar við félaga ykkar. Reynið síðan að ímynda ykkur hversu miklu erfðara það er fyrir trúarnemann að sigrast á fíkn eins og notkun tóbaks eða alkóhóls.

**Skiljið eitthvað eftir**

Við lok hverrar kennsluheimsóknar, látið þá trúarnemanum eitthvað í té til að lesa og ígrunda til undirbúnings næstu heimsóknar. Þið getið sett þeim fyrir kafla í Mormónsbók. Þið getið fengið þeim bækling varðandi það sem hefur verið kennt eða sem þið munuð kenna í næstu heimsókn, eða það getur verið annað lesefni eða myndband. Ef þeim hafa aðgang að alnetinu, hvetjið þá til að fara á [www.mormon.org](http://www.mormon.org). Alltaf ætti að fá þeim eitthvað til að hugsa um, ígrunda og biðja útaf. Þetta getur svo orðið upphafsumræðuefní næst þegar þið hittist.

**Verkefni: Sameiginlegt nám**

Farið yfir hvaða efni þið hafið tiltækt til að skilja eftir hjá trúarnemum, þar með talið bæklinga og myndbandsefni. Þarfnið þið annars efnis til að deila með trúarnemum ykkar? Gerið lista í skipulagsrit ykkar yfir hluti sem þið þurfið að panta.

Hugsið um trúarnemana sem þið áætlið að kenna í þessari viku. Hvaða kaflar í Mormónsbók verða þeim gagnlegastir? Hvaða önnur atriði kæmu þeim að gagni? Skráið Athugasemdir/Framkvæmdalisti í skipulagsriti ykkar hvað þið ætlið að láta hvern trúarnema fá og hvað þið munuð gera til að fylgja því eftir í næstu heimsókn.

**Að kenna endurreist fagnaðarerindið þeim sem hafa ekki kristilegan bakgrunn**

Sumir sem þið kennið trúá ef til vill ekki á himneskan föður og Jesú Krist eða búá að kristilegum hefðum. Margt af því fólki mun samt sem áður eiga sér trú, siðvenjur, og

staði sem eru þeim heilagir. Sem þjónar Guðs er mikilvægt að þið berið viðeigandi virðingu fyrir trúarskoðunum þeirra og siðvenjum. Gerið ekkert sem líta má á sem vanvirðingu á því sem þeim er miklivægt.

Þið kunnið að velta fyrir ykkur hvernig þið eigið að aðlaga kennsluhætti ykkar að þessu fólk. Það mun vera gagnlegt að minnast þess að til þess að umsnúast verða öll börn Guðs, hver sem bakgrunnur þeirra er, að þróa trú á Jesú Krist, iðrast, taka á móti helgiathöfn skírnar og staðfestingar, og standast allt til enda við að halda boðorðin og veita þjónustu. Reglurnar sem hjálpa öðrum að byggja upp trú á Jesú Krist eru þær sömu hver sem menningin er.

Þið getið hjálpað fólkí að eignast réttan skilning á Guði sem föður okkar og þróa trú á Jesú Krist með því að hjálpa þeim að öðlast persónulega trúarreynslu fremur en með því einfaldlega að segja þeim frá eðli Guðs. Til dæmis munduð þið hjálpa fólkí að öðlast þann skilning þegar þau:

- Fá trúarsannfæringu um að Guð faðirinn og sonur hans, Jesús Kristur birtust spámanninum Joseph Smith.
  - Heyra einlæga kennslu ykkar og vitnisburð um fagnaðarerindið, þar á meðal hvers vegna þið kusuð að fylgja Jesú Kristi.
  - Heyra ykkur og aðra kirkjuþegna oft tala við himneskan föður í einfaldri, hjartnæmri bæn.
  - Heyra ykkur bera kraftmikinn vitnisburð.
  - Biðja með ykkur og einir sér.
  - Komast að því hvað ykkur finnst um ritningarnar þegar þið lesið úr þeim og ræðið þær.
  - Lesa orð Guðs í ritningunum daglega (sérstaklega Mormónsbók).
  - Koma í kirkju og sjá hvernig við tilbiðjum Drottin.
  - Hitta kirkjuþegna sem geta útskýrt hvernig þeir tóku að trúá á himneskan föður og Jesú Krist.
  - Halda boðorðin.

Þessar athafnir eru gagnlegar öllu fólk sem þið kennið, en þær eru nauðsynlegar þegar þeim er kennt sem ekki hafa kristilegan bakgrunn vegna þess að ólíklegra er að það fólk hafi öðlast þessa reynslu áður.

Margir trúskiptingar sem ekki höfðu kristilegan bakgrunn greina frá því að þeir hafi ekki skilið mikil af því sem trúboðarnir sögðu en þeir hafi fundið fyrir andanum og viljað gera það sem trúboðarnir báðu þá um að gera. Þið verðið að gera allt sem þið getið til að hjálpa trúarnemum að skilja kenningar fagnaðarerindisins. Verið þolinmóðir og veitið stuðning, þar sem það getur tekið nokkurn tíma fyrir fólk að læra að þekkja eigin tilfinningar og láta þær í ljós. Þið kunnið að þurfa að breyta hraða ykkar og kennslu til að hjálpa þeim til skilnings. Þegar þið búið ykkur undir að kenna þeim sem ekki hafa kristilegan bakgrunn, geta eftirfarandi tillögur komið að gagni:

- Undirbúið einföld yfirlit og upprifjun fyrir hverja lexíu.
  - Biðjið þá að segja ykkur hvað þeir skilja og hver reynsla þeirra er.
  - Takið ykkur tíma til að skilgreina mikilvæg orð og reglur. Ekki er víst að þeir sem þið kennið þekki mörg þeirra orða sem þið notið í kennslunni.
  - Hverfið aftur að nýkenndri lexíu til að kenna kenningarnar enn betur. Þetta getur þurft að gera hvenær sem er á kennsluferlinum.

Athugasemdir

## Athugasemdir

**Dæmi úr ritningunum**

Ritningarnar greina frá trúboðum sem kenndu þeim sem trúðu ekki á Guð eða misskildu hið sanna eðli hans. Nemið ritningarnar hér að neðan, og útskýrið síðan fyrir félaga ykkar eða skráið í námsdagbók ykkar hvernig þessir trúboðar hjálpuðu fólk að öðlast vitnisburð um að Guð er til.

- Alma og Amúlek (Alma 9–12; 15)
- Ammon og Aron (Alma 17–22)
- Alma (Alma 30)
- Alma og aðrir (Alma 31–35)
- Páll (Post 17:16–34)

**Verkefni: Sameiginlegt nám**

Sé það mögulegt, finnið trúskipting sem ekki átti kristilegan bakgrunn áður en hann hitti trúboðana. Komið á fundi með honum eða henni, og spyrijð um reynslu hans eða hennar varðandi trúskiptin. Þið getið til dæmis spurt hvað fékk persónuna til að trúá á Guð, fyrsta skiptið sem hann eða hún baðst fyrir, fyrsta skiptið sem hann eða hún fann bænarsvar, hlutverk ritninganna í viðsnúningi hans eða hennar, og hvernig það var að mæta á sunnudagssamkomur. Skráið það sem þið lærið í námsdagbók ykkar.

**Mikilvægt að hafa í huga**

- Þegar fólk er kennt endurreist fagnaðarerindið og það lifir eftir því, er þörfum þeirra fullnægt.
- Skipuleggið og nemið dag hvern með félaga ykkar til að vera sameinaðir og kenna einni röddu.
- Deilið vitnisburði ykkar oft.
- Ritningarnar, sérstaklega Mormónsbók, eru grundvallaruppsprettu kennslu ykkar.
- Biðjið um gjöf dómgreindar til að vita hvenær nota skal þær aðferðir sem lýst var í þessum kafla.

## Hugmyndir að námi og hagnýtingu þess

## Sjálfsnám

- Gerið ráð fyrir að þið lendið í eftirfarandi aðstöðu. Hvernig gætuð þið notað reglur og aðferðir í þessum kafla til að hjálpa því fólk til framfara? Skipuleggið hvernig þið munduð beita þeim í hverju tilviki.
    - Þið eruð á gangi í garði, og sjáð þá konu og lítinn dreng sitja alein á bekk. Konan er grátandi.
    - Þið komið á heimili trúarnema sem hafa verið að búa sig undir skírn og þeir segja ykkur að þeir vilji ekki lengur hitta ykkur.
    - Þið eruð í sjöunda sinn að hitta trúarnema sem hefur fengið kennslu nokkurra trúboða á tveggja ára tímabili. Litlar eða engar framfarir eru sýnilegar.
    - Þið eruð að kenna fjölskyldu kirkjubegns, og þau segja: „Við höfum þegar beðið alla sem við þekkjam að hitta trúboðana, og þau hafa öll neitað.“
  - Veljið eina af trúboðslexiunum. Finnið eina eða tvær ritningargreinar varðandi hverja meginreglu. Æfið kennslu úr þessum ritningargreinum eins og lýst er í „Notið ritningarnar“ hluta þessa kafla.
  - Á nokkurra vikna tímabili, farið yfir kenningu frelsarans í guðspjöllunum (Matteusi, Markúsi, Lúkasi, Jóhannesi) og 3. Nefi. Gerið lista í námsdagbók ykkar yfir spurningar sem hann spurði. Berið þessar spurningar saman við dæmigerðar spurningar ykkar.
  - Lesið frásögnina um Ammon og Lamoni konungi í Alma 18 og frásögnina um Aron í Alma 22:4–18. Þegar þið lesið áttid ykkur á hvernig Ammon og Aron:
    - Fylgdu andanum og kenndu með kærleika.
    - Hófu að kenna.
    - Aðlöguðu kennslu sína eftir þörfum.
    - Fluttu vitnisburð.
    - Notuðu ritningarnar.
    - Spurðu spurninga, hlustuðu, og leystu vandamál.
    - Hvöttu þá sem þeir kenndu til að skuldbinda sig.
  - Ígrundið eftirfarandi yfirlýsingar Harolds B. Lee forseta varðandi kennslu og skilning. Metið hversu skýrt þið kennið kenningar fagnaðarerindisins. Skráið niðurstöður ykkar í námsdagbækur ykkar.

„Mogið þið halda ykkur við samhengi ritninganna og einfalda það með skiljanlegum hætti“ (*The Teachings of Harold B. Lee*, Clyde J. Williams valdi [1996], 444).

„Miglo pio halda ykkur vio samhengi ritninganna og eintalda þao meo skiljanlegum hætti“ (*The Teachings of Harold B. Lee, Clyde J. Williams valdi* [1996], 444).

„Nú eruð þið sem kennar ekki sendir út til að kenna nýja kenningu. Þið eigið að kenna gamlar kenningar, ekki á svo einfaldan hátt að þeir geti aðeins skilið þær, heldur verðið þið að kenna kenningar Krists svo skýrt að enginn geti misskilið“ (*The Teachings of Harold B. Lee*, 458).

## Sameiginlegt nám

- Farið yfir kennsluáætlun frá nýlegri lexíu sem þið hafið kennt. Ritið eina spurningu fyrir hverja meiriháttar reglu sem fjallað er um í áætlun ykkar. Farið síðan yfir spurningar ykkar til að sjá hvort þær eru í samræmi við það sem kennt er í þessum kafla. Næst skuluð þið svara hverri spurningu eins og þið væruð trúarnemar. Endurskoðið spurningar ykkar eftir þörfum. Deilið spurningum ykkarméð félaganum. Metið síðan spurningarnar í sameiningu.

Athugasemdir

## Athugasemdir

Hugleiðið þarfir trúarnema sem þið eruð að kenna. Ræðið hvernig hann eða hún kann að svara spurningum ykkar. Ræðið einnig hvernig þessar spurningar kunna að bjóða heim andanum og hjálpa trúarnemanum að læra fagnaðarerindið.


- Hugsið um hvern nýjan trúarnema ykkar. Ræðið hvað þið getið gert til að hjálpa honum að verða trúarnemi í framför. Ritið hugmyndir ykkar í námsdagbókina og gerið áætlanir í skipulagsrit ykkar.

### Umdæmisfundir og svæðisráðstefnur

- Bjóðið kirkjubegnum eða núverandi trúarnemum á fund ykkar. Útskýrið fyrir hópnum að þið viljið auka hæfileika trúboðanna til að deila sínum mikilvæga boðskap. Veljið lexíu og tiltekna hæfni. Látið trúboðana kenna kirkjubegnunum eða trúarnemum lexíurnar sem þið völduð í 20 mínútur, með einbeitingu á þá hæfni sem þið skilgreinduð. Látið þá skipta um eftir 20 mínútur. Eftir að trúboðarnir hafa fengið tækifæri til að kenna, komið þá hópnum saman og látið kirkjubegnana og trúarnemana segja trúboðunum hvað var áhrifaríkast og benda á eina leið sem þeir gætu bætt sig.
- Sýnið myndbandsdæmi um kennslu trúboða eða samband þeirra við fólk. Veljið aðferð og ræðið sem hópur hversu vel trúboðarnir á myndbandinu beittu reglunum varðandi þá hæfni.
- Veljið hæfni eða mikilvægan þátt í hæfni, og finnið kenningu eða ritningargreinar sem styðja þá hæfni. Kennið trúboðunum kenningarlegan grundvöll þeirrar hæfni.

### Trúboðsforseti

- Sláist stundum í för með trúboðunum þegar þeir kenna. Skipuleggi með þeim hvernig hann geti tekið þátt í kennslunni.
- Hvetji prestdæmisleiðtoga til að slást í för með trúboðum í kennsluheimsóknum þeirra og gera grein fyrir árangrinum
- Sýni með dæmum árangursríka notkun ritninganna, spurninga, og hlustunar þegar trúboðum er kennt á svæðisráðstefnum eða í viðtölum.



# Hvernig hjálpa ég fólki að skuldbinda sig og halda skuldbindingar?

## Til hugleiðingar

- Hvers vegna ber mér að bjóða fólk að skuldbinda sig?
  - Hvernig tengjast skuldbindingar og trúarumbreyting?
  - Hvernig get ég boríð vitni í auðmýkt?
  - Hvaða blessunum get ég lofað?
  - Hvers vegna er mikilvægt fyrir mig að fylgja því eftir þegar fólk hefur skuldbundið sig?

## Skuldbindingarboð

Þú þráir sáluhjálp til handa öðrum sem trúboði (sjá Mósía 28:3). Þér er ljóst að fólk getur aðeins komið til Krists og frelsast samkvæmt skilyrðum iðrunar (sjá K&S 18:10-16). Ein leið til að þrá þín nái fram að ganga er að hrópa iðrun (sjá Alma 5:49; K&S 15:6; 16:6) og bjóða fólkni af ákveðni að iðka trú til iðrunar, að láta skírast af vatni og anda og vera trúfast allt til enda (sjá 3 Ne 27:16-20; Morm 7:10).

Skuldbinding er nauðsynlegur þáttur iðrunar. Í henni felst loforð þess er hana tekur á sig um að gera eithvæð ákveðið og ljúka því af kostgæfni. Þegar fólk hefur skuldbundið sig af fullri alvöru, er ásetningur þess einlægur, og það ætlar örugglega að gera það sem í skuldbindingunni felst. Það tekur í einlægni óhaganlega ákvörðun um að breyta eigin lífierni. Það helgar sig Kristi og fagnaðarerindi hans. Haldi það skuldbindingar sínar, er það merki um að það „sannlega [sýni] með verkum sínum, að [það hefur] meðtekið anda

© 2002 Del Parson. Óheimilt að afrita.

## Athugasemdir

Krists til fyrirgefningar synda sinna" (K&S 20:37). Þegar þú biður fólk að skuldbinda sig í kennslunni, er það boð um iðrun.

Ein besta leiðin til að hjálpa fólk að skuldbinda sig og halda skuldbindingar, er að setja fram skuldbindingarboð. Nauðsynlegt er að setja fram skuldbindingarboð og fylgja skuldbindingum eftir vegna þess að:

- Fólk upplifir trúarumbreytingu þegar það lifir samkvæmt reglunum sem það lærir (sjá Jóh 7:17) og skynjar að andinn staðfestir fyrir því að slík breytni sé þóknanleg himneskum föður.
- Iðrun og umbreyting gerir fólk kleift að sigrast á erfiðleikum, losna undan smán og sekt og upplifa frið og gleði sem er samfara fyrirgefningu Guðs.
- Þegar fólk heldur skuldbindingar býr það sig undir að halda helga sáttmála.



© 2001 Simon Dewey. Óheimilt að úrlita.

Þú getur sýnt elsku þína til fólks og sannfæringu þína um fyrirheit Guðs með því að fylgja eftir til að hjálpa því að iðrast og halda skuldbindingar sínar.

Skuldbindingarnar sem tilskildar eru fyrir skírn eru upptaldar í fyrstu fjórum lexíunum. Skuldbindingarnar sem bundnar eru andlegrir framþróun að lokinni skírn og staðfestingu eru upptaldar í lexíu 5. Vertu stöðugt með í huga þá þörf að bjóða fólk að gera það sem styrkir trú þess á Krist. Hafðu eftirtaldar reglur í huga:

- Öll tækifæri sem gefast til að finna fólk – með meðlimum, tilvísunum eða fyrir eigin tilverknað – ætti að nýta til að bjóða fólk að hlýða á lexíur, yfirleitt til að læra meira um boðskap endurreisnarinnar.
- Sjaldan eða aldrei ættir þú að ræða við fólk eða kenna því án þess að bjóða því að gera eitthvað sem styrkir trú þess á Krist.
- Leggðu áherslu á eina skuldbindingu eða fleiri þegar þú kennir. Ef þú býður fólk ekki að skuldbinda sig, ertu ekki að biðja það að iðrast og koma til Krists.
- Þegar þú í sameiginlegu námi býrð þig undir að kenna lexíu, skaltu hugleiða stöðu og þarfir hvers trúarnema og hafa eina skuldbindingu eða fleiri með í kennsluáætlun þinni.
- Þú kannt að fá innblástur um að setja fram fleiri skuldbindingar en þær sem eru í áætluninni meðan á kennslu stendur. Bjóddu fólk alltaf að iðrast.
- Sýndu ákveðni og sjálfsöryggi þegar þú býður fólk að skuldbinda sig (sjá Alma 38:12). Ákveðni sýnir að þú hefur trú á að hlýðni við boðorð Drottins veiti blessanir.
- Fólk mun að öllum líkindum ekki taka breytingum, ef ekki er farið fram á það við það.

## Ritningarnám

**Hvers vegna er mikilvægt að bjóða fólk?**

Alma 5:62

Moró 7:13

**Hvers vegna eru skuldbindingar mikilvægar?**

2 Ne 31

Alma 32:27

K&amp;S 20:37

Mósia 2:41

K&amp;S 14:7

Jóh 7:17

Alma 7:14–16

## Hafðu spurningar beinskeyttar

Skuldbindingarboð eru oft sett fram með því að segja beint „vilt þú,” sem verður að svara annaðhvort *játandi* eða *neitandi*. Skuldbindingarboð ættu að vera nákvæm og beinskeytt. Pau eru leiðandi fyrir fólk til ákvörðunar um sérstaka breytni. Pau útheimta að fólk skuldbindi sig og sé virkt í trú á þær reglur sem þú hefur kennt því.

Eftirfarandi eru nokkur dæmi um gagnleg skuldbindingarboð, með loforði og vitnisburði:

- Vilt þú lesa [3. Nefí 11, Moróní 10:3-5, þennan bækling] fyrir heimsókn okkar á morgun kl. 21:00? Ég veit að með því að gera svo ... Ég ber vitni um að Mormónsbók er ...
  - Vilt þú biðjast fyrir og spyrja Guð hvort Joseph Smith hafi verið spámaður? Ég veit að þegar þú biðst fyrir mun Guð ... Ég veit að Joesph Smith var spámaður ...
  - Vilt þú koma í kirkju með okkur næsta sunnudag kl. 9:00? Ef þú gerir það, muntu ... Ég veit að kirkja Krists hefur verið endurreist ...
  - Vilt þú byrja núna að lifa eftir skírlífislögmálinu, eins og við höfum útskýrt það? Að lifa eftir lögmáli þessu, mun ... Sem þjónn Drottins ber ég vitni um að ef menn eru skírlífir ...
  - Vilt þú bjóða [nafn] fyrir föstudag að hitta okkur og byrja að læra um fagnaðarerindið? Andinn mun hjálpa þér ... Ef þú miðlar fagnaðarerindinu mun það blessa þig ...
  - Megum við heimsækja þig og segja þér meira frá því hvernig Guð kallar spámann á okkar tíma, eins og hann gerði til forna? Þú munt öðlast lífsstefnu, aukinn tilgang í lífinu og frið, er þú öðlast skilning á ... Ég ber vitni um að Guð hefur enn á ný kallað ...

## Verkefni: Sjálfsnám eða sameiginlegt nám

Skrifauð í námsdagbókina beinskeytt og skýrt og skorinort skuldbindingarboð fyrir hverja skuldbindingu í lexíu. Ef þú hefur gert þetta áður, skaltu endurtaka það og skoða hið nýja skuldbindingarboð í ljósi þess sem þú áður gerðir. Veltu fyrir þér hvort þú hefur tekið framförum við að setja fram slikt boð.

Skoðaðu með félaga þínum skuldbindingarboðið sem þú skrifaðir. Ræddu eftirtaldar spurningar fyrir hvert skuldbindingarboð:

- Útskýri ég loforð Drottins þegar ég set fram skuldbindingarboð? Ef nei, þá hvers vegna?
  - Forðast ég að setja fram þetta ákveðna skuldbindingarboð? Ef já, þá hvers vegna?
  - Finnst mér vandræðalegt að setja fram þetta ákveðna skuldbindingarboð? Hvernig get ég bætt mig?
  - Hversu mikilvægt er þetta skuldbindingarboð fyrir mig persónulega?
  - Hversu oft man ég eftir að fylgja eftir þeim skuldbindingarboðum sem ég hef sett fram? Hvernig get ég bætt mig?

Hugsáðu um einhverja trúarnema eða lítt virka meðlimi sem bú þekkir og æfðu þig í að setja fram skuldbindingarboðin. eins og bú værir að ræða við bá siálfra.

Lagaðu skuldbindingarboðin að kennsluáætlun þinni, eins og nauðsyn krefst. Settu ákveðin markmið fyrir daginn eða vikuna til að auðvelda bér að setja fram skuldbindingarboð.

Athugasemdir

## Lofaðu fólkí blessunum

Fólk þarf tilefni til að breyta hugsun og hegðun. Loforð um blessanir eru oft öflug hvatning til að hlýða Guði. Þegar Drottinn gefur boðorð, setur hann oft fram loforð bundið því að boðorðið sé haldið (sjá K&S 130:20–21). Þegar þú býrð fólk undir að hlýða einhverju ákveðnu boðorði, skaltu kenna því að:

- Það sýni elsku til Guðs og sonar hans með því að halda boðorðin.
- Það sýni að það treysti Guði, ef það heldur boðorð hans.
- Í staðinn hljóti það blessanir sem bundar eru loforði hans.

Þegar þú berð vitni um eitthvert boðorð, skaltu ræða um þær blessanir sem þú hefur hlotið fyrir að lifa eftir boðorðinu. Lofaðu fólkini sem þú kennir að það geti hlotið álíka blessanir.

Þegar fólk leggur kapp á að halda eitthvert boðorð, skaltu biðja það að ræða þær blessanir sem himneskur faðir hefur þegar veitt því. Fullvissaðu það um að þrátt fyrir erfiðleika sem upp kunni að koma í lífi þess, mun hann halda áfram að veita því blessanir, ef það beygir sig undir vilja hans.

### Ritningarnám

#### Hvað segir Drottinn um þrá sína til að blesa okkur?

Alma 37:17

K&amp;S 1:37

K&amp;S 76:5–10

#### Verkefni: Sjálfsnám

Lestu Kenningu og sáttmála 82:10 og 130:20–21. Lærðu svo eftirtaldar ritningargreinar. Búðu til tvo dálka í námsdagbókina. Skráðu boðorðin sem þú finnar í hverri ritningargrein í annan dálkinn. Skráðu loforðin sem bundin eru því að boðorðin séu haldir í hinn dálkinn.

K&amp;S 11:21

K&amp;S 89:18–21

K&amp;S 100:5–8

K&amp;S 84:85

K&amp;S 95:8–9

Mal 3:10–12

Skoðaðu skuldbindingarnar sem upp eru taldar í einni trúboðslexíunni. Svaraðu eftirtöldum spurningum fyrir hverja skuldbindingu:

- Hvaða blessunum hefur Drottinn lofað þeim sem halda þessa skuldbindingu?
- Hvernig mun hlýðni við þessa reglu auðvelda fólkí að örðlast trú og vitnisburð?
- Hvernig mun þessi skuldbinding auðvelda fólkí að iðrast og gera það næmara fyrir andanum?

## Gefðu oft vitnisburð

Vitnisburður er andleg fullvissa og sannfæring sem heilagur andi veitir. Þegar vitnisburður er gefinn er um að ræða skýra og skorinorða trúaryfirlýsing -skynjun, fullvissu og sannfæringu um sannleika fagnaðarerindisins. Að gefa vitnisburð sinn er ein öflugasta leiðin til að laða að andann og gera örðrum kleift að skynja andann. Það undirstrikar enn frekar sannleiksgildi þess sem þú hefur kennt í ritningunum. Dugmikill trúboði kennir örðrum, vitnar fyrir þeim og

*„Vitnisburður er þess eðlis að gefi menn hann fúslega fá þeir haldið honum, en gefi þeir hann ekki sakir eicingirni, glata þeir honum. ... Kennið og vitnið, ekkert helst betur í hendur“.*

– ÖLDUNGUR THOMAS S. MONSON  
PATHWAYS TO PERFECTION [1973], 100–101

Athugasemdir

býður þeim að gera það sem eflir trú á Jesú Krist. Í því felst að gefa loforð sem bundin eru sönum og lífgefandi reglum. Trúboði getur til að mynda sagt: „Ég veit að haldir þú hvíldardaginn heilagan, muntu skynja aukinn innri frið.“

Vitnisburður þinn verður að vera einlægur, ef sannfæringarkraftur á að fylgja honum. Kraftmikill vitnisburður er hvorki háður mælsku eða raddstyrk, heldur innri sannfæringarkrafti. Leggðu daglega kapp á að auka skilning þinn og sannfæringu um þær kenningar og reglur sem þú kennir. Gefðu vitnisburð þinn oft til að staðfesta sannleika þeirra kenninga eða reglna sem þú kennir. Kenndu eins oft og kostur er, berðu svo vitni og berðu vitni í kennslunni.

Þú getur gefið vitnisburð þinn með einföldum orðum, eins og „ég veit að Jesús Kristur lifir“ eða „ég hef sjálfur komist að því að Mormónsbók er sönn.“ Þú getur einnig greint stuttlega frá reynslu um hvernig þú öðlaðist slíka þekkingu. Gefðu vitnisburð nokkrum sínum er þú kennir hverja lexíu, ekki aðeins í kennslulok. Berðu því vitni að það sem félagi þinn kennir sé frá Guði. Berðu því vitni að reglurnar sem þú hyggst kenna muni verða trúarnemum til að blessunar, ef þeir tileinki sér þær. Ræddu á hvaða hátt það hefur bessað þig að lifa eftir ákveðinni reglu.

Stundum kann fólk að rengja það sem þú kennir, en erfitt er að rengja einlægan og hjartnæman vitnisburð. Þegar þú berð vitni, skaltu biðjast fyrir um að þeir sem þú kennir fái skynjað staðfestingu heilags anda. Þegar þú berð vitni um sannleikann, skaltu reyna að skapa trúarnemum slíkar aðstæður að þeir fái skynjað staðfestingu heilags anda um þann sannleika. Það býr þá undir að taka á móti þeim skuldbindingum sem þú setur fram.

Brigham Young var ekki skírður í Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögum á fyrsta námsári sínu um hið endurreista fagnaðarerindi. Hann sagði þetta um eigin trúarumbreytingu: „Ef Mormónsbók hefði verið kennd mér af allri hæfni, visku og háttvísni heimsins, og sannleikur hennar hefði verið settur fram af hinni bestu veraldlegu mælskusnilli, og reynt hefði verið að sannreyna hana fyrir mér af lærdómi og visku heimsins, væri það í mínum huga sem gufa ein, er hverfur út í loftið tómt. En sæi ég mann, er ekki hefði uppi málskrúð eða leiktilburði, tala frammi fyrir almenningi, sem aðeins segði: „Ég veit að Mormónsbók er sönn fyrir kraft heilags anda og að Joseph Smith er spámaður Drottins,“ myndi heilagur andi nota þann einstakling til að varpa ljósi á skilning minn og ljós, dýrð og ódauðleiki yrðu mér afhjúpuð. Allt þetta umlukti mig og fyllti og sjálfur vissi ég að vitnisburður þess manns var sannur“ (í *Journal of Discourses*, 1:90).



### Verkefni: Sjálfsnám

Eftirfarandi er dæmi um að gefa vitnisburð. Lestu allar spurningarnar og ritningargreinarnar. Skráðu svörin í námsdagbók þína.

- Um hvað bera postular og spámann vitni samkvæmt þessum ritningargreinum?
- Hversu mikla trú hafa þeir á orðum sínum? Hvernig getur þú vitað að þeir eiga fullvissu um sannleikann?

## Athugasemdir

- Hvað felst í orðum þínum er þú segir: „Ég veit að \_\_\_\_\_ er sannleikur?“ Hvernig getur þú orðað sannfæringu þína öðruvísí til annarra?

Jakob 7:7–12

K&amp;S 76:22–24

Post 2:14–38

Alma 5:45–48

Jóh 3:3–11

Post 10:34–44

Alma 34:1, 8

## Ritningarnám

**Hvaða reglur og loforð tengjast því að gefa vitnisburð?**

2 Ne 33:1

K&amp;S 84:61

Jóh 15:26

K&amp;S 62:3

K&amp;S 100:5–8

**Eftirfylgni**

Skuldbindingarboð sem sett er fram án þess að því sé fylgt er líkt og ólokið ferðalag eða líkt og að kaupa aðgöngumiða á tónleika og fara svo ekki á þá. Sé verkið ekki fullunnið, verður skuldbindingin máttvana.

Breytingar geta verið erfiðar. Hlutverk þitt er að styrkja fólk í þeirri viðleitni að taka breytingum. Þú ættir að gera allt sem í þínu valdi stendur til að auðvelda fólk að halda skuldbindingar sínar.

Einlæg iðrun kemur gleggst fram í réttlætisverkum yfir ákveðið tímabil, einkum við að halda boðorð eins og skírlífslögþálfanum, Vísdómsorðið og tíundarlögþálfanum. Sýndu skilning þegar þú og deildarleiðtoga hjálpa fólk að halda skuldbindingar. Sýndu þolinmæði og þrautseigju. Þú hefur ekki lokið hlutverki þínu fyrr en fólk hagar lífi sínu í samhljóum við skuldbindingar sínar, eða með öðrum orðum, þar til það hefur iðrast (sjá 3 Ne 18:32). Stundum er nauðsynlegt að þú heimsækir fólk nokkrum sínum til að hjálpa því að þróa nægilega sterka trú á reglu sem leiðir til iðrunar.

Eftirfylgni hefst í fyrstu heimsókn og kennslu:

- Fáðu fólk til að skrifa skuldbindinguna á eitthvað sem þú skilur eftir hjá því, til að mynda í bækling eða á spjald með nafni þínu og símanúmeri.
- Gakktu örugglega úr skugga um að fólk sé ljóst að þú komir daglega í stuttar heimsóknir milli þess að kennsla fer fram. Útskýrðu að tilgangur þinn sé að veita hjálp og stuðning. Gerðu því grein fyrir hvað þú hyggst gera í þessum heimsóknum.
- Skrifaðu athugasemdir í skipulagsritið þitt í Athugasemdir/framkvæmdalisti til að fylgja eftir næsta dag öllum skuldbindingarboðum sem þú hefur sett fram.

Hafðu oft samband, dag hvern ef mögulegt er, til að gera þér grein fyrir hvernig fólk tekst á við skuldbindingar sínar, til að svara spurningum, kenna frekari lexíur, hafa sameiginlegan lestur í Mormónsbók, miðla ritningargreinum eða sýna myndbönd. Tíðar heimsóknir til fólk verða til að styrkja þá andlegu skynjun sem það upplifði er þú kenndir því boðskapinn um endurreisin fagnaðarerindis Jesú Krists. Slík viðvarandi áhrif andans eru nauðsynleg. Stundum kannt þú að þurfa að hringja í trúarnema til hvatningar og áminningar um að halda skuldbindingar sínar.

Hjálpaðu trúarnemum að greina þær blessanir sem þeir hafa öðlast við að halda skuldbindingar sínar. Hjálpaðu þeim einkum að átta sig á eigin upplifun er andinn hefur vitnað um sannleiksgildi boðskaparins.

Hrósaðu fólk sem gengur vel að halda skuldbindingar sínar og veittu því hvatningu. Trúarnemar eru að vinna að breytingum í eigin lífi. Þeir þurfa að læra heilmargt. Hrósaðu þeim oft og einlæglega. Láttu þakklæti í ljós fyrir framfarir sem þeir hafa tekið og fullvissaðu þá um árangur. Veittu þeim alltaf hvatningu þegar bú ert hjá þeim.

Sýndu kvíða og áhyggjur hafi fólk ekki staðið við skuldbindingar sínar og því ekki getað upplifað blessanirnar.

## Verkefni: Sjálfsnám eða sameiginlegt nám

Skrifaðu í daglega skipulagasritið áætlanir þínar um að hafa samband við alla trúarnema. Ráðgerðu með nokkurra daga fyrirvara hvað bú hyggst gera til að fylgja eftir hjá trúarnenum.

Veldu eitt skuldbindingarboð sem þú hyggst setja fram þegar þú kennir lexíur. Skilgreindu síðan margskonar vanda sem gæti komið í veg fyrir að einhver þeirra taki á sig eða haldi þá skuldbindingu. Ræddu og sýndu í verki á hvaða hátt þú getur best hjálpað fólkí í viðleitni bess til að greiða úr vandanum.

## Mikilvægt að hafa í huga

- Einbeittu þér að því að bjóða fólkí að taka á sig skuldbindingar alltaf þegar þú finnur fólk eða kennir því, bæði kirkjumeðlimum og þeim sem eru utan kirkju.
  - Settu fram skuldbindingarboð til að gera fólkí kleift að upplifa trúarumbreytingu.
  - Lofaðu blessunum.
  - Gefðu vitnisburð.
  - Fylgdu eftir til að auðvelda fólkí að halda skuldbindingar.

## Hugmyndir að námi og hagnýtingu þess

### Sjálfsnám

- Veldu skuldbindingu annaðhvort í lexíu 4 eða 5. Hugleiddu blesanirnar sem þú hefur hlotið af því að halda þá skuldbindingu og skráðu þær í dagbókina þína.
- Skrifaðu bréf til fjölskyldu þinnar og spurðu hvernig hún hefur verið blesuð fyrir að halda ákveðna skuldbindingu (t.d. tiundarlögðmálið).
- Lýstu í rituðu máli hvað þér finnst um að setja fram skuldbindingarboð. Sýnir þú hugdirfsku eða óframfærni? Ertu viss um að fólk hljóti blesanir eða vakna efasemdir? Sýnir þú einlægni, þolinmæði og hjálpssemi í daglegum samskiptum við trúarnema? Er folki ljóst að þér er annt um það? Hvernig geturðu lagfært þá vankanta sem þér eru ljósir er þú setur fram skuldbindingarboð?
- Skoðaðu kennsluáætlun fyrir hverja lexíu. Eru þar ákveðnar skuldbindingar? Leiðir kennsluáætlun þín greinilega til skuldbindingarboðs?

### Sameiginlegt nám

- Skráðu í daglega skipulagsritið þitt allt það fólk sem þú hefur haft samband við undanfarna two daga, trúarnema og meðlimi. Skráðu allar þær skuldbindingar sem það tók á sig og öll þau skuldbindingarboð sem þú hefðir getað eða hefðir átt að setja fram. Ræddu hvers vegna þér tókst að fá suma til að skuldbinda sig og hvað stöð í vegi þess að þér tækist að fá aðra til að skuldbinda sig. Hvað hyggst þú gera til að fylgja eftir þessum skuldbindingum?
- Skoðaðu daglega skipulagsritið þitt og skráðu nöfn þeirra trúarnema sem þú hyggst kenna næstu two daga. Hugleiddu hvaða skuldbindingar í lexíum 4 og 5 þú hyggst bjóða þeim að haga lífi sínu samkvæmt. Ræddu hvernig þú hyggst setja fram skuldbindingarboðið og loforð þitt um ákveðnar blesanir sem bundnar eru hlýðni við það.
- Hugleiddu hvort sýna ætti trúarnemum Kennsluskýrslu svo þeir viti hvers vænst er af þeim. Fáðu þeim afrit, ef það er viðeigandi.
- Kannaðu hvort þú hafir skráð undanfarna þrjá daga í Athugasemdir/framkvæmdalisti í skipulagsritinu þínu það sem þú hyggst gera til að fylgja eftir hverju skuldbindingarboði sem þú hefur sett fram.

### Umdæmisfundir og svæðisráðstefnur

- Ræddu áhrifamiklar og skapandi aðferðir við að hafa daglegt samband við trúarnema. Hvað hafa trúboðar gert sem skilað hefur góðum árangri í samstarfi við meðlimi? Hvaða ritefni eða hljóð- og myndefni hefur komið að góðum notum? Hvað er hægt að gera þegar fólk er ekki heima eða of önnum kafið til að taka á móti ykkur?
- Ræddu á hvaða hátt trúboðar hafa með góðum árangri kennt skuldbindingarnar í lexíum 4 og 5.
- Ræddu ákveðinn vanda einhverra núverandi trúarnema þinna. Hver er kjarni vandans? Hvað geta trúboðar gert til að leysa vandann?

### Trúboðsforseti

- Veri endrum og eins með trúboðum í kennslu. Hjálpi þeim að einbeita sér að því að fá fólk til að skuldbinda sig og að halda skuldbindingar.
- Hvetji prestdæmisleiðtoga og meðlimi til virkrar þátttöku í daglegum samskiptum við trúarnema.
- Veri til fyrirmynðar við að setja fram skuldbindingarboð í eigin trúboðsstarfi og með þeim trúboðum er hann bjónar.



# Hvernig bý ég fólk undir skírn og staðfestingu?

## Til hugleiðingar

- Hvað þarf ég að gera til að búa fólk undir skírn og staðfestingu?
  - Hvernig haga ég skírnarviðtali svo það beri góðan árangur?
  - Hvernig á að skipuleggja og stjórna skírnarsamkomu?
  - Hvernig haga ég nánu samstarfi mínu við biskup til að tryggja að trúskiptingar verði staðfestir?
  - Hvrys vegna er mikilvægt að útfylla skírnar- og staðfestingarskýrslur?

## Búa fólk undir skírn og staðfestingu

Takmark kennslu þinnar er að hjálpa öðrum að þróa trú á Jesú Krist og iðrast synda sinna. Mormón kenndi: „Frumgróði iðrunarinnar er skírnin“ (Moró 8:25). Skírnarviðtalið er sá háttur sem kirkjan hefur komið á til að tryggja að hver skírnþegi skilji reglur Drottins varðandi skírn og sé undir það búinn að taka á móti gjöf heilags anda. Í skírnarviðtalinni uppfylla skírnþegar kröfur ritningaránnar um að þeir skuli vitna fyrir réttum fulltrúar kirkjunnar að þeir hafi „sannlega iðrast allra synda sinna“ (K&S 20:37). Skuldbindingarnar sem trúarnemar taka á sig búa þá undir að gera og halda skírnarsáttmálann. Fólk sem heldur þær skuldbindingar sem þú hefur boðið þeim að taka á sig, verður vel undir viðtalið búið, sem og kirkjuáild og kirkjuvirkni.

Pegar þú kennir trúarnemum og býrð þá undir skírn og staðfestingu, gakktu þá úr skugga um að þeir uppfylli skilyrði skírnar.

## Athugasemdir

## Athugasemdir

## Skilyrði skírnar

## Kenning og sáttmálar 20:37:

- Auðmýja sig fyrir Guði.
- Þrá að láta skírast.
- Koma með sundurkramin hjörtu og sáriðrandi anda.
- Iðrast allra synda sinna.
- Fúsir til að taka á sig nafn Krists.
- Ákveðnir í að þjóna Kristi allt til enda.
- Sýna með verkum sínum, að þeir hafa meðtekið anda Kristi til fyrirgefninga synda sinna.

## Æðsta forsætisráðið og Tólfpostulasveitin:

- Sjáðu til þess að fólk breyti lífi sínu nægilega til að það uppfylli skilyrðin í Kenningu og sáttmálum 20:37.
- Þrói trú á Krist.
- Iðrist eigin misgjörða.
- Lifi samkvæmt siðferðisreglum.
- Lifi samkvæmt Vísdómsorðinu.
- Einsetji sér að greiða tíund.
- Taki á móti öllum trúboðslexíum [lexíum 1–4 í Kennsluskýrslunni og viðeigandi skuldbindingum].
- Hitti biskup eða greinarforseta.
- Komi á nokkrar sakramentissamkomur.

(„Greinargerð um trúboðsstarf,“ bréf frá Æðsta forsætisráðinu, 11. des. 2002)

Pegar trúarnemar hafa sett ákveðna skírnardagsetningu, skaltu gera drög að því hvenær þú hyggst ljúka öllu nauðsynlegu fyrir skírn og staðfestingu, eins og skráð er í daglegu skipulagsriti þínu. Skoðaðu kennsluskýrsluna vandlega til að tryggja að þú hafir kennt allar grundvallarkenningarnar og að væntanlegir skírnþegar séu undir það búinir að svara öllum spurningum skírnarviðtalsins. Skoðaðu drögin með hinum væntanlega skírnþega þegar þið komið næst saman. Hinn væntanlegi skírnþegi ætti að sækja skírnarsamkomu áður en hann meðtekur skírn, ef það er mögulegt.

Ef þér finnst að búa þurfi trúarnema betur undir skírn, skaltu ekki skrá viðtalið fyrr en hann hefur tileinkað sér reglurnar. Ef væntanlegur skírnþegi er undir lögaldri, skaltu ganga örugglega úr skugga um að foreldrar eða lögráðamenn veiti skriflegt leyfi fyrir því að hann megi meðtaka skírn.

Pegar þú býrð fólk undir skírnarviðtal, skaltu ræða við það um tilgang viðtalsins. Kenndu því að gefa vitnisburð sinn um helgi skírnar og gjafar heilags anda. Gerðu því grein fyrir að þú viljir að það skilji örugglega þær reglur sem þú hefur kennt og sáttmálann sem það gerir. Gerðu því einnig grein fyrir að í skírnarviðtalinu gefist þeim kostur á að vitna fyrir fulltrúa Drottins að það sé reiðubúið að taka á sig þessar helgjathafnir. Pégars það heldur sáttmálana sem það gerir við skírn og staðfestingu, mun það hljóta fyrirgefningu synda sinna. Greindu þeim frá spurningunum sem fulltrúiinn leggur fyrir það varðandi sannfæringu þess um mikilvægar kenningar, iðrun áður drýgðra synda og fúsleika þess að að gera sáttmála um að hlýða Jesú Kristi alla ævi. Leggðu á það áherslu að skírn í vatni sé ófullnægjandi, ef staðfesting og gjöf heilags anda komi ekki á eftir.

**Verkefni: Sjálfsnám eða sameiginlegt nám**

- Lestu allar eftirtaldar ritningargreinar og gerðu samantekt á skilyrðum skírnar og staðfestingar.

2 Ne 9:23; 31:4–13	3 Ne 27:13–21	K&S 20:37
Mósia 18:8–10	Moró 6:1–4	K&S 22
Alma 7:14–15	Moró 8:25–26	Post 2:37–39

- Í skírnarviðtali eru skírnþegar spurðir hvort þeir séu fúsir til að taka á sig nafn Krists. Hvað getur þú gert til að hjálpa þeim að skilja þessa spurningu? Ígrundaðu eftirtaldar ritningargreinar er þú hugleiðir þessa spurningu:

Mósia 4–5	Mósia 26:18, 21–27	3 Ne 27:1–10
Mósia 18:1–11		

Þú kannt einnig að vilja leita að fleiri ritningargreinum sem auka skilning þinn á þessari reglu.

**Hvernig haga á skírnarviðtali**

Sá er viðtalið tekur skal nota viðtalssprungar skírnar og ákveða með leiðsögn andans hvort skírnþegi uppfylli sett skilyrði í Kenningu og sáttmálum 20:37. Hann ætti einnig að laga spurningarnar að aldri og þroska skírnþegans.

Ef skírnþegi uppfyllir ekki skilyrðin eftir viðtalssprungarnar, ætti að fresta skírn og staðfestingu. Trúarneminn ætti að fá frekari kennslu fastatrúboða og njóta umönnunar deildarmeðlima.

Sá umdæmisleiðtogi eða svæðisleiðtogi sem framkvæmir viðtalið ætti að:

- Hafa viðtalið á þægilegum og rólegum stað, sem laðar að anda Drottins. Félagi viðtalstakanda ætti að vera nærstaddur.
- Byrja með bæn.
- Gera allt til að skírnþega líði vel.
- Gera viðtalið að andlega upplýftandi reynslu.
- Ganga úr skugga um að skírnþegi átti sig á tilgangi viðtalsins.
- Spryra viðtalssprunga skírnar. Nota eftiryfignispprungar til að átta þig á styrk vitnisburðar og einlægri iðrunar.
- Svara spurningum skírnþegans.
- Bjóða skírnþega að gefa vitnisburð sinn og tjá tilfinningar sínar.
- Ef skírnþegi á við vanda að etja varðandi vitnisburð eða verðugleika, skal útskýra fyrir honum að best væri að fresta skírn til að búa hann betur undir hana.

**Viðtalssprungar skírnar**

- Trúir þú að Guð sé eilífur faðir okkar? Trúir þú að Jesús Kristur sé sonur Guðs og lausnari og frelsari heimsins?
- Trúir þú að kirkja og fagnaðarerindi Jesú Krists hafi verið endurreist fyrir atbeina spámannsins Josephs Smith? Trúir þú að [núverandi forseti kirkjunnar] sé spámaður Guðs? Hvaða þýðingu hefur það fyrir þig?
- Hvaða þýðingu hefur iðrun fyrir þig? Telurðu að þú hafir iðrast fyrri misgjörða?

## Athugasemdir

4. Hefur þú framið alvarlegan glæp? Ef svo er, ert þú nú á skilorði eða reynslulausn? Hefur þú einhvern tíma tekið þátt í fóstureyðingu? Samkynlifi?
5. Þú hefur hlutið kennslu um að aðild að kirkjunni felst í að lifa eftir reglum fagnaðarerindisins. Hver er skilningur þinn á eftirtoldum reglum? Ert þú fús til að hlíta þeim?
  - a. Skírliflögmálínu, sem bannar hvers kyns kynferðissamband utan lögbundins hjónabands karls og konu.
  - b. Tíundarlögmálið.
  - c. Vísdómsorðið.
  - d. Hvíldardagurinn, ásamt því að meðtaka sakramentið vikulega og þjóna samþegnum kirkjunnar.
6. Í skírninni gerir þú sáttmála við Guð um að vera fús til að taka á þig nafn Krists og halda boðorð hans það sem eftir er ævi þinnar. Ert þú reiðubúin/n að gera þann sáttmála og kappkosta af trúmennsku að halda hann?

Þegar viðtalinn er farsællega lokið, skaltu færa skírnþega hamingjuóskir. Farðu síðan til hinna trúboðanna og útskýrðu fyrir þeim tilhögun skírnarsamkomu.

Gerðu grein fyrir því að staðfesting fari fram undir stjórn biskups á sakramentissamkomu þeirrar deildar sem þeir tilheyra.

Þegar nauðsynlegt er að fresta skírn, skulu umdæmisleiðtogi eða svæðisleiðtogi og aðrir trúboðar sýna tillitsemi og trúnað. Fullvissaðu skírnþega um að hann eigi eftir að ná tökum á aðstæðum og útskýrðu að sum brot séu bundin lengri iðrunartíma. Útskýrðu að helgiathöfnin sé bundin ströngum verðugleikareglum. Fullvissaðu skírnþegann um að þú og aðrir munu veita allan nauðsynlegan stuðning. Gerðu síðan allt sem þú getur til að efna það loforð.

### Skírn og staðfesting: Spurningar og svör

#### Hver tekur viðtalið fyrir skírn og staðfestingu?

Að öllu jöfnu er það umdæmisleiðtogi sem hefur viðtal við skírnþega er trúboðar á svæði hans hafa kennt, einnig skírnþega sem svæðisleiðtogi hans hefur kennt. Svæðisleiðtogi hefur viðtal við skírnþega sem umdæmisleiðtogi kennir. Trúboðsforseti, eða einhver sem hann tilnefnir, verður að hafa viðtal við fólk sem drýgt hefur alvarlegar syndir. Umdæmisleiðtogi eða svæðisleiðtogi hafa ekki viðtal við væntanlega skírnþega utan eigin umdæmis eða svæðis, nema trúboðsforseti tilnefni þá til þess.

#### Hvernig er skírn trúskiptings skilgreind?

Um skírn trúskiptings er að ræða þegar:

- Einstaklingar eru níu ára eða eldri og hafa aldrei áður verið skírðir og staðfestir sem meðlimir kirkjunnar.
- Börn eru átta ára og foreldrar þeirra eru báðir utan kirkju eða þegar foreldrar eru skírðir og staðfestir samtímis barni.

#### Þarf ég leyfi til að skíra ólögráða barn?

Áður en þú getur kennt og skírt trúarnema sem er undir lögaldri, verður þú að afla þér skriflegs leyfis foreldra eða foreldris eða lögráðamanns. Þú þarfst að auki að hafa góða ástæðu til að ætla að barnið skilji skírnarsáttmálann og muni gera allt til að halda hann með hlýðni við fagnaðarerindið, ásamt staðfastri kirkjusókn.

## Athugasemdir

**Þarf ég leyfi maka til að skíra eiginmann eða eiginkonu?**

Já. Þú skalt ekki skíra giftan einstakling án samþykkis maka hans.

**Ef heimilisfaðir er ekki undir það búinn að láta skírast, ber mér þá að skíra fjölskyldu hans eða hinkra þar til svo verður?**

Ef heimilisfaðir er ekki undir það búinn að taka á móti skírn og staðfestingu og aðrir í fjölskyldu hans eru það, getur þú greint honum frá að þú viljir helst ekki skíra fjölskyldu hans á undan honum, því kirkjan virði að hann sé höfuð heimilisins og að fjölskyldan muni ná mestum þroska í fagnaðarerindinu sé hún samstiga. Ef heimilisfaðirinn afþakkar það, getur þú skírt og staðfest aðra í fjölskyldunni með hans samþykki.

**Er góð hugmynd að vígja heimilisföður Aronsprestdæminu strax eftir skírn, svo hann geti skírt aðra í fjölskyldu sinni?**

Nei. Staðfesta þarf heimilisföðurinn á sakramentissamkomu og hann þarf að styðja til að hljóta Aronsprestdæmið eftir viðtal við biskup. Ekki ætti að fresta skírn annarra í fjölskylunni til að heimilisfaðirinn geti sjálfur skírt þau.

**Má ég kenna einstaklingi og skíra sem verið hefur útilokaður?**

Skírn einhvers sem verið hefur útilokaður telst ekki skírn trúskiptings og trúboðar eiga ekki viðtal við slíkan fyrir skírn. Þér er heimilt að vinna með slíkan einstakling undir náinni aðgæslu trúboðsforseta og biskups.

**Hvað ef einstaklingur hefur ákveðinn skírnardag en heldur ekki allar skuldbindingar sínar?**

Ef þér finnst að búa þurfi trúarnema betur undir skírn, skaltu ekki skrá viðtalið fyrr en hann heldur skuldbindingar sínar og hefur tileinkað sér reglurnar.

**Hvað geri ég ef folk vill skírast en býr saman utan hjónabands?**

Væntanlegir skírnþegar sem búa með einstaklingi af gagnstæðu kyni utan hjónabands verða annaðhvort að stofna til hjónabands eða hætta sambúð áður en skírn er möguleg.

**Í skírnarviðtalssprungu 4 er spurt hvort skírnþegi hafi drýgt alvarlega synd, til að mynda tekið þátt í fóstureyðingu, samkynlifi eða alvarlegum glæp. Hvað geri ég ef einhver játar slíka synd?**

- Leiðbeiningar fyrir trúboða í kennslu.** Stundum greina trúarnemar sjálfviljugir frá slíkum syndum er þú greinir frá skuldbindingum og býður þeim að skuldbinda sig. Ef þeir greina hins vegar ekki frá neinu og þú hefur grun um vanda þeirra, skaltu búa þá undir skírnarviðtalið með því að sprýra þá hvort þeir hafi á einhvern hátt verið viðriðnir slíkar syndir. Ef þú uppgötvar hjá þeim alvarlega synd, skaltu ekki sprýra nánar um hana. Ekki fastákveða skírnardag eða setja fram loforð um að þeir geti tekið á móti skírn og staðfestingu. Sýndu þeim ástúð og minntu þá á reglu iðrunar. Útskýrðu ljúflega að slíkar syndir séu alvarlegar og að einhver þér eldri og reyndari (trúboðsforseti þinn eða einhver sem hann tilnefnir) þurfi að ræða við þá og hjálpa þeim hvað þetta varðar. Sendu síðan beiðni um skírnarviðtal rakleiðis til trúboðsforsetans.
- Leiðbeiningar fyrir þann sem hefur viðtalið fyrir skírn og staðfestingu.** Hafi trúboðar kennit skírnþega réttilega fyrir skírnarviðtalið, ætti að fara með slík mál, ef þau koma upp, rakleiðis til trúboðsforseta. Ef slík mál koma upp, skaltu sýna þeim ástúð og minna þá á skuldbindingarnar og reglu iðrunar. Útskýrðu ljúflega að slíkar syndir séu alvarlegar og að einhver þér eldri og reyndari (trúboðsforseti þinn eða einhver sem hann tilnefnir) þurfi að ræða við þá og hjálpa þeim hvað þetta varðar. Sendu síðan beiðni um skírnarviðtal rakleiðis til trúboðsforsetans.

Athugasemdir

**Verkefni: Sjálfsnám**

Íhugaðu hvernig þér myndi líða ef þú værir í viðtali. Íhugaðu eftirtaldar spurningar:

- Hvað í viðtalini gæti komið þér undarlega fyrir sjónir? Hvað gæti sprjandi gert eða sagt til að stuðla að þinni vellíðan?
- Hvernig vildir þú að sprjandi orkaði á þig?
- Hvernig myndir þú vilja að sprjandi brigðist við ef þú léttir efasemdir í ljós eða misskilning eða ef þú játaðir alvarlegar syndir?

Skráðu svörin við þessum spurningum í námsdagbók þína.

**Útfylltu skírnar- og staðfestingskýrslu.**

Sá trúboði sem hefur viðtalið ætti að fylla út núgildandi skírnarskýrslu. Hann ætti að geta þess að upplýsingarnar á skírnarskýrslunni verði notaðar til að búa til aðildarskýrslu og í henni komi fram hvaða helgiathfnir hinir nýju meðlimir hafi tekið á móti. Alltaf þegar meðlimir flytja er aðildarskýrslan send til hinnar nýju einingar svo að biskupinn þar geti séð þeim fyrir aðstoð og vináttu. Trúboðinn ætti að biðja hinn væntanlega skírnþega að sannreyna upplýsingarnar í skýrslunni í viðtalini. Sé aðildarskýrsla ekki fyrir hendi geta einstaklingar ekki fengið musterismeðmæli.

Biskup skal tryggja að staðfestingskýrsla sé útfyllt fyrir hvern skírnþega, samkvæmt leiðbeiningunum á skýrslunni.

**Verkefni: Sjálfsnám eða sameiginlegt nám**

Lærðu Mósia 6:1–3 og Moró 6:1–4. Hvernig tengjast þessar ritningargreinar þeirri ábyrgð þinni að halda réttar skýrslur um skírnir og staðfestingar?

**Skírnarsamkomur**

Andinn opinberast greinilega við framkvæmd helgiathafna skírnar og staðfestingar.

Skírnarsamkoma og staðfesting ættu að vera hinum nýja trúskiptingi mikil og góð andleg reynsla. Þú og deildartrúboðsleiðtogi ættu að gera allt sem hægt er til að tryggja að skírnarsamkomur séu vel skipulagðar, andlegar og minnistæðar. Slíkar samkomur ættu að efla hinum nýju trúskiptingum þrótt við að halda skuldbindingar sínar og til áframhaldandi virkni.

Bjóðdu biskupsráði, leiðtogum sveitar og aðildarfélaga og heimilis- og heimsóknarkennurum (ef þeir hafa verið tilnefndir) að koma á skírnarsamkomur. Bjóða ætti vinum og ættmennum trúskiptings og öllum núverandi trúarnemum að koma á skírnarsamkomu og sakramentissamkomu þegar staðfesting á sér stað. Slík reynsla mun stuðla að því að fólk skynji andann og býr það undir að samþykkja boð um að læra enn frekar um fagnaðarerindið. Vertu í samstarfi við skírnþega og



deildartrúboðsleiðtoga við að bjóða vinum og ættmennum skírnþega að koma á skírnarsamkomu. Fylgdu síðan eftir að samkomu lokinni og ræddu við fólk um upplifun þess og bjóddu því að komast að ástæðu þess að vinur þess kaus að láta skírast.

Trúboðarnir sem kennu skírnþeganum ættu að samræma skipulag samkomunnar með deildartrúboðsleiðtoga. Útskýrðu fyrir skírnþega fyrirkomulagið og ástæður þess: Ræddu tilhlýðilegan klæðnað, ásamt hinum hvíta fatnaði sem skírnþega verður boðið að klæðast í skírninni. Fáðu samþykki um stað og tímasetningu skírnar. Einhver í biskupsráði eða deildartrúboðsleiðtogi stjórnar yfirleitt samkomum. Hér á eftir eru nauðsynlegir skipulagsþættir.

Skírnarsamkomu má byggja upp eins og hér er sýnt:

1. Forspil.
2. Fólk boðið velkomið af þeim prestdæmisleiðtoga sem stjórnar samkomunni (einhver í biskupráði ætti að vera í forsæti).
3. Sálmasöngur og bæn.
4. Ein stutt ræða eða tvær um fagnaðarerindið, til að mynda um skírn og gjöf heilags anda.
5. Tónlistaratriðið.
6. Framkvæmd skírnar.
7. Hljóð stund á meðan þeir sem þáttóku í skírn hafa fataskipti. Hún gæti falist í tónlistarhlustun, söng kunnugra sálma og Barnafélagssöngva, myndsýningu eða vitnisburðargjöf.
8. Hinn nýji trúskiptingur getur gefið vitnisburð sinn, ef hann óskar.
9. Sálmasöngur og bæn.
10. Eftirspil.

## Staðfesting

Skírnþegi tekur á móti staðfestingu að skírn lokinni (K&S 20:41). Nýr trúskiptingur verður meðlimur kirkjunnar að lokinni skírn og staðfestingu (sjá Jóh 3:5; K&S 33:11). Nýr trúskiptingar eru staðfestir á sakramentissamkomu þeirrar deildar sem þeir eiga aðild að, ekki á skírnarsamkomu. Biskup ber ábyrgð að staðfesting fari fram eins fljótt eftir skírn og skynsamlegt þykir. Biskup eða einn af ráðgjöfum hans skal taka þátt í staðfestingunni. Biskup má bjóða þeim trúboða sem kenndi trúskiptingnum að taka þátt í staðfestingunni. Vertu í nánu samstarfi við biskup og deildartrúboðsleiðtoga til að tryggja að þessi nauðsynlega helgiathöfn sé framkvæmd.



## Eftir skírn og staðfestingu

Trúboðum er heimilt undir leiðsögn biskups að halda áfram að þróa vináttu við hinn nýja meðlim. Haltu áfram að kenna þeim og fara yfir það sem kennt hefur verið. Veittu þeim hvatningu og stuðning með því að lesa með þeim Mormónsbók og hjálpa þeim að

## Athugasemdir

miðla fjölskyldu sinni og vinum fagnaðarerindinu. Hafðu allt þitt líf samband við þá sem þú hefur kennt og veittu þeim hvatningu og stuðning.

Haltu áfram, að staðfestingu lokinni, að nota kennsluskýrsluna til að skrá framvindu við kennslu lexía 1–4 að nýju og lexíu 5. Vertu í nánu samstarfi við deildartrúoðsleiðtoga og deildarleiðtoga við að hjálpa hinum nýja trúskiptingi að halda fullri virkni og öðlast allar blessanir friðþægingar Jesú Krists.

**Mikilvægt að hafa í huga**

- Búðu væntanlega skírnþega vel undir viðtalið fyrir skírn og staðfestingu.
- Gakktu úr skugga um að skírnþeginn uppfylli tilskildar kröfur skírnar og staðfestingar.
- Leggðu þitt af mörkum til að tryggja að skírnarsamkomur séu andlegar og upplyftandi.
- Nýttu skírnarsamkomur og staðfestingar til að finna fólk.
- Útfylltu skrírnar- og staðfestingarskýrslur rétt og nákvæmlega.

# Hugmyndir að námi og hagnýtingu þess

## Sjálfsnám

- Skráðu allan vanda sem skírnþegi kann að standa andspænis. Hvers vegna er mikilvægt að skírnþegar skynji ástúð og vináttu meðlima kirkjunnar?
  - Lærðu Moróni 6 og Kenningu og sáttmála 20:68–69. Hvað lærðir þú í þessum ritningargreinum um að búa fólk undir skírn og staðfestingu? Skráðu það sem þú lærir og miðlaðu félaga þínnum því í sameiginlegu námi.

## Sameiginlegt nám


- Öldungur Henry B. Eyring útskýrði mikilvægi hárra staðla. Ræddu leiðsögn hans við félaga þinn og leggðu mat á það viðhorf bitt að hjálpa fólk af dirfsku að lifa samkvæmt þessum reglum. „Drottinn setur reglur sínar svo að hann geti blessað okkur. Hugleiddu blessanirnar: Þeim sem reglurnar halda lofar hann hjálp heilags anda. Hann lofar persónulegum friði. Hann lofar þeim tækifær til að hljóta helgiathfnirnar í húsi hans. Og hann lofar þeim sem af staðfestu lífa eftir reglum hans að þeir hljóti eilíft líf ... Við elskum það fólk sem við þjónum og því viljum við allir enn betur hjálpa börnum himnesks fóður að vera það staðfost og hrein að þau hljóti allar blessanir Drottins ... Þið byrjið með því að leggja áherslu á reglur Drottins, greinilega og án afsökunar. Og því lengra sem heimurinn hrekst frá þeim og hæðir þær, því ákveðnari verðum við í því verki okkar. („Verðugleikareglur,“ fyrsti alheimspjálfunarfundur leiðtoga, jan. 2003, 13–14).
  - Miðlaðu félaga þínum því sem þú hefur lært í þessum kafla um að búa fólk undir skírn og staðfestingu.
  - Farðu yfir síðustu skírnarsamkomu sem þú sóttir. Gerðu samanburð á henni og leiðbeiningunum í undirkaflanum „Skírnarsamkomur.“ Hvað var vel gert? Hvað er hægt að bæta? Ræddu hvernig þú hyggst tryggja að þær skírnarsamkomur sem þú skipuleggur verði andlegar og upplýftandi.
  - Æfðu hvenig þú hyggst búa einhvern ákveðinn trúarnema undir skírnarviðtal.
  - Farðu yfir viðtalsspurningar skírnar. Íhugaðu hvernig þú hyggst meðhöndla hinum yámsu aðstæður, til að mynda þessar:
    - Skírnþegi hefur ekki greint þér frá að hann er á skilorði fyrir glæp sem hann framdi.
    - Skírnþegi hefur ekki hlotið afgerandi bænasvar um að Joseph Smith var spámaður.
    - Skírnþegi reykti vindling fyrir tveimur dögum.
    - Skírnþegi er ekki viss um hafa hafa hlotið bænasvar.
    - Fjölskylda nokkur skynjar þróysting frá vinum og hefur efasemdir um að vera undir skírn búin.
  - Kynntu þér Skírnarskýrslu og Staðfestingarskýrslu og Skírnar- og staðfestingarvottorð. Hvernig getur þú tryggt að upplýsingarnar sem bí skrár séu réttar og fullnægjandi

Athugasemdir

Athugasemdir

### Trúboðsforseti

- Starfi náið með prestdæmisleiðtogum heimasvæðis til að tryggja árangursríka notkun Framfaraskýrslu.
- Hafi endrum og eins fyrsta skírnarviðtal.
- Kenni umdæmisleiðtogum og svæðisleiðtogum að hafa skírnarviðtöl.
- Veiti þeim sem skipa forsætisráð trúboðs og prestdæmisleiðtogum heimasvæðis leiðsögn um hvernig haga beri skírnarviðtali þeirra sem drýgt hafa alvarlegar syndir.



# Hvernig vinn ég með leiðtogum stiku og deildar?

# Til hugleiðingar

- Hvers þarfnaðt nýir trúskiptingar og lítt virkir meðlimir til þess að verða virkir meðlimir kirkjunnar?
  - Hverjar eru skyldur stiku- og deildarleiðtoga í trúboðsverki, endurvirkjun, og virkjun?
  - Hvernig get ég hjálpað deildarleiðtogum að byggja upp kirkjuna?
  - Hvað á að gerast á vikulegum samræmingarfundum með deildartrúboðsleiðtoganum?

## Athugasemdir

**P**ú færð gott tækifæri til að vinna með mörgum leiðtogum og meðlimum í trúboði þínu. Saman munuð þið styrkja og byggja upp Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu. Samböndin sem þú myndar við kirkjuleiðtoga munu blesa líf þitt allt til enda. Þetta eru mikilvæg sambönd þegar þið ásamt kirkjuþegnum leitist við að fára endurreist fagnaðarerindi himnesks föður til barna hans. Góður skilningur á því hvernig vinna ber innan skipulags deildarinnar mun auðvelda ykkur sækja fram af meiri einbeitni og krafti.

## Styrkja nýja og lítt virka meðlimi

Þegar trúskiptingar eru skírðir og staðfestir, gefa þeir heilög loforð um að hlýða og þjóna Guði og öðrum það sem eftir er ævinnar. Sáluhjálp í himneska ríkinu stendur þeim nú til boða. Til þess að taka á móti lofuðum blessumum, verða þeir að standast allt til enda með trú á Jesú Krist. Kirkjuþegnar eru nauðsynlegur þáttur í að hjálpa nýjum trúskiptingum að haldast virkir og trúfastir.

Gordon B. Hinckley forseti sagði: „Það er algjörlega tilgangslaust að vinna trúboðsverk ef við varðveitum ekki ávexti þess erfiðis. Það tvennt má ekki aðskilja. ... Hver trúskiptingur er mikil og alvarleg ábyrgð“ (“Find the Lambs, Feed the Sheep,” *Ensign*, maí 1999, 108).

## Athugasemdir

Undir leiðsögn biskupsins, ber deildarráðið aðalábyrgðina við að styrkja nýja meðlimi og lítt virka meðlimi. Að ganga úr skugga um að nýjir trúskiptingar og lítt virkir meðlimir eigi vini, séu næðir af orði Guðs, og taki við köllunum og ábyrgð. Þeir geta óskað eftir að fastatrúboðar hjálpi til við heimiliskennslu (eða systratrúboðar við heimsóknarkennslu) og við að heimsækja nýja meðlimi, lítt virka meðlimi, og verðandi öldunga. Æskilegast er að þú vinnir með kirkjuþegni í slíkri heimsókn.

Einnig þú berð ábyrgð á þessu fólk. Hinckley forseti sagði: „Pið trúboðar ... eruð hluti af þessari ábyrgð að tengja trúskiptinga ykkar fast við kirkjuna. Vera má að þið getið ekki haldið áfram að heimsækja þá. En þið getið skrifat þeim öðru hvoru og veitt þeim hvatningu. . . . Þegar þið farið heim, gleymið þeim ekki. Lifið allan tímann verðugir trausts þeirra. Skrifið þeim öðru hvoru, fullvissið þá um kærleik ykkar“ (*Ensign*, maí 1999, 109).

Þegar þið mætið á kirkjusamkomur, átt þú og félagi þinn að sitja hjá trúarnemum ykkar eða meðlimum sem þið hafið verið að vingast við til stuðnings og styrktar þeim. Þú átt ekki að sitja í hópi með öðrum trúboðum.

Nauðsynlegur þáttur í trúboði þínu er að byggja upp kirkjuna og styrkja þá einingu sem þið þjónið í. Þú gerir það að hluta með því að hjálpa nýjum trúskiptingum að haldast virkir og með því að hjálpa lítt virkum meðlimum að gerast virkir á ný. Ein af skyldum ykkar er að vinna með deildartrúboðum við að kenna að nýju fyrstu fjórar lexíurnar og að kenna 5. lexíu. Deildartrúboðar, heimiliskennrar, og heimsóknarkennrar geta einnig hjálpað til við að kenna þessar reglur.

Gordon B. Hinckley forseti greindi frá eftirfarandi varðandi þær áskoranir sem nýjum trúskiptingum mæta:

*Um daginn fékk ég mjög áhugavert bréf. Það skrifaði kona sem gekk í kirkjuna fyrir einu ári síðan.*


*Hún skrifar:*

*„Ferð míni inn í kirkjuna var einstæð og þó nokkuð erfið. Þetta umliðna ár hefur verið erfiðasta ár sem ég hef upplifað. Það hefur einnig verið hið mest gefandi. Sem nýr meðlimur mæti ég enn ýmsum vanda á hverjum degi.“*

*Í framhaldinu segir hún að þegar hún gekk í kirkjuna hafði hún ekki fundið stuðning frá leiðtogunum í deild hennar. Biskupinn hennar virtist áhugalaus um hana sem nýjan meðlim. Við þessa höfnum, sem hanni fannst, sneri hún sér aftur að trúboðsforsetanum, sem lauk upp tækifærum fyrir hana.*

*Hún heldur því fram, að „kirkjuþegnar viti ekki hvernig það er að vera nýr meðlimur. . . . Pess vegna er það næstum því ómögulegt fyrir þá að vita hvernig á að styðja okkur.“*

Ég skora á ykkur, braður mínr og systur, að ef þið vitið ekki hvernig það er, að þið reynið þá að ímynda ykkur hvernig það er. Það getur verið skelfilega einmanalegt. Því geta fylgt vonbrigði. Það getur verið hræðilegt. Við í þessari kirkju erum til muna ólíkari heiminum en við yfirleitt álíttum okkur vera. Konan heldur áfram: „Þegar við sem trúarnemar gerumst meðlimir kirkjunnar, verðum við undrandi er við uppgötum að við höfum komið inn í algjörlega frábrugðinn heim, heim sem hefur sínar eigin venjur, menningu, og tungumál. Við uppgötum að ekki er um að ræða neina eina persónu eða einn viðmiðunarstað sem við getum snúið okkur til um leiðsögn á ferð okkar um þennan nýja heim. Í fyrstu er ferðin spennandi, mistök okkar eru jafnvel spaugileg, síðan veldur þetta vonbrigðum, vonbrigðin snúast upp íreiði. Og það er á þessu stigi vonbrigða og reiði sem við hverfum á brott. Við fórum aftur í þann heim sem við komum úr, þar sem við vissum hver við vorum, þar sem við lögðum af mörkum, þar sem við gátum talað tungumálið“ [*Ensign*, maí 1999, 108].



**Verkefni: Sjálfsnám eða sameiginlegt nám**

Lesið undanfarandi frásögn. Ritið svör við eftirfarandi spurningum í námsdagbók ykkar, eða ræðið þær við félaga ykkar. Setjið viðeigandi markmið og gerið áætlanir.

- Hverjir eru nokkrir þeirra þáttu sem gera nýjum meðlimum erfitt fyrir að haldast virkir, samkvæmt þessari frásögn?
- Hvernig getur það að hafa kirkjuþegna með í verkinu frá upphafi kennsluferilsins hjálpað til við þennan vanda?
- Hugsið um þá sem þið eruð að kenna. Hvernig getið þið betur fengið kirkjuþegna inn í starfið við að hjálpa trúarnemum við félagslega aðlögun að kirkjunni?

Athugasemdir

**Heimilis- og heimsóknarkennsla**

Stikuforsetar og biskupar mega, í samvinnu við trúboðsforseta, nota trúboða til að heimsækja lítt virka meðlimi, fjölskyldur þar sem allir eru ekki í kirkjunni og, séu aðstæður þannig, geta þeir beðið fastatrúboðana að taka þátt í heimiliskennslu og heimsóknarkennslu. Slíkar kennsluaðferðir ættu að efla meðlimum þrótt, auka kennsluhæfni trúboða og auka líkurnar á að þeim berist tilvísanir (sjá „Greinargerð um trúboðsverk,” bréf Æðsta forsætisráðsins, 11. des. 2002).

**Vinna með deildarráðinu við að styrkja nýja og lítt virka meðlimi**

Kennsla og skírn trúarnema fellur undir stjórnum trúboðsforseta ykkar. Hins vegar mun það verk að boða fagnaðarerindið ganga af meiri krafti þegar fastatrúboðar og kirkjuþegnar samhæfa verk sitt og vinna saman í einingu. Ykkur mun oft verða boðið að mæta á fundi deildarráðs og á prestdæmisframkvæmdafundi. Fremsta forgangsverkefni ykkar er að vera vissir um að trúarnemar ykkar komi til kirkju. Oft þyðir það að þið séuð í fylgd með þeim. Ef mæting á deildarráðsfund og það að koma einhverjum til kirkju rekst á, gerið þá hið síðarnefnda. Fari svo, komið þá afriti af Framfaraskýrslunni til deildartrúboðsleiðtoga og gangið úr skugga um að hann hafi allar upplýsingar sem deildarráðið og prestdæmisframkvæmdafundur þarfust.

Gordon B. Hinckley forseti sagði:

„Hver nýr trúskiptingur þarfust þriggja hluta:

1. Vinar í kirkjunni sem hann getur sífellt snúið sér til, sem mun ganga við hlið hans, svara spurningum hans, og skilja vandamál hans.
2. Verkefni. Starfið er snilldarverk þessarar kirkju. Það er vaxtarferill okkar. Trú og ást á Drottni eru líkar vöðvunum í handlegg mínum. Ef ég beiti þeim, styrkjast þeir. Ef ég set þá í fatla, visna þeir. Allir trúskiptingar eiga skilið að bera ábyrgð. . . .
3. Allir trúskiptingar verða að vera ‘nærðir hinu góða orði Guðs’ (Moró 6:4). Það er bráðnauðsynlegt að hann eða hún tengist prestdæmissveit eða Líknarfélagi,



© 1998 Greg K. Olsen. Bírt með eyri Mill Pond Press. One milli a afrita.

## Athugasemdir

Stúlknaflagi, Piltafélagi, sunnudagaskóla, eða Barnafélagi. Hana eða hann verður að hvetja til að maeta á sakramentissamkomur og meðtaka sakramentið, til að endurnýja sáttmálana sem gerðir voru við skírnina” (*Ensign*, maí 1999, 106).

Deildarráðið mun taka forystuna í að finna vin, ábyrgð, og andlega næringu fyrir nýja trúskiptinga. Þið munuð hjálpa þeim eftir þörfum. Prestdæmisleiðtoga og kirkjuþegnar munu annast um vináttutengslin, með aðstoð ykkar.

**Vinátta**

- Fyrir skírn og staðfestingu, tryggið að kirkjuþegnar séu viðstaddir hverja lexíu, sé það mögulegt. Pessir kirkjuþegnar ættu að vera með trúarnemunum oft til að svara spurningum þeirra, átta sig á vanda þeirra, og hvetja þá.
- Bjóðið kirkjuþegnum að vera viðstaddir skírnarathafnir og bjóðið nýja trúskiptinga velkomna í deildina. Kirkjuþegnar hjálpa nýjum trúskiptingum að líða vel á hinum ýmsu kirkjusamkomum. Þeir ættu líka að kynna þá fyrir öðrum kirkjuþegnum.
- Kynnið trúarnemana fyrir biskupnum, ráðgjöfum hans, forsetum öldungasveitar og Líknarfélags, og öðrum deildarleiðtogum eins fljótt og hægt er. Útskýrið hlutverk biskupsins og annarra deildarleiðtoga.

**Tækifæri til að þjóna**

- Hjálpið karlkyns trúskiptingum að skilja og búa sig undir Aronsprestdæmið og Melkísedeksprestdæmið. Útskýrið að prestdæmissveitirnar leggi til tækifæri til að læra, tilbiðja, og þjóna saman.
- Fáið nýja trúskiptinga og lítt virka meðlimi með í þjónustuverkefni svo sem eins og að hjálpa ekkju eða einhverjum sem er sjúkur eða til að vera með í velferðarverkefnum.
- Komið trúskiptingum í samband við ættfræðileiðbeinendur svo að þeir geti lokið við fjölskylduskyrslu og áatal. Ef aðstæður leyfa, hjálpið þeim að búa sig undir að vera skírðir í musterinu fyrir látna áa sína.
- Bjóðið trúarnemum að búa fjölskyldumeðlimi og vini undir að taka á móti kennslu trúboðanna. Trúboðarnir ættu að biðja nýja trúskiptinga og lítt virka meðlimi um tilvísanir.

**Næring af orði Guðs**

- Ljúkið við að kenna reglurnar í 5. lexíu, „Lögmál og helgiathafnir.“
- Minnið nýja trúskiptinga og lítt virka meðlimi á skuldbindingar sem þeir tóku á sig fyrir skírn og sáttmálana sem þeir gerðu þegar þeir voru skírðir og staðfestir.
- Hvetjið þá til að biðja daglega sem einstaklingar og með fjölskyldum sínum.
- Hvetjið þá til að nema ritningarnar daglega, sérstaklega Mormónsbók.
- Styrkið vitnisburði hinna nýju trúskiptinga um endurreisn fagnaðarerindis Jesú Krists með spámanninum Joseph Smith. Rifjið upp lexíurnar sem þið kennduð fyrir skírn og staðfestingu, og lagið áhersluna á skuldbindingar þeirra að núverandi þörfum þeirra.

- Haldið áfram að kenna um mikilvægi kirkjusóknar á hverjum sunnudegi og að taka sakramentið verðug. Annist nýja trúskiptinga eða lítt virka meðlimi og sitjið hjá þeim.
- Bjóðið þeim að taka þátt í grunnbekk sunnudagaskólans.
- Kennið þeim að halda fjölskyldukvöld á mánudagskvöldum og nota þar *Family Home Evening Resource Book*.
- Hvetjið þá til að deila endurreistu fagnaðarerindinu með öðrum.
- Hjálpið þeim að skrá sig í trúarskóla, yngri eða eldri bekk.
- Látið þá vita um kirkjuupplýsingar eins og [www.mormon.org](http://www.mormon.org), [www.lds.org](http://www.lds.org), og [www.familysearch.org](http://www.familysearch.org).

Athugasemdir

**Ritningarnám****Nærðir hinu góða orði Guðs**

Mósia 18:18–20

Alma 31:5

Moró 6:4

**Þjónusta**

Mósia 2:17

Matt 25:40

Leiðarvísir að ritningunum, „Þjónusta“

**Hvert er hlutverk forseta fastatrúboðsins?**

Forseti fastatrúboðsins hefur lykla að skírn trúskiptinga. Undir hans leiðsögn, bera fastatrúboðar grunnábyrgðina á að kenna trúarnemum. Samt sem áður sér biskupinn um þann feril að afla trúarnemum vina á meðan þeim er kennt. Trúboðsáætlun deildarinnar er framkvæmd undir forsjá biskupsins. Trúboðsforsetinn hittir stikuforsetann til að ganga úr skugga um að fastatrúboðarnir starfi vel með staðarleiðtogum prestdæmisins. Hann samræmir trúboðsstarfið og býður stikuforsetanum hjálp við að kynna leiðbeiningar um reglur og framkvæmd trúboðsverksins.

**Hver er ábyrgð stiku- og deildarleiðtoga?**

Staðarleiðtoga kirkjunnar og kirkjuþegnar eru bestu bandamenn ykkar. Virðið þá og keppist við að byggja upp góð sambönd við þá. Þegar þið vinnið með þessum leiðtogum, munið þá að þeir hafa öðrum skyldum að gegna í sambandi við kallanir þeirra. Leitist við að vera blessun, ekki byrði, leiðtogenum í stiku ykkar og deild. Viðhorf ykkar ætti að vera: „Hvernig getum við hjálpað?“ Ráðgist við biskupinn og deildartrúboðsleiðtogann varðandi áætlanir ykkar og athafnir. Verið vissir um að þið styðjið trúboðsáætlun deildarinnar.

Hlutverki staðarleiðtoga prestdæmisins í trúboðsverkinu er lýst hér á eftir. Skilningur á hlutverki þeirra mun hjálpa ykkur að vinna betur með þeim.

**Stikuforseti**

Stikuforsetinn fylgist með biskupunum í starfi þeirra við trúboð, endurvirkjun, og virkjun. Í mánaðarlegu viðtali hans við biskupana, ræðir hann áætlanir og framþróun tiltekinna trúarnema og kirkjuþegna. Hann tryggir að kenningar varðandi trúboðsverk séu kenndar reglulega á stiku- og deildarfundum og að prestdæmisleiðtogar og aðrir fái þjálfun í þeirra trúboðsábyrgðarstarfi.

Stikuforsetinn á einnig reglubundna fundi með trúboðsforsetanum til að samhæfa trúboðsverkið, þar með talið þjálfun leiðtoga og kirkjuþegna, hagnýtingu og staðsetningu fastatrúboða, og aðstoð í virkjunarstarfi.

## Athugasemdir

**Háráðsmaður**

Háráðsmanni er af forsætisráði stikunnar falið að standa fyrir trúboðsverki, endurvirkjun, og virkjunarstarfi í stikunni. Hann gefur reglubundnar skyrslur um þetta verk til forsætisráðs stikunnar. Hann tryggir einnig að deildartrúboðsleiðtoga fái rétta þjálfun í skyldum sínum, þar á meðal undirbúningi trúboðsáætlunar deildarinnar.

**Biskup**

Biskupinn ber ábyrgð á trúboðsverki, endurvirkjun, og virkjunarstarfi í deildinni. Persónuleg þátttaka hans og leiðsögn er nauðsynleg. Til þess að hjálpa til við þetta verk, kallar biskupinn verðugan Melkísedeksprestdæmishafa til að þjóna sem deildartrúboðsleiðtogi. Hann kallar einnig nægilega marg a deildartrúboða til að mæta þörfum deildarinnar.

Biskupinn notar prestdæmisframkvæmdafundi og deildarráðið til að samræma trúboðsstarfið, endurvirkjun, og virkjunarstarf. Hann veitir leiðbeiningar til að þróa og framkvæma trúboðsáætlun deildarinnar.

**Verkefni: Sameiginlegt nám**

Skipuleggið tíma til að hitta biskupinn. Leitið eftir leiðbeiningu hans um hvernig þið getið best þjónað í deildinni.

**Prestdæmis- og aðildarfélagaleiðtoga**

Leiðtoga prestdæmis og aðildarfélaga ættu reglubundið að fara yfir stöðu nýrra meðlima og lítt virkra meðlima og gera áætlun um hvernig best má veita þeim vináttu og styrkja þá. Þeir ættu einnig að vinna náið með deildartrúboðsleiðtoga við að samræma trúboðsverk, endurvirkjun, og virkjunarstarf með deildartrúboðunum og fastatrúboðunum.

**Deildartrúboðsleiðtogi**

Undir leiðsögn biskups, deildartrúboðsleiðtogi:

- Sýnir fordæmi í að deila fagnaðarerindinu með öðrum og vingast við trúarnema, nýja trúskiptinga, og lítt virka meðlimi.
- Samræmir verk deildartrúboða og fastatrúboða með leiðtogum prestdæmis og aðildarfélaga og kirkjuþegnum.
- Notar Framfaraskýrslu, gátlista trúskiptinga, og gátlista og viðtalaskrá biskupsráðs til að fá yfirlit yfir framför trúarnema, nýrra trúskiptinga, og lítt virkra meðlima á prestdæmisframkvæmdaráðsfundum og deildarráðsfundum.
- Heldur vikulega samræmingarfundi trúboðsins.
- Skipuleggur skírnarathafnir trúskiptinga í deildinni í samstarfi við fastatrúboðana. Meðlimur í biskupsráði eða deildartrúboðsleiðtoginn stjórnar venjulega þessum athöfnum.

Deildartrúboðsleiðtoginn þjónar einnig í prestdæmisframkvæmdaráði deildarinnar, deildarráði, og velferðarnefnd deildar og sækir fundi stikuprestdæmisleiðtoga.

Deildartrúboðar

Hæfir bræður og hæfar systur eru kölluð til að þjóna sem deildartrúboðar. Deildartrúboðsleiðtogi hefur umsjón með þeim.

Deildartrúboðar finna, vingast við, og kenna trúarnemum. Þeir leiðbeina einnig og vingast við nýja trúskiptinga og lítt virka meðlimi.

Deildartrúboða sem hefur Melkísedeksprestdæmið má kalla til að þjóna sem aðstoðar deildartrúboðsleiðtogi.

## Samræming trúboðsins

Trúboðsverk deildar er venjulega samræmt í prestdæmisframkvæmdaneftnd og á deildarráðsfundum með því að nota Framfaraskýrslu, sem fastatrúboðar leggja til. Trúboðsmarkmið þessara funda er að greina frá, skipuleggja, og samræma verkefni til að finna, kenna, vingast við, og virkja eins og frá greinir í eftirfarandi málsgreinum.

*Finna fólk til að kenna. Prestdæmisframkvæmdanefnd og deildarráð ræða áætlanir um að undirbúa tilgreint fólk sem fastatrúboðar munu kenna. Þeir ræða framfarir tilgreindra deildarmeðlima við undirbúning einstaklinga og fjölskyldna fyrir trúboðslexiúrnar.*

*Kennsla og skírn.* Prestdæmisframkvæmdanefndin og deildarráðið fara yfir Framfaraskýrslu hverrar viku, sem lýsir framförum hverrar persónu sem fastatrúboðar kenna. Peir samræma einnig áætlanir um kennslu á heimilum kirkjuþegna, að sjá trúarnemum fyrir vináttusamböndum, og tryggja báttöku kirkjuþegna í skírnarathöfnum.

*Vináttusambönd við og kennsla nýrra meðlima.* Prestdæmisframkvæmdanefndin og deildarráðið fara yfir gátlista trúskiptinga til að fylgjast með framförum hvers nýs meðlims. Þeir ræða einnig hvernig nýjum meðlimum er aflað vináttusambanda. Að beiðni biskups, mæla þeir með hugsanlegum köllunum fyrir nýja trúskiptinga.

*Vináttutengsl og kennsla lítt virkra meðlima. Prestdæmisframkvæmdanefndin og deildarráðið samræma virkjunarstarf prestdæmissveita og fastatrúboða. Þeir skipuleggja einnig vináttutengsl við lítt virka meðlimi, sérstaklega með því að bjóða þeim á kirkjusamkomur og athafnir.*

## **Viðbótarsamræming með deildartrúboðsleiðtoga**

Trúboðsverk í deildinni er yfirleitt skipulagt í prestdæmisframkvæmdaneftnd og á deildarráðsfundum. Ef viðbótarsamræmingar er þörf, getur deildartrúboðsleiðtogi haldið samræmingarfundi með fastatrúboðunum. Aðrir sem bjóða má að taka þátt í þeim fundi eru deildartrúboðar, aðstoðarmaður frá forystu há prestahóps, ráðgjafi úr forsætisráði öldungasveitar, og ráðgjafi úr forsætisráði Líknarfélags.

Þeir sem sitja fundinn geta farið yfir og greint frá verkefnum og markmiðum frá fyrri fundi og rætt áætlanir fyrir komandi viku. Eftir þörfum, geta þeir einnig samræmt verkefni deildartrúboða er vinna með fastatrúboðum og rætt hvernig gera má sameinað áatak deildartrúboða og fastatrúboða árangursríkara.

Athugasemdir

## Athugasemdir

deildarmeðlimum að bjóða fólki að heyra fagnaðarerindið. Einstaklingar og fjölskyldur hafa einnig gagn af að gera slíka áætlun um trúboðsverk sitt.

Kirkjuþegnar ættu að beita öllum heiðarlegum ráðum til að finna fólk sem vill hlusta á boðskap endurreisnarinnar. Þeir ættu að leggja áherslu á að finna feður, mæður, og börn sem vilja koma inn í kirkjuna sem fjölskyldur. Eftirfarandi eru nokkrar tillögur til umhugsunar við að gera trúboðsáætlun.

- Biðjist fyrir um að Drottinn muni búa hjörtu tiltekins fólks undir að heyra fagnaðarerindið. Biðjist einnig fyrir um að þið verðið næmir fyrir hverja hann er að undirbúa (sjá Alma 6:6). „Það verður mikill dýrðardagur,” kenndi Gordon B. Hinckley forseti, „þegar fólk okkar biður ekki aðeins fyrir trúboðunum í heiminum, heldur þegar það biður Drottin að blessa sig við að aðstoða trúboðana sem starfa í þeirra eigin deild“ („Missionary Service,“ Prestdæmisleiðtogaþjálfun, gervihnattauútsending, 11. janúar 2003, 29).
- Verið á varðbergi að nýta tækifæri til að ná til annarra. Verið góðir grannar og seilist til alls fólks í kærleika.
- Biðjið vini og nágranna að þjóna við hlið kirkjuþegna í slíku verki sem að veita samfélagsþjónustu, færa þeim mat sem þurfandi eru, kenna smálexíur á eflingarfundum Líknarfélags, hjálpa til við athafnir í deildinni, hjálpa til við flutninga, vinna að skátastarfi, og aðstoða við ættfræði eða velferðarverk.
- Bjóðið ættingjum utan kirkjunnar, vinum og nágrönnum að vera viðstaddir skírnir, staðfestingar, og prestdæmisvíglur.
- Bjóðið fólk utan kirkjunnar á sérstaka atburði, svo sem morgunverð á þjóðhátíðardag.
- Gerið deildarsamkomur, athafnir, kvöldvökur, og opin hús svo góð og áhugaverð að kirkjuþegnar verði ákafir í að bjóða kunningum að koma.
- Bjóðið fólk á fjölskyldukvöld.
- Heimsækið fólk sem upplifir breytingar í lífi sínu, svo sem giftingu, fæðingu, eða dauðsfall.
- Heimsækið og hjálpið fólk sem er að flytja í nágrennið. Deilið upplýsingum um samfélagið, nágrennið, og um kirkjuna.
- Notið hvert tækifæri til að tala um fagnaðarerindið. Ræðið atriði eins og frelsarann, Mormónsbók, Bíblíuna, tilgang lífsins, fjölskylduna, og ættfræði.
- Hvetjið unga fólk ið til að vingast við annað ungt fólk og bjóða því á kirkjusamkomur og athafnir.
- Vinnið með hlutaaðildarfjölskyldum.
- Skipuleggjið andlega upplífgandi sakramentissamkomur.

**Verkefni: Sameiginlegt nám**

- Lesið með félaga ykkar blaðsiður 34–37 í *True to the Faith*, „Church Administration.“
- Deilið með félaga ykkar og ritið í námsdagbókina það sem þið lærðuð.
- Ræðið hvernig hugmyndir ykkar munu hafa áhrif á hvernig þið standið að verki með kirkjuleiðtogum.

## Skuldbindingin að haldast virkur í kirkjunni

Trúboðsverk hefur mest áhrif þegar fólk gerir og stendur við skuldbindingar um að haldast virkt í kirkjunni alla sína ævidaga. Það er ekki nóg einfaldlega að fólk gangi í kirkjuna. Það verður að koma til að vera. Öll kennsla ykkar og boð verða að beinast að því marki. Til þess að taka á móti öllum þeim blessunum sem himneskur faðir okkar hefur fyrirbúið þeim, verða kirkjuþegnar að lifa eftir fagnaðarerindinu og vera virkir í kirkjunni.

Nefi kenndi: „Og nú, ástkværu bræður mínr, vil ég spyrja, hvort allt sé fengið, þegar þér hafið komist inn á þennan krappa og þrónga veg? Sjá, þá svara ég neitandi. ....Þess vegna verðið þér að sækja fram, staðfastir í Kristi ..... og standið stöðugir allt til enda, sjá, þannig fórust föðurnum orð: Þér munuð öðlast eilíft líf“ (2. Nefí 31:19–20).

Leggið ykkur alla fram við að hjálpa fólk að vera verðugt þess að „öðlast eilíft líf, en sú gjöf er mest allra gjafa Guðs“ (K&S 14:7).

### Mikilvægt að hafa í huga

- Byggið upp gott samband við biskupinn og meðlimi deildarráðsins.
- Takið með viðeigandi hætti þátt í störfum prestdæmisframkvæmdaneftndar og deildarráðsfunda.
- Veitið deildarráði þjónustu ykkar. Þegar meðlimir ráðsins biðja um hjálp ykkar:
  - Verið fúsir til að sýna trúskiptingum og lítt virkum meðlimum vináttu, hjálpa þeim í köllunum þeirra og þjónustutækifærum, og kenna á ný trúboðslexíurnar.
  - Ásamt kirkjuþegnum, kennið nýjum trúskiptingum lexíuna: „Lögmál og helgjathafnir.“

Athugasemdir

## Hugmyndir að námi og hagnýtingu þess

### Sjálfsnám

- Skráið áætlanir í tímaáætlun ykkar um að tala við nýja trúskiptinga og nývirka meðlimi um að þeir breyti lífi sínu og mæti í kirkju. Hvað hefur hjálpað þeim mest? Ritið hugsanir ykkar um reynslu þeirra í námsdagbók ykkar. Hvað hefur þú lært sem hjálpa mun ykkur við að vinna með núverandi trúarnema ykkar?
- Nemið 2. Neff 31:18–20; Alma 26:1–7 og 32:32–43; og Moróní 6. Skráið hvað þið hafið lært af þessum versum um að styrkja nýja trúskiptinga.

### Sameiginlegt nám

- Spyrið biskupinn, á deildarráðsfundi, hvort það séu einhverjið lítt virkir meðlimir á ykkar svæði sem hann mundi vilja að þið heimsækvið í þessari viku. Þegar þið heimsækvið þessa lítt virku meðlimi, reynið þá að byggja upp trú þeirra á Jesú Krist. Biðjið þá um tilvísanir.
- Nemið 1. Korintubréf 3:2; Hebreabréfið 5:12; og Kenningu og sáttmála 19:22. Hvað táknaði mjólkini sem talað er um. Hvað er kjötið? Berið svör ykkar saman við kenningarnar í kaflanum „Hvað lær ég og kenni?“ Hvers vegna verðið þið að leggja til mjólkina og kjötið í réttri röð og í réttu magni? Hvernig gerið þið það?
- Lesið eftirfarandi tilvitnun, þar sem Joseph F. Smith forseti lýsir tilfinningum sínum þá er hann var skírður.

„Yfir mig kom hrein tilfinning friðar, kærleiks og birtu. Í sálu minni var mér ljóst að ef ég hafði syndgað – og vissulega var ég ekki syndlaus – þá var mér það nú fyrirgefíð; að ég var vissulega hreinsaður af synd; ég var hjartanlega snortinn, og mér leið eins og ég gæti ekki skaðað hið minnsta skorkvikindi við fætur mér. Mig langaði að gjöra öllum og öllu gott. Mér fannst líf mitt endurnýjað, endurnýjun þeirrar þrár að gjöra það sem rétt væri. Ekki var snefill af þrá eftir illu til staðar í sál minni. ... Pessi voru áhrifin á mig, og ég veit að þau komu frá Guði og það var og hefur alltaf verið lifandi vitnisburður fyrir mér um að ég hafi meðtekið Drottin“ (*Gospel Doctrine*, 5. útg. [1939], 96).

Lesið nú það sem Smith forseti sagði um tilfinningar sínar löngu eftir skírn hans:

„Ó, að ég hefði getað varðveitt þann sama anda og þá sömu einlægu þrá í hjarta mínu sérhverja stund lífs míns frá [skírnardegi mínum] til þessa dags. Samt hafa mörg okkar sem meðtekið höfum þetta vitni, þessa nýju fæðingu, þessa breytingu hjartans, þótt dómgreind okkar hafi brugðist eða við gert mistök, og ef til vill oft ekki staðið undir eðlilegum kröfum í lífi okkar, þá höfum við iðrast hins illa, og við höfum hvað eftir annað leitað eftir fyrirgefningu af hendi Drottins; svo að allt til þessa dags gagntekur okkur sama þráin og sami tilgangurinn sem gagntók sáhir okkar þegar við skírðumst og fengum fyrirgefningu synda okkar, og er enn ríkjandi tilfinning og þrá sálar okkar“ (*Gospel Doctrine*, 96).

- Hvað lærðir þú persónulega frá Smith forseta um þinn eigin vitnisburð og skuldbindingu að lifa eftir fagnaðarerindinu?
- Hvað lærðir þú um þá erfiðleika sem nýir trúskiptingar, jafnvel verðandi spámenn, mæta eftir skírnina?
- Þegar þú hugsar um nýlega trúskiptinga og lítt virka meðlimi, hvað getur þú gert til að hjálpa þeim að öðlast á ný „sömu þrána og sama tilganginn“ og þeir eitt sinn áttu?

### Umdæmisfundir og svæðisráðstefnur

- Bjóðið biskupi að tala um þá áskorun að vinna með lítt virkum meðlimum og nýjum trúskiptingum. Biðjið hann að leggja áherslu á hvað trúboðarnir geta gert til að hjálpa til við þær áskoranir.

Athugasemdir

- Ræðið dæmisöguna um týnda sauðinn, týndu drökmuna, og glataða soninn (sjá Lúkas 15).

### Trúboðsforseti

- Vinni með staðarprestdæmisleiðtogum til að hvetja þá til að hjálpa nýjum trúskiptingum að:
  - Fá prestdæmivíglu.
  - Taka á móti heimiliskennurum.
  - Undirbúa nafn á til þess að fara með í musterið og framkvæma þar skírnir fyrir dána.
  - Taka á móti lexíunni „Lögmál og helgiathafnir“ að viðstöddum heimiliskennurum.
- Kenni staðarleiðtogum hvernig á að nýta sér trúboðana í deildarráði.
- Kenni staðarleiðtogum tilgang og not sem má hafa af Framfaraskýrslu.
- Biðji trúboðana endrum og sinnum að sýna þér afrit af Framfaraskýrslu þeirra.
- Fylgist öðru hvoru með nýlegum trúskiptingum til að sjá hvernig þeim vagnar og hvernig trúboðar og kirkjuþegnar geta veitt hjálp.
- Bjóði stiku- og deildarleiðtogum að tala við trúboða sína til að útskýra hvernig trúboðar geta gert mest gagn.
- Bjóði nýlegum trúskiptingum að tala við trúboðana og greina frá reynslu sinni sem nýjir meðlimir kirkjunnar.
- Biðji kirkjuþegna öðru hvoru að deila reynslu sinni af trúskiptunum á svæðisráðstefnu.

Athugasemdir

**A**

- Aldingarðurinn Eden, 49  
 Alvarlegur glæpur, og verðugleiki til skírnar, 206–7  
 Andheimurinn, 52  
 Andi Elía, 164–66  
 Andinn, kraftur hans, í trúskiptum, 92–93  
 innblástur, 96–97  
 ætti að leiða kennslu, 177  
 kenna með, 3–4  
 Andlegur dauði, skilgreining, 58  
 Andstaða, hvernig svara skal, með Mormónsbók, 109  
 Aronsprestdæmið, 83  
 skilgreining, 32  
 Melkísedek, 83  
 endurreisn þess, 37, 83  
 Aronsprestdæmið, endurreist, 37  
 Auðmýkt, 120–21

**Á**

- Ábyrgðarskylda, 153  
 Áminning, með opinberun, 98–99  
 Ánetjunarbati, 188–90

**B**

- Bakgrunnur ekki kristin trúarbrögð, kenna fólk fagnaðarerindið sem, 190–91  
 Barnafélagið, 83  
 Biblán, styður Mormónsbók, 105  
 Biskup, 149–50  
 og trúboðsstarf, 161  
 stjórnar trúboðsstarfi deildar, 214  
 trúboðsábyrgð hans, 217  
 Blessanir og skuldbindingar, 197–98  
 „Boða fagnaðarerindi mitt,” hagnýtt af deildartrúboðum og leiðtogum, xi  
 hvernig nota á ritið, vii  
 Boðorð, 71–81  
 hvernig læra á, 72  
 hvernig kenna á um, 71–72  
 Boðorðin túi, hlýðni, 76–77  
 Boðskapur endurreisnarinnar, 31  
 og fjölskyldan, 161–62  
 útskýringar, 6–8  
 Boyd K. Packer, um skírn með vatni og eldi, 9  
 Bókasafn trúboðans, viii  
 Brigham Young, um að öðlast vitnisburð, 199  
 um að þróngva andlegum hlutum, 102  
 um að þekkja andann, 96, 99  
 um andann í trúskiptum, 93  
 um andlega reynslu, 99  
 um hvernig nám breytir atferli, 19  
 um endurnæringerarmátt Mormónsbókar, 108  
 um ljós Kristi, 90  
 Búddha (Gotama), 46  
 Byggja upp kirkjuna, 156  
 Bæn, boðorð, 73  
 og trú, í trúskiptum, 93–95  
 matsmælikvarði, 95  
 hvernig á að bera sig að, 39  
 læra sannleikann með, 39  
 hlutverk, 39  
 ábendingar um, 94–95

**D**

- Dagleg dagskrá trúboðans. viii  
 Daglegt skipulagsrit trúboðans, lýsing á, 144–45

Daglegur skipulagsfundur, 151

Dagskrá.

*Sjá* Dagleg dagskrá trúboðans

Dallin H. Oaks, um að bjóða öðrum að koma til Krists, 8

Dauðleiki, 50

skilgreining, 59

tilgangur með, 31–32

Deildarleiðtoga, og trúboðsstarf, 213

ábyrgð, 219

Deildarráð, 149–50, 215–17

og vinátta við nýja meðlimi, 216

og hjálpa nýjum trúskiptingum að þjóna í köllunum, 217

og endurnæra nýja trúskiptinga, 217–18

ábyrgð á að mynda vináttru, 214

Deildartrúboðar, ábyrgð, 219

hvernig nota á ritið „Boða fagnaðarerindi mitt,” xi

Deildartrúboðsáætlun, 219

Deildartrúboðsleiðtogi, ábyrgð, 218–19

Dómur, skilgreining, 59

lokadómur, 53

Dyggð, 118–19

Dýrðarríki, 53

**E**

Eftirfylgni, og skuldbindingar, 200

Eiginleikar, hvernig læra á, 116

Kristi, 115

Eiginleikaverkefni, sjálfsmat, 126

Eilíft hjónaband, 85

Eilíft líf, skilgreining, 70

Elsa, 118

Endurholgun, og upprisa, 53

Endurlausn, skilgreining, 59

Endurreisn, boðskapur, skilgreining, 6–8

fagnaðarerindisins, 36–37

Enska, þörf á að læra, 128

Ezra Taft Benson, um að leita svara í

Mormónsbók við spurningum, 108–9

um Mormónsbók sem burðarstein, 104

um mikilvægar spurningar lífsins, 107

um mikilvægi andans, 176

um að færa heiminum fagnaðarerindið, 2

um starfið, 121

**F**

Faðir á himnum, 48

Fagnaðarerindi Jesú Kristi.

*Sjá* fagnaðarerindið

Fagnaðarerindið, 60–66

blessar fjölskyldur, 3, 32

skilgreining, 5, 70

uppfyllir þarfir fólks, 1–2

tilgangur með, 6

endurreisn þess, 36–37

Fallið Adams og Eva, 49–50

skilgreining, 58

Fasta, lögmál þar um, 80

Feður, ábyrgð, 85

Finn fólk til að kenna, 155

Finna og kenna, 158–59

með andanum, 156

með meðlimum, 160–62

Finna trúarnema, ábendingar um, 167

Fjölskylda Guðs, 31–32, 155

Fjölskylda, tilgangur með, 85

- „Fjölskyldan: Yfirlýsing til heimsins,” 3, 85  
 Fjölskyldukvöld, 85  
 Fjölskyldur, blesсаðar vegna fagnaðarerindisins, 32  
     endurreist fagnaðarerindi blessar, 36  
     kenna um mikilvægi, 159–61  
 Forseti kirkjunnar, um trúboðssstarf, 12–13  
 Fortilveran, skilgreining, 59  
 Fóstureyðing og verðugleiki til skírnar, 207–8  
 Framfaraskýrsla, lýsing eyðublaðs, 142  
 Frank og Mildred Schultz, saga trúskipta, 164–65  
 Fráhvarf, skilgreining, 33  
     hið mikla, 35–36  
 Friðþæging, 31–33, 34, 48, 51–52, 60–61  
     skilgreining, 58  
 Fylgja spámanninum, 75–76  
 Fyrrum trúarnemar, notaðir til að finna fólk til að  
     kenna, 166

**G**

- Gera gott, 168–69  
 Gjafir andans, 91  
 Gjöf heilags anda, 65, 91  
 Gjöf tungutals, 133  
 Gordon B. Hinckley, trúboðar grundvalla  
     trúskiptinga í kirkjunni, 214  
     um varðveislu trúskiptinga, 213  
     um trú og bæn, 93–94  
     um aðstoð meðlima við trúboða, 160–62  
     um bænir trúboða, 94  
     um þarfir nýrra trúskiptinga, 215–16  
     um lestur Mormónsbókar með bæn, 108  
     um að þekkja andann, 97  
     um þjónustu, 168  
 Guð faðirinn, birtist Joseph Smith, 37  
 Guð, faðir okkar á himnum, 31–32, 48  
 Guð, kenna þeim sem ekki eru kristnir um, 32  
 Guðdómur, rétt tilbeiðsla, 77

**H**

- Harold B. Lee, um mikilvægi fjölskyldna, 3  
     um kennslu til skilnings, 193  
 Háráðsmaður stiku, ábyrgð, 218  
 Heilagur andi fyrirheitsins, 91  
 Heilagur andi, gjöf, 91  
     læra með, 18  
     eðli hans, 90  
     kraftur hans, 90  
 Heimiliskennsla, 215  
 Heimsóknarkennsla, 215  
 Helgithöfn, skilgreining, 63  
 Himneska ríkið, 53  
 Himneskur faðir, 31–32  
 Hlustum, til að bæta tungumálshæfni, 130  
     notkun, í kennslu, 185–86  
 Hlutverk trúboða í trúskiptum, 93  
 Hlýðni, 122  
     boðorð, 72  
 Howard W. Hunter, um að þekkja andann, 99  
 Hreinsa af synd, 2, 5–6, 60–61  
 Hugmyndir að námi og hagnýtingu þess,  
     hverning nota á, xi  
 Hvíldardagur, halda heilagan, 74  
 Hyrum Smith, um að kenna frumreglurnar, 6

**I**

- Iðrun, 62–63, 187–90  
     og skuldbinding, 195

**I**

- Ís jaki, vandi er líkur, 187

**J**

- James E. Faust, um von, 117  
     um að kenna af skýrleika, 182  
 Jeffrey R. Holland, um tungumálsnám, 128  
     um hlustun, 185  
     um máttuga kennslu, 8  
 Jesús Kristur, birtist Joseph Smith, 37  
     sem lausnari, 51–52, 60–61  
     Friðþæging hans. *Sjá Friðþæging*  
     jarðnesk þjónusta, 34  
     hjálpa fólk að læra um, 47–48  
 John Calvin, 45  
 John Taylor, um hnitmiðaða kennslu, 182  
 John Wycliffe, 45  
 Joseph B. Wirthlin, um notkun Mormónsbókar,  
     110  
 Joseph F. Smith, um tilfinningar við skírn sína,  
     222  
 Joseph Smith, og Fyrsta sýnin, 37  
     og endurreisnir, 36–37  
     um skírn með vatni og heilögum anda, 9  
     um Mormónsbók sem burðarstein, 103  
     um að boða fagnaðarerindið, 160  
     um að reiða sig á andann, 97–98  
     um kennslu alls sem tiltækt er, 156  
     um gjöf heilags anda, 91  
     um þörfina á opinberun, 89

**K**

- Kenna, laga að þörfum, 177–78  
     og finna fólk, 158–59  
     og hlustun, 185–86  
     og utanbókarlaerdómur, vii  
     með andanum, 3–4  
     leiðsögn Æðsta forsætisráðsins um, 175–76  
     hverning hefjast skal handa, 176–77  
     í kirkjuköllun, 88  
     lengd heimsókna, 178  
     lengd léxiá, vii  
     fólk sem ekki hefur kristni að bakgrunni,  
     190–91  
     kenna fagnaðarerindið sem trúboði, 175  
     með felaga, 178–79  
     með meðlimum, 179  
     með spurningum, 182–84  
     með ritningunum, 180–82  
 Kennsluskýrsla, lýsing eyðublaðs, 141–42  
 Konfúsius, 46  
 Kostgæfni, 121  
 Kristilegir eiginleikar, gjöf frá Guði, 115  
     hverning þroska á, 122–23  
     þarf að þroska, 115  
 Kristur, ljós hans. *Sjá Ljós Krists*  
 Kristur. *Sjá* Jesús Kristur  
 Kærleikur, 118  
 Köllun, í kirkjunni, 87  
     *Sjá einnig Trúboðsköllun*

**L**

- L. Tom Perry, um hlýðni, 122  
 Landslög, virða og hlýða, 81  
 Leiðtогar aðildarfélaga, skyldur, 218  
 Lexiúr, fyrir nýja meðlimi, 29  
     fyrir kennslu trúarnema, 29  
     nota til náms og þjálfunar, 29

Líf á jörðu, 50  
Lífið á undan jarðlífina, 48  
skilgreining, 59  
Líkamsdauði, skilgreining, 59  
Líknarfélagið, 84  
Litt virkir meðlimir, nota til að finna trúarnema, 162  
styrkja, 213–14  
Ljós Kristi, 90  
Lykilþættir, skilgreining, 138–39  
fyrir trúskipti, 138–39  
setja markmið fyrir, 147  
Læra, samþykkt gögn, 23  
undirbúningur fyrir kennslu, 19–22  
byrja með bæn, 17, 22  
árangur, 17  
leiðbeiningar um, 20–21  
ábendingar um árangur, 22–24  
Lög, virða og hlýða, 81  
Lögmál og helgithafnir, eftir skrin, 82–88  
hvernig læra á, 83  
hvernig kenna á um, 82

**M**

M. Russell Ballard, um markmið, 147  
um kraft andans, 94  
Markmið, og vikulegur skipulagsfundur, 147–50  
hvernig setja á sér, 145  
Markmiðasetning, 137  
Martin Luther, 45  
Meðlimir, ótti við trúboðsstarf, 161  
hjálpa til við að finna trúarnema, 160–62  
hvernig hjálpa skal, í trúboðsstarfi, 162  
Melkisedeksprestdæmið, endurreist, 37  
Menning, læra hana, 132  
Merkja við í ritningunum, 24  
Miskunn, skilgreining, 70  
Mormónsbók veitir svör við spurningum lífsins, 107–8  
sem burðarsteinn, 103–4  
færir fólk til Guðs, 108  
sönnun um guðleika Jesú Kristi, 103  
sönnunum um endureisnina, 7, 38–39, 103  
hvernig lesa á, með trúarnemum, 110–11  
hvernig nota á, 110–11  
tilgangur með, 38  
lesa, til að læra tungumál í trúboði, 130  
stýður við Biblíuna, 106  
vitnar um Jesú Krist, 105  
Musteri, tilbeïðsla í, 86  
Musterisgjöf, 86  
Múhameð, 46  
Mæður, ábyrgð, 85

**N**

Náð, skilgreining, 70  
Nám, ferli til að hljóta opinberun, 18  
sem kirkjumeðlimir, 88  
með heilögum anda, 18  
Námsdagbók, skilgreining, x  
Neal A. Maxwell, um von, 117  
Nýir meðlimir, nota til að finna trúarnema, 162  
trúboðar mynda vináttu, 210  
fá lexíur, 29  
styrkja, 213–14  
fá lexíur að nýju, 210

**O**

Opinberun, persónuleg, 89–90  
Orðsending frá Æðsta forsætisráðinu, v

**Ó**

Ódauðleiki, skilgreining, 59  
útskýringar, 53

**P**

Pablo, saga um trúskipti fyrir þjónustu, 168–69  
Persónuleg opinberun, 89–90  
Piltafélagið, 84  
Prestdæmi og aðildarfélög, 83–84  
Prestdæmisleiðtoga, ábyrgð, 218

**R**

Ráðstafanir, 32–34  
Ráðstöfun, skilgreining, 33  
Ritningar, merkja við, 24  
notkun, í kennslu, 180–82  
Ritningarnám, skuldbinding, 73–74

**S**

Sakramenti, 64  
Samantektarskýrsla til símhringingar, lýsing  
eyðublaðs, 143  
Sameiginlegt nám, tilgangur, ix  
dagskrá, viii  
Samkynlífssamband, og verðugleiki til skírnar, 207–8  
Sáluhjálp, stendur öllum til boða, 86  
skilgreining, 59  
áætlun um, 47–54  
Sáluhjálpáætlunin, 47–54  
tafla, 54  
Sáttmáli, skilgreining, 70  
útskýringar, 63  
Siðabót, 35  
Siðabótamenn, 45  
Síðari koma Jesú Kristi, 37  
Sjálfraði, 48, 49  
Sjálfsnám, tilgangur, viii–ix  
dagskrá, viii  
Skilgreiningar, ókunnugra hugtaka, 21  
Skírlífi, lögmál þar um, 77  
Skírn fyrir dána, 86  
Skírn og staðfesting, 9, 75  
spurningar og svör um, 206–8  
skýrslur, 208  
Skírn, boð, 40, 66  
nauðsynleg til kirkjuaðildar, 64  
ekki nauðsynleg fyrir ung börn, 64  
um eld, 65  
um skírnþega sem ekki uppfylla skilyrði, 207  
okkar fyrsti sáttmáli, 63–64  
undirbúningur fyrir, 203–4  
skilyrði fyrir, 206  
Skírnarsamkoma, fyrirkomulag, 208–9  
Skírnarviðtal, fyrirkomulag, 205–8  
búa trúarnema undir, 204  
spurningar, 206  
sá er hefur viðtalið, 206  
Skráning samstarfsframvindu, 150  
Skuldbindingaboð, 195–96  
Skuldbindingar, og blesسانir, 197–98  
og beinskeyttar spurningar, 197  
og eftirfylgni, 200

- aukin trú, 196  
 nauðsynlegur þáttur iðrunar, 195  
 tilgangur, 8  
**S**kurðgöð, 77  
 Skýrslur, fyrir skírn og staðfestingu, 208  
 Sköpun, jarðar, 49  
 Sniders, saga um, 113  
 Spámannlegar yfirlýsingar um trúboðsstarf, 12–13  
 Spámenn, skilgreining, 34  
 hlutverk, 32–33  
 Spencer W. Kimball, um musteris- og trúboðsstarf, 162  
 um embættisinnsetningu, 4  
 Spurningar lífsins, og Mormónsbók, 107–8  
 Spurningar, og skuldbindingar, 197  
 hvernig svara skal, með Mormónsbók, 109  
 notkun, í kennslu, 183–84  
**S**taðfesting, 65  
 skilgreining, 70  
 hvernig á að bera sig að, 210  
 undirbúningur fyrir, 203–4  
*sjá einnig Skírn og staðfesting*  
 Standast allt til enda, 66, 88  
 skilgreining, 70  
 Stikuforseti, ábyrgð, 217  
 Stikuleiðtoga, og trúboðsstarf, 213  
 ábyrgð, 217  
 Stofnun kirkjunnar, 10  
 Stúlknafélagið, 84  
 Sveigjanleiki, í námi, vii  
 í kennslu, vii  
 Svæðisbók, lýsing, 139–41  
 notuð til að finna fyrrum trúarnema, 166  
 Svæðisráðstefna, og nám, viii  
 Synd, í ljósi hinna ýmsu menningarheima, 61
- 
- T**
- Takmark, sem trúboði, 1  
 Tala, hugmyndir um, með öðrum, 157  
 til að finna fólk, 156–58  
 Textarammar, í ritinu „*Bóða fagnaðarerindi mitt*,“ x–xi  
 Thomas S. Monson, um að gefa vitnisburð, 198  
 um tungumál andans, 133  
 leggja mælikvarða á starfsframlag, 176  
 um þolinmæði, 121  
 um kennslu með meðlimum, 179  
 Tilvísanir frá höfuðstöðvum kirkjunnar, 163  
 Tilvísanir frá fjölmöldum, 163  
 Tilvísanir, leiðbeiningar við nýtingu, 163  
 Tímanyting, árangursrík, 137  
 Tíund og fórnir, framlag, 80  
 Tíund, lögmál um, 79  
 Tré lífsins, verkefni, 2  
*True to the Faith*, 21  
 Trú, og finna fólk til að kenna, 155  
 og baen, 93–95  
 á Jesú Krist, 61–62, 116–17  
 Trúarnemar, trúboðar undirbúa, fyrir skírnarviðtal, 204  
 setja markmið fyrir, 147–50  
 um að lesa Mormónsbók, 110–11  
 Trúboðsforseti, ábyrgð, 217  
 Trúboðsköllun, og ábyrgð, 4  
 kraftur og valdsumboð, 4–5  
 að kenna hið endurreista fagnaðarerindi, 175  
 Trúboðssamræming, ábyrgð, 219  
 Trúboðsstarf, meðlimir skulu taka þátt í, 84
- Trúboðstakmark, að vera fulltrúi Jesú Krists, 2  
 Trúboðsvolgengni, 10–11  
 Trúskiptingaskírn, skilgreining, 206–7  
 Trúskipti, hlutverk trúboða í, 93  
 hlutverk andans í, 93  
 Tungumál heimasvæðis og eigið móðurmál, 127  
 búa sig undir að læra, 127  
 krefst aðhalðs, 128  
 Tungumálsnám, og málfræði, 130  
 og utanbókarlærdómur, 129–30  
 markmið, 129  
 reglur um, 128–29  
 námsáætlun, 129–31  
 gögn til, 129  
 með félögum, 131–32  
 Tungutalsgjöf, 133
- 
- U**
- Umboð, til að kenna hið endurreista fagnaðarerindi, 1  
 Umdæmisfundur, og nám, viii  
 hlutverk, ix  
 Ung börn, og skírn, 207  
 Upphafning, 53  
 skilgreining, 58  
 Upplýsingapíramítinn, 140  
 Upprisa, 53  
 skilgreining, 51, 59  
 Utanbókarlærdómur, og kennsla, vii  
 Útilokun meðlima, skírnarskilyrði þeirra, 207
- 
- V**
- Valdsumboð, trúboða, 4  
 prestdæmið, glatað, 35  
 endurreist, 36  
 Vandi, þarf að leysa hjá trúarnemum, 187  
 Velgengni, skilgreining, 10–11  
 Verðandi oldungar, tilvaldir til að finna trúarnema, 162  
 Victor Manuel Cabrera, trúarsaga, 157–58  
 Vikuleg skýrsla trúboðans, lýsing eyðublaðs, 144  
 Vikulegir skipulagsfundir, fyrirkomulag, 145–50  
 Vinátta, við nýja meðlimi, 210  
 Vitnisburður, gefa oft, 198–99  
 Vísdómsorðið, 78  
 Von, 117  
 Vonbrigði, 10–11  
 Væntanlegir trúarnemar, lýsing eyðublaðs, 143
- 
- W**
- William Tyndale, 45
- 
- Y**
- Endurreisn, Yfirbót, skilgreining, 70  
 Yfirjarðneska ríkið, 53
- 
- P**
- Pekking, 119  
 Pjónusta, sem kirkjumeðlimur, 87  
 nota til að finna trúarnema, 168–69  
 Polinmæði, 120
- 
- Æ**
- Æðsta forsætisráðið, um trúboðsverk, 29–30  
 Ættfræði, tilvalin til að finna trúarnema, 163–165  
 Ættfræðistarfl, 86  
 Ættfræðisöfn, tilvalin til að finna trúarnema, 164



## *Mikilvægt að hafa í huga ...*

- Takmark þitt er að leiða sálir til Krists.
- Búðu fólk undir að uppfylla þau skilyrði skírnar sem kennd eru í Kenningu og sáttmálum 20:37 og viðtalssprungum skírnar.
- Biðstu oft fyrir í þágu sjálfss þín og annarra.
- Reiddu þig á að andinn sýni þér hvert fara skal, hvað gera skal og hvað segja skal.
- Sýndu algjöra hlýðni.
- Lærðu tungumálið dag hvern.
- Gerðu áætlun fyrir dag hvern og einbeittu þér að lykilþáttunum.
- Starfaðu af kappi allan daginn, dag hvern.
- Biddu **alla** um tilvísanir!
- Kenndu þegar þú finnur fólk og finndu fólk þegar þú kennir.
- Lestu Mormónsbók með þeim sem þú kennir.
- Kenndu fólki að mikilvægt sé að lesa Mormónsbók og biðjast fyrir til að hljóta vitneskju um að Joseph Smith sé spámaður Guðs.
- Hafðu daglega sambandi við alla trúarnema.
- Gefðu oft vitnisburð.
- Fáðu meðlim til að vera við kennslu allra lexía, sé það mögulegt.
- Fáðu alltaf dagsetningu og tíma fyrir kennslu næstu lexíu.
- Bjóddu öllum trúarnemum á skírnarsamkomur.
- Fáðu trúarnemum eitthvert lestrarefni til hugleiðingar eftir kennslu hverrar lexíu, til að búa þá undir næstu heimsókn.
- Efldu sambandi þitt við meðlimi með því að þjóna þeim og starfa með leiðtogum deildar.
- Hjálpaðu deildarleiðtogum við varðveislu- og virkjunarstarf.
- Hjálpaðu öllum sem þú kennir að taka á sig skuldbindingar sem gera iðrun að veruleika og eflir trú þeirra á frelsarann.
- Sýndu að þú elskir Drottin og þjónaðu honum eftir allra bestu getu.

KIRKJA  
JESÚ KRISTS  
HINNA  
SÍÐARI DAGA HEILÖGU

ICELANDIC



4 02366 17190 3  
36617 190